

DV

DRUKKNIR Í RASSÍU Á STRAWBERRIES

■ DV birtir myndböndin ■ Jón H.B.: Engin mistök gerð



14-15

DV birtir dagbókarbrot



Elsa fékk ekki að deyja með reisu

„Við hefðum viljað fá formlega afsökunarbeiðni“

■ Dæturnar ósáttar við Vífilsstaði 18-19



Viðtal

Ragnheiður Guðfinna

Barnaland fældi fegurðar-drottninguna úr fjölmiðlum

„Fólk annaðhvort hataði mig eða elskaði mig“

■ Lærði sálfræði og hjálpar fólki ■ Ánægð með uppsögn 56-58

SETTI BÖRN Í HÆTTU



■ Starfsmaður Barnaverndar falsaði niðurstöður þvagsýna 4

Vill ekki eignast börn



■ Karen mætir fordómum 32

Kynbomban Oddný



„Ég er með rosalega stór brjóst“

■ Slær í gegn á Instagram 54-55

Landlæknir gaf falleinkunn



KYNLÍFSFÍKN Í KRYSUVÍK

„Þetta er meðvirkt og sjúkt heimili“ 6-8

Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Setjum undir á staðnum

Vikurvagnar ehf. | Hyrjarhófa 8 | 110 Reykjavík
Sími 577 1090 | vikurvagnar.is | sala@vikurvagnar.is



BÍLAMÁLUN OG RÉTTINGAR

VÖNDUÐ VINNU BRÖÐ

Bilastjarnan

BÆJARFLÓT 10, RVK | S: 567 8686 | BILASTJARNAN.IS



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Bilasmíðurinn hf. Bíldshófa 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

Webasto Feel the Drive



Viðar er í yfirþyngd:

„Ég er með mikið magn af vöðvum“



Þyngd: 94 kíló
Hæð: 185 sentimetrar
Blóðþrýstingur: 120/82
Líkamsþyngdarstuðull: 27,5

Viðar Guðjohnsen, athafnamaður og leigusali, hefur vakið mikla athygli sem frambjóðandi í leiðtogakjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Ummæli Viðars eru vægast sagt umdeild, hafa þau valdið reiði og vakið kátínu, hafa sumir haft á orði að nú sé kominn fram á sjónarsviðið Donald Trump Íslands. Viðar hefur sagt í viðtölum að hann hafi miklar áhyggjur af holdafari þjóðarinnar, þá sérstaklega kvenna og barna, sem hann segir að sé til marks um að fólk taki ekki ábyrgð á sjálfu sér. Blaðamaður DV gat því ekki stillt sig um að spyrja Viðar hversu þungur hann væri sjálfur. „Ég er 94 kíló. 185 á hæð. En þú mátt ekki gleyma að ég er með mikið magn af vöðvum. Ég tek á því. Þótt ég sé kominn yfir sextugt þá held ég mér í formi. Blóðþrýstingurinn er 120/82 núna síðast þegar ég var mældur, en sykurinn var í lagi. Hins vegar má ég taka mig á í að borða ekki á kvöldin,“ segir Viðar í samtali við DV. Miðað við BMI-líkamsþyngdarstuðullinn þýðir þetta að Viðar er í yfirþyngd.

Nokkur umdeild ummæli Viðars:

Viðar segir að leikskólar séu „... geymslur fyrir konur sem eru í einhverri metnaðargræðgi að koma sér út á vinnumarkaðinn.“

Viðar var spurður hvað eigi að gera fyrir filka og útigangsmenn: „Ekkert. Þeir ákváðu sjálfir að vilja tortíma sjálfum sér. Á ég allt í einu að taka þátt í því að vekja þá til lífsins? Vitid þjót ekki að það er mannfjölgunarvandamál hérna? Það vantar ekki að halda lífi í fólk sem vill ekki lifa.“

Viðar vill hækka laun karlmannna í skólum: „Við verðum að bjóða í þá. Þeir eru greinilega eftirsótt vara í grunnskóla. Því við getum ekki alltaf látið konur ráða yfir öllu. Þetta er orðið vandamál.“ „Ég vil að konur hafi peninga eða efnahag og tíma til að eignast börn og hugsi það áður og sinni þeim.“

Viðar að svo virðist sem að konur „... elti lág laun.“

Viðar mætti í viðtal í þættinum Harmageddon og rak augun í að þáttastjórnendurnir, Frosti og Máni, væru með undirhöku: „Það þýðir að þið eruð í yfirþyngd, sem þýðir það að hugsanlega verðið þið veikari fyrr. Sem þýðir það að skattborgarinn þarf að borga fyrir ykkar veikindi úr okkar sameiginlega sjóði. Þannig að þetta er ábyrgðarleysi ykkar strax í auglýsing. Ég sé þetta strax. Það er ábyrgðarleysi hérna.“

Viðar segir að feitt fólk eigi að taka ábyrgð á eigin heilsu: „Einstaklingurinn á að taka ábyrgð. Ekki að búa til einhverjar stofnanir og einhver kerfi og fundarhöld um það hvernig á að finna einhver lyf til að leysa undirhökuvandamál eða of breiðar mjadmir eða klessufétt fólk.“



Hreggviður hlaut 30 daga dóm

■ Aetlar að áfrýja dómnum ■ Sakar lögreglu um misbeitingu valds

Björn Porfinnsson
bjornth@divis



Þetta kemur mér ekkert á óvart. Það er verið að reyna að brjóta mig niður en það mun ekki takast. Ég mun að sjálfsgöðu áfrýja þessum dómi,“ segir Hreggviður Hermannsson, bóndi að Langholti 1b í Árnessýslu, í samtali við DV. Hreggviður var í vikunni dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að stela tíu bráðabirgðagirðingarstaurum, sófa-setti og að hafa snúið upp á hönd nágrannakonunni sinnar, Fríðar Sólveigar Hannesdóttur.

Segist ekki fá réttláta meðferð hjá lögreglu

Dómurinn yfir Hreggviði er ein af ótalmörgum uppákomum sem átt hafa sér stað í nágrannaerjum sem varð eiga sinn líka héraendis og DV hefur aðeins fjallað um. Að mati Hreggviðs fær hann ekki réttláta málsmeðferð hjá Lögreglunni á Suðurlandi sem helgast af því að dóttir nágrannakonunni hans er yfirmaður hjá embættinu. „Allar ákærur á hendur nágrönnum mínum eru látnar niður falla en hver einasti tittlingaskítur sem ég er sakaður um er keyrður af krafti í gegnum réttarkerfið,“ segir Hreggviður. Nefnir hann sem dæmi tveir kærur vegna alvarlegra líkamsárása sem hann og gestkomandi kona urðu fyrir en lögregla aðhefst ekkert í. Hann segir að nágrannar hans hafi yfir 50 sinnum kært hann til lögreglu og lögreglumenn hafi komið í rúmlega 170 útköll vegna ýmissa umkvartana nágrannanna.

Deilurnar milli Hreggviðs og

nágranna hans, Ragnars Vals Björgvinssonar og Fríðar Sólveigar, ábúenda að Langholti 2, byrjuðu í deilum um veiðirétt í Hvítá árið 2005. Hreggviður vann málið fyrir dómstólum og síðan þá hafa samskiptin verið hatrömm, svo vægt sé til orða tekið. Nú deila nágrannarnir um landamerki spilldu sem eitt sinn tilheyrði jörð Ragnars. Það mál verður senn tekið fyrir í héraðsdómi en út af þeirri deilu hafa ýmsar skærur átt sér stað milli Hreggviðs og nágranna hans.

Dæmdur fyrir að stela girðingu og sófasetti

Eins og áður segir er dómurinn yfir Hreggviði í þremur liðum. Í fyrsta lagi er hann sakfelldur fyrir að hafa, í október 2014, tekið niður og stolið tíu bráðabirgðarafmagnsstaurum og rafmagnsþræði sem Ragnar og Fríður höfðu sett upp. Kannadist Hreggviður ekki við verknaðinn en var hann sakfelldur á grundvelli vitnisburðar annars nágranna. Kvaðst Hreggviður ekki muna eftir atvikinu fyrir dómi en kannadist við að hafa tekið upp aðra girðingu ári fyrir, sem hann var einnig kærður fyrir.

Í öðru lagi var Hreggviður dæmdur fyrir að hafa flutt sófasett og stóla úr sumarhúsi í eigu annars manns og í sitt eigið veiðihús. „Þessi maður keypti sumarhús sem stóð á minni jörð. Hann ætlaði að flytja það í burtu en sveik það, ég losnaði ekki við húsið fyrr en eftir 20 mánuði. Hann var með húsið í sölumeðferð á sínum tíma og ég varð fyrir miklu ónæði út af hugsanlegum kaupendum sem voru að ráfa

um jörðina og skoða húsið,“ segir Hreggviður. Hann hafi síðan tekið að sér að losa og rýma húsið fyrir flutning og þá fært húsgögnin í veiðihús sitt til geymslu. „Það vissu allir hvar húsgögnin voru og ekki voru þetta merkilegir munir,“ segir Hreggviður og hristir hausinn.

„Þau voru sturluð af bræði sem endranær“

Í þriðja lagi var Hreggviður sakfelldur fyrir líkamsárás gegn Fríði. Talið var sannað að hann hafi snúið upp á hönd hennar þegar, í eitt skipti af mörgum, skarst í odda milli nágrannanna. „Hún reif í skyrtuna á mér og hristi mig til, á meðan stóð eiginmaðurinn fyrir aftan hana með grjótt í hönd. Þau voru sturluð af bræði sem endranær,“ segir Hreggviður. Hann heldur því fram að Fríður hafi tekið um gleraugu sem voru í brjóstvasa á skyrtunni. Hafi hann þá tekið í hægri hönd hennar með vinstri hendi og ýtt henni í burtu.

Í dómnum kemur fram að Fríður hafi ekki vitað á hvorri hönd hún hefði meitt sig þegar lögreglu bar að garði. „Hún hafi sagt hægri, nei vinstri hægri“ eins og þar stendur. Fyrir dómi kom fram að hún þjáðist af dyslexíu og ruglaðist því oft á hægri eða vinstri. Í læknisvottorði kemur fram að Fríður hafi fundið fyrir þreifiefymslum á tveimur stöðum og á handlegg hennar hafi verið þrjár ljósir marblettir en engin bólga. Niðurstaða lækna-kandidats var sú að áverkarnir samrýmdust best tognun eða ofreymslu á vöðva. Hreggviður segir niðurstöðuna vera algjöra

„Hver einasti tittlingaskítur sem ég er sakaður um er keyrður af krafti í gegnum réttarkerfið.“

þvælu. „Það er ekki furða að hún hafi ofreynt á sér vöðvana. Hún hafði eytt drjúgri stund í að henda grjóti úr veggheðslu út á veg. Það er talsvert þrekvirki því þetta eru þungir steinar. Auðvitað var hún þreytt eftir átökin,“ segir Hreggviður.

Telur lögreglu misbeita valdi sínu

Hreggviður er hvergi banginn þrátt fyrir dóminn en telur lögreglu misbeita valdi sínu. „Ragnar réðst gegn gestkomandi konu með alvarlegum hætti í júní 2017. Hún kærði hann til lögreglu en ekkert hefur verið aðhafst í því máli,“ segir Hreggviður. Þá rifjar hann upp meinta árás Ragnars á hann rétt fyrir jól, sem DV fjallaði um. Sakaði Hreggviður Ragnar um að hafa reynt að drepa hann með því að keyra hann niður. „Ég kærði það mál, eins og mörg önnur, en það er augljóslega ekki í forgangi á hjá lögreglu. Þá hef ég óskað eftir að fá að skoða myndband, sem náðist á öryggismyndavél í eigu Ragnars og Fríðar, ásamt fjölskyldu minni, en það vill lögreglan ekki heimila,“ segir Hreggviður. ■

Jón Garðar í samkeppni við Eldum rétt

Í vikunni var nýtt fyrirtæki á máltídamarkaði kynnt til leiks. Fyrirtækið heitir Einn, tveir & elda og mun bjóða upp á tilbúna matarpakka til eldunnar líkt og Eldum rétt. Íslendingar hafa tekið hugmyndafræðinni fagnandi en hið nýja fyrirtæki hyggst skapa sér sérstöðu með því bjóða upp á aukið úrval rétta og gestapakka með uppskriftum frá vinsælustu kokkum landsins, til dæmis Ragnari Frey (Lækninum í eldhúsinu) og Jóa Fel.

Í forsvari fyrir fyrirtækið er athafnamaðurinn Jón Arnar Guð-

brandsson, einn eigenda Lemon, og Gunnar Már Sigfússon einkabjálfi, sem hefur getið sér gott orð sem talsmaður lágkolvnetnalífstílsins.

Í fréttatilkynningu kemur fram að Einn, tveir og elda sé í eigu Dagný & co. Framkvæmdastjóri þess fyrirtækis er Jón Garðar Ögmundsson, fyrrverandi rekstraradili McDonald's á Íslandi og veitingastaðarin Metro.

Rekstrarsaga Jóns Garðars er ekki beysin en fyrir tæpum tveimur árum hlaut hann tvo dóma fyrir umfangsmikil skattsvik. Annars

vegar vegar í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að standa ekki skil á opinberum gjöldum sem haldið var eftir af launum starfsmanna McDonald's frá árinum 2009 og 2010. Hins vegar hlaut hann 12 mánaða fangelsi, þar af 9 mánuði skilorðsbundið, fyrir sömu brot hjá Metro á árunum 2011 og 2012. Sam-

tals þurfti Jón Garðar að greiða 115 milljónir í sektir í ríkissjóð fyrir brotin. Í kjölfarið var Jón

Garðar úrskurður gjaldþrota en engar eignir fundust upp í 166 milljón króna kröfur.



Jón Garðar Ögmundsson Gerir strandhögg á hinum sívaxandi máltídamarkaði.



Slakaðu á með Slökun



Einkenni magnesíum-skorts

- ☞ Lítil orka
- ☞ Þróttleysi
- ☞ Veik bein
- ☞ Hormóna ójafnvægi
- ☞ Svefntruflanir
- ☞ Vöðvakrampar, kippir og spennar
- ☞ Kölkun líffæra
- ☞ Óreglulegur hjartsláttur
- ☞ Kvíði
- ☞ Streita
- ☞ Þirringur



www.mammaveitbest.is

Starfsmaður Barnaverndar falsaði niðurstöður þvagsýna:

SETTI BÖRN Í HÆTTU

■ Eitt alvarlegasta mál sem upp hefur komið hjá Barnavernd Reykjavíkur


Kristján Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Alexander Manrique Elíasson, sem áður hét Jón Alexander Elíasson, starfaði í tvö ár hjá Barnavernd Reykjavíkur. Á þeim tíma varaði hann minnst þrjár fjölskyldur við sem voru undir smásjá Barnaverndar. Hann lét fjölskyldurnar vita þegar til stóð að kanna aðstæður hjá þeim. Heimildir herma að hann hafi falsað niðurstöður þvagsýna og jafnvel látið fjölskyldur vita hvaða einstaklingar höfðu tilkynnt þær til Barnaverndar. Málið er grafalvarlegt en Alexander starfaði í nokkur ár hjá stofnuninni og ljóst að upplýsingar sem hann kom á framfæri til þessara fjölskyldna hafa gert það að verkum að foreldrar barnanna drógu að taka sig á eða lagfæra það sem var að á heimilinu. DV hefur staðfest að um er að ræða minnst þrjár fjölskyldur og alls ekki útilokað að Alexander hafi falsað niðurstöður þvagsýna hjá fleiri fjölskyldum eða látið vita þegar staðið hafi til að fara í heimsóknir. Óheiðarleiki Alexanders gæti því hafa bitnað á mun fleiri börnum. Alexander lét af störfum í apríl á síðasta ári en á meðan hann var við störf hjá Barnavernd var hann byrjaður að undirbúa vændishús sem hann starfrækti í Fiskakvísl.

Alexander var vel liðinn meðal samstarfsmanna sinna hjá Barnavernd og var starfsfólk í uppnámi yfir aðkomu hans að vændisstarfssemi. Halldóra Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, fullyrti við RÚV að Alexander hefði verið farsæll í starfi og ekkert óeðlilegt við uppsögn hans. Nú er ljóst að svo var ekki. Upplýsingar sem Alexander kom á framfæri við fjölskyldur í vanda hafa bitnað á börnum sem stofnunin á að vernda. Þá hefur Halldóra sagt áður að hún hafi ekki kannast við að meinbugir hafi verið á vinnu hans hjá Barnavernd eða starfslok hans tengst vítaverðri háttsemi. Heimildir DV herma annað og að kvartanir hafi borist vegna starfa hans.

Halldóra segir að mál Alexanders verði tekið mjög alvarlega. Hún fullyrðir að hún hafi ekki vitað að Alexander léti skjólstaðinga sína vita að til stæði að koma óvænt í eftirlitsferð á heimili viðkomandi. DV hefur heimildir fyrir því að Barnavernd hafi verið látin vita að Alexander hafi varað skjólstaðinga Barnaverndar við. Samtal DV við Halldóru yfir undirslíkt því ljóst er að eftir að vændismálið kom upp hafa bakgrunnur og störf Alexanders verið skoðuð og farið yfir hvaða fjölskyldum hann var að fletta upp í tölvukerfi stofnunarinnar. Er ljóst að um er að ræða eitt alvarlegasta mál sem upp hefur komið hjá Barnavernd Reykjavíkur.



Alexander Manrique Elíasson Alexander Manrique hét áður Jón Einar. DV hefur heimildir fyrir því að Alexander hafi varað minnst þrjár fjölskyldur við heimsóknum Barnaverndar Reykjavíkur



Alexander var ráðinn til Barnaverndar eftir að hann vann á Krýsuvík. Það fólk sem hann var meðal annars sagður hafa varað við óundirbúnum heimsóknum og falsað niðurstöður þvagsýna fyrir munu hafa verið fyrirverandi skjólstaðingar hans á Krýsuvík. Samkvæmt heimildum DV var Alexander gert að hætta hjá Barnavernd en Halldóra, framkvæmdastjóri Barnaverndar, vill ekki kannast við það. Þegar Alexander hætti var hann þegar byrjaður að undirbúa vændishús en hann ætlaði sér að taka yfir vændismarkaðinn á Íslandi. Vændishúsið var í Fiskakvísl og að sögn nágretta í nærliggjandi húsi fluttu þrjár suðuramerískar konur inn í íbúð sem Alexander tók á leigu. Nánast umsvifalaust hófust tíðar mannaferðir að húsinu á öllum tímum sólarhrings. „Þetta voru menn á öllum aldri, sumir vel klæddir en aðrir ekki. Þetta spannaði í raun allan þjóðfélagsskalann.“ Alexander og kona hans voru síðar handtekinn og úrskurðuð í gæsluvarðhald.

Bitnar mest á börnunum

„Við tókum þetta mál hans Alexanders mjög alvarlega,“ segir Halldóra.

Vissir þú að Alexander væri að vara fjölskyldur við og falsa niðurstöður þvagsýna?

„Nei, nei, það er bara eitthvað sem við tókum til skoðunar hjá okkur. Hann gat, ef einbeittur vilji til að brjóta af sér var fyrir hendi, látið sína skjólstaðinga vita hvenær hann ætlaði að koma en mjög oft eru tveir sem eru að fara, svo skiptast þeir líka á,“ segir Halldóra og bætir við að mögulegt sé að rekja uppflettingar í málaskrá. Segir Halldóra að það hafi verið gert og þeirri rannsókn sé ekki lokið. „Þar fyrir utan höfum við hringt í margt af því fólk sem Alexander sinnti til að athuga hvort það væru athugasemdir við störf hans. Það segir sig kannski sjálft að ef fólk telur sig hafa ávinning af því að hafa hann í eftirliti segir það bara góða sögu.“

Halldóra segir að þetta sé fyrsta afbrotamálið sem stofnunin hafi blandast inn í. Bætur hún við að með því að rekja uppflettingar hans og ræða við samstarfsfólk sé hægt að bæta starfseminu. Þá verði gætt betur að því í framtíðinni að oftast séu tveir starfsmenn sem fari á heimili fjölskyldna sem eigi í vandræðum.

„Þetta er rosalega sorglegt. Þetta er ekki góð staða en það var ekki hægt að sjá fyrir miðað við þau gögn sem lágu fyrir. Þetta er mjög alvarlegt. Óboðað eftirlit á að vera nákvæmlega það – óboðað. Hins vegar hef ég skoðað hans mál síðustu tvö árin og sem betur fer komu í mörgum tilfellum fleiri en hann að þeim. Hann hefur haft tók á að skemma fyrir en ekki að öllu leyti. Þetta bitnar mest á börnunum.“ ■

Ef þau höfðu neytt fíkniefna breytti hann bara niðurstöðunni.

Hver er Alexander?

„Hann var villingur úti á Nesi en var samt vinsæll, ekki síst hjá stelpunum. Eftir grunnskólann hvarf hann hins vegar af yfirborði jarðar. Ég vissi bara að hann hefði farið út af sporinu,“ segir maður sem ólst upp með Alexander Manrique Elíassyni á Seltjarnarnesi. Að lokinni grunnskólagöngu leiddist hann út á ranga braut. Hann hlaut fangelsisdóm á táningsaldri og var honum gefið að sök að hafa reynt að aka á mann. Að lokinni afplánun venti hann kvæði sínu í kross, fór í meðferð og virtist hafa náð tókum á lífi sínu. Hann rak um tíma bar á Spáni sem og köfunarskóla, en hann hefur kennsluréttindi sem kafari. Hann starfaði um tíma fyrir köfunarþjónustuna Kafarinn.is hér á landi og árið 2004 hóf hann störf hjá Krýsu-



Halldóra Gunnarsdóttir
Framkvæmdastjóri
Barnaverndar
Reykjavíkur.
MYND SKJÁSKOT RÚV / KVEIKUR

víkursamtökunum sem áfengisráðgjafi. Sú reynsla hjálpaði eflaust til þegar hann var ráðinn til starfa hjá Barnavernd Reykjavíkur. Hann var lengi farsæll á meðferðarheimilinu á Krýsuvík. Einn heimildarmanna DV segir að eftir að Alexander fór í erfiða meðferð við lifrabólgu hafi skapgerð hans breyst og hann farið langt niður. Þá hafi hann sett spurningamerki við starfshætti Þorgeirs, forstöðumanns meðferðarheimilisins, og það sé aldrei liðið. „Toggi er kóngurinn og ef þú ert ekki

besti vinur hans og hlýðir honum ekki í einu og öllu getur þú pakkad saman,“ segir heimildarmaður DV sem dvaldi um hríð í Krýsuvík. Annar heimildarmaður sem þekkir til starfa hans hjá Barnavernd segir: „Hann var ábyrgur í máli vinar míns. Þá kom hann heim til þeirra og tók þvagprufur. Ef þau höfðu neytt fíkniefna breytti hann bara niðurstöðunni. Ég veit líka að hann hringdi og lét vita ef fulltrúar Barnaverndar voru á leið í heimsókn. Þá sagði hann þeim að taka til og hvað þau ættu að gera.“



Flamant
tímalaus hönnun



HEIMILI & HUGMYNDIR



Ármúla 26 | 108 Reykjavík | Sími 578 4400 | heimilioghugmyndir.is



Óhugnaður Fjölmargir óhæfir aðilar hafa starfað og starfa enn fyrir Meðferðarheimilið í Krýsuvík.



Kynlífsfíkn í Krýsuvík

Kynferðislega brenglaður ráðgjafi kvikmyndaði kynlíf með grunlausum konum

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Í síðustu viku fjallaði DV um að fyrrverandi skjólstæðingur Krýsuvíkursamtakanna hefði kært fyrrverandi starfsmann, Björn Ragnarsson, fyrir kynferðisbrot. Björn hafði starfað sem ráðgjafi nokkru fyrr en var sagt upp störfum eftir að meint kynferðisbrot hans gegn öðrum kvenkyns skjólstæðingi komst upp á yfirborðið. Björn var síðar endurráð-

inn tveimur mánuðum síðar sem bílstjóri fyrir samtökin. Aftur kom upp óásættanlegt atvik sem varð til þess að annar skjólstæðingur kærði Björn til lögreglu fyrir kynferðisbrot. Þá var hann loks látinn taka poka sinn. Björn gekkst við óeðlilegum samskiptum í samtali við DV en neitaði staðfastlega að um kynferðisbrot hefði verið að ræða.

Í kjölfar umfjöllunarinnar bárust DV ábendingar úr nokkrum átum um að annar starfsmaður Krýsuvíkursamtakanna hefði verið

kærður fyrir kynferðisbrot. Þá hafi tvær aðrar konur sakað hann um að hafa brotið gegn þeim. DV hefur öruggar heimildir fyrir því að maðurinn hafi viðurkennt á AA-fundum að hafa keypt vændi af konum, stúlkum og drengjum sem stríða við fíkniefnavanda. „Þetta vita allir starfsmenn í Krýsuvík. Það er verið að samþykkja hegðun þessa starfsmanns með því að hafa hann á launaskrá,“ segir heimildarmaður DV. Umræddur maður hefur í starfi sínu aðgang að trúnaðargögnum um

skjólstæðinga samtakanna. Hann er ekki í daglegum samskiptum við þá en hefur farið í ferðir með ráðgjöfum og skjólstæðingum, meðal annars í Þórsmörk. Starfsmaðurinn hefur verið án áfengis og vímuefna í lengri tíma en er sagður þjást af kynlífsfíkn.

„Ekki reyna að kenna fólki mannkosti sem þið getið svo ekki farið eftir sjálf“

Maðurinn er í dag í sambúð með konu frá Austur-Evrópu en konan kom hingað til að vinna á súlstað. Samkvæmt heimildum DV innan lögreglunnar var maðurinn fjarlægður í nokkur skipti af heimili sínu vegna heimilisofbeldis í fyrra sambandi sínu, sem lauk fyrir nokkrum árum. Maðurinn hefur verið án áfengis í um 10 ár. Annar heimildarmaður DV segir: „Krýsuvík bjargaði lífi mínu og hjálpaði mér mikið. En þarna eru hlutir sem þarf að laga. Hinir meðvirku sjá það ekki og verja Krýsuvík eins og kirkjuna sína. Það er enginn yfir gagnrýni hafinn og okkur er kennt í samtökunum og af ráðgjöfum í Krýsuvík, af AA-bókinni að viðurkenna bresti okkar og biðjast fyrirgefningar. Af hverju getur starfsfólk og fyrrverandi skjólstæðingar ekki horfst í augu við það í stað þess að styðja við mann sem hefur beitt maka sinn ofbeldi, kaupir vændi og sýnir engin merki um iðrun. Þetta er meðvirkt og sjúkt heimili sem gerir vel en getur gert betur. Ekki reyna að kenna fólki mannkosti sem þið getið svo ekki farið eftir sjálf,“ segir heimildarmaðurinn.

Kynferðislega brenglaður ráðgjafi

Annar ráðgjafi sem starfaði um árabíl á Meðferðarheimilinu í Krýsuvík er sagður kynferðislega brenglaður. Tveir heimildarmanna DV segja hann hafa tekið bæði skjólstæðinga og aðstandendur í einkaviðtöl heima hjá sér á kvöldin. Þá leigði hann herbergi

miðsvæðis þar sem hann tók upp kynlíf sitt með konum án þess að láta þær vita. Tveir skjólstæðingar hafa svipaða sögu af þeim ráðgjafa að segja eftir veru sína í Krýsuvík: „Ég fékk hann sem ráðgjafa og hann settist niður og það fyrsta sem hann sagði við mig var: „Á hvaða hátt ertu virk kynferðislega. Þú ert svo falleg stelpa. Þú þarft að fara í heitt bað og taka með þér spegil og finna út hvað þér finnst gott og virkja þig kynferðislega.“

DV hefur heimildir fyrir því að maðurinn hafi kvikmyndað fjölda kvenna þegar hann stundaði með þeim kynlíf án þess að gera þeim grein fyrir því. Einn heimildarmanna DV sem sá myndskaiðin sagði að „þetta væri það ógeðslegasta sem hún hefði séð á ævi sinni.“

Önnur stúlka sem átti í stuttu sambandi við hann eftir áfengis meðferð í Krýsuvík fékk aðstoð þekkra manna í undirheimunum til að ná í tölvur og annan búnað af ótta við að hann hefði kvikmyndað hana á meðan þau stunduðu kynlíf. Konan treysti sér ekki til að ræða við DV um málið þegar eftir því var leitað. DV hefur einnig heimildir fyrir því að maðurinn hafi verið með í fórum sínum les efni um hvernig eigi að læra að lesa konur, bæði varalestur og að vinna traust og trúnað þeirra og brjóta niður.

Annar heimildarmaður heldur fram að Þorgeir Ólason, forstöðumaður Meðferðarheimilisins í Krýsuvík, hafi verið kunnugt um afbrigðilega hegðun undirmannsins en þegar í ljós kom hversu langt ráðgjafinn hafði gengið og Þorgeiri gert kunnugt um það var ekki hjá því komist að láta hann taka pokann sinn. Maðurinn fékk í kjölfarið vinnu á Hlaðgerðarkoti sem ráðgjafi en starfar í dag sem crossfit-þjálfari. ■

Skoðaðu
þjónustu
okkar á
Xprent.is

- Inni- og útimerkingar
- Sandblástursfilmur
- Striga- og ljósmyndaprentun
- Bílamerkingar
- Gluggamerkingar
- Prentun á símahulstur
- Frágangur
- ... og margt fleira

XPRENT
Hönnun & Merkingar

SUNDABORG 1, REYKJAVÍK / SÍMI 777 2700 / XPRENT@XPRENT.IS



„Krýsuvíkursamtökin hafa ekkert að fela“

Stjórn Krýsuvíkursamtakanna telur umfjöllun DV villandi

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Eins og fram hefur komið gerði Landlæknisembættið margvíslegar athugasemdir við starfsemi Meðferðarheimilisins í Krýsuvík á árinu 2016. Meðal annars að hvorki lægi fyrir gæðahandbók né verklagsreglur, að skráning skjólstaðinga væri á Excel-skjali í stað Sögu-forrits, að fagmönnum væri ónóg og að ráðgjafar hefðu ekki réttindi samkvæmt reglugerð. Við þessum athugasemdum var ekki brugðist árið 2016 en að sögn Sigurlínu Davíðsdóttur lektors, sem er stjórnarformaður Krýsuvíkursamtakanna, hafa samtökin sannarlega brugðist við síðan.

„Við höfum látið útbúa gæðahandbók og kaupa sérstakt skráningarforrit. Varðandi fagmönnum þá er það svo að þar sem ekki er lækni í fullu starfi í Krýsuvík þá er þjálfunartími ráðgjafa ekki viðurkenndur. Þeir hafa hins vegar menntun og starfsleyfi frá viðurkenndu, alþjóðlegu vottunarfyrirtæki sem heitir International Certification & Reciprocity Consortium (IC&RC) og margs konar aðra menntun sem hentar okkur í Krýsuvík. Starfsleyfi þeirra frá þessu fyrirtæki er viðurkennt í Bandaríkjunum og flestum Evrópulöndum öðrum en Íslandi. Nú er þar einnig starfandi félagsráðgjafi, ásamt öðrum vel menntuðum ráðgjöfum, en þar sem reglugerð landlæknis um löggildingu ráðgjafastarfsins er að þessu leyti gölluð, höfum við enga leið til að fá okkar ráðgjafamenntun viðurkennda,“ segir Sigurlína í skriflegu svari til DV.

Landlæknir gerði alvarlegar athugasemdir við að engin viðvera væri í húsinu frá klukkan 16.00 á hverjum degi. Sigurlína segir að ástæðan fyrir því fyrirkomulagi sé sú að það sé hluti af meðferðarprograminu að fólk sé látið taka ábyrgð á sér sjálf eftir að vinnudeginum lýkur. „Við eigum könnun frá útskrifuðum skjólstaðingum þar sem þeir segja sjálfir að þetta sé stór hluti af þroska þeirra í meðferðinni og þeir nefna þetta sem einn stærsta þáttinn í bata sínum. Einn af skjólstaðingunum, sá sem starfsfólk treystir til þessa, hefur neyðarsíma undir höndum sem hann getur notað til að hringja í starfsmann ef eitthvað kemur upp sem kallar á það. Sá starfsmaður getur verið kominn á staðinn eftir

20 mínútur ef þarf. Tilfelli sem þessi koma örsjaldan upp, og þá er brugðist við því atviki umsvifalaust,“ segir Sigurlína.

Í umfjöllun DV í síðustu viku var rætt við mann, Björn Ragnarsson, sem var látinn vikja sem ráðgjafi eftir óeðlileg samskipti við skjólstaðing. Hann var síðan endurráðinn sem bílstjóri skömmu síðar en aftur kom upp óeðlilegt atvik sem hefur verið kært til lögreglu. Varst þú upplýst um þessi meintu brot Björns, brottvikningu hans og endurráðningu? Hverju má það sæta að hann hafi verið endurráðinn eftir að hafa brugðist trausti með gróflegum hætti?

„Björn viðurkendi brot sitt umyrðalaust, var mjög leiður yfir því og var í fríi nokkra mánuði eftir það. Ekki var talið gerlegt að ráða hann aftur sem ráðgjafa, en þar sem sárlega vantaði staðarhaldara, var ákveðið að nokkrum mánuðum liðnum að hafa hann í starfi til reyngu við viðgerðir á húsinu og bílunum og við almenna aðstoð á staðnum. Björn er mjög fær í þessu starfi og ákveðið var að gefa honum tækifæri til að sanna að brot hans hefði verið einangrad og myndi ekki endurtaka sig. Þetta gekk ekki eftir og hann braut af sér aftur, þá var ekki um annað að velja en að láta hann hætta. Það má vel segja að við höfum verið of lín þarna og hugasánlega höfum við í fleiri tilfellum beðið of lengi með að segja upp fólki sem ekki var heppilegt til starfs í Krýsuvík,“ segir Sigurlína.

Þá segir Sigurlína að forstöðumaður meðferðarheimilisins hafi upplýst hana og stjórnina um meint óeðlileg samskipti sín við einn skjólstaðing Krýsuvíkur. Þessi tiltekni skjólstaðingur var rekinn úr meðferð fyrir agabrot en fékk síðan að koma strax aftur inn í meðferð sem engin fordæmi voru fyrir. Þá fékk hún ýmiss konar sérmeðferðir sem hleypti illu blóði í aðra skjólstaðinga. „Ég var ekki meðvitund um þessi samskipti þegar þau fóru fram og get heldur ekki fjallað í fjölmiðlum um málefni einstakra skjólstaðinga. Hins vegar er forstöðumaðurinn nú búinn að upplýsa mig og aðra í stjórninni um þetta mál, sem er allt mjög erfitt og leiðinlegt,“ segir Sigurlína.

Í umfjöllun DV voru starfsmenn meðferðarheimilisins sakaðir um hörku við brottrekstur skjólstaðinga, að þeim væri skutlað

á bensinstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og skildir þar eftir umkomulausir, jafnvel á aðfangadag. Einnig að brottrekstur væri oft fyrir litlar sakir, eins og í tilfelli Jóns Einars Randverssonar. Jón Einar var rekinn úr meðferð fyrir afar léttvægt brot en hann hafði staðið sig afar vel að öllu öðru leyti. Hann grátbað um miskunn en fékk ekki. Innan við sólarhring eftir brottreksturinn lést Jón Einar af völdum of stórs skammts eiturlýfja. „Þegar skjólstaðingar brjóta húsreglur þarf að láta þá fara af staðnum. Það er aldrei gert nema að vel athuguðu máli og eftir að þeir hafa fengið tækifæri til að breyta hegðun sinni, nema um sé að ræða ofbeldi eða vímuefnaneyslu, þá er ekki um slíkt tækifæri að ræða,“ segir Sigurlína. Hún segir að skjólstaðingar séu alltaf spurðir hvert eigi að skutla þeim og margir biðji um að láta skutla sér á bensinstöð í Hafnarfirði ef þeir geta beðið einhvern um að sækja sig þangað. „Starfsfólk hefur yfirleitt viðkomu á þessari bensinstöð á leið úr og í vinnu og skjólstaðingar koma þangað ef þeir þurfa að fá far til eða frá Krýsuvík. Það er því ofur eðlilegt að skilja skjólstaðinga eftir á bensinstöðvum, þessari eða einhverri annarri, hafi þeir sjálfir óskað eftir því. Fyrir mörgum árum báðu tvær konur um að láta skutla sér í bæinn rétt fyrir jól og þá var farið með þær á Konukot. Ekki hefur verið farið með fólk í bæinn á aðfangadag,“ segir í svari Sigurlínu.

Þá héldu heimildarmenn DV því fram að starfsmannaveltu samtakanna væri gríðarlega mikil, þvert á fullyrðingar forstöðumanns meðferðarheimilisins. Að sögn Sigurlínu er starfsmannaveltan misjöfn milli ára en í gegnum árin hafi góður hópur fólks starfað saman árum saman ef það nær vel saman og ræður við starfið. Á síðasta ári hafi hins vegar verið nokkur velta á meðan verið var að finna ráðgjafa sem kom í stað ráðgjafans, Björns Ragnarssonar, sem var látinn fara út af meintu kynferðisbroti. Sigurlína segir að stjórnin sé upplýst um nýráðningar og brottrekstur starfsmanna, en hún kemur ekki að slíkum málum beint. „Þau eru á hendi stjórnenda meðferðarheimilisins, enda eru það þeir sem bera starfsemina áfram frá degi til dags og sitja uppi með afleiðingarnar ef ráðningar hafa ekki tekist sem skyldi. Eftir að

Björn hætti eftir mörg ár í farsælu starfi sem ráðgjafi, reyndum við fyrir okkur með nýja ráðgjafa, sem ekki gekk sérlega vel í fyrstu, en nú virðist vera kominn traustur hópur til starfa, sem vonir eru bundnar við,“ segir Sigurlína.

Að hennar sögn hentar það ekki hverjum sem er að vinna sem ráðgjafi í Krýsuvík og það sé enginn áfellisdomur yfir þeim sem ekki ráða við það. „Skjólstaðingar eru í meðferð í marga mánuði og það er mikill línudans að nálgast þá í kærleika en halda samt uppi ákveðnum aga og hjálpa þeim til að snúa lífi sínu til betri vegar. Það er líka erfitt fyrir nýja ráðgjafa að horfa upp á þegar þarf að láta skjólstaðinga fara eftir brot á húsreglum. Það er þó mikill ábyrgðarhluti að halda rými í meðferðinni fyrir fólk sem ekki nýtir sér úræðið til að breyta lífsstíl sínum, þegar biðlistinn er eins ógnvænlegur og raun ber vitni. Og reyndar koma flestir þeirra sem hafa verið látnir fara af staðnum aftur þegar þeir eru orðnir reiðubúnari til að taka við því sem er í boði í Krýsuvík. Hins vegar kemur það því miður of oft fyrir að biðin reyntist fólki ofviða og á síðasta ári dóu nokkrir af biðlistanum áður en þeir komust inn,“ segir Sigurlína.

Með svörum sínum sendi Sigurlína yfirlýsingu frá Krýsuvíkursamtökunum sem DV er bæði ljúft og skylt að birta.

Yfirlýsing frá stjórn Krýsuvíkursamtakanna – hafa ekkert að fela

Stjórn Krýsuvíkursamtakanna hefur óskað eftir að embætti Landlæknis geri úttekt á starfsemi Meðferðarheimilisins í Krýsuvík. Undanfarið hefur verið vegið að starfsemi heimilisins og starfshéðri þess fólks sem þar vinnur með harkalegri og villandi fjölmiðlaumfjöllun. Stjórnin vísar þessari gagnrýni á bug en telur nauðsynlegt að taka af allan vafa um árangur þess faglega starfs sem unnið hefur verið á Meðferðarheimilinu í Krýsuvík. Þess vegna leitar stjórn samtakanna nú til landlæknisembættisins sem lögum samkvæmt ber að hafa eftirlit með starfsemi sem þessari.

Á Meðferðarheimilinu í Krýsuvík er lögð áhersla á að styrkja til sjálfshjálpar vímuefnaneytendur sem ekki hafa náð árangri á hefðbundnum meðferðarstofnunum. Meðferðin er einstaklingsmiðuð



Sigurlína Davíðsdóttir, stjórnarformaður Krýsuvíkursamtakanna.

langtímameðferð þar sem gert er ráð fyrir að skjólstaðingar dvelji í sex mánuði áður en þeir útskrifast. Meðferðin byggir á þremur meginþáttum, meðferð, námi og vinnu og grundvallast á 12 spora kerfi AA-samtakanna.

Þátttaka í meðferðinni er krefjandi og tekur oft á þá einstaklinga sem hana sækja og því eru margir sem ekki ná að ljúka henni. Rannsóknir sýna að þeim sem dvelja lengur í meðferð vegnar betur en hinum sem stoppa stutt. Fjöldi meðferðarrýma í Krýsuvík er takmarkaður og langur biðlisti eftir að komast að.

Árangur

Undanfarnir ár hafa óháðir aðilar verið fengnir til að leggja mat á árangur þeirrar vímuefnameðferðar sem fram fer á Meðferðarheimilinu í Krýsuvík. Árangursmat þeirra hefur tekið til fjögurra til fimm ára í senn og verið birt í þremur skýrslum, 2005, 2010 og 2015. Þar kemur fram að af þeim sem útskrifast úr meðferðinni eftir 6 mánuði voru 56,3–65,6% án vímuefna ári eftir að meðferð lauk en 31,3–40% að tveimur árum liðnum. Af þeim sem voru lengur en 3 mánuði en luku ekki meðferð voru 10,3–27,8% án vímuefna ári eftir meðferð en 4,3–26,7% tveimur árum eftir meðferð. Gerðar hafa verið tilraunir til að meta samfélagslegan ávinning af þeim fjármunum sem varið er til meðferðarinnar í Krýsuvík. Þeir útreikningar benda til að ábati samfélagsins sé þrisvar til sjö sinnum hærri upphæð en sú sem fjárfest er í meðferðinni.

Krýsuvíkursamtökin leggja áherslu á að starfa á faglegum grunni og hafa ekkert að fela. ■

ÞÉKK FALLEINKUNN Í ÚTTEKT LANDLÆKNIS

■ Forsvarsmenn virtu athugasemdir að vettugi ■ Opinberir styrkir hækka umtalsvert frá ári til árs

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Aðra vikuna í röð fjallar DV um málefni Meðferðarheimilisins í Krýsuvík. Heimilið fær síauknar fjárveitingar frá hinu opinbera á ári hverju en alls munu ríflega 115 milljónir króna renna til þess á árinu 2018. Það er athyglisvert í ljósi þess að heimilið fékk falleleinkunn í úttekt Landlækniseimbættisins um mitt ár 2016 og hafði ekki brugðist við athugasemdum við eftirfylgniheimsókn í lok árs. Þrátt fyrir það hefur heilbrigðisráðuneytið leyft starfsemi að viðgangast án þess að grípa til einhverra aðgerða til þess að laga málin. Rétt er að halda því til haga að árangurinn af meðferðinni var talinn góður í úttekt embættismanna Landlæknis. DV birtir svör stjórnarformanns Krýsuvíkursamtakanna, Sigurlínu Davíðsdóttur, við umfjöllun blaðsins og yfirlýsingu frá stjórn þeirra. Telur stjórnin að umfjöllun DV um starfsemi meðferðarheimilisins sé villandi.

Þá birtir DV upplýsingar um tvo starfsmenn samtakanna, einn núverandi og annan sem hefur látið af störfum, sem eiga skuggalega fortíð. Annar þeirra hefur verið tvisvar kærður fyrir nauðganir, er haldinn kynlífsfíkn og hefur viðurkennt að hafa keypt vændi af drengjum og stúlkum sem eru í neyslu, utan veggja Krýsuvíkur.

Hinn átti óeðlileg kynferðisleg samskipti við skjólstæðinga samtakanna og tók meðal annars upp á myndband kynferðismök sín við fjölmargar konur. Fórnarlömb hans voru grunlaus um upp-tökur.

Víða pottur brotinn

Forsvarsmenn Meðferðarheimilisins í Krýsuvík brugðust ekki við alvarlegum athugasemdum Landlækniseimbættisins sem settar voru fram í kjölfar eftirlitsheimsóknar um mitt ár 2016. Í lok sama árs fóru starfsmenn embættisins í eftirfylgniheimsókn en þá kom í ljós að athugasemdirnar höfðu verið virtar að vettugi. Embættið sendi niðurstöðurnar til heilbrigðisráðuneytisins sem hefur ekki brugðist við. Framlög hins opinbera til meðferðarheimilisins hafa hækkað hratt undanfarin ár en ráðgeert er að samtökin fái um 115 milljóna króna styrk á næsta ári.

Í síðustu viku birtist í DV umfangsmikil umfjöllun um starfsemi Meðferðarheimilisins í Krýsuvík. Þar voru dregnar fram í dagsljósið ýmsar brotalamir á starfsemi þar á meðal staðfestar frásagnir af óeðlilegum samskiptum starfsmanna og stjórnenda við skjólstæðinga heimilisins. Úttekt DV byggðist fjölmörgum samtölum, bæði frá fyrrverandi starfsmönnum og skjólstæðingum.

Meðal þess sem ýmsir heimildarmenn DV vöktu athygli á var að verulega skorti á fagmennsku í þeirri meðferð sem fram fer í Krýsuvík, bæði hvað varðar útfærslu meðferðarinnar sem slíkrar sem og varðandi starfsmannastefnu stjórnenda.

DV ákvað að kanna nánar hvort fótur væri fyrir þeim athugasemdum og leitaði eftir því hvort opinberir aðilar hefðu tekið út þau störf og þá vinnu sem fer fram á heimilinu. Verður að telja eðlilegt að slík skoðun eigi sér reglulega stað af hálfu opinberra aðila, ekki síst í ljósi þess að ríkið leggur meðferðarheimilinu til umtalsverða fjármuni á ári samkvæmt fjárlögum, en eins og fram kom í umfjöllun DV í síðustu viku jukust framlög ríkisins verulega árið 2016, úr um 73 milljónum í 106 milljónum.

Alvarlegar athugasemdir í úttekt Landlæknis

Í ljósi kom að Landlæknir gerði fyrir tæpum tveimur árum úttekt á gæðum og öryggi þjónustu heimilisins og í henni voru gerðar nokkrar alvarlegar athugasemdir við starfsemi heimilisins.

Úttektin var unnin af fimm fagadilum frá embættinu; tveimur hjúkrunarfræðingum, geðhjúkrunarfræðingi, sviðsstjóra og landlækni sjálfum. Í rannsókninni voru fimm meginatriði starfsemiinnar tekin út, stefnumörkun, vinnulag, árangur, mönnun og húsnæði. Mælikvarðinn fyrir hvern þátt var þrískiptur, niðurstaðan „Gott“ þýddi að settum kröfum væri fullnægt, niðurstaðan „Viðunandi“ þýddi að umbóta væri þörf á ákveðnum sviðum og niðurstaðan „Ófullnægjandi“ þýddi að verulegra úrbóta væri þörf.

Niðurstaða úttektarinnar var sú að í einum þætti, varðandi árangur, taldist kröfum vera fullnægt. Stefnumörkun og húsnæðismál töldust viðunandi en vinnulag og mönnun töldust ófullnægjandi.

Heilsufarsupplýsingar skráðar í Excel-skjal

Í úttekt Landlæknis kom fram að á meðferðarheimilinu væru hvorki gæðahandbók né skriflegar verklagsreglur fyrir hendi. Taldi Landlæknir það gagnrýnisvert þar sem brýnt væri að skýrir verkferlar lægju fyrir um meginþætti starfsemiinnar, bæði fyrir starfsfólk og aðra. Þá voru gerðar athugasemdir við ófaglega skráningu heimilisins á heilsufarsupplýsingum skjólstæðinga en eins og kom fram í úttektinni var það „í raun excel-skjal“. Benti Landlæknir á hættuna á því að meðferðin yrði ekki samræmd og markviss ef skráning væri ekki á samtengjanlegu formi, svo sem eins og í svokölluðu Sögukerfi sem heilbrigðisstofnanir notast almennt við.



Meðferðarheimilið í Krýsuvík

Enginn ráðgjafa uppfyllir nauðsynleg skilyrði

Athugasemdir úttektarinnar voru hve alvarlegastar varðandi mönnun á heimilinu. Í úttektinni kom fram að meðferðin og þjónustan væri að langmestu leyti borin uppi af ráðgjöfum á sviði áfengis- og vímuvarna. Kom fram að á heimilinu störfuðu fjórir ráðgjafar en að enginn þeirra uppfyllti menntunarskilyrði reglugerðar velferðarráðuneytisins um áfengis- og vímuefnaráðgjafa, sem eru nánar útlustuð hér í úttektinni. Ráðgjafarnir hefðu þó flestir lokið fjögurra mánaða námi í Ráðgjafaskóla Íslands samhliða fullri vinnu. Var í úttektinni bent á að hvorki hjúkrunarfræðingar né sjúkraliðar störfuðu í Krýsuvík heldur einungis einn geðlæknir í 20% starfi sem heimsótti starfsmenn einu sinni í viku. Þá kæmi einnig sálfræðingur einu sinni í viku og sinni meðal annars handleiðslu ráðgjafa. Skjólstæðingar sem þyrftu á sálfræðiaðstoð að halda þyrftu því að sækja hana utan heimilisins og greiða þá sérstaklega fyrir hana. Taldi landlæknir brýnt að auka faglega mönnun á heimilinu í ljósi þess að um heilbrigðisstofnun er að ræða.

Sjálfsafgreiðsla eftir klukkan fjögur

Harðasta gagnrýni úttektarinnar var sú að á heimilinu væri enginn starfsmaður frá klukkan 16.00 til næsta morguns. Utan dagvinnutíma væru skjólstæðingarnir því á eigin ábyrgð. Um helgar væri svipuð staða uppi, kokkur kæmi og eldaði hádegisverð og undirbyggi kvöldverð sem skjólstæðingarnir sæju svo sjálfir um að bera fram. Við þetta fyrirkomulag gerði landlæknir alvarlegar athugasemdir, ekki hvað síst að teknu tilliti til staðsetningar heimilisins, sem er nokkuð afskekkt. Að mati embættisins var fyrirkomulagið óásættanlegt þar sem um heilbrigðisstofnun væri að ræða og að notendur ættu að njóta sólarhringsþjónustu.

Ábendingar hunsaðar

Niðurstöðum úttektarinnar fylgdu skýrar ábendingar til stjórnenda heimilisins. Þar á meðal að stjórnendur skyldu skrá niður viðurkenndar og faglegar leiðbeiningar og verklagsreglur varðandi meðferðina. Þá þyrfti að bæta skráningu heilsufarsupplýsinga skjólstæðinganna, auka fagmönnum í starfslíðinu og sjá til þess að alltaf væri starfsmaður til staðar á heimilinu til að tryggja öryggi.

Um hálfu ári síðar, í desember 2016, fylgdi embættið úttektinni eftir og kannaði hvernig brugðist hefði verið við. Ræddu úttektaraðilar af því tilefni við helstu stjórnendur heimilisins og samtakanna, þau Lovísu Christiansen framkvæmdastjóra, Sigurlínu Davíðsdóttur formann og Þorgeir Ólason, forstöðumann heimilisins. Samkvæmt skýrslu sem embættið gaf út eftir þá skoðun virðist sem stjórnendur heimilisins hafi að langmestu leyti virt ábendingar embættisins að vettugi.

Í skýrslu embættisins kom meðal annars fram að fulltrúar heimilisins hefðu upplýst um að vinna við gerð gæðahandbókar hafi verið hafin en þrátt fyrir ítrekaðar óskir hafi embættið ekki fengið afhent drög að þeirri vinnu. Þá upplýstu fulltrúar heimilisins að heilsufarsupplýsingar væru ennþá skráðar í Excel og að áform um að taka upp nýtt kerfi væru á frumstigi. Varðandi kröfu um aukna fagmennsku í starfslíði heimilisins kom fram að ekkert hefði verið unnið að þeim málum og að fulltrúarnir væru mjög ósáttir við reglugerð velferðarráðuneytisins um menntun, réttindi og skyldur áfengis- og vímuefnaráðgjafa. Sagði í skýrslunni að enn væri staðan því sú að enginn af ráðgjöfum meðferðarheimilisins uppfyllti skilyrði reglugerðarinnar en að þeir hefðu hlotið menntun og réttindi sem ekki væru viðurkennd á Íslandi. Að lokum var staðan enn óbreytt varðandi helstu gagnrýni úttektarinnar; að enginn starfsmaður væri til staðar á heimilinu eftir klukkan 16.00 á daginn. Munu fulltrúar heimilisins hafa

tjád embættinu að þeir hefðu velt þeirri gagnrýni fyrir sér en ekki gert breytingu af ýmsum ástæðum.

Mat Landlæknis að lokinni úttekt og eftirfylgni var því nokkuð harðort: „Ljóst er að lítt hefur verið farið að ábendingum embættisins nema helst hvað húsnæði varðar. Niðurstaða embættisins er því að faglegar lágmarkskröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu séu ekki uppfylltar.“ Þá kemur fram að í núgildandi þjónustusamningi við Sjúkratryggingar Íslands segi að meðferðin skuli veitt af læknum og áfengis- og vímuefnaráðgjöfum en eins og fram hefur komið uppfyllir enginn af ráðgjöfum heimilisins skilyrði reglugerðar. Ýmis önnur ákvæði samningsins eru ekki uppfyllt, svo sem er snerta gæði þjónustu, innra eftirlit og skráningu heilsufarsupplýsinga.“

Ráðuneytið þarf að bregðast við.

Þessi skýrsla Landlæknis kom út í lok árs 2016, eins og áður segir. DV leitaði upplýsinga hjá embættinu um hvort að síðar hafi verið gerð frekari úttekt, veittar frekari ábendingar eða farið í aðrar aðgerðir varðandi þessi málefni heimilisins. Svo reyndist ekki vera en embættið hefur ekki úr mörgum verkfærum að móða til þess að bregðast við. „Við upplýstum ráðuneytið um að starfsemin uppfyllti engin skilyrði sem heilbrigðisþjónusta. Það sem þarna fer fram á miklu frekar skylt við einhvers konar félagslegt úrræði. Það mætti kalla þetta búsetuúrræði með séraðstoð,“ segir Leifur Bárðarson, sviðsstjóri eftirlits og gæða hjá Landlækniseimbættinu. Leifur bendir á að Landlækniseimbættið veiti heilbrigðisstofnunum ekki starfsleyfi né neitt slíkt og því sé þeirra eina úrræði að upplýsa ráðuneytið um stöðu mála. Það sé þeirra að bregðast við. „Þá gleymist líka oft í þessari umræðu að aðalábyrgðin liggur hjá stjórn þessara samtaka. Þau þiggja opinbert fé til þess að veita tiltekna þjónustu og það er á þeirra ábyrgð að sú þjónusta sé í samræmi við lög og reglugerðir,“ segir Leifur. ■

Ég fer á fjöll



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is

DULARFULLUR LISTI Í VESTMANNAEYJUM

■ Deilt um prófkjör Sjálfstæðismanna ■ Listi yfir meinta stuðningsmenn Elliða í umferð

Ari Brynjólfsson
ari@pressan.is



Ólga er meðal Sjálfstæðismanna í Vestmannaeyjum vegna ákvörðunar fulltrúaráðs flokksins um að halda ekki prófkjör, þess í stað mun fulltrúaráðið kjósa um sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í komandi sveitarstjórnarkosningum. Sjálfstæðisflokkurinn er í yfirburðastöðu í bænum og hefur Elliði Vignisson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, verið bæjarstjóri síðustu tólf ár. Á fundi fulltrúaráðsins milli jóla og nýárs var tillaga um uppstillingu felld og því stefndi allt í prófkjör. Aníta Óðinsdóttir, formaður fulltrúaráðsins, sem segir í samtali við DV að hún styðji prófkjör, segir að athugasemdir hafi borist eftir fundinn og því ákveðið að boða annan fund til að ákveða endanlega hvort farið yrði í prófkjör.

Fulltrúaráð „í vasanum“

Elís Jónsson, vélstjóri á Herjólfvi, var búinn að boða þátttöku sína í prófkjöri, hann segir í samtali við DV að smalað hafi verið á seinni fundinn til að koma í veg fyrir að Elliði þyrfti að fara í prófkjör. Vill hann meina að á sínum 12 árum í bæjarstjórn væri Elliði búinn að raða samstarfsfólki sínu, fjölskyldu og mökum í fulltrúaráðið. Tillaga um prófkjör var felld með 28 atkvæðum á móti 26, einn seðill var auður og einn ógildur. Elís segir að sú tillaga hafi verið óraunhæf, of margir þyrftu að taka þátt í prófkjörinu og tíminn væri of naumur. Lagði hann því fram breytingartillögu um að 10 manns þyrfti í prófkjör í stað 14, sú tillaga var felld. Niðurstaða fundarins var að farið yrði í röðun sem gengur út á að fulltrúaráðið kys á listann.

Elís segir að margir séu ósáttir við niðurstöðuna því fulltrúaráðið sé „í vasanum“ á bæjarstjórnunum, sendi hann lista með nöfnum þeirra sem eiga að hafa kosið gegn prófkjöri á blaðamann DV til að sýna fram á tengsl fulltrúanna við bæjarstjór-

Á móti prófkjöri
Ég var á móti prófkjöri

Ég er ekkert heitur með eða á móti, þetta er bara niðurstaðan

Skellti á blaðamann

Tjá mig ekki um þetta

Finnst það mjög óvæðandi hjá ykkur að eltast við þetta

Elliði Vignisson	Bæjarstjóri
Bertha Johansen	Kona bæjarstjóra
Svavar Vignisson	Bróðir bæjarstjóra
Ester Garðarsdóttir	Kona bróðir bæjarstjóra
Ingólfur Jóhannesson	Frændi bæjarstjóra
Fjóla Margrét Róbertsdóttir	Kona frænna bæjarstjóra
Páley Borgþórsdóttir	Eiginkona yfirmanns hjá bænum
Borgþór Pálsson	Tengdaforeldri yfirmanns hjá bænum
Oktavía Andersen	Tengdaforeldri yfirmanns hjá bænum
Jarl Sigurgeirsson	Vinur bæjarstjóra
Sigurbergur Ármannsson	Fjármálastjóri bæjarins
Margrét Rós Ingólfssdóttir	Aðstoðarkona bæjarstjóra
Sveinn Magnússon	Vinur bæjarstjóra
Thelma Gunnarsdóttir	Vinur bæjarstjóra - eiginkona Sveins Magnússonar
Magnús Sveinsson	Vinur bæjarstjóra - Faðir Sveins Magnússonar
Páll Marvín Jónsson	Bæjarfulltrúi
Hildur Sólveig Sigurðarson	Bæjarfulltrúi
Sindri Ólafsson	Eiginmaður Hildar bæjarfulltrúa
Daði Ólafsson	Bróðir eiginmanns Hildar bæjarfulltrúa
Thelma Hrunn	Kona bróðir eiginmanns Hildar bæjarfulltrúa
Halla Svavarsdóttir	Tengdamamma Hildar bæjarfulltrúa
Birna Þórsdóttir	Bæjarfulltrúi
Davíð Þór Óskarsson	Eiginmaður Birnu bæjarfulltrúa
Trausti Hjaltason	Bæjarfulltrúi
Unnur Líf	Eiginkona Trausta bæjarfulltrúa
Hjalti Kristjánsson	Faðir Trausta bæjarfulltrúa
Ragnheiður Perla Hjaltadóttir	Systir Trausta bæjarfulltrúa
Bragi Magnússon	Eiginmaður Perlu systur Trausta bæjarfulltrúa

Leynilistinn Listinn á að sýna þá 28 sem Elliði á að hafa smalað á fund fulltrúaráðsins til að koma í veg fyrir prófkjör og sýna fram á tengsl þeirra sem eiga sæti í fulltrúaráðinu. Enginn sem DV ræddi við vildi segja hvaðan listinn kæmi.

Mjög óvæðandi að spyrja um þetta

Ég hefði kosið með uppstillingu á fyrri fundinum, en ég kaus með prófkjöri á síðasta fundi

Ég gef þetta ekki upp

Á móti

Á móti

ann og bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Viðmælendur DV sem flokkast mega sem andstæðingar Elliða innan Sjálfstæðisflokksins segja að ekki sé um ræða neina sérstaka fylkingu sem stefni á klofningsframboð, þeir sem vilji prófkjör séu einungis þreyttir á að hafa sama oddvitann í 12 ár og tími sé kominn á breytingu. Nafn Írisar Róbertsdóttur grunn-skólakennara var ítrekað nefnt í tengslum við baráttuna fyrir prófkjöri og hugsanlegt framboð fyrir Sjálfstæðisflokkinn, hún

vildi ekki ræða við blaðamann DV þegar eftir því var leitað.

Leynilisti í umferð

Listi, sem inniheldur annað orðalag en listi Elísar, er í umferð en enginn viðmælenda DV kannast við að hafa útbúið þann lista. Listann má sjá hér til hliðar. Margir sem eru á listanum kannast við að hafa kosið á móti prófkjöri, sumir vildu ekki ræða við DV en einn bæjarfulltrúi, Páll Marvín Jónsson, sagðist hafa greitt atkvæði með því að fara í



Vélstjóri á Herjólfvi Elís Jónsson gaf kost á sér í prófkjör eftir fund fulltrúaráðsins milli jóla og nýárs, hann er ekki sáttur við niðurstöðuna.

prófkjör en er sáttur við þá niðurstöðu að fara í röðun. „Þetta er leið til að sætta ákveðin sjónarmið. Það er fylking hér sem vill prófkjör og önnur fylking sem vill ekki prófkjör. Með röðun mun fulltrúaráðið, þeir sem starfa innan flokksins, fá tækifæri til að kjósa fólk á lista,“ segir Páll Marvín. Einn viðmælendi sagði að lítið væri að marka orð Elísar þar sem hann ynni fyrir Eimskip og vildi komast að í bæjarstjórn til að koma í veg fyrir að bærinn tæki yfir rekstur Herjólfis. Elís hafnar því alfarid og segist ekki hafa neitt að fela, verið væri að nota skoðanir hans um rekstur Herjólfis til að drepa málinu á dreif.

Elliði hefur sagt að hann hefði verið tilbúinn að gefa kost í sér í prófkjöri ef það yrði niðurstaðan en Elís segir að það standist ekki skoðun heldur hafi Elliði beitt sér gegn prófkjöri með öllum tiltækum ráðum. Ekki er þó allt sem sýnist, viðmælendur DV draga margir í efa sýn Elísar á málin, á það líka við um viðmælendur sem tengjast ekki bæjarstjórnunum. „Ástæðan

Páll vildi prófkjör

Páll Magnússon, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, sat báða fundina og hann segir að niðurstaðan hafi komið á óvart. Sagði hann í samtali við Vísu að hann hefði stutt það eindregið að fara í prófkjör: „Ég tel að þetta sé afar óheppileg niðurstaða fyrir flokkinn í Vestmannaeyjum,“ sagði Páll.



fyrir því að Elliði kaus gegn því að fara í prófkjör hefur ekkert að gera með hræðslu við kjósendur, hann veit að staða sín er sterk. Þetta snýst um að gera það sem er þægilegast og koma í veg fyrir að karlar verði í öllum efstu sætum,“ segir einn viðmælendi DV.

Ekkert sem styður samsæriskenningar um spillingu

Viðmælendur DV innan minnihlutans í Vestmannaeyjum segja að málið snúist um nokkra einstaklinga innan Sjálfstæðisflokksins sem hafi reynt að komast á lista fyrir kosningarnar 2014 en ekki haft erindi sem erfiði og séð fram á að hið sama myndi gerast fyrir kosningarnar í vor. „Ég hef ekki orðið vitni að spillingu í kringum bæjarstjórnunum, sem fulltrúi minnihlutans er það mitt starf að finna eitthvað á Elliða en það er ekki auðvelt. Það sem fólk er ekki alltaf að átta sig á er að þetta er lítið bæjarfélag og það segir sig sjálft að fólk þekkir hvert annað. Þótt ég sé ekki á sama stað og Elliði í stjórnmálum þá hef ég ekki orðið vitni að neinu sem styður samsæriskenningarnar um spillingu,“ segir Auður Ósk Vilhjálmssdóttir, bæjarfulltrúi E-listans. ■

Elliði vill konur og ungt fólk á listann

Elliði Vignisson bæjarstjóri sagði í samtali við mbl.is að hann hafi talað fyrir leiðtogaþrófkjöri til að tryggja aðkomu kvenna og ungs fólks á lista Sjálfstæðisflokksins. Bendir hann á að í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi fyrir síðustu alþingiskosningar þá hafi þrjár karlar raðast í þrjú efstu sætin. Aníta Óðinsdóttir, formaður fulltrúaráðsins, gefur lítið fyrir það í samtali við DV: „Það var síðast prófkjör hér í Vestmannaeyjum árið 1990, það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan þá.“ Eyverjar, félag ungra Sjálfstæðismanna í Vestmannaeyjum, lagðist gegn prófkjöri, andstæðingar Elliða innan flokksins segja lítið að marka þá afstöðu þar sem sonur Elliða sé varaformaður Eyverja.

Bæjarstjóri Elliði Vignisson hefur verið bæjarstjóri í Vestmannaeyjum frá árinu 2006 og gefur kost á sér til að halda áfram í kosningunum í vor.

Komdu í áskrift

BESTU ÁSKRIFTARTILBOÐ OKKAR FINNUR ÞÚ Á:

birtingur.is



HÚS OG HÍBYLI



GESTGJAFINN



VIKAN

Stuðningsmenn frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

■ Áslaug vinsælust á samfélagsmiðlum ■ Þingmenn styðja Eypór

Ari Brynjólfsson
ari@pressan.is



Mikil spenna er í loftinu meðal Sjálfstæðismanna vegna leiðtogakjörsins í Reykjavík sem fer fram laugardaginn 27. janúar. Þeir Sjálfstæðismenn sem DV hefur rætt við segja leiðtogakjörið tvisýnt þar sem engin könnun liggir fyrir um fylgi frambjóðenda. Kannanir skipta sköpum í baráttu sem þessari. Skemmst er að minnst prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík haustið 2013 þar sem Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi mældist með mestan stuðning, eftir að könnunin leiddi það í ljós færðist stuðningur af fram-

bjóðendum sem mældust með mun minna fylgi yfir á Halldór Halldórsson sem endaði sem oddviti.

Þar sem engin könnun liggur fyrir brá DV á það ráð að mæla stöðu frambjóðendanna miðað við fylgi nafntogaðra einstaklinga á samfélagsmiðlum. Tekið skal fram að úttektin er óformleg og ekki hafa allir á listunum lýst formlega yfir stuðningi við frambjóðandann. Listinn byggir á úttekt yfir þá sem hafa ítrekað sett „Like“ á færslur frambjóðendanna á Facebook, hafa látið taka mynd af sér með frambjóðandanum eftir að tilkynnt var um prófkjör eða hafa boðað komu sína á kosningamiðstöð frambjóðandans. ■



Áslaug María Friðriksdóttir

Áslaug María hefur verið borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins frá 2013 og vara-borgarfulltrúi frá 2006 til 2013.

- Hildur Sverrisdóttir, aðstoðarmaður ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
- Ásta Möller, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins
- Sirrý Hallgrímsdóttir pistlahöfundur
- Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins
- Ragnheiður Rikharðsdóttir, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins
- Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda
- Ásdís Halla Bragadóttir, athafnakona og fyrrverandi bæjarstjóri Gardabæjar
- Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins
- Arndís Kristjánsdóttir, formaður Hvatar



Eypór Arnalds

Eypór er fjárfestir og fyrrverandi oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg

- Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins
- Friðjón R. Friðjónsson almannatengill
- Óli Björn Kárasón, þingmaður Sjálfstæðisflokksins
- Erna Ýr Öldudóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu
- Davíð Oddsson, ritstjóri Morgunblaðsins
- Brynjólfur Sveinn Ívarsson, myndbandsbloggari og fyrrverandi stjórnlagabingframbjóðandi
- Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsólnnar
- Guðmundur Franklín Jónsson, fyrrverandi formaður Hægrí grænna
- Valtýr Björn Valtýsson íþróttafréttamaður
- Ingvar Smári Birgisson, formaður SUS
- Sveinn Hjörtur Guðfinnsson, fyrrverandi formaður Framsóknarfélags Reykjavíkur
- Gunnar Kristinn Þórðarson, fyrrverandi formaður Samtaka meðlagsgreiddenda
- Páll Magnússon, þingmaður Sjálfstæðisflokksins
- Hödd Vilhjálmsdóttir, almannatengill og fyrrverandi fréttakona
- Laufey Rún Ketilsdóttir, aðstoðarmaður dómismálaráðherra
- Gísli Freyr Valdórsson, ritstjóri Þjóðmála og fyrrverandi aðstoðarmaður innanríkisráðherra
- Eyjólfur Kristjánsson tónlistarmaður
- Haraldur Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins
- Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði
- Svava Johansen, eigandi NTC
- Þorvaldur Lúdvík Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Circle Air og fyrrverandi forstjóri Saga Capital
- Anna Sigurlaug Pálsdóttir, eiginkona Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar



Áslaug vinsælust á samfélagsmiðlum

Áslaug María Friðriksdóttir vinnur leiðtogaslag Sjálfstæðismanna í Reykjavík þegar kemur að fylgjendum á samskiptamiðlum. Áslaug er með 2.000 fylgjendur á Facebook og eyðir miklu í að koma skilaboðum sínum á framfæri, einnig er hún með rúmlega 1.000 fylgjendur á Twitter. Kjartan Magnússon á hins vegar aðeins 67 fylgjendur á Facebook og 220 á Twitter.

Eypór Arnalds stofnaði Like-síðu á Facebook fyrir rúmri viku og er strax kominn með rúmlega 1.000 fylgjendur, hann er ekki á Twitter. Vilhjálmur Bjarnason er hvorki með Like-síðu né Twitter-reikning, þess má þó geta að alnafni hans sem er ekki fjárfestir er með á sjötta hundað fylgjendur.

Viðar Guðjohnsen mætti á Facebook í síðustu viku og er kominn með 266 fylgjendur, hann er ekki á Twitter en hefur verið áberandi á Útvarpi Sögu.

Af leiðtogaframbjóðendum er aðeins Áslaug sem gæti haft roð við Degi B. Eggertssyni borgarstjóra sem er með 2.900 fylgjendur á Facebook og 9.400 á Twitter. Það gæti hins vegar breyst fljótt ef Eypór heldur áfram að safna fylgjendum á sama hraða og hann hefur verið að gera.

Vilhjálmur Bjarnason

Vilhjálmur féll af þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í haust, þar áður var hann fjárfestir.

- Runólfur Ólafsson framkvæmdastjóri FIB
- Ólafur Haukur Johnson fyrrverandi skólustjóri Menntaskólans Hraðbrautar
- Jónína Benediktssdóttir athafnakona



Viðar Guðjohnsen

Viðar er athafnamaður, leigusali og „martróð jafnaðarmanna“

- Viðar Guðjohnsen yngri, lyfjafræðingur



Kjartan Magnússon

Kjartan hefur verið borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins frá 1999, þar á undan var hann varaborgarfulltrúi. Viðmælendur DV innan úr Sjálfstæðisflokknum lýsa honum sem duglegum og vinnusömum, vandinn sé hins vegar skortur á kjörþokka.

- Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins


Sjálflímandi hnífaparaskorður

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

Gullkistan

Frakkastíg 10 | Sími 551 3160 | gullkistan@vortex.is | www.thjodbuningasilfur.is

SENDUM
Í PÓST-
KRÖFU





EINS OG FÆTUR TOGA

Risa Útsala

**Pökkum fyrir frábærar
móttökur á útsölnni**

Höfum enn bætt við hlaupaskóm,
ræktarskóm, léttum vatnsheldum skóm og
utanvega skóm fyrir síðustu daga útsölnnar.

Allir skór á kr. 14.000, 2 pör á kr. 24.000

Fatnaður á 30-50% afslætti
(var á sama verði og í USA)



Brooks netur verio kosio tjugur ar i roo hlaupamerki arsins i neiminum nja IIFA (Independent Running Retailers Association).

Brooks er með 28% markaðshlutdeild í hlaupaverslunum í USA og 25% markaðshlutdeild í hlaupaverslunum í Evrópu..... þar sem hlauparnir versla er þér óhætt.

Brooks hefur fengið flest verðlaun hjá Runners world 2015 - 2017. Allir core skór Brooks hafa fengið verðlaun hjá RW. Runners World er lang stærsti óháði aðili sem metur hlaupaskó.

Brooks er á sama verði á Íslandi og í flestum löndum Evrópu og alltaf samkeppnisfærir í verðum á Íslandi.

Brooks skór eru framleiddir fyrir mismunandi fótlag og niðurstig.

Samkvæmt árlegri skókönnun hlaup.is fyrir árið 2012 hlupu 5% hlauparar Reykjavíkur maraþons í Brooks skóm, í sömu könnun 2016 hlupu 23% hlaupara í Brooks. Brooks er því orðið stærsta hlaupamerki í Reykjavíkur maraþoni.

Ýtt í gólfíð

Hér sést þegar óeinkennisklæddur lögreglumaður ýtir dyraverði Strawberries í gólfíð.

**Látinn setjast**

Hér sést ljósklæddur lögreglumaður láta einstakling inni á staðnum setjast.



1 BJÓR, 2 BJÓRAR, 3 BJÓRAR

■ Umdeild rassía lögreglu á Strawberries ■ Jón H.B.: Engin mistök gerð

Hjálmar Friðriksson
hjalm@dv.is



Dýr Rolex-úr, verðmætir skartgripir og reiðufé sem var haldlagt við húsléit lögreglu í tengslum við rannsókn á starfsemi kampavínsklúbbsins Strawberries árið 2013 fór aldrei í geymslu lögreglunnar. Munirnir voru í poka eða tösku og voru hinir dýru munir teknir á vettvangi. Lögreglumenn sem tóku þátt í hinni umdeildu aðgerð voru margir undir áhrifum áfengis en þeir eyddu um 1,1 milljón króna á barnum í sig og stúlkurnar sem störfuðu á strippstaðnum. DV birtir í dag á vef DV tvö myndskleid sem sýna lögreglumenn drekka hvern drykkinn á fætur öðrum, bjór, gin, vodka og að lokum skáluðu lögreglumenn í dýru koníaki. Á myndskleidum sem DV birtir í dag, föstudag, má sjá lögreglumenn fara í handtökur eftir að hafa fengið sér sopa af bjór og svo lagt hann frá sér. Fyrr um kvöldið höfðu lögreglumenn hellt í sig hverjum drykknum á fætur öðrum.

Forsaga

Árið 2013 sætti Strawberries lögreglurannsókn vegna meintrar vændisstarfsemi og mansals sem varð til þess að eigandinn, Viðar Már Friðfinnsson, og fjórir aðrir starfsmenn voru handteknir í kjölfar rassíu. Við rannsókn málsins voru meðal annars notaðar tálbeitar þar sem óeinkennisklæddir lögreglumenn fóru inn á staðinn til að reyna að afhjúpa meinta ólöglega starfsemi.

Í kjölfarið var staðnum lokað, hann innsiglaður og húsléit fram-

Svörin við þeim myndu væntanlega snúast um hvort ég hafi brotið af mér í starfi eða ekki

kvæmd. Tveimur árum síðar, í júní 2015, lýsti ríkissaksóknari því yfir að málið hefði verið fellt niður. Það eina sem eftir stóð af ítarlegri rannsókn málsins voru meint stórfelld skattalagabrot Viðars Más sem ákært var fyrir.

Á mánudag var íslenska ríkið svo dæmt til að greiða fyrrverandi dyraverði á Strawberries 800 þúsund krónur í miskabætur vegna gæsluvarðhalds sem hann sætti í tengslum við rassíu lögreglu. Enn eru þó ekki öll kurl komin til grafar í þessu máli.

Hlutirnir sem hurfu

DV hefur fjallað ítarlega um málið en í mars 2017 var greint frá því að samkvæmt heimildum hefðu verið haldlögð á Strawberries og heimili Viðars Más nokkur Rolex-armbandsúr, bindisnælur, hringar, hálsmen og annað verðmætt skart, þar á meðal erfðagripir, og nokkuð af reiðufé, bæði evrur og dollarar. Verðmæti þessara muna og lausafjár hleypur á mörgum milljónum króna samkvæmt heimildum.

Sem fyrr segir var það eina sem eftir stóð í Strawberries-málinu meint skattalagabrot Viðars Más,



Engin mistök „... með fullri virðingu fyrir þessu málefni þá tel ég ekki að það sé eðlilegt að ég svari þessu og ég finn mig ekki í að svara málinu á þessum grunni,“ segir Jón H.B. Snorrason.

sem hann var ákærður fyrir síðastliðið sumar og hlaut dóm fyrir.

Sá sem skipulagði aðgerðina er Jón H.B. Snorrason en hann var þá yfirmaður ákærusviðs og rannsóknardeildar á sama tíma og svo aðstoðarlögreglustjóri. Lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu var þá Stefán Eiríksson. Rannsóknin skilaði litlu og hefur verið álits-hnekkir fyrir embættið. Sigríður Björk Guðjónsdóttir, núverandi

lögreglustjóri, hefur samkvæmt heimildum DV lagt áherslu á að málið sé gert upp og embættið læri af þeim mistökum sem forverar hennar gerðu áður en hún tók við embætti.

Samkvæmt heimildum DV var það Jón H.B. sem tók þátt í skipulagningu og Friðrik Smári Björgvinsson var inni í málinu. Þeir hafa báðir yfirgefið lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Friðrik Smári

er nú hjá héraðssaksóknara sem mun rannsaka hvarf verðmætanna og Jón H.B. starfar fyrir ríkissaksóknara sem mun taka við málinu frá héraðssaksóknara sé tilefni til þess að mati þeirra sem þar starfa.

Jón H.B. svarar

Málið er eins og áður segir umdeilt og vildi DV leggja spurningar í mörgum liðum fyrir þá sem komu að skipulagningu aðgerðarinnar á sínum tíma. Jón H.B. Snorrason gerir lítið úr gagnrýnisröddum í samtali við DV. Friðrik Smári hefur neitað að tjá sig um málið á meðan það er í rannsókn. Blaðamaður DV vildi vita hvort lögreglumenn mættu vera drukknir við störf. Hver hefði tekið ákvörðun um aðgerðina og stjórnað henni. Þá eins hvort að legið hafi fyrir upplýsingar um vændisstarfsemi á staðnum eða mansal og hvaða fjárhæðum lögreglumönnum var úthlutað til að kaupa áfengi. Væri hugsanlega hægt að lögþaka lögreglumenn eða stjórnendur vegna aðkomu þeirra að málinu? Þá einnig hvort það hafi staðið til frá upphafi að fara í handtökur. Þá lék DV forvitni á að vita hvort hugað hafi verið að stúlkunum eftir hina umdeildu aðgerð.

„Ég sé nú enga ástæðu til að þess að ég svari þessu,“ segir Jón H.B. í samtali við DV. „Mér finnst bara umfjöllunin á þeim stað að ég sé enga ástæðu til að taka þátt í henni.“

BLM: „Hvað meinarðu, á hvaða stað?“

Jón: „Nú, þú ert með spurningar sem mér finnst alveg makalaugar og fráleitar. Svörin við þeim myndu væntanlega snúast um hvort ég hafi brotið af mér í starfi



Tekin með valdi
Lögregluþingurinn ýtti stúlkunni á myndinni nokkuð harkalega í stólinn. Stúlkun starfaði á staðnum.

GIN OG SVO KONÍAK

DV birtir tvö myndskleið sem sýna lögglumenn hella í sig áfengi

SPURNINGAR DV

til stjórnenda lögreglu - Jón H.B. Snorrason svaraði að hluta

DV vill spyrja eftirfarandi spurninga:

- Má lögregla vera drukkin við störf?
- Hver tók ákvörðun um þessa aðgerð og skipulagði hana? Hver stýrði henni?
- Lágu fyrir upplýsingar um vændisstarfsemi eða mansal áður en aðgerðin var sett af stað?
- Hvaða fjárupphæðir var lögreglumönnum ráðstafað?
- Hvernig var gerð grein fyrir þessum upphæðum sem lögregla fékk til að eyða á barnum. Nú hlýtur að vera bókhald í lögreglunni? Hvernig var þetta útlitast?
- Hvað fór fram áður en farið var af stað? Það þurfa að liggja fyrir ákveðnar grunsemdir. Voru þær nægar? Lá á að gera þetta?
- Hefði verið hægt að vinna þetta með öðrum hætti. Yfirheyrslum? Samtölum við starfsmenn?
- Það er regla um meðalhófsreglu sem er mjög mikilvæg. Var henni framfylgt?
- Væri hugsanlega hægt að lögsækja lögglumenn eða stjórnendur vegna aðkomu þeirra að málinu?
- Aðgerðin er skipulögð af löglærdum mönnum sem þekkja löggin. Eru þeir þarna að fela lögreglumönnum að gera eitthvað ólöglegt eins og að drekka áfengi og fara svo í handtökur?
- Voru einhverjir ófaglærðir lögglumenn á svæðinu?
- Hver stjórnandi á vettvangi? Var einhver stjórnandi inni á staðnum?
- Var stjórnandi fyrir utan?
- Stóð það til frá upphafi að fara í handtökur? Átti þetta að vera upplýsingaöflun sem síðan breyttist? Og hvað breyttist svo það varð þess valdandi að þetta var gert?

eða ekki, hvort einhver afbrot hafi átt sér stað.

BLM: „Það er margt einkennilegt við þessa aðgerð.“

Jón: „Hver segir það?“

BLM: „Nú, þetta endaði með því að hann var ekki ákærður fyrir neitt í tengslum við þessa aðgerð, hann var bara ákærður fyrir skattlagabrot. Hann var ekki ákærður fyrir mansal eða milli-göngu vændis ...“

Jón: „Hjálmar, Hjálmar, þú getur haldið áfram og haldið áfram að tala við þinn heimildarmann og fengið þetta þaðan en ég sé ekki ástæðu til að taka þátt í umfjöllun

málsins á þessum stað, á þessum málefnaastað.“

BLM: „Ertu þá ósammála því að það hafi verið gerð mistök í þessari aðgerð?“

Jón: „Já, já, algjörlega ósammála.“

BLM: „Að þínu mati var ekkert að þessari aðgerð?“

Jón: „Nei, nei.“

BLM: „Vorur löggjummenn drukknir?“

Jón: „Það liggur allt fyrir í málinu [...] Hjálmar með fullri virðingu fyrir þessu málefni þá tel ég ekki að það sé eðlilegt að ég svari þessu og ég finn mig ekki í að

svara málinu á þessum grunni.“

Jón sendi svo tölvupóst þar sem hann skýrði mál sitt nánar: „Ég get ekki verið sammála þér að það sé eðlilegt að ég svari þessum spurningum. Ég vil þó áréttta það að að rannsókn var staðið með skipulögðum og lögmætum hætti og margar þeirra aðgerða sem lögregla framkvæmdi voru bornar undir dómstóla áður en ráðist var í þær með kröfum um úrskurð. Ég ítreka það að allra reglna og laga sem um ræðir var gætt við rannsókn þessa máls.“

Myndskeið

DV birtir eins og áður segir myndskleið af löggjumönnum sem kaupa hverja bjórflöskuna og sterka drykkinn á fætur öðrum. Þá salla þeir niður áfengi á barborðið og samkvæmt heimildum DV var upphæðin sem þeir greiddu á staðnum 1,1 milljón. Einn heimildarmaður DV heldur því fram að löggjummennirnir hafi verið saklaus þó í höndum yfirstjórnar löggjumunnar sem fól þeim verkefni sem sé ólöglegt. Öllum ædstu stjórnendum árið 2013 hafi verið kunnugt um málið enda þarf löggjumstjóri að samþykka sérstakar aðgerðir yfirvalda ásamt næstráðendum, hvort sem er að kaupa varning eða falast eftir þjónustu.

„Það eru mjög skýr lög varðandi vændi. Vændi og hugsanlegt mansal eru alvarlegar ásakningar. Að falast eftir vændi hjá fólki í viðkvæmri stöðu eins og á nektarstað er alvarlegt. Þarna er reynt að freista kvenna sem hefðu hugsanlega aldrei selt líkama sinn. Þá er ólöglegt að falast eftir vændi og með því að gera slíkt er verið að

brjóta lög“ segir einn heimildarmanna DV og bætir við að fallið hafi verið frá öllum ákærum og eigandi sætt kærur vegna skattlagabrots. „Þá mega löggjummenn ekki fara í handtökur undir áhrifum áfengis,“ bætir heimildarmaður DV við. Blaðamaður DV kannaði málið. Til að sérstök aðgerð eins og tálbeituadgerð sé heimil þarf að uppfylla nokkur skilyrði og eitt af þeim er að brot varði minnst átta ára fangelsi. Rannsókn vegna mansals er þó undanskilin samkvæmt heimildum DV. DV hefur óskað eftir svörum frá öllum sem komu að málinu en Jón H.B. var sá eini sem tengist málinu sem svaraði hluta af spurningum DV.

Ekki vandað til verka

Helgi Magnús Gunnarsson, fyrrverandi vararíkissaksóknari, og þingmaðurinn Þórhildur Sunna Ævarsdóttir ræddu málið í Kastljósi á miðvikudagskvöld. Þórhildur Sunna sagði: „Það finnst ekki ákveðin sönnunargögn og þetta er enn til skoðunar. Það sem kom út úr þessum fundi var að reglur um vörslu sönnunargagna eru ekki mjög aðgengilegar svo það er erfitt fyrir okkur sem eru inni í kerfinu að kynna okkur nákvæmlega hvernig þessu er háttað og hvar staðirnir ættu að vera.“

Þá sagði Helgi: „Þetta mál er enn þá í sakamálarannsókn gagnvart þeim löggjumönnum sem að þessu komu. Það var fellt niður í janúar en er kærnanlegt til ríkissaksóknara. Það sem er augljóslega helsti vandinn er skortur á utanumhaldi og ábyrgðarsviði þeirra sem komu að þessari aðgerð. Það

á að vera verkstjóri yfir þessu sem ber ábyrgð [...] Þarna er eins og oft vill verða að enginn keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn. Þarna eru starfsmenn ekki að vanda sig og er kennt í löggjumskóla. Þetta er alltaf vinnan eftir húsleit að halda utan um alla pappíra.“

Þingmenn funda

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, löggjumstjóri löggjumunnar á höfuðborgarsvæðinu, kom fyrir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis í fyrradag og svaraði fyrirspurnum um hin týndu sönnunargögn. Tekið skal fram að hún hafði ekki tekið við embætti þegar ákvörðun um tálbeituadgerðina var tekin. Þáttar höfðu frumkvæði að fundinum.

Sigríður greindi einnig frá því að hvorki tangur né tetur hefði fundist af skartgripum og öðrum fjárumunum. Á Vísi var haft eftir Sigríði Björk:

„Þessir munir hafa ekki komið í leitirnar þrátt fyrir ítarlega leit. Þetta hefur verið skoðað innan löggjumstjóraembættisins með eins ítarlegum hætti og mögulegt er.“ Bætti Sigríður við að málið væri litið alvarlegum augum innan embættisins. Heimildarmenn DV segja að löggjumstjórinn leggi þunga áherslu á að málið sé rannsakað til að draga af því lærdóm. Líklegasta niðurstaðan að mati heimildarmanns DV er að engin niðurstaða fáið í hvarf verðmætanna og ríkið greiði á endanum skaðabætur.

„Það gerast mistök eins og í því máli sem við erum að skoða núna. Eða hugsanleg refsiverð háttsemi. Það er verið að rannsaka það af fullum þunga og af mikilli alvöru.“ ■

GERÐU KRÖFUR

PERGO[®]

100% vatnshelt með Aquaseal.
Pressuð fösun og náttúrulegri
áferð en áður.



**Egill
Arnason**™

2017 Fyrirspurnarfrýðing
í rekið
Vakpallurinn 2017

ELSA FÉKK EKKI AÐ DEYJA MEÐ REISN

■ DV birtir dagbókarbrot ■ Aðstandendur Elsu ósáttir við Vífilsstaði ■ Ekki skipt um buxur þótt þær hefðu ítrekað blotnað ■ Fólk fái að deyja með reisu

Einar Þór Sigurðsson
einar@dv.is



Hún er búin að vera í sömu buxunum, sem ég benti starfsfólki á um helgina að væru skítugar. Blússubolurinn er einnig haugskítugur. Tennurnar eru afar afar skítugar! Mér finnst þetta ekki hægt. Ég var eiginlega eins og oft áður miður mín eftir þessa heimsókn margra hluta vegna.“

Þannig hljómar dagbókarbrot aðstandenda Elsu Unnar Guðmundsdóttur, 82 ára konu sem lést í febrúar 2017 eftir baráttu við krabbamein. Elsa hafði átt góða ævi, en hennar síðustu dagar reyndust sorglegir, bæði fyrir hana og aðstandendur. Dætur hennar segja farir sínar ekki sléttar eftir dvöl hennar á öldrunardeild Vífilsstaða í Garðabæ. Snýr óánægjan meðal annars að þeirri umönnun sem hún fékk og segja þær að lágmarkshreinlæti hafi ekki verið sinnt. Þeim þykir sárt að hugsa til þess að Elsa hafi ekki fengið að deyja með reisu, eins og þær orða það.

Heilsunni hrakaði hratt

Elsa greindist með heilaæxli þann 18. desember 2016 en áður en að því kom hafði hún verið mjög heilsuhraust og ekið bíl örfáum vikum áður. „Hún var alla tíð afar virk og félagslynd“, segja dætur Elsu í viðtali við DV.

Haustið 2016 var ljóst að heilsu Elsu var tekið að hraka. Í desember það ár fór hún í rannsókn á Landspítalanum og í höfuðmyndatöku kom stórt heilaæxli í ljós sem ekkert var hægt að gera við. Börnum Elsu var í fyrstu sagt að hún ætti ekki langt eftir, hugsanlega nokkra daga, kannski vikur. Aðstandendur hennar vildu að hún fengi inni á líknardeild enda átti hún ekki að eiga langt eftir. Eitthvað virtist greining á stöðu



Elsa Unnar
Var tæplega 83 ára þegar hún lést. Aðstandendur hennar eru ósáttir við þá umönnun sem hún fékk á Vífilsstöðum.

Elsu breytast því lagt var til að hún færi á hjúkrunarheimili.

Ekki nógu veik fyrir líknardeildina
„Þeir sögðu að hún væri ekki með nógu mikil einkenni til að fara á líknardeild af því að hún virtist ekki vera mjög kvalin“, segja dætur hennar, Hrönn, Guðfinna og Arna Bára Arnarsdætur, og úr varð að fjölskyldan var látin velja hjúkrunarheimili.

„Við búum tvær systurnar í Garðabænum og hún hafði verið í starfi eldri borgara í Sjálandi í mörg ár. Þannig að við vildum að hún færi

á Ísafold sem er þarna á sama planinu“, segja dæturnar og bæta við að vegna langs biðlista hafi verið lagt til að hún færi á Vífilsstaði meðan hún væri að biða. Þær segja að umönnunin sem móðir þeirra fékk á Landspítalanum í Fossvogi hafi verið góð – þrátt fyrir plássleysi – en á Vífilsstöðum væri heimilislegra umhverfi og eitthvað í boði fyrir vistmenn sem ekki er í boði í Fossvogi. Úr varð að hún fór á Vífilsstaði í lok janúar 2017. Dætur Elsu settu niður með blaðamanni vegna óánægju þeirra með þá meðferð sem móðir þeirra fékk á Vífilsstöðum.



Standa saman Hrönn, Arna Bára og Guðfinna Arnarsdætur vildu afsökunarbeiðni en fengu ekki.

„Það var öllu fögru lofað, henni yrði sinnt um leið og heimsóknnum lyki en það varð alls ekki raunin.“

Augljóst er að þeim er enn mikið niðri fyrir nú þegar tæpt ár er liðið síðan Elsa lést. „Við áttum eiginlega ekki til orð. Við vorum bara miður okkar. Við vorum í sjokki þegar við komum og í ennþá meira sjokki þegar við fórum“, segja þær.

Benda þær á að fyrsta daginn sem ein þeirra heimsótti móður þeirra hafi hún setið í hjólástól inni í herberginu sínu. „Þá sagðist hún vera alveg að pissa í sig“, segir dóttir hennar en tvær konur, starfsmenn á Vífilsstöðum, sögðu að hún þyrfti ekki að fara með hana á klósettið – þær væru nýbúnar að því. „Ég segi við þær: „Ef manneskjan segir við mig að hún þurfi að fara á klósettið þá fer ég með hana.“ Og hún þurfti svo sannarlega að fara á klósettið. Ég get ímyndað mér að það sé ekki auðvelt fyrir fólk sem hefur aldrei þurft aðstoð, að pissa fyrir framan ókunnuga. Ég er ekkert að rengja að þær hafi verið nýbúnar að fara með hana“, segir dóttirin sem bætir við að þetta sé aðeins lítið dæmi af mörgum um að umönnun hafi stundum verið ábótavant og ákveðið skilningsleysi ríkt.

Í því samhengi nefna þær að ekki var passað upp á að taka tillit til lágmarksþarfa hennar, hún látin afskiptalaus þegar hún þurfti verulega á aðstoð að halda.

Lágmarkshreinlæti og þörfum ekki sinnt

Það var dætrum Elsu áfall að upp-

lifa það að lágmarkshreinlæti og þörfum var ekki sinnt þennan mánuð sem hún dvaldi á Vífilsstöðum. Segja þær að þrátt fyrir að buxur hennar blotnuðu ítrekað og fötin væru skítug hafi ekki verið skipt um. Benda þær á að starfsfólk hafi ítrekað verið beðið um að sinna henni varðandi hreinlæti en talað hafi verið fyrir daufum eyrum. „Það var öllu fögru lofað, henni yrði sinnt um leið og heimsóknnum lyki en það varð alls ekki raunin. Dag eftir dag var reynt að fá starfsfólk til þess að hjálpa henni en ekkert var gert. Þrátt fyrir ítrekuð loforð starfsfólks breyttist ekkert. Dag einn var hún þó sett í hreinar buxur, næfurþunnar buxur, allt of litlar af öðrum vistmanni þrátt fyrir fullan skáp af hreinum fötum. Rúmið hennar var beint undir opnum glugga í köldu febrúarveðri en það var plássleysi og tveimur rúmunum komið fyrir í eins manns herbergi“, segja þær.

Þegar nokkrir dagar höfðu liðið án þess að Elsu væri hjálpað með hreinlæti og fót, var enn og aftur lofað að henni yrði sinnt um leið og heimsóknnum til hennar lyki. „Strax á leið heim frá Elsu, hringdi ein okkar í Vífilsstaði til þess að fullvissa sig um að verið væri að sinna þessu lágmarkshreinlæti en það var ekki fyrir því að fara frekar en fyrri daginn.“ Tvær af dætrum ákváðu að koma aftur seint um kvöldið. „Enn var ekkert búið að gera“, segja þær en að þarna hafi þær fengið endanlega nóg. Þær hafi tekið upp á því sjálfar að færa hana í hrein fót, en það reynt erfitt, enda kunnu þær ekki réttu handtökin eins og starfsfólk átti að gera. „Við börnin hennar hefðum gjarnan viljað sinna þessu sjálf en móðir okkar var komin í það ástand að til þurfti tvær manneskjur sem kunnu til verka.“

Myndi ekki láta nokkra manneskju í svona aðstæður

Dæturnar segja að á meðan á dvöl móður þeirra á Vífilsstöðum stóð

Tjá sig ekki um mál einstakra sjúklinga

Ingibjörg Tómasdóttir sagðist ekki kannast við mál Elsu Unnar en kvaðst þó hafa verið hjúkrunardeildarstjóri á þeim tíma. „Ég er bara ekki klár á því, ég hreinlega man það ekki“, sagði Ingibjörg. „Svona spurningar fara allar í gegnum fjölmíðlafulltrúa Vífilsstaða og Landspítalan. Það er sér deild sem sér um samskipti við fjölmíðla [...] Ég myndi aldrei tjá mig um málefni sjúklings við dagblað.“

DV hafði samband við deildarstjóra samskiptadeildar Landspítalans, Stefán Hrafn Hagalín. Aðspurður hvort hann kannaðist við mál Elsu Unnar Guðmundsdóttur neitaði Stefán.

„Hér eru 103 þúsund sjúklingar á ári, 250 deildir og 108 byggingar. Við tjáum okkur aldrei um málefni einstakra sjúklinga.“





Vífilstaðir Um er að ræða öldrunardeild fyrir 42 sjúklinga.

Manni finnst að fólk hljóti að eiga rétt á því að halda þolanlegri reisu þegar það liggur fyrir dauðanum

hafi allt farið lóðrétt niður. „Þetta var hræðilegur tími. Við hefðum óskað þess að hún hefði fengið að vera áfram á Landspítalanum hefðum við vitað þetta. Það fór vel um hana þar og það var komið fram við hana af virðingu. En þarna, ég myndi ekki láta nokkra manneskju í svona aðstæður,“ segja þær og bæta við að þær hafi íhugað að taka mynd af móður sinni en ekki haft það í sér. „Það er meira en að segja það að taka mynd af manneskju sem þér þykir vænt um í svona aðstæðum.“ Þær systur segja að til að gæta allrar sanngirni þá hafi hlutirnir virst vera í lagi hjá þeim sjúklingum sem voru í lagi, ef svo má segja, það er, þeir sem gátu látið vita af sér og beðið um aðstoð. Elsa hafi verið orðin það lasin að hún gat það ekki.

„Hún gat ekkert af þessu og var þar af leiðandi bara afgangsstærð. Látum vera að þetta hafi gerst í eitt skipti, en ítrekað?“ segja þær og bæta við að í nokkur skipti hafi aðstandendur komið að Elsu þar sem hún hékk fram úr hjólastólnum sínum eftir að hafa borðað kvöldmat. Að loknum mat hafi fólk verið tekið frá borðinu og sett út á mitt gólf. „Þeir hafa ætlast til þess að hún myndi rúlla sér sjálf frá borðinu en hún var aldeilis ekki fær um það á þessum tímapunkti.“

Hefðu viljað afsökunarbeiðni

Þær segja að það sé eitt að missa ættingja, Elsa hafi lifað góðu lífi í 82 ár, eignast mörg börn, verið farsæl á sínum starfsferli og í einkalífni og aðstandendur geti verið þakklátir fyrir það. „En það er ómurlegt að þurfa að horfa upp á einhvern í svona niðurlægingu sína síðustu daga. Við hefðum viljað fá formlega afsökunarbeiðni, frá Landlækni eða sjúkrahúsinu, og þá hefðum við orðið sáttari. Bara að þeir passi upp á að þetta gerist ekki aftur og skoði hvernig vinnubrögðum er háttað. Við hefðum orðið sáttari við það,“ segja þær en á því ári sem liðið er síðan hefur engin afsökunarbeiðni borist. „Landlæknisembættið hefur beðið um svör frá Vífilstöðum eða Landspítalanum en engin svör hafa borist. Málið er sagt í athugun og svo framvegis.“

Elsa lést þann 24. febrúar 2017 eftir að hafa fengið lungnabólgu.

BROT ÚR DAGBÓKUM

Börn Elsu héldu úti dagbók um veikindi hennar, allt frá því að hún fór á Vífilstaði þann 31. janúar 2017. Hér að neðan birtist brot úr þessum dagbókum en í þeim má meðal annars lesa um upplifun þeirra af Vífilstöðum.

31. janúar 2017

Þá er komið að því. Mamma fer á Vífilstaði í dag um kl. 13:00 – við dæturnar ætlum að fara með henni þangað. Ein í bílinn með henni og hinar að ganga frá dótinu hennar og koma því á nýja staðinn.

1. febrúar 2017

Þá er mamma komin á Vífilstaði á fyrstu hæðina í sérbylí, henni leist ágætlega á staðinn, var vel vakandi þegar hún kom þangað. Fór fram að fá sér kaffi fljótlega eftir komu og lenti þar í afmælisveistu. Vismenn eru með sitt fasta sæti í matsalnum og er merkt þeim með nafni, einnig herbergin og var búið að merkja stofuna með nafninu hennar. Mamma var ansi þreytt eftir þeytinginn og þegar dæturnar komu aftur seinni partinn þá svaf hún bara, við vorum að kaupa á hana þægileg fót, buxur, peysur, boli og blússur.

1. febrúar 2017

Við förum sem sagt með mömmu á Vífilstaði í gær. Húsnæðið ósköp þreytt en ef það fer vel um hana þá skiptir það nú ekki máli [...] Kom til hennar kl. 15:15 í dag. Þegar ég kom inn í herbergið hennar var hún á fjórum fótum í rúminu að reyna að komast út úr rúminu. Grindurnar voru uppi svo hún komst ekkert. Ég fór að henni og heilsaði henni og hún strax æ... Hrönn hjálpaði mér! Hjálpaði mér... Ég sagði við hana: Ertu að leita að einhverju mamma mín? Nei, ég þarf svo að komast á klósettið sagði hún. Ég dreif mig í að setja grindina niður og hjálpaði henni fram úr og í hjólastólinn eins fljótt og ég gat því hún þurfti virkilega að komast á klósettið. Þegar ég kom fram á ganginn voru tvær starfskonur að spjalla innan á ganginum. Þær kölluðu til mín... hún þarf ekki á klósettið! Hún er nýbúin. Ég sagði: Ef hún vill fara á klósettið, fær hún að fara á klósettið!!! Þær voru nánast móðgaðar! Ég spurði svo þriðju konuna sem var þarna um leið: á hún að nota þetta klósett? Hún svaraði nánast með skætingi: hva er þetta ekki klósett? Jæja... ég hjálpaði mömmu með klósettið og maður minn... hún þurfti sko að pissa! Var alveg í spreng og pissaði helling! Ég var ekkert ægilega glöð yfir starfsfólkinu þarna.

6. febrúar 2017

Fór til mömmu í gær, þá var hún að borða. Kláraði allan matinn en vildi ekki súpuna. Var nokkuð vel vakandi þegar ég kom, en svaraði mér ekki vel.

21. febrúar 2017

Ég fór til mömmu um 15:30, sat hjá henni við rúmið hennar. Hún var vel vakandi en mér finnst ferlegt hvað hún á erfitt. Hún hélt fast í báðar hendurnar á mér, vildi svo mikið tala við mig en getan er lítil [...]

Mér blóskrar óhreinindin. Hún er búin að vera í sömu buxunum, sem ég benti starfsfólki á um helgina að væru skítugar, í marga daga, blússubolurinn er einnig haugskítugar. Tennurnar eru afar, afar skítugar! Mér finnst þetta ekki hægt. Ég var eiginlega eins og oft áður miður mín eftir þessa heimsókn margra hluta vegna. Það var komin kona inn á að kannski fær maður meiri athygli þannig en að ræða við starfsfólkið á göngunum, ekki mikið að hlusta! Ég sem sagt hringdi og sagði að mér myndi ferlegt hvernig útgangurinn væri, lágmark að skipta um fót á nokkurra daga fresti!!! Afar óhrein þar að auki og svo tennurnar! Hún sagði að það yrði gengið í málið. Ég borðaði og ákvað svo að fara aftur annað!! Ég hjálpaði henni að skipta um treyju og við Arna báðum um að hún fengi hjálp við að skipta um buxur og það. Það var gert en bara bara eftir að Arna nánast hvæsti að stúlku sem sagðist nú vera búin að hjálpa henni! Halló! Manneskjan var í hryllilega óhreinum buxum, vægast sagt margbúið að missa í þær. Er það í lagi að maður þurfi að hamfélagslegu eða umhyggjunótunum! Það er ekki á dagskrá. Það virðist þó vera nóg af starfsfólki.

Hún hefði orðið 83 ára í maí það ár. Dæturnar gagnrýna það einnig að aðstandendur hafi ekkert fengið að vita um hvað væri verið að gera til að gera líf Elsu bærillega síðustu vikurnar, til dæmis hvað varðar lyfjagjöf. „Hún var hálfblind, búin að vera á morfini allan tímann á Vífilstöðum, plástrum og sprautum og við höfðum ekki hugmynd um það,“ segja þær.

„Þegar við spurðum þá fengum við ekkert að vita, við vorum nánustu aðstandendur. Við vorum þau einu sem hún þekkti. Hún gat ekki tjáð sig um neitt,“ segja þær. „Við höfðum beðið ítrekað um fjölskyldufund bæði munnlega og í tölvupósti til yfirhjúkrunarfræðings á Vífilstöðum til þess að fara yfir ástand mála með móður okkar. Við töluðum fyrir daufum eyrum, fjölskyldufundur var þó daginn sem hún dó. Á þeim fundi sagði lækni okkur að það hefði aldrei staðið til að hún færi á hjúkrunarheimili, hún myndi deyja á Vífilstöðum þar sem, samkvæmt mati læknis á Landspítala, hún ætti ekki langt eftir. Til hvers var þá verið að láta okkur velja hjúkrunarheimili og ræða að hún myndi verða í nokkrar vikur á Vífilstöðum? Hvers vegna var hún þá ekki tæk á líknardeild Landspítala?“

Þeim dætrum finnst sárt að hafa þurft að horfa upp á þennan aðbúnað. „Það hvernig var hugsað um hana, að hún fengi ekki að lifa þessa síðustu daga þannig að lágmarksþörfum væri sinnt. Ef þú færir með hundinn þinn á hundahótel og færir til útlanda, kæmir aftur og sæir hann svona vanhirtan og skítugan þá yrðirðu fúll. Og þetta var manneskja,“ segja þær, en segjast ekki hafa orðið þess áskynja að undirmönnun væri um að kenna. „Við vonum hreinlega að þetta hafi verið óheppni eða tilviljun. Við viljum ekki vera með það á bakinu að maður hafi ekki lagt sitt af mörkum til að þetta breyttist og fleiri lentu ekki í svipuðum aðstæðum, þetta vekir fólk til umhugsunar, sérstaklega þá sem skipuleggja starf á svona

stofnunum að það sé fylgst með því og þessir hlutir séu í lagi. Við gerðum okkur grein fyrir því að hún væri veik, hún myndi deyja en það er vont að kveðja hana og horfa upp á þetta. Manni finnst

með reisu. Það er einnig svo óskaplega mikilvægt að síðustu minningar aðstandenda séu ekki litaðar af reiði og vanmætti varðandi síðustu stundir ástvina þeirra,“ segja dæturnar að lokum. ■



Bjarmaland ferðaskrifstofa

PÁSKAR Á INDLANDI
24. mars – 6. apríl | 13 nætur

Delhi - Agra - Jaipur og 6 dagar á ströndum GOA

VERÐ
359 000 kr.

FÓTBOLTAHÁTÍÐ Í RÚSSLANDI
15.- 23. júní | 8 nætur

VERÐ frá
276 000 kr.

SIGLING KEISARALEIÐIN
9.- 19. ágúst | 10 nætur

VERÐ
307 000 kr.

Einnig: Rúmenía, Georgía & Azerbædsjan ofl.

www.bjarmaland.is sími 770 50 60
bjarmaland@bjarmaland.is

Til hamingju



annata



nox medical



með 2017



2017 Fyrirmyndarfyritæki
í rekstri

Viðskiptablaðið keldan

Lögmennt rifja upp e

■ Manndráp á Vegas, klám í Bændahöll og uppgjör Glitnis

Lögmennt starfa í átakaflötum þjóðfélagsins þar sem deilt er um staðreyndir og réttar túlkanir á oft óskýrum textum löggjafans. Á borði þeirra lenda því bæði erfið og furðuleg mál, misalvarleg eins og gefur að skilja. DV spurði nokkra af þekktustu lögfræðingum landsins nokkurra spurninga um ferilinn.

kristinn@dv.is

Oddgeir Einarsson

Hví ákvaðst þú að gerast lögmaður?

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á upphafi alheimsins og fór því á eðlisfræðibraut í menntaskóla. Eftir stúdentspróf 1997 var ég þó alls ekki viss um hvað mig langaði að gera í lífinu og fór að vinna við pípulagnir og sem bílstjóri hjá blómaheildsölu. Afi minn sálugi og alnafni hafði oft sagt að það væri eina vitið að fara í lögfræði. Hvorki hann né annar í minni ætt hafði þó numið slíkt að mér vitandi. Held samt að þetta hafi orðið til þess að ég hugleiddi þetta. Um þetta leyti var líka nokkur umræða um svokölluð Guðmundar- og Geirfinnsmál sem mér fannst mjög áhugaverð og ég fékk áhuga á grundvallarréttindum einstaklinga, sér í lagi gagnvart ríkisvaldinu. Ég endaði því einhvern veginn á að prófa lögfræðina. Góður vinur minn ákvað einnig að skella sér í þetta nám og þá varð ekki aftur snúið. Eftir útskrift starfaði ég sem fulltrúi hjá sýslumanninum á Húsavík en var innan árs lokkaður á lögmannsstofu í Reykjavík, einmitt þeirri sem vinur minn starfaði á, þar sem þá vantaði einhvern til að vinna í stóru samkeppnisréttarmáli. Eftir það aflaði ég mér lögmannsréttinda og hef ég starfað sem lögmaður síðan.

Fyrsta málið þitt?

Fyrsta málið sem ég starfaði við á lögmannsstofunni var málið varðandi samráð olíu-félaganna. Fyrsta málið sem ég flutti fyrir dómi var hins vegar mál varðandi ólögmeata gjaldtöku veitufyrirtækis.

Erfiðasta málið?

Eðli málsins samkvæmt get ég ekki lýst hvernig þessi mál voru nema að höfðu samráði við umboðendur mína. Erfiðustu málin eru alla jafna mál er varða börn og forsjá þeirra. Ég hef flutt allmörg slík mál. Meðferð slíkra mála fyrir dómstólum er alltaf erfið fyrir aðila málsins og stundum fyrir lögmennt einnig. Það slæma við þessi mál er að sú mynd sem dómurur fá af stöðunni er aldrei fullkomin og það er ekki hægt að tryggja að niðurstaðan verði alltaf í samræmi við það sem er barninu fyrir bestu þótt auðvitað sé það alltaf það sem að er stefnt. Auk þess er alltaf erfið að vinna fyrir menn sem eru í gæsluvarðhaldi vikum og jafnvel mánuðum saman vegna einhvers sem þeir staðhæfa að þeir hafi ekki gert og jafnvel liggur ekki fyrir að þeir hafi gert.

Furðulegasta málið?

Af mörgum sérkennilegum málum ætli það hafi þá ekki verið skaðabótakrafa frá erlendum aðilum í klámiðnaðnum á hendur hóteli í Reykjavík á því herrans ári 2007. Ætluðu þessir aðilar að halda einhvers konar ráðstefnu hér á landi. Biskup Íslands, borgarstjórn Reykjavíkur, Prestafélag Íslands og fleiri aðilar ályktuðu um andúð sína á þessu. Svo fór að hótelið sagði upp samningum um gistingu fjölda fólks á síðustu stundu. Fram kom í fjölmiðlum að á sama tíma og hótelið ætlaði ekki að virða samninga við þessa ósýndlegu gesti seldi það sjálft klám á herbergjum sínum.

Sætasti sigurinn á ferlinum?

Ég reyni að taka ekki sigurum eða tölum persónulega enda vinn ég bara hvert mál eins vel og hægt er og læt dómurana um að dæma þau. Ég lít því ekki svo á að ég sé að vinna eða tapa málum sem ég flyt. Auðvitað gleðst maður þó alltaf fyrir hönd umboðenda sinna þegar fallist er á kröfur þeirra. Ég man vel eftir máli konu, sem var af erlendu bergi brotin, sem héraðsdómur hafði úrskurðað að lögheimili dóttur hennar ætti til bráðabirgða að vera hjá föðurinum. Þegar ég hringdi í hana til að tilkynna henni um að Hæstiréttur hefði snúið úrskurðinum við og dæmt að lögheimilið ætti að vera hjá henni grét hún bara á milli þess sem hún orgaði af gleði.

Mest svekkjandi ósigurinn?

Var eitt sinn að vinna í skaðabótamáli fyrir stálheidarlegan og grandvaran mann sem hafði lent í mjög slæmu vinnuslysi og var algerlega óvinnufær eftir það. Héraðsdómur hafði fallist á kröfur hans og dæmt honum háar bætur. Hæstiréttur sneri þó dómnum við og sýknaði tryggingafélagið alfarið. Ég var ósammála niðurstöðunni, fannst mjög erfið að þurfa að tilkynna fjölskyldu mannsins um þessi málalok.



Nauðasamningar Glitnis í kjölfar bankahrunsins í október árið 2008 yfirtók Fjármálaeftirlitið Glitni, áður Íslandsbanka, samkvæmt neyðarlögunum og var skilanefnd sett yfir reksturinn. Nýi Glitni, nú Íslandsbanki, var settur á laggirnar og tók hann við sumum eignum og skuldbindingum hins gamla Glitnis. Fengu þá kröfuhafarnir 95% hlut í hinum nýja Glitni. En vegna gjaldeyrishafta voru þeir fastir með eignir hér á landi og við tók langt og strangt samningaferli sem lauk með nauðasamningum slítabús hins gamla Glitnis í nóvember árið 2015. Fékk Íslenzka ríkið þá Glitni með svokölluðu stöðugleikaframlagi og á nú bankann að fullu.

Steinunn Guðbjartsdóttir

Hví ákvaðst þú að gerast lögmaður?

Ég stefndi alltaf á að fara í lækisfræði og skræði mig í það nám að loknu stúdentsprófi. Sumarið fyrir háskólanám varð ég vitni að sviplugu dauðsfalli og ákvað þá að lækisfræði væri ekki fyrir mig. Það var því tilviljun að ég skræði mig í lögfræði en eftir því sá ég ekki því námið og starfið átti vel við mig.

Fyrsta málið þitt?

Einfalt skuldamál en stórt í mínum huga þar sem þetta var fyrsta málið. Sú tilfinning að fara í skikkjuna í fyrsta skipti og lotningin fyrir verkefninu og ábyrgðin sem ég upplifði við að vera treyst fyrir máli gleymist aldrei.

Erfiðasta málið?

Mörg af þeim kynferðisbrotamálum sem ég tók á árum áður tóku mjög á. Þetta voru einu málin sem ég tók með mér heim. Löngu eftir að málunum lauk átti ég það til að fylgjast með hvernig brotabolunum reiddi af sérstaklega þar sem um var að ræða börn eða unga og ómótaða einstaklinga.

Furðulegasta málið?

Furðulegustu málin tengdust skiptum á dánarbúum. Þar á almenn



skynsemi það til að víkja fyrir tilfinningum og gömlum óútkljáðum deilum. Þannig eru litlir hlutir gerðir að stórmáli. Að finna út hver á að fá matarstellið verður stærra mál en ráðstöfun á verðmætari eignum. Margt furðulegt kom upp á í þessum málum, í einu tilvikum fór hinn látni að skipta sér af skiptum í gegnum drauma erfingja. Þá skiptir mestu að leiða skjólstæðingana á rétta braut og gefa þeim tíma til að jafna sig á aðstæðum.

Sætasti sigurinn á ferlinum?

Án efa að ná að klára nauðasamninga Glitnis í sátt við kröfuhafa og þjóðarþúið. Málið tók átta ár af starfsævinni og virkaði á köflum óyfirstiganlegt.

Mest svekkjandi ósigurinn?

Hef í raun aldrei upplifað ósigur í þeim skilningi. Mál sem rata fyrir dómstóla gera það af ástæðu og það eru alltaf tvær hliðar á öllum málum. Niðurstaða dómstóla er niðurstaða sem ber að virða þótt maður sé ekki alltaf sammála henni.

Bjarni Hauksson

Hví ákvaðst þú að gerast lögmaður?

Ég vildi fást við fjölbreytt lögfræðileg verkefni og taldi lögmannsstarfið hentugasta vettvanginn. Þá taldi ég mikinn kost að geta starfað sjálfstætt. Það býr svolítil Bjartur í Sumarhúsum í mörgum lögmánum held ég.

Fyrsta málið þitt?

Fyrsta alvöru málið sem ég flutti fyrir dómi snerist um fiskveiðibrot. Var kannski ekki stórt eða alvarlegt, en auðvitað eru öll mál stór og alvarleg fyrir þá sem eiga í hlut. Þetta mál vatt nú reyndar talsvert upp á sig og meðal annars var tekist á um lagastoð reglugerðar, sem þýddi að dómurinn taldi rétt að kalla til meðdómnda sem væri sérfræðingur í stjórnskipunarrétti.



Minn gamli lærifaðir, Sigurður Línal, varð fyrir valinu sem sérfræðingurinn og það gaf þessu öllu saman talsvert gildi. Hans framlag var athyglisvert, eins og búast mátti við.

Erfiðasta málið?

Get ekki nefnt eitt sérstakt mál, en öll mál þar sem skjólstæðingar mínir hafa sætt einangrun í gæsluvarðhaldi í langan tíma hafa tekið á. Þá er lögmaðurinn í hlutverki sálgaeslumanns og það þarf að gefa sér tíma í samskipti við skjólstæðinginn sjálfan og aðstandendur hans sem oft eiga mjög erfið. Starf lögmansins er erfiðt og maður lendir oft í því að vera boðberi válegra tíðinda.

Furðulegasta málið?

Man ekki eftir neinu sérstöku, en hef oft lent í furðulegum uppákomum. Manni lærist fljótt í þessu starfi að það eru til allar tegundir af fólki og lífið getur endalaust komið á óvart.

Sætasti sigurinn á ferlinum?

Ætli það sé ekki svokallað Vegasmál sem ég fékk endurupptekið fyrir Hæstarétti árið 2012. Það er sjaldan fallist á endurupptöku mála og sú ákvörðun var því mikill sigur. Minn skjólstæðingur var síðan sýknaður í Hæstarétti og það var aftur góður sigur fyrir mig. Síðan voru mannum dæmdar talsverðar bætur og enn og aftur var það sætur sigur enda varðist ríkið bótakröfunni með kjafti og klóm fyrir dómi. Það var líka mikill sigur að fá unga konu sýknaða í mjög stóru fíkniefnamáli árið 2010 þar sem mikið var undir. Meðákærða í því máli fékk átta ára fangelsi, en skjólstæðingur minn, sem var einstæð móðir í háskólanámi, gat haldið lífi sínu áfram og gengur vel í dag, eftir því sem ég best veit.

Mest svekkjandi ósigurinn?

Þessi er ekki auðveld en ég á mjög erfiðt með að sætta mig við niðurstöðu Hæstaréttar í máli frá í fyrrasumar, þar sem tveir menn voru sakfelldir fyrir kynferðisbrot. Tel að niðurstaða um sakfellingu beggja manna sé röng og ég leiði hugann að því reglulega.

erfið og furðuleg mál

Deilurnar um lónið Árið 2014 hófust deilur um hvaða aðilar myndu fá að byggja upp aðstöðu á jörðinni Felli við Jökulsárlón, einum fjölfarnasta ferðamannastað landsins, samkvæmt deiliskipulagi sveitarfélagsins Hornafjarðar. Aðilarnir voru Jökulsárlón ehf. sem átti 23% í jörðinni og Ice Lagoon sem var í samstarfi við meirihluta eigenda jarðarinnar. Jörðin var sett á nauðungarsölu haustið 2016 og keypti félagið Fögrusalir hana á 1,5 milljarða króna. Tveimur mánuðum síðar nýtti íslenska ríkið sér forkaupsrétt á jörðinni en forsvarsmenn Fögrusala töldu frestinn útrunninn og höfðuðu mál. Í nóvember var íslenska ríkið sýknað í héraði en því hefur þegar verið áfrýjað til Hæstaréttar.



Jón Þór Ólason

Hví ákvaðst þú að gerast lögmaður?

Mig langaði alltaf að öðlast fjölbreytta starfsreynslu. Áður en ég fór í lögmennsku hafði ég starfað í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem aðstoðarmaður dómara, hjá ákærvaldinu auk þess sem ég byrjaði nánast að kenna við lagadeild Háskóla Íslands frá útskrift. Því lá það beinast við að takast á við lögmennskuna sem er mjög krefjandi en hentar mér mjög vel þar sem ég er mikill keppnismaður að edlisfari.

Fyrsta málið þitt?

Fyrsta málið sem ég flutti fyrir dómi varðaði fjárhagslegt uppgjör í tengslum við rekstur skemmtistaðar, það er svona hefðbundið skuldamál.

Erfiðasta málið?

Það fer eftir því hvaða skilning við leggjum í hugtakið „erfið“. Mál geta verið misjöfn að vöxtum og flækjustigi en ég hef hingað til ekki átt í miklum erfiðleikum með að ná utan um mál sem eru bæði mjög umfangsmikil og í senn flókin. Það eru hins vegar einnig oft skemmtilegustu málin.

Furðulegasta málið?

Ég man nú ekki eftir neinu máli sem gæti fallið undir þá skilgreiningu að teljast „furðulegt“ en það koma oft upp ýmis atvik sem kunna að þykja spaugileg. Umbjóðendum lögmanna sem lenda í málaferlum þykja mál sín að engu leyti furðuleg, heldur vilja þeir ná fram réttlæti hvað þá varðar. Ég man nú hins vegar eftir því þegar ég var á kúrsus við einn héraðsdómstól landsins, þá fór ég í vettvangsgöngu í landamerkjamáli ásamt dómurum og aðilum málsins. Þar rifust tveir virðulegir eldri bændur í um hálf tíma um hvar tiltekin tjörn hefði verið staðsett fyrir einhverjum hundruðum ára, en landamerkin áttu meðal annars að liggja í gegnum miðja tjörnina. Þessi tjörn var sem sagt löngu uppbornuð og raunar útilokað að fullryða um staðsetningu hennar. En allt að einu þorði enginn að trufla bændurna er urðu sífellt háflegari í lýsingu á mannkostum hvor annars. Okkur fannst þetta kannski furðuleg uppákoma en fyrir aðila málsins var þetta dauðans alvara.

Sætasti sigurinn á ferlinum?


Það eru ýmis mál sem koma þar til greina, en ef ég ætti að velja eitt þá væri það gallamál er ég flutti, en sú fasteign sem um ræðir var komin vel til ára sinna. Ég náði fram riftun í málinu í gagnsök auk greiðslu skaðabóta. Það eru vægast sagt mjög fá mál þar sem slík niðurstaða hefur fengist í dómsmálum og því var niðurstaðan sérstaklega ánægjuleg fyrir umbjóðendur mína sem voru með allt undir í málinu.

Mest svekkjandi ósigurinn?

Það er mál er varðaði forkaupsrétt íslenska ríkisins á Jökulsárlóni sem að mínu viti hafði fallið niður sökum þess að íslenska ríkið hefði beint yfirlýsingu um nýtingu forkaupsréttarins af seint í skilningi laga, en meginreglan er sú að forkaupsréttarákvæði ber að skýra þröngri lögskýringu. Hins vegar var niðurstaða dómsins sú að túlka ákvæðið rýmkandi lögskýringu sem ég tel einfaldlega ranga lögskýringu. En málið er nú til meðferðar hjá Hæstarétti og ég trúi raunar ekki öðru en að þar fáiast hagfelld niðurstaða.



Klámfólki úthýst úr Bændahöllinni Ráðstefna netklámsfyrirtækja, Snow-gathering, átti að fara fram á Radisson SAS hótelinu dagana 7. til 11. mars árið 2007 og áætlað var að taka upp myndefni hér á landi. Á meðal þeirra klámstjarna sem boðuðu komu sína voru Daisy Rock, Eva Angel og Sandy Cage. En koma klámfólksins olli úlfabýti í samfélaginu og eigendur hótelsins ákváðu tveimur vikum fyrir ráðstefnuna að meina fólkinu að halda hana þar. Meðal þeirra sem lögðust gegn ráðstefnunni var Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri. Ekki reyndist mögulegt að finna nýjan stað hér á landi með svo skömmum fyrirvara og auk þess sagði Christina Ponga skipuleggjandi að sennilega myndu aðrir heldur ekki vilja taka við höpnum.



Vegas-málið Aðfaranótt þriðjudagsins 13. maí árið 1997 brutust út áftog á skemmtistaðnum Vegas við Frakkastíg. Fékk einn maður mikið spark í höfuðið og blæðingu inn á heila. Reynt var að bjarga honum með aðgerð en hann lést á Landspítalanum um sólarhring eftir átökin. Tveir menn, Sverrir Þór Einarsson og Sigurbór Arnarsson, voru ákærðir fyrir að valda dauða mannsins og var Sverrir dæmdur sekur í september sama ár og hlaut tveggja ára fangelsisdóm. Hann áfrýjaði og voru þeir þá báðir dæmdir í Hæstarétti og úrskurðað að Sigurbór hefði átt upptökin að slagsmálum. Sigurbór áfrýjaði til Mannréttindadómstólsins, vann og fékk endurupptöku málsins. Var upprunalegi sýknuðómurinn staðfestur af Hæstarétti í desember 2012 og fékk Sigurbór síðar dæmdar tæplega 19 milljónir króna í bætur vegna frelsisviptingar.

Árni Helgason

Hví ákvaðst þú að gerast lögmaður?

Einfaldlega vegna þess að lögfræðin og svo lögmennskan er einstaklega áhugavert dæmi, þar sem unnið er með fólki á mikilvægum augnablikum í lífi þess. Þetta snýst um hegðun og hagsmuni fólks og hvernig þeir snúa gagnvart öðrum í samfélaginu; fólki, fyrirtækjum og stjórnvöldum. Stundum er hægt að sameina þessa hagsmuni og semja um úrlausn mála en stundum þarf að leita niðurstöðu fyrir þar til bærum aðilum, dómstólum eða kærunefndum.



Fyrsta málið þitt?

Við byrjuðum okkar rekstur á því herrans ári 2009 þegar annar hver Íslendingur átti í útistöðum við lánastofnanir og sliabú landsins. Fyrsta málið litadist af því; ég tók til varna í útburðarmáli fyrir einstakling gegn banka en hafði þó úr heldur litlu að móða og var fyrst og fremst til þess að kaupa smá tíma í málið og reyna sættir.

Erfiðasta málið?

Það er nú ekkert eitt sem stendur sérstaklega upp úr. En sakamál geta verið mjög erfið og tekið á og líka erfiðar deilur í fjölskyldum.

Furðulegasta málið?

Það furðulegasta sem ég hef lent í var þegar ég fór einn morguninn fyrir nokkrum árum niður í Héraðsdóm Reykjavíkur og lagði þar inn stefnu á hendur konu vegna ágreinings um réttmæti reiknings frá ídnaðarmanni sem var minn skjólstaðingur. Málið varðaði ekki háar fjárhæðir en þegar hún mætti fyrir dóminn þá tók hún við stefnunni og hafði ýmis orð um málalátibúnaðinn og gaf honum ekki háa einkunn. Jæja, það var eins og það var og verkefni dagsins héldu áfram og næsta stöpp hjá mér þennan morguninn, kannski rúmum hálf tíma eftir að ég var niðri í dómi, var að keyra upp í eitt úthverfi borgarinnar þar sem fara átti fram nauðungarsala vegna annars umbjóðanda sem hafði óskað eftir því að ég yrði viðstaddur. Ég legg fyrir utan húsið og hringi bjöllum. Eftir nokkra stund er opnað og þá kemur til dyra sama konan og ég hafði átt orðskipti við skömmu áður niðri í héraðsdómi. Við horfum bæði mjög skringilega á hvort annað í smástund og svo átta ég mig loksins á því að ég hafði víxlað stöfum í húsnúmerinu og var því á vitlausum stað. En ég hef alltaf velt því fyrir mér hvað hafi farið í gegnum huga þessarar ágætu konu þegar hún sá mig – sennilega haldið að ég hafi elt hana úr dómnum og áætlað að halda áfram að innheimta reikninginn.

Sætasti sigurinn á ferlinum?

Sætustu sigurnir tengdust málum þar sem unnið var fyrir fólk í tengslum við skuldamál í kjölfar hrunsins.

Mest svekkjandi ósigurinn?

Ég var einu sinni verjandi í sakamáli hjá manni sem hafði verið sakaður um líkamsárás. Við aðalmeðferð málsins gerðist það að sá, sem varð fyrir líkamsárásinni, fullyrti að minn maður hefði ekki ráðist á sig. Það stöðvaði dómarrann þó ekki í að dæma minn skjólstaðing sekan. Það skal þó tekið fram að þessari niðurstöðu var snúið við í Hæstarétti.



Heimilisfang
Kringlan 4-12, 4. hæð
103 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri: Kristján Kormákur Guðjónsson Ritstjóri: Sigurvin
Ólafsson Adstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Er þetta í lagi?

Leiðari

Kristján Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Stjórn Krýsuvíkursamtakanna sakar DV um að veða að starfsemi og starfsheildri Meðferðarheimilisins í Krýsuvík með harkalegri og villandi umfjöllun. Vísar stjórnin gagnrýni á bug en hefur ákveðið að óska eftir því að Landlæknisembættið geri úttekt á starfsemi. Í frekar aumri yfirlýsingu hreykja stjórnendur sér af góðum árangri en gangast ekki við neinum mistökum. DV hefur lagt spurningar fyrir Sigurlínu Davíðsdóttur, stjórnarformann Krýsuvíkursamtakanna, vegna fyrri greinar DV.

Þar gengst hún við því að eitt og annað hafi farið úrskeiðis. Þá er líka forvitnilegt að stjórnin hafi óskað eftir úttekt Landlæknis einmitt þegar DV greindi stjórnendum frá því að til stæði að birta rúmlega árs gamla úttekt þar sem Landlæknir gaf meðferðarheimilinu falleinkunn. Fékk með-

ferðarheimilið hálf tveggja ára til að bregðast við því sem var að en í stuttu máli var ekki brugðist við. Það ber því að fagna því að til stæði að óska eftir aðkomu Landlæknis.

Sigurlína hrósar Birni Ragnarsyni fyrir vel unnin störf í skriflegu svari til DV. DV greindi frá því að hann hefði verið látinn fara vegna samneytis við sjúkling. Hann var samt ráðinn aftur og var þá kærður fyrir kynferðisbrot. Björn var fær í sínu starfi. Björn sagði sjálfur að hann hefði enga þekkingu til að hjálpa skjólstæðingum Sigurlínu og hefði verið settur í erfða stöðu. Sigurlína staðfestir einnig óeðlileg samskipti á milli Þorgeirs Ólasonar forstöðumanns og stúlku sem var skjólstæðingur hans.

lega meðferð og ráða þangað gott fólk, en ekki niðinga eins og hefur gerst oft en einu sinni.

Þá hafa sett sig í samband við DV tugir manns, úr öllum stéttum, sem þekkja vel til og hafa tekið undir umfjöllun DV. Bæði fyrrverandi skjólstæðingar, ráðgjafar og fólk innan heilbrigðiskerfisins sem hefur haft aðkomu að meðferðarheimilinu.

DV spyr einfaldlega, er þetta í lagi? Er í lagi að reka mann fyrir litlar sakir í opinn dauðann. Er í lagi að ráða mann aftur eftir samneyti við sjúklinga? Er í lagi að forstöðumaður sé í óeðlilegum samskiptum við kvenkyns sjúklinga? Er í lagi að hafa mann á launaskrá sem hefur verið kærður fyrir kynferðisofbeldi og kaupir sér vandi? Er í lagi að hafa kynferðislega brenglaðan mann í starfi sem tekur sjúklinga í einkatíma heim til sín á kvöldin? Er í lagi að skilja sjúklinga eftir klukkan 16.00 og vitja þeirra ekki fyrr en morguninn eftir? Er í lagi að hundska athugasemdir Landlæknis eins og gert var í lok árs 2016? ■

Miðflokkur á eigin fótum

Miðflokkur **Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar** hyggst bjóða fram lista í komandi sveitarstjórnarkosningum. Flokkurinn er búinn að stofna sérstakt félag í Suðvesturkjördæmi og mun stofna félag í Reykjavík á mánudag sem mun halda utan um framboðin.

Sigmundur Davíð, þrátt fyrir að vera mikill áhugamaður um borgarmál, verður ekki í forsvari í Reykjavík og því verður spennandi að sjá hvort flokkurinn nái að standa einn og óstuddur í Reykjavík. Ýmsir hafa verið nefndir á nafn sem mögulegir oddvitar, þá er helst hvíslað að **Guðfinna J. Guðmundsdóttir** hætti við að hætta.



Líta vel út í samamburðinum

Viðari Guðjohnsen hefur tekist að gefa froðukennndri borgarpólitík allhressilegt hjartastuð á síðustu dögum. Viðar er ekki talinn líklegur til að leiða Sjálfstæðisflokkinn í komandi kosningum og segir hann sjálfur að sigurlíkur sínar í leiðtogakjöri flokksins séu litlar sem engar. Tilgangurinn, ef hann er ekki að verða oddviti, hlýtur þá að vera að láta hina frambjóðendurna líta út fyrir að vera hófstíllir skynsemissinnar í samamburði.

MEÐ OG Á MÓTI – #METOO-BYLTINGIN

Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar.

Það er mikilvægt að draga fram á yfirborðið kynjaferfið sem við búum í og hvernig samfélag okkar birtist annars vegar konum og hins vegar körlum út frá kynferði. Markmiðið er að bæta það til að allir séu jafnir óháð kynferði. #metoo dregur fram að hætta á að verða fyrir ofbeldi og áreitni margfaldast ef þú ert kvenkyns og það hefur áhrif á framgang í starfi og laun og annað.

Metoo er samfélagslega mikilvægt því ef við viljum virkilega ná fram jafnrétti í samfélaginu þá þurfum við að ræða þessi mál. Ef við viljum búa í góðu samfélagi þá þurfum við að varpa ljósi á hversu kynjað samfélagið er, það vill enginn ala börn sín upp í samfélagi þar sem áreitni er liðin. Þetta snýst ekki um hversu alvarleg brotin eru því það getur hamlað þér í lífinu ef þú upplifir áreitni sem sumum finnst vera minniháttar.

Metoo-byltingin snýst um að fá karla til að hlusta á konur og hugsa um sína framkomu, að allir karlmenn taki þessar sögur til sín og hugsi með sér „hef ég gert eitthvað?“ Allir karlar þurfa að axla ábyrgð því annars geta þeir talið sér trú um að #metoo eigi ekki við þá og sleppt því að hlusta. Það er enginn að segja að það megi ekki reyna við einhvern af hinu kyninu því það er ekki það sama og áreitni. Ef þú ert ekki viss þá er einmitt gott að velja þessu fyrir sér.



MEÐ

Einar Steingrímsson, prófessor í stærðfræði.

Það er alltaf rangt að gera fólk ábyrgt fyrir misgjörðum annarra sem tilheyra hópi sem viðkomandi hefur ekkert val um að tilheyra, eins og gert er þegar þess er krafist að allir karlar, en ekki konur, taki ábyrgð á kynferðislegri áreitni og ofbeldi sumra karla, þá er það sérstaklega klikkað þegar einu gögnin sem við höfum um hversu algengt slíkt sé segja að það sé mjög sjaldgæft. Það er alveg jafn fátíðlegt, og skadlegt, að gera alla karla ábyrga fyrir ofbeldi sumra og það væri að gera allar konur ábyrgar fyrir umgengnistálmunum sumra kvenna gagnvart barnsfeðrum sínum. Kynjastríð er vont, og það mun ekki bæta samskipti fólks.

Það er líka ógeðfellt að krefjast þess bæði að allir karlar taki ábyrgð og samtímis að þeir hlusti og þegi. Þær hugmyndir eru ekkert skárri en sú kúgun sem konur hafa orðið fyrir gegnum aldirnar þegar þær voru meðhöndlaðar sem annars flokks fólk.

Málstaðurinn að vinna gegn kynferðislegri áreitni, yfirgangi og ofbeldi er mjög góður. Og vonandi hefur þessi hreyfing jákvæð áhrif í þá átt. Til þess þurfa ekki síst þau sem eru í valdastöðum, sem eru bæði karlar og konur, gleymum því ekki, að gera það sem þau geta til að vinna gegn slíku á vinnustöðum sínum. En með því að reyna að gera alla seka um það sem fáir stunda er hætta sú að enginn beri ábyrgð.



Á MÓTI

Spurning vikunnar

Styður þú borgarlínu?



„Nei. Ég held að það fyrirbæri muni ekki koma til með að borga sig.“

Guðlaugur Birgisson



„Ég get ekki alveg sagt til um það. Ég myndi vilja kynna mér þetta svoltíð betur en hugmyndin er góð.“

Teitur Þorkelsson



„Ég styð alla góða hluti.“

Geir Ólafsson



„Já, ég bjó sjálf í Danmörku og það er miklu þægilegra að ferðast þannig um og svo minnkar bílaumferðin.“

Anna Pálsdóttir



Den Danske Kro

Kro · Bodega · Pub



* HAPPY HOUR FRÁ 16-19 ALLA DAGA *

* LIFANDI TÓNLIST ÖLL KVÖLD *



Ingólfsstræti 3 101 Reykjavík 552-0070 facebook.com/dendanske.kro

Hvar enda þeir?



■ Kolbeinn Sigþórsson, framherji Nantes í Frakklandi, gæti mögulega yfirgefið félagið á næstu vikum. Kolbeinn hefur verið í lækni skoðun í Frakklandi en hann lék síðast knattspyrnu fyrir einu og hálfu ári. Líklegt er að Kolbeinn fái lítið að spila með Nantes nái hann fullri heilsu, það er því líklegt að hann færi sig um set á næstunni en fréttir um heilsu hans hafa verið góðar. Framherjinn fór til æfinga í Katar á dögunum og komst vel frá þeim. Kolbeinn lék síðast með landsliðinu á EM í Frakklandi en nái hann heilsu ætti hann að komast með til Rússlands á heimsmeistaramótið.

■ Viðar Örn Kjartansson gæti farið frá Maccabi Tel Aviv á næstu dögum eða vikum samkvæmt heimildum DV. Lið í þýsku úrvalsdeildinni sýna áhuga á að kaupa Viðar sem hefur raðað inn mörkum í Ísrael. Hann er eftirsóttur biti og gæti endað í Þýskalandi á næstu dögum. Sagt er að Maccabi fari fram á sjö milljónir evra fyrir þennan öflugan leikmann.



■ Tveir íslenskir landsliðsmenn gætu yfirgefið lið sín í næstefstu deild Englands. Hörður Björgvin Magnússon hefur fengið að spila mikið með Bristol City síðustu vikur en Rostov í Rússlandi reynir nú að kaupa hann. Rostov vildi Hörð síðasta sumar en pappírarnir fóru ekki í gegn á réttum tíma. Möguleiki er á að hann fari nú og þá gæti Birkir Bjarnason farið frá Aston Villa. Staða hans hefur verið erfið en góð innkoma í síðasta leik gæti breytt stöðu hans. Birkir gæti fengið stærra hlutverk á næstunni og haldið áfram að spila fyrir risann í Birmingham.

Sjóðheitir sóknarmenn setja pressu á Heimi

■ Jákvað tíðindi fyrir íslenskt knattspyrnuáhugafólk ■ Barist um HM sæti



Hörður Snævar Jónsson
hoddi@433.is

Heimsmeistaramótið í knattspyrnu hefst eftir 144 daga í Rússlandi og í fyrsta sinn verður Ísland með á þessum stærsta íþróttaviðburði í heimi. Karlandslíðið í knattspyrnu tryggði sig inn á mótið í október í fyrra og síðan þá hefur knattspyrnuáhugafólk verið að telja niður. Nú þegar farið er að stytta í mótið byrjar Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari að velta hlutunum fyrir sér. Landsliðið var að klára verkefni í Indónesíu þar sem minni spámenn fengu að sýna sig og sanna, sumir nýttu tækifærið en aðrir ekki. Landsliðið lék tvo

leiki við heimamenn þar sem Albert Guðmundsson skoraði þrennu í síðari leiknum.

Prenna Alberts breytir talsverðu
Prenna Alberts á dögunum í Indónesíu breytir talsverðu, hann hefur stimplað sig inn þótt andstæðingurinn hafi verið slakur. Albert er í hópi tíu leikmanna sem hafa skorað þrennu í landsleik, afrekið er því magnað. Ísland hefur í mörg skipti spilað við slaka andstæðinga og að skora þrennu er ekki hrist fram úr erminni. Albert sem verður 21 árs á árinu hefur með þessu komið sér inn í myndina þegar Heimir velur 23 leikmenn fyrir Rússlandsförina. Bæði er hægt að

Sóknarmenn sem vilja komast á HM Sjóðheitir

Jón Daði Böðvarsson skoraði þrennu gegn Stevenage í síðasta leik sínum.
Albert Guðmundsson skoraði þrennu gegn Indónesíu í síðasta leik sínum.
Alfred Finnbogason skoraði þrennu gegn Freiburg í síðasta leik sínum.
Viðar Örn Kjartansson skoraði tvennu gegn Maccabi Haifa í síðasta leik sínum.
Björn B. Sigurðarson skoraði tvennu í síðasta leik sínum gegn Sarpsborg 08.

Aðrir sem koma til greina

Kjartan Henry Finnbogason (Horsens)
Kristján Flóki Finnbogason (Start)

Kolbeinn Sigþórsson (Nantes)
Andri Rúnar Bjarnason (Helsingborg)

velja Albert sem miðjumann og sóknarmann.

Ótrúlega margir framherjar
Ótrúlega margir framherjar eru í boði fyrir Heimi að taka með til Rússlands (sjá í boxi). Alfred Finnbogason getur byrjað að pakka í töskur fyrir Rússland svo lengi sem hann helst heill heilsu, sömu sögu er að segja af Jóni Daða Böðvarssyni, en síðan flækist myndin talsvert. Viðar Örn Kjartansson og Björn Bergmann Sigurðarson hafa átt nokkuð öruggt sæti í hópnum undanfarið en þeirra plássi gæti verið ógnað, nánast er öruggt að annar þeirra fari með til Rússlands, en Viðar eða Björn gætu þurft að bita í það súra epli að fara

ekki. Kjartan Henry Finnbogason hefur nýtt tækifæri sín með landsliðinu mjög vel og kemur vel til greina, þrenna Alberts kemur honum svo inn í myndina. Eins og fyrr segir gæti Albert komið inn sem miðjumaður og því yrðu áfram fjórir framherjar í hópnum.

Hvað gerir Kolbeinn?

Íslenskt knattspyrnuáhugafólk biður spennt eftir hverjum þeim tíðindum sem berast af Kolbeini Sigþórssyni, framherja Nantes. Kolbeinn hefur ekki spilað knattspyrnu síðan í ágúst árið 2016 eða rétt eftir Evrópumótið í Frakklandi. Fréttirnar sem nú berast af Kolbeini eru jákvæðar. Hann fór til Katar í meðhöndlun og æfingar

Kemur Guðmundur og réttir við skútuna?

HSÍ hefur áhuga á að ræða við Guðmund um að taka að sér starfið

Það eru erfiðir tímar í íslenskum handbolta, sérstaklega hjá karlandslíðinu, og hafa verið síðustu ár, sérstaklega ef horft er til þess á hvaða stall liðið var komið hér á árum áður. Liðið vann til verðlauna og komst iðulega langt í flestum stórmótum. Verulega hefur dregið úr slíku og er liðið nú annað Evrópumótið í röð úr leik í riðlakeppni.

Liðið komst á stórmót sem er afrek en væntingar Íslendinga til liðsins eru meiri eftir ofdekur síðustu ár. Liðið féll úr leik á Evrópumótinu í Króatíu á þriðjudag, verðskuldað. Liðið tapaði gegn slökku liði Serbíu þar sem þjálfari og leikmenn brugðust á ögurstundu.

Geir Sveinsson, þjálfari liðsins, er í óvissu með framtíð sína, en hann vildi nýjan samning áður en mótið hófst.

HSÍ hafnaði því og sagði að mál-in yrðu skoðuð eftir mót. Því er óvíst hvort Geir haldi áfram með liðið, hann gerði ágætis hluti á HM í Frakklandi en Evrópumótið í ár voru sár vonbrigði. Forveri hans, Aron Kristjánsson, gerði heldur ekki góða hluti og vandamálið líklega stærra en maðurinn sem stendur í brúnni.

HSÍ leggst undir feld á næstunni og skoðar hvað sé best í stöðunni, heimildir DV herma að öllum steinum verði velt innan stjórnar HSÍ sem tekur ákvörðun um mál-

id og að draumur margra þar sé að fá Guðmund Þórð Guðmundsson aftur til starfa.

Guðmundur náði frábærum árangri með liðið síðast, liðið vann til silfurverðlauna á Ólympíuleikunum 2008. Guðmundur stýrir liði Barein í Persaflóanum. Ljóst er að HSÍ getur aldrei borgað sömu laun og Guðmundur fær þar en hann er einn af þeim möguleikum sem koma til greina. ■

hoddi@433.is

Frábær árangur
Guðmundur stýrði gullaldarliði Íslands á sínum tíma.





sem gengu vel. Hann hefur verið í Frakklandi í lækniþerapi og slíku og sjálfur er hann bjartsýnn á að snúa aftur á knattspyrnuvöllinn innan tíðar. Ef Kolbeinn kæmist í gang fyrir heimsmeistaramótið í Rússlandi má ljóst vera að erfitt væri fyrir Heimil að skilja hann eftir, Kolbeinn var algjör lykilmáður fyrir meidsli sín og átti stóran þátt í árangri liðsins fyrir og í Frakklandi. Kolbeinn er framherji í fremstu röð og ef hann nær bata eru aðrir sem byrja að svitna, þeir vita að heill Kolbeinn Sigþórsson á fast sæti í byrjunarliði Íslands.

Verkefni í mars ræður úrslitum
Landsliðsverkefni verður í mars, það síðasta áður en Heimil vel-

ur hóp sinn fyrir heimsmeistaramótið í Rússlandi. Þar fá menn síðasta tækifæri til að sýna sig og sanna. Gott gengi með félagssliði gæti þó tryggt einhverjum óvænt farmiða til Rússlands. Liðið mun leika gegn Mexíkó og Perú í Bandaríkjunum og eftir það verkefni verða línur farnar að skýrast. Margir leikmenn sem hafa miklar væntingar munu sitja eftir með sárt ennið þegar Heimil velur lokahóp sinn í maí. Þegar Ísland fór á EM voru leikmenn eins og Viðar Örn Kjartansson, Rúrik Gíslason og Sölvi Geir Ottesen skildir eftir heima. Valið fyrir EM í Frakklandi kom á óvart að mörgu leyti og það gæti gert það aftur fyrir HM í Rússlandi. ■



Öflugir Bandaríkjamenn á leið til Íslands

Snemma í febrúar kemur hingað til lands lið frá Bandaríkjunum á vegum SoccerViza og mun liðið leika fjóra æfingarleiki gegn íslenskum liðum. SoccerViza er knattspyrnulið og fyrirtæki sem hjálpar leikmönnum í Bandaríkjunum að finna sér nýtt lið, þetta hafa íslensk lið nýtt sér og

þjálfarar frá Íslandi farið út og horft á leikmenn sem fyrirtækið er með á sínum snærum. Nú heldur liðið til Íslands þar sem 22 leikmenn koma og munu spila fjóra leiki gegn Fylki, Val,ÍA og Álftanesi. Liðið verður hér á landi 7.-12. febrúar og líklegt að nokkrir leikmenn semji við íslensk lið í kjölfarið. ■

Nú eru góð ráð æðlur



Sum fyrirtæki senda bara starfsmann út í búð. Það kostar ekkert því hann er hvort sem er í vinnunni



Ávextir alla daga vinnuvikunnar kosta um 550 kr. á mann. Hamborgaratilboð kostar hátt í 2.000 kallinn, einu sinni.



Ávaxtabiti um miðjan morgun eða um nónið, getur bjargað deginum þegar starfsmenn eru orðnir orkulausir. Vinnuveitendur geta hagnast nokkuð á því.



Þegar fyrirtæki eru í áskrift hjá Ávaxtabílnum, þurfa þau aldrei að muna að panta – ávextirnir koma bara.



Ef fyrirtæki í áskrift vill breyta pöntun sinni, er hún kölluð fram á heimasíðu okkar, breytt og send inn – gæti ekki verið einfaldara.



Fyrirtæki í áskrift fá 20% afslátt af veislubökkum okkar.




Starfsmenn Múlalundar sjá um alla tiltekt ávaxtanna fyrir Ávaxtabílinn og fá svo að sjálfsögðu ávexti upp á borð hjá sér alla vikuna



www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110

Tímarvélín



NYJA BÍO
(við Skúlagötu):
hefur ákveðið að hætta að
auglýsa í Þjóðviljanum vegna
kvikmyndagagnrýni blaðsins.

Gamla auglýsingin


Þjóðviljinn, 4. júní 1946



Úlfar Eysteinnsson þefar af kæfu sem hann gaf svo tvo í einkunn

1993 DV dæmir kæfu

Í nóvember árið 1993 fékk DV matreiðslumeistarana Sigmar B. Hauksson, Úlfar Eysteinnsson og Dröfn Farestveit hússtjórnarkennara til að dæma kæfu frá átta fyrirtækjum. Aðeins var um fimbakaða lifrarkæfu að ræða en sá fyrirvari hafður á að tvær þeirra (frá KEA og ORA) komu úr niðursuðudósum. Gefin var einkunn á skalanum 1 til 5 og þótti besta kæfan koma frá Karó og Goða. „Góð og útlit gott,“ sagði Úlfar um Karó-kæfuna. Kæfan frá Ali klauf dómnefndina í tvennt, Dröfn gaf henni 4 en Sigmar 1. Versta kæfan kom frá ORA og SS að mati dómnefndar, tvístur á línuna í báðum tilvikum. „Furðulegt bragð og ljót á litinn,“ var sagt um ORA-kæfuna.



Richard Nixon ásamt Ásgeiri Ásgeirssyni og Muccio sendiherra.

MORGUNBLAÐIÐ, DESEMBER 1956

1973 Nixon kallaði Keflavík guðsvolaðan stað

Í gegnum tíðina hefur Ísland þótt ágætis staður fyrir ráðstefnur og fundi. Leiðtogafundur Richards Nixon Bandaríkjaforseta og Georges Pompidou á Kjarvalsstöðum árið 1973 var einn af þeim stærstu þar sem Atlantshafsbandalagið var rætt ásamt öðru. Nixon hafði þó komið áður til Íslands, árið 1956, þegar hann var varaforseti undir Eisenhower. Kom hann hingað bæði til þess að hitta bandaríska hermenn á Keflavíkurflugvelli og íslenska ráðamenn. Á flugi sínu til Íslands árið 1973 minntist hann þessa fundar og þeirrar hlýju móttöku sem hann fékk frá hermönnum í Keflavík, „þeim guðsvolaða stað“. Spurning er hvort Donald Trump hafi lært af forvera sínum þegar hann kallaði heilu löndin og heimsálfurnar „skítaholur“.



Geirfuglinn heim

F.v. Þórarinn og Kristján Eldjárn, Valdimar og kona hans, Fanný Jónmundsdóttir, Gylfi Þ. Gíslason.

1971

Í leigubíl í London með síðasta geirfuglinn

■ Íslendingar keyptu geirfuglinn á uppboði ■ „Þjóðhátíðarstemning“

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Síðasti geirfuglinn var veiddur í Eldey, suðvestur af Íslandi, árið 1844 að beiðni erlends safnara. Tæpum 130 árum síðar, þann 27. febrúar árið 1971, var efnt til þjóðarsöfnunar og uppstoppaður geirfugl keyptur skömmu síðar á metfé hjá uppboðsstofunni Sotheby's í London. Valdimar Jóhannesson, blaðamaður sem átti frumkvæðið að söfnuninni, ræddi við DV um þennan sögulega áfanga.

Stórri upphæð safnað á 5 dögum

„Ég var að vinna sem ritstjórnarfulltrúi á Vísi á þessum tíma og las um það að síðasti geirfuglinn sem settur yrði í almenna sölu yrði boðinn upp hjá Sotheby's eftir fimm daga,“ segir Valdimar sem sá þarna tækifæri til að koma geirfuglinum aftur heim til Íslands. Hér var til beinagrind geirfugls og egg sem Náttúrugripasafn Íslands hafði fengið að gjöf

frá Harvard-háskóla árið 1953 en enginn hamur.

Snör handtök þurfti til og bæði fjölmiðlar, góðgerðasamtökin Lions, Kiwanis og Oddfellows og félög kennara og skólustjóra komu að þjóðarsöfnun til að kaupa fuglinn. Á einungis fimm dögum söfnuðust um tvær milljónir króna, sem var um andvirði einbýlishúss á þeim tíma.

Vitað var að önnur söfn og einkaaðilar höfðu hug á að næla í fuglinn enda einstakur gripur, þá helst hin ameríska Du Pont-iðnjöfrafrjöklylda sem var þá að koma sér upp einkareknu náttúrugripasafni við Delaware-ána.

Leynd heimild frá ríkisstjórninni

Valdimar fór út með dr. Finni Guðmundssyni frá Náttúrugripasafni Íslands þar sem fuglinn skyldi geymdur. Valdimar segir að það hefði ekki komið til greina að fara tómhentir heim. „Það hefði verið fráleitt ef fuglinn hefði farið eitthvert annað.“

Geirfuglinn var aðalgripurinn á

uppboðinu og fór á langhæstu upphæðina. Mikil spennan var í loftinu og fjölmargir blaðamenn á svæðinu og einnig margir Íslendingar sem búsettir voru í London. Íslenski hópurinn fékk lögmann frá Sotheby's sem kunnir tæknir að bjóða fyrir svo háar upphæðir. „Þetta gerðist hratt, tók ekki nema fimm eða sex mínútur.“

Fyrsta boðið var fimm hundruð pund frá bresku safni. Síðan hækkaði þetta jafnt og þétt og ljóst var að íslenski hópurinn og útsendari Du Pont myndu berjast um gripinn. Fram að þessu voru notaðar merkjasendingar en þegar Íslendingar höfðu boðið sex þúsund pund stóð útsendari Du Pont upp og hrópaði: „Ég býð átta þúsund pund!“ sem var mikil hækking og augljóslega gerð til að slá Íslendinga út af laginu. Íslendingar svöruðu með níu þúsund og var það slegið við gríðarlegan fögnuð. Í erlendum blöðum var talað um heimsmet fyrir náttúrugrip.

Valdimar segir: „Aðeins örfáir

vissu að ég hafði heimild frá ríkisstjórninni til að bjóða þessu þetta verð. Ef þetta hefði farið herra hefði ég sjálfur gripið inn í. En þetta mátti ekki spyrjast út.“

Með fuglinn í leigubíl

Eftir að fuglinn var keyptur tók Sotheby's enga frekari ábyrgð á honum. „Þetta var svolítið ógnvænlegt og við höfðum ekki gert ráð fyrir þessu. Ég varð að taka fuglinn í fangið og fara með hann í leigubíl að íslenska sendiráðinu.“ Þegar þangað var komið var fuglinn tryggður og Flugfélag Íslands sá um að pakka honum inn og koma honum til landsins.

Þegar þeir sneru aftur heim með fuglinn var þeim tekið sem þjóðhetjum. „Ég reyndi að halda mig svolítið til hlés en Finnur var andlitið út á við. Ég fékk hins vegar þann heiður að afhenda Gylfa Þ. Gíslasyni menntamálaráðherra fuglinn á Þjóðminjasafninu. Þá var nokkurs konar þjóðhátíðarstemning í landinu.“ ■

1997

Snusið bannað

Þann 1. febrúar árið 1997 tók gildi reglugerð sem bannaði allan innflutning, framleiðslu og sölu á finkorna neftóbaki. Þetta var viðbragð við aukinni notkun á blautu snusi sem á uppruna sinn í Svíþjóð snemma á 19. öld en var bannað árið 1994 með Evrópulöggjöf. Svíþjóð fékk hins vegar undanþágu frá þessari löggjöf vegna menningarstöðu snusins þar í landi. Hér á Íslandi féll íslenskt neftóbak ekki undir reglugerðina.

Kæft í fæðingu

Á tíunda áratug síðustu aldar notuðu fjölmargir ungir karlmenn sænskt snus en færri þurra og grófa íslenska neftóbakið. Það þótti

gamaldags og hallærislegt og aðallega fyrir eldri menn sem tóku í nefið. Halldóra Bjarnadóttir, þáverandi formaður Tóbaksvarnarnefndar, sagði í umfjöllun í dagblaðinu Degi: „Grófkorna neftóbakið eða gamla ruddinn virðist aftur á móti á undanhaldi og hverfur trúlega af sjónarsviðinu með þeirri kynslóð sem nú er komin á efri ár.“

Með auknum vinsældum snusins minnkaði salan á íslensku neftóbaki með hverju árinu. Sígarrettuerykingar voru sem áður talin mesti vágsturinn en vegna útbreiðslu þeirra var ekki talið æskilegt að banna þær með einu pennastriki. Ingibjörg Pálmadóttir, þáverandi heilbrigðisráðherra, seg-

ir við DV að hún hafi skrifað undir reglugerðina sem bannaði sænska snusið alfarið. „Þetta kom til vegna tilmæla frá Landlæknisevntinu. Snusið var talið innihalda mun meira af skaðlegum efnem en íslenska neftóbakið.“

ÁTVR trassaði það hins vegar að gefa upp nákvæma innihaldslýsingu í mörg ár. Árið 2015 var það upplýst að níkotín magn ruddans er margfalt á við snusið en snusið inniheldur meira af krabbameinsvaldandi efnem. Árið 1997 var snusið það nýtt og svo vinsælt hjá ungu fólki að talið var óhætt að kæfa það í fæðingu.

Ruddinn rýkur upp

Fyrstu árin eftir bannið var töluvert mikið um smygl og ungir neytendur streitust við að nota íslenskt neftóbak undir vör. Sumir fluttu inn



töluvert magn og seldu á yfirverði. Þegar á leið minnkaði framboðið og verðið hækkaði og neytendur sættu sig við að nota hið íslenska.

Salan á rudda jókst með hverju árinu. Árið 2000, þremur árum eftir snusbannið, seldi ÁTVR tíu tonn af neftóbaki. Sjö árum seinna hafði það magn tvöfaldast og nú seljast um 40 tonn árlega. Flestir neytendur eru ungir karlmenn.

Til að bregðast við þessu hafa yfirvöld reynt að stýra neyslunni með verðhækkunum um mörg hundruð prósent frá árinu 2003. Tóbaksgjaldið var hækkað mikið árið 2013 sem skilaði sér í tímabundinni minnkun neyslu neftóbaks. Í janúar 2017 var gjaldið hækkað um 77% sem skilaði sér einnig í minni neyslu. En mun það haldast? ■

1981

Dráp þýskan blóma-skreytingar-mann eftir nauðgun

- Í andlegu ójafnvægi
- Skærum stungið í auga
- Vinir ósáttir við fjölmiðla

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Eitt af óhugnanlegustu morðmálum Íslandssögunnar átti sér stað við Grenimel í vesturbæ Reykjavíkur aðfaranótt 17. september árið 1981. Þórnarlambið var þýskur innflytjandi en gerandinn íslenskur maður sem var ekki í andlegu jafnvægi. Það sem flækti málið var að fyrir morðið hafði Þjóðverjinn brotið gróflega á Íslendingnum kynferðislega.

Hittust á Óðali

Hans E.J.A. Wiedbusch var 45 ára gamall, vesturþýskur ríkisborgari, sem hafði flutt hingað til lands fimmtán árum fyrr, árið 1966. Hann nam blómaskreytingar í Hamborg og starfaði um tíma í Ósló áður en hann flutti til Íslands. Hann var ókvæntur og barnlaus en vinmargur og vinir hans hér á landi vissu fullvel að hann hneigðist til karlmannna. Tvo bræður átti Hans í Austur-Þýskalandi sem hann reyndi að fá til Íslands en þarlend stjórnvöld komu í veg fyrir það. Hans starfaði í 14 ár í versluninni Blóm og ávextir en nokkrum mánuðum fyrir hina örlagaríku nótt hafði hann hafið störf hjá Blómavali. Þetta kvöld átti Hans von á tveimur stúlkum í heimsókn en þær afboðuðu sig og því ákvað hann að fara einsamall á skemmtistaðinn Ódal við Austurvöll.

Gestur Guðjón Sigurbjörnsson var 28 ára gamall iðnverkamaður í sælgætisgerð. Gestur hafði lengi átt við mikla erfiðleika að stríða, bæði geðræna kvilla og misnotkun áfengis. Hann átti í erfiðleikum í skólagöngunni og var á þessum tíma orðinn tauga- og kvíðasjúklingur. Við kvillum sínum notaði hann sterk lyf og dvaldi á geðdeild Landspítalans. Þann 15. september árið 1981 var Gestur útskrifaður af geðdeildinni en var þó ekki í góðu jafnvægi og nóttina eftir svaf hann lítið. Hann hélt þá á Ódal til að skemmta sér og hitti þar fyrir Hans Wiedbusch.

Vaknaði við nauðgun

Hans og Gestur höfðu aldrei hist áður en þeir ræddu þar saman við drykkju. Eftir nokkra stund bauð Hans Gestu heim til sín á Grenimel 24 og sagðist eiga nóg af áfengi þar. Þeir fóru þangað, settust niður og héldu drykkjunni áfram. Plötur voru settar á fóninn og kveikt í hasspípu. Seinna kom í ljós að Hans ræktaði sjálfur kannabisplöntur, bæði á heimili sínu og í Blómavali.

Við þetta varð Gestur mjög slappur en Hans bauð honum þá að gista hjá sér. Gestur tjáði Hans að hann ætti í erfiðleikum með svefn en Hans færði honum þá tvær svefntöflur sem Gestur tók og sofnaði skömmu síðar.

Um nóttina vaknaði Gestur skyndilega og fann að eitthvað var að. Hans hafði þá klætt hann úr fötunum og var að hafa endaparmssamfarir við hann. Brá honum mjög við þetta, stökk upp og hljóp inn á salernið. Þar fékk hann þá hugmynd að drepa Hans og greip skæri sem hann fann. Hann gekk inn í stofu að Hans með skærin fyrir aftan bak og rak þau svo beint í brjóstið á Hans sem greip um úlnið Gests og hrópaði: „Biddu guð að hjálpa þér!“ Hans náði skærunum af Gestu sem fór þá inn í eldhús og náði í búrhníf og önnur skæri.

Stakk Gestur Hans þá ótal sinnum með hnífnum, lagðist ofan á hann og reyndi að kæfa hann með höndunum. Þegar það gekk ekki tók hann hin skærin og rak þau í augntóftina, inn í heila, og lést Hans þá samstundis.

Gestur gekk nú um íbúðina og tók peninga og ýmis rafmagnstæki sem hann fann. Fór hann síðan út án þess að fela líkið eða slökka ljósin.

Samkynhneigðir undir grun

Strax daginn eftir fór samstarfsfólk Hans í Blómavali að hafa áhyggjur þegar hann skilaði sér ekki til vinnu, enda var hann talinn samviskusamur með eindæmum og



Gestur Guðjón Sigurbjörnsson
Dæmdur í átta ára fangelsi.

ólíkt honum að tilkynna ekki föföll. Þær áhyggjur jukust þegar Hans svaraði hvorki síma né dyrabjöllu.

Gestur fór hins vegar til vinnu morguninn eftir en augljóslega ekki í jafnvægi. Hann sagði vinnufélaga sínum frá því að hann hefði drepið mann en henti jafnframt þýfinu í Reykjavíkurtjörn þennan sama dag. Næstu nótt svaf Gestur ekkert og mætti síðan ekki til vinnu föstudaginn 18. september.

Það var einmitt dagurinn sem nágrenni úr kjallaranum á Grenimel fann Hans látinn og gerði lögreglu viðvart. Þegar lögregla kom fann hún Hans á stofugólfinu, nakinn og þakinn stungusárum. Skærin stóðu enn þá út úr öðru auganu og blóðslettur sáust um alla íbúðina. Hnífsblað sat fast í rifjabeini og við krufningu kom í ljós að hnífurinn hafði skemmt flest öll mikilvægustu líffærin.

Rannsóknin beindist fyrst að hópi samkynhneigðra karlmannna sem vitað var að Hans hafði umgengist reglulega. En eftir að ábending barst frá samstarfsmanni Gests í sælgætisgerðinni var farið að heimili hans á laugardeginum og hann handtekinn mótþróaust. Gestur játaði strax

verknaðinn og lýsti skilmerkilega frá öllu því sem hann mundi eftir frá þessari nótt.

Vinir stigu fram

Vinum Hans fannst yfirlýsingar lögreglunnar og skrif dagblaða um málið ósanngjörnt en þar var greint frá frásögn Gests. Þeir gáfu út yfirlýsingu sem birt var í nokkrum dagblöðum þann 23. september þar sem umfjölluninni var harðlega mótmælt. „Okkur var vel kunnugt um að Hans var „homosexual“, en það kom ekki í veg fyrir að hann átti stóran hóp vina, karla sem kvenna, fjölskyldna sem einhleypra, sem kunnu að meta mangildi hans ... Þar sem hinn látni getur ekki varið sig sjálfur, krefjumst við þess í minningu hans að leiðrétt sé sú villandi mynd sem af honum hefur verið gefin í fjölmiðlum.“

Við geðrannsókn var Gestur metinn sakhæfur en ýmsir fyrirvarar þó settir á. Að sögn læknisins var hann treggefinn, með persónuleikatruflanir og skorti hæfileika til að mynda varanleg tengsl við fólk. Í skýrslunni segir: „Að öllum þessum atriðum samanlögðum er ekki að undra þótt viðbrögð hans geti orðið heiftarleg og allt að því tilviljunarkennd þegar hann er undir miklu álagi.“ Gestur sagði sjálfur að runnið hefði á hann æði inni á salerninu.

Í apríl árið 1982 var Gestur dæmdur í héraði til 12 ára fangelsisvistar fyrir manndráp. Var það metið til refsíminkunar að hann hafði verið í æðiskasti og því ekki um morð að yfirlögðu ráði að ræða. Einnig var það tekið til greina að hann hafði játað strax og sagt lögreglunni vel frá. En hrottaþapur árásarinnar var hins vegar metinn til refsíþyngingar. Hæstiréttur mildaði dóminn um fjögur ár í júní árið 1983 og tók tillit til þess að Gestur hefði orðið fyrir alvarlegri kynferðisárás skömmu fyrir manndrápið. Gestur lést árið 1999. ■

Úr annálum

1753 Lamb var dregið frá á á Ölfersvatni um Ólafsmessu seinni, gömlu. Höfuðið sneri upp í loft að hryggnum, með öngvum augum og öngvum nasaholum, vantaði efra skoltinn, dautt.

- Ölfusvatnsannáll



1815 Olafur eittraði barnaði og smitaði stúlkur

Ólafur Loftsson frá Fljótshlíð ólst upp í fátækt en lærði til læknis við Edinborgarháskóla. Þar eignaðist hann barn með skoskri stúlku en skildi hana þar eftir eina. Hér á Íslandi var hann sagður eittraður vegna þeirra slúðursagna og rógburðar sem hann bar í útlandinu um Íslendinga, sér í lagi í tengslum við rannsóknarleiddangur kollega hans frá Edinborg sem hann aðstoðaði árið 1810. Ólafur var einnig kvennaflagari af verstu sort og barnaði alls sjö íslenskar stúlkur á örfáum árum, þar af voru þrjár óléttar eftir hann á sama tíma haustið 1805. Ekki nóg með það þá dreifði hann einnig sárásótt sem hann hafði fengið í Skotlandi. Síðast var vitað um ferðir hans á bandarísku herskipi árið 1815, þá var hann 32 ára gamall.



1963 Mjólk í búðir

Þann 5. september árið 1963 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur að skoða leiðir til að matvöruverslanir fengju að selja mjólkurvörur en Samsölubúðir Mjólkursamsölnar höfðu þá einkaleyfi á að selja mjólkurvörur síðan 1934. Tillagan kom frá Sigurði Magnússyni, kaupmanni í Austurveri, og var hún samþykkt einróma. Matvöruverslanir þurftu þó að uppfylla viss skilyrði og breyta þurftu heilbrigðissamþykkt borgarinnar. Á næstu árum fjaraði undan Samsölubúðunum þegar sífellt fleiri matvöruverslanir seldu mjólk. Sala var gefin að öllu leyti frjáls árið 1977. Síðustu Samsölubúðinni, við Laugaveg 162, var lokað árið 1986.

Hátíðin Eistnaflug í Neskaupstað er fyrir löngu orðin að einum helsta hornsteini íslenskrar rokktonlistar. Fræg fyrir gott andrúmsloft og að ofbeldi sé ekki liðið. Íþróttakennarinn **Stefán Magnússon** kom hátíðinni á legg árið 2004 en hann hefur nú ákveðið að segja sig frá skipulagningunni. Kristinn hjá DV hitti Stefán á Hard Rock Café, þar sem hann er framkvæmdastjóri, og ræddi við hann um æskuárin, hátíðina og álagið sem var hætt að vera honum hollt.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Við setjumst niður í kjallaranum á Hard Rock við borð undir gítar frá sjálfum Dan Spitz úr Anthrax, sem er mjög viðeigandi. Stefán segir: „Tónlistin er mjög stór hluti af því hver ég er og það hefur alveg háð mér hversu sterkt afl tónlist er í mínu lífi. Þegar ég var að alast upp þoldi ég ekki þá tónlist sem var spiluð í útvarpinu. Ég segi það mjög einlægt að ég hataði löggin með Pálma Gunnars og þess háttar popp. En þegar ég heyrði fyrst í hljómsveitum á borð við Napalm Death, Dio, Slayer og Metallica þá breyttist allt.“

Krakkarnir stofnuðu körfuboltadeild

Stefán er 41 árs og alinn upp í Hveragerði. Hann er elstur fjögurra systkina og foreldrar þeirra ráku gróðrarstöðina Grósku. Hann var sprækur sem barn og stundaði íþróttir grimmt. „Kannski var ég svona rosalegur A-maður. Auk íþróttanna var ég mjög virkur í félagslífinu og var farinn að skipuleggja ýmsa viðburði strax í grunnskóla.“

Fótbolti, handbolti og badminton voru hans ær og kír þar til í tíunda bekk þegar hann og bekkjarbræður hans stofnuðu körfuboltadeild. „Á þessum tíma var enginn körfubolti í Hveragerði. Við, krakkarnir í gaggó, gengum í hús og söfnuðum áheitum til að setja upp körfur í íþróttahúsið og fengum okkur þjálfara.“ Eftir einn vetur var ákveðið að setja körfuboltadeildina inn í íþróttafélagið Hamar. „Þeir sáu að það var ekki hægt að láta einhverja krakka halda utan um þetta þannig að þetta frumkvæði okkar var tekið alla leið.“

Síðan þá hefur körfuknattleikur verið flaggskip Hamars. Kvinnaliðið komst í úrslitakeppnina árið 2011 og karlaliðið hefur í tvígang komist í úrvalsdeild. Stefán spilaði með liðinu þegar það komst upp í fyrstu deildina en hætti þá. „Eftir á að hyggja hefði ég ekki átt að hætta. En ég var þá með barn á leiðinni og þetta hefði þýtt mikla fjarveru.“

Með ungbarn á heimavist

Stefán sagði þó ekki skilið við íþróttirnar því hann fór í Menntaskólann á Laugarvatni og svo



Þetta hefði ekki gerst ef ég hefði ekki verið að halda Eistnaflug

Banaslysið breytti öllu

í Íþróttakennarskólann. Í menntaskólanum kynntist hann verðandi eiginkonu sinni, Hrefnu Hugosdóttur, hjúkrunar- og fjölskyldufræðingi, þegar hann var 19 ára. Hann segir að þetta hafi verið ást við fyrstu sýn og sú ást hafi enst allar götur síðan, í 22 ár. Þau eiga tvö börn, Júlíus Óla, 19 ára, og Ragnheiði Maríu, 13 ára.

Júlíus fæddist þegar Stefán og Hrefna voru enn á heimavist.


Hvernig var að eignast barn í heimavistaraskóla?

„Það var svolítið sérstakt, bæði þegar Hrefna var ólétt og eftir að Júlíus fæddist. Eðlilega var mikið ónáði og partústand. Eftir að hann fæddist þurfti ég stundum að taka hann með mér í tíma og hann var

skrifaði um skólaföndu.“ Hann segir samt að þau hafi aldrei fundið fyrir neinum fordómum verandi svo ungir foreldrar. Skólayfirvöldin gerðu allt til að gera þeim vistina með Júlíus sem þægilegasta. „Síðasta árið vorum við komin í séríbúð því það var ekki hægt að vera á vistinni með hann. Gleðin á staðnum var einfaldlega of mikil.“

Fordæmalaus vöxtur

Tónlistin hefur verið samofin lífi Stefáns frá því hann var barn. Hann lærði á trommur í lúðrasveit og stofnaði svo ýmsar hljómsveitir með félagum sínum. Þekktust þeirra var pönkhljómsveitin Dys sem gaf út tvær plötur. Dys var þá hluti af lítilli en öflugri rokksenu sem kennd er við harð-



Með Eistnaflug í 13 ár „Eistnaflug varð aldrei eins fyrir mig eftir þetta, ekki fyrir mig“ MYNDIR SIGTRYGGVARI

ar seldir. Það voru mikil viðbrigði fyrir Stefán og Hrefnu að flytja austur og búa fjarri rokkgláumnum sem þau vildu ekki missa af. „Ég lét á þetta reyna og fékk 400 þúsund kall í styrk fyrir rútu frá menningarráði. Hljómsveitirnar komu og spiluðu einn dag og svo var partí heima hjá mér.“

Ákveðið var að halda hátíðina aftur næsta ár og svo koll af kolli. Hún stækkaði mjög hratt milli ára og árið 2010 voru gestirnir orðnir um 1.500 talsins. Stefán segir árið 2008 vissan vendipunktur. „Þarna komu guðirnir í HAM á svæðið. Þetta var líka árið þegar fyrsta erlenda bandið kom á hátíðina.“ Sífelld fjölgaði einnig í hópnum sem kom að skipulaginu. Meðal þeirra voru Guðný Thorarensen, Gísli Sigmundsson og Karl Óttar Pétursson.

Flestar hljómsveitirnar sem spila á Eistnaflugi eru íslenskar, bæði stór nöfn á borð við Skálmöld, Dimmu og Sólstafi, en einnig minna þekkt bönd sem eru að brjótast fram á sjónarsviðið. Rísastór erlend rokkbönd hafa einnig stigið þar á svið. Má þar helst nefna Napalm Death, Meshuggah, Opeth, At the Gates og Cavalera-bræður. „Ég sagði það alltaf í gríni að ég myndi hætta þegar ég fengi Slayer til að koma ... og það mun-aði engu nú í sumar. Þeir buðu mér dagsetningu en hún var á sama tíma og Secret Solstice.“

Banaslýsið 2010 breytti öllu

Árið 2010 voru tekin stór skref í að gera hátíðina fagmannlegri en áður, með betri aðstöðu, lög-gæslukostnaði og fleiru. Þá spilaði stór erlend hljómsveit í fyrsta skipti, Napalm Death, og áhuginn var gríðarlegur á hátíðinni. Stefán segir jafnframt að þetta hafi verið erfiðasta hátíðin þar sem ung kona lést af slysförum. „Þetta breytti öllu,“ segir Stefán og það er augljóst að það er erfitt fyrir hann að rifja þennan tíma upp.

Hugsadur þú um að hætta?

„Já, Jesús minn. Ég skil enn þá ekki af hverju ég hætti ekki eftir þetta. Við fengum mikinn stuðning en þetta var rosalegt áfall fyrir alla sem tengjast Eistnaflugi, sama hvort um er að ræða hátíðahaldara, björgunarsveit og öryggisgæslu, heimamenn og svo auðvitað Eistnaflugsgesti, sem þekkjast margir hverjir mjög vel. Á þessum árum töluðum við um Eistnaflugsfjölskylduna.“

Stefán segist alla tíð hafa kennt sjálfum sér um slysið. „Þetta hefði ekki gerst ef ég hefði ekki verið að halda Eistnaflug. Ég hef aldrei getað sætt mig við þetta og sennilega er það eðlilegt. Maður hugsar oft til fjölskyldu hennar og vina. Það misstu margir mikið þarna og Eistnaflug varð aldrei eins fyrir mig eftir þetta, ekki fyrir mig. Þetta fyllti mann kvíða og það var sérstaklega erfitt að koma aftur ári seinna og árin þar á eftir. Ég drakk bara þeim mun meira um Eistnaflugshelgina til að komast í gegnum dagana.“

Í annað skiptið sem Stefán hugsaði verulega um að hætta var árið 2014. „Hátíðin var sérstaklega stór það árið og ég var alveg úrvinda. Ekki bara út af Eistnaflugi heldur var almennt mikið álag á mér það árið. Ég fékk til dæmis tvisvar sinnum lungnabólgu og var útkeyrður.“

Leitadur þú þér aðstoðar?

„Já, ég fór og hittu sálfræðing og ræddi málin eins og ég mögulega gat. Þegar ég horfi til baka hefði ég átt að hætta á þessum tíma. Það var orðið of erfitt að halda þetta.“

Varstu undir þrýstingi um að halda áfram?



Ungur pabbi „Síðasta árið vorum við komin í séríbúð því það var ekki hægt að vera á vistinni með hann. Gleðin á staðnum var einfaldlega of mikil.“

„Já, og eðlilega. Þessi hátíð er orðin ákveðin stofnun og prófsteinn fyrir yngri hljómsveitir. Sjá um Auðn núna, Kontium, Vintage Caravan, Sólstafi, Une Misere, Zhrine og Skálmöld. Allar þessar hljómsveitir sem hafa verið að spila erlendis hafa komist í kynni við fólk á Eistnaflugi sem kemur þeim svo áfram. Stökkpallurinn er þarna.“

Stóð með sjálfum sér og hætti

Kom til tals að flytja hátíðina til Reykjavíkur?

„Já, þetta er það heimskasta sem þú gerir, að vera með hátíð á Íslandi svo langt í burtu frá höfuðborginni. Sérstaklega þegar ferðakostnaðurinn er tekinn inn í. Það er ekkert vit í þessu. En kosturinn við fjarlægðina er sá að fáir myndu keyra í tíu klukkutíma til þess að vera leiðinlegir. Ég er sannfærður um að vegalengdin grisji út fávítana í þessu tilviki.“ Eins og flestir vita þá er einkennisorð Eistnaflugs: Bannað að vera fávítu!

Eins og greint hefur verið frá var mætingin á Eistnaflug árið 2017 langt undir væntingum og mikill halli á rekstrinum það árið. Stefán segir ástæðuna hafa verið hrun í komu erlendra gesta. „Við vorum með stærsta og opnasta hljómsveitaúrval frá upphafi og auglýstum vel. En krónan er sterk og ferðakostnaður hár. Erlendir gestir hafa aldrei verið færri en 500 undanfarin ár og hæst farið upp í 800. Ég held að við höfum ekki náð 50 í sumar.“

Þetta reyndist vendipunkturinn hjá Stefáni þegar kom að Eistnaflugi. „Það kom að því að ég myndi standa með sjálfum mér. Ég gerði það ekki 2010 og ekki 2014, en þarna gat ég ekki meir. Að klára þessa stórkostlegu hátíð þar sem allt gekk vel og sjá að niðurstaðan var þessi.“

Stefán ákvað að hætta að skipulagja hátíðina en Karl Óttar náði á fjórum mánuðum að safna hópi til að halda Eistnaflugi gangandi, hópi sem meðal annarra inniheldur Helgu Dóru Jóhannesdóttur, Guðmund Rafnkel Gíslason og Ólaf Pál Gunnarsson útvarpsmann. „Ég var mjög svekktur að hætta við þessar aðstæður en er afar ánægður að þetta haldi áfram.“

Fimm sjálfsvíg í senunni

Á síðasta Eistnaflugi voru haldnar umræður í tengslum við geðheilbrigði. Þunglyndi og sjálfsvíg

Við höfðum talað um að halda svona umræður áður en þegar Bjarni dó urðum við að gera þetta

hafa verið eitt stærsta vanda-mál samfélagsins undanfarin ár og þungarokkheimurinn hefur ekki farið varhluta af því. Á árinu 2017 sviptu fimm ungir strákar í rokkxenunni sig lífi. Þar á meðal Bjarni Jóhannes Ólafsson, forspraki hljómsveitarinnar Churchhouse Creepers.

„Þetta ár, 2017, var svo erfitt. Það voru góðar stundir inni á milli en það kom hvert áfallið á eftir öðru. Við höfðum talað um að halda svona umræður áður en þegar Bjarni dó urðum við að gera þetta.“

Sálfræðingur stýrði umræðunum og Hrefna og Jónas Sig tónlistarmaður voru í panel. Stefán segist ánægður með að hafa stigið þetta skref en dagurinn hafi verið ákaflega erfiður þegar umræðurnar og sögurnar byrjuðu. „Það var troðfullt og fólk hafði mikla þörf fyrir að tjá sig um þessi mál. Kvíði og þunglyndi eru mjög algeng í þessari senu eins og annars staðar í samfélaginu. Ef einhver þekkir kvíða þá er það ég. Ég var með brunakvíða þar til fyrir þremur árum þegar hann hvarf af einhverjum óútskýrðum ástæðum.“

Er þetta sérstaklega mikið vandamál í tónlist?

„Ég held ekki. Íslendingar eru kvíðnir og þunglyndir. Ég er skít-hræddur um að þessi síma- og spjaldtölvuvæðing sé að aftengja fólk frá því sem veitir okkur hamingju. Heimurinn er rammaður inn í skjáinn. Unga fólk fylgist frekar með Snapchat-stjörnunum sem eru misgáfulegar í stað þess að fara í ræktina eða hitta fólk, en við sem erum eldri þurfum líka að vara okkur. Þetta hefur áhrif á hjónabönd og samveru með börnum okkar. Það þarf líka að keyra einhverja almennilega neyðaráætlun í gang herna á landi. 26 manns létust í bílslysum en 40 sviptu sig lífi á síðasta ári. Að stofna nefndir er ekki nóg, það þarf að setja fjármagn í geðheilbrigðiskerfið og hvaða bull er það að þjónusta tengd geðheilbrigði sé ekki niðurgreidd.“

Úr kennslunni í veitingarekstur

Stefán starfaði sem íþróttakennari í 14 ár en hætti vegna reglugerðar um sundpróf. „Menntamálaráðuneytið stillti íþróttakennurum upp við vegg. Allir sem ætluðu að kenna áfram urðu að taka prófið sem meðal annars fólst í því að kafa eftir hlutum eins og smábörn. Ég streitist við í tvö ár en tók svo prófið þegar skólastjórnin var kominn í vandræði. Þegar ég kom heim grét ég, mér fannst þetta svo niðurlægjandi og skildi ekki í því af hverju íþróttakennaraprófið dugði ekki. Ég ákvað að hætta að kenna eftir þetta próf. Ég var svo ósáttur við þessi vinnubrögð að ég ákvað að gera eitthvað annað.“

Um tíma starfaði Stefán sem einkaþjálfari og einnig rak hann Skúla Craft bar. Í ágúst bauðst honum staða framkvæmdastjóra Hard Rock Café. Hann fór út til Flórens í svokallaðan Hard Rock-skóla og kynntist þar öllum hliðum rekstursins og prófaði allar stöður. Þegar hann sneri heim var verið að opna nýja staðinn við Lækjargötu, sem er töluvert öðruvísi en sá gamli í Kringlunni. Á efri hæðinni er veitingastaður, á jarðhæðinni búð og í kjallaranum er glæsilegur salur með fullkomnu hljóð- og ljósakerfi. Í kjallaranum er hægt að halda alls konar viðburði. Tónleikar, uppistand og aðrar skemmtanir eru tíðar og einnig giftingar- og fermingarveislur.

Telur þú að reynslan frá Eistnaflugi hafi hjálpað þér?

„Alveg klárt mál. Ég var með þrjú þúsund manns á herðunum í alls konar ástandi og þurfti að glíma við allan fjandann. Eistnaflug var mjög góður skóli. Mér finnst kjallariinn herna skemmtilegastur og að skipuleggja tónleika og viðburði á vel við mig. Þetta er krefjandi en líflegt starf og ég tekst á við nýja hluti á hverjum degi. Mér líður mjög vel núna, við fjölskyldan erum brosandi, hress og kát, og þá er lífið gott. Mér líst vel á hvernig árið 2018 er að byrja.“

Karen mætir fordómum fyrir að vilja ekki eiga börn

Karen er 25 ára og vill ekki verða móðir
Frjósemi íslenskra kvenna aldrei minni



Yngri kynslóðin skilningsríkari
Aðspurð segir Karen viðbrögð fólks við ákvörðun hennar aðallega lýsa sér í undrun og hneykslunarsvip. Einstaklingar af yngri kynslóðinni séu þó móttækilegri fyrir þessum hugsunarhætti en þeir sem eldri eru.

Auður Ösp Guðmundsdóttir
auður@dv.is

Við erum ekki öll gerð fyrir sömu hlutverk í lífinu, og það á við um öll hlutverk, líka foreldrahlutverkið," segir Karen Guðnadóttir, 25 ára, sem hefur kosið að sneiða hjá barneignum. Hún hefur fengið mismunandi viðbrögð við ákvörðun sinni og bendir á að enn í dag sé litlið á móðurhlutverkið sem fyrsta og síðasta hlutverk kvenna í lífinu. Raunveruleikinn sé hins vegar sá að það sama henti ekki öllum og því eigi hver og einn rétt á að lifa lífinu á sínum forsendum. Bendir hún á að þrátt fyrir að jafnréttisbaráttan sé komin eins langt og raun ber vitni þá sé umræðan ennþá afar stöðnuð þegar kemur að konum og móðurhlutverkinu.

Umræðan að opnast

Hlutfall vestrænna kvenna sem kjósa að eignast ekki börn hefur farið síhækkandi undanfarin ár. Þannig hafa fjölmargar þekktar konur í Hollywood á borð við Jennifer Aniston, Cameron Diaz, Oprah Winfrey og Helen Mirren stigið fram opinberlega og sagt frá ákvörðun sinni um að hafna móðurhlutverkinu.

Sem dæmi má nefna að í Bandaríkjunum hefur hlutfall barnlausra kvenna farið úr 1 af hverjum 10 upp í 1 af hverjum 5 síðan árið 1970. Á Ítalíu er talið að fjórðungur kvenna hafni barneignum. Þá hefur fæðingatiðni í Danmörku hrapað svo mjög að ferðaskrifstofur hafa hrundið af stað auglýsingaherferðinni „Do it for Denmark“ þar sem barnlausum pörum er boðinn sérstakur afsláttur á hótélum og gistiheimilum með það að markmiði að þau muni geta þar barn.

Frjósemi kvenna minni en nokkru sinni fyrr

Líkt og fram kom í tölum Hagstofu Íslands í apríl síðastliðnum er frjósemi kvenna á Íslandi minni en nokkru sinni fyrr og fæddust færri börn árið 2016 en árið á undan. Þá heldur meðalaldur frumbyrja



Sátt við lífið Karen og eiginmaður hennar, Stefán Már Jónasson, hafa verið giftir í sex ár og kjósa að vera tveggja manna fjölskylda.

áfram að hækka og var 27,7 ár í fyrra. Helsti mælikvarði á frjósemi er fjöldi lifandi fæddra barna á ævi hverrar konu. Yfirleitt er miðað við að frjósemi þurfi að vera um 2,1 barn til þess að viðhalda mannfjöldanum til lengri tíma litlið. Árið 2016 var frjósemi íslenskra kvenna 1,75 börn á ævi hverrar konu og hefur hún aldrei farið lægra frá því að mælingar hófust árið 1853. Árið 2015 var frjósemi 1,81 en það er næstlægsta frjósemi sem mælst hefur hér á landi. Undanfarinn áratug hefur frjósemi á Íslandi verið rétt um tvö börn á ævi hverrar konu. Frjósemi á Íslandi hefur þó verið með því mesta sem þekktist í Evrópu á síðustu árum.

Frelsið dýrmætt

Í nóvember 2015 ræddi DV við fjórar íslenskar konur um þá ákvörðun þeirra að sneiða hjá barneignum. Ein af þeim er Björk Úlfarsdóttir sem sagði metnað sinn í námi og starfi vera helstu ástæðuna fyrir því að hún kjósi að sleppa barneignum.

„Mín helsta ástæða fyrir að vilja ekki eignast börn er að mín framtíðarsýn hefur alltaf beinst

„Þú getur ekki saknað einhvers sem þú hefur aldrei átt. Það er líka hægt að eiga börn og sjá eftir því. Þess vegna verður þú að treysta á innsæi þitt hvað þetta varðar, treysta á sjálfan þig í nútímanum.

fyrst og fremst að frama mínum. Ég hef alltaf séð fyrir mér að vera mjög metnaðarfull gagnvart framtíðarvinnunni minni og finnst börn einfaldlega ekki passa inn í þá mynd. Síðan eru börn að sjálf-sögðu dýr í rekstri en eru þó ekki metin til fjár fyrir foreldrana en ég hef alltaf hugsað mér að eyða peningunum í eitthvað annað. Auk þess er gríðarlega mikil ábyrgð sem fylgir því að ala upp einstakling og ég hreinlega get ekki hugsað mér að koma með manneskju inn í þennan heim.“

Mikilvægt að treysta á innsæið

Karen og eiginmaður hennar, Stefán Már Jónasson, hafa verið giftir í sex ár og eru í dag búsettir í smábæ í suðurhluta Danmerkur. Karen kveðst í raun alltaf hafa vitað að móðurhlutverkið hentaði henni ekki en nýlega tjáði hún sig um ákvörðun sína í pistli á vefknuz.is. Í samtali við dv.is segir hún það í raun sorglegt að það sé fréttæfni að kona kjósi að eignast ekki börn en það sé til marks um þann hugsunarhátt sem ríki í samfélaginu.

Aðspurð segir hún viðbrögð fólks við ákvörðun hennar aðallega lýsa sér í undrun og hneykslunarsvip. Einstaklingar af yngri kynslóðinni séu þó móttækilegri fyrir þessum hugsunarhætti en þeir sem eldri eru.

Spurningar á borð við „En hver á að sjá um þig í ellinni?“ eru algengar en Karen segir það fáránlegan rökstuðning fyrir barneignum.

„Þarna er ég í raun að dæma hugsunarhátt annarra en í raun verð ég að gera það í þessu tilviki. Það er til dæmis ekki sjálfsagt þegar þú eignast barn að það muni lifa lengur en þú. Eins er það ekki sjálfsagt að ég eigi sjálf eftir að vera gömul. Ég gæti dáið á morgun. Framtíðin er svo óútreiknanleg og við vitum aldrei hvað getur gerst.“

Eins er algengt að þeir sem kjósa barnleysi fái að heyra að þeir séu að missa af stórkostlegri lífsreynslu. Karen bendir á að það sé margt annað sem hægt er að fara á mis við í lífinu heldur en barneignir.

„Málið er líka það að þú getur ekki saknað einhvers sem þú hefur aldrei átt. Það er líka hægt að eiga börn og sjá eftir því. Þess vegna verður þú að treysta á innsæi þitt hvað þetta varðar, treysta á sjálfan þig í nútímanum.“

Samfélagslegur heilabvottur

„Einu sinni líkti ég barneignum við dóp. Þá var horft á mig með augum eins og ég væri bara ég veit ekki hvað. Ástæðan fyrir samlíkingunni er sú að dóp og barneignir eru eitthvað sem þú getur ekki prófað og svo hætt við. Í raun eru barneignirnar meiri skuldbinding, því maður hefur heyrt sögur af fólki sem fer í árangurs-



Sífelldt algengara að kjósa barnleysi Leikkonan Helen Mirren er ein þeirra Hollywood-kvenna sem hafa talað opinlegt um þá ákvörðun sína að eignast ekki börn.

ríka meðferð við fíkn. Það er ekki hægt að skila barninu ef þér líkar ekki foreldrahlutverkið.

Verstu viðbrögðin sem ég hef fengið voru frá barni sem spurði mig hvort að ég hataði börn. Þarna upplifði ég þennan samfélagslega heilabvott.“

Þá segir hún það annan algengan misskilning hjá fólki að konum sem vilji ekki verða mæður hljóti að vera illa við börn. Hjá henni er það andstætt.

„Mér finnst náttúran yndisleg og skil fegurðina á vexti fósturs í móðurkviði þótt ég vilji ekki upplifa það sjálf. Engin röð er ein, það kennum við börnunum, en í vissum hlutum þrýstum við tilteknum viðhorfum upp á samfélagið.“

Karen bendir einnig á hvað þrýstingur samfélagsins varðandi barneignir getur verið særandi, þá sérstaklega fyrir þá sem vilja eiga börn en geta það ekki.

„Að benda pörum eða einstaklingum á að það sé kominn tími á þau eða að segja setningar á borð við „hvenær ætlið þið svo að koma með eitt kríli?“ eru þær leiðinlegustu, sorglegustu og fáránlegustu sem ég hef upplifað. Lífið er ekki einhver röð af hlutum sem við eigum að gera. Í fyrsta lagi: Þú gætir verið að spyrja einhvern sem hefur nýlega misst fóstur eða langar í barn og getur það ekki af ýmsum ástæðum. Í öðru lagi: Þetta er mjög persónulegt og kemur þér ekki við.“

Hún segir mikilvægt að láta ekki aðra hafa áhrif á val sitt. „Þetta er þitt líf og ef þínar ákvarðanir særa ekki aðra þá skil ég ekki af hverju þú mátt ekki bara fara þá leið sem þú vilt í lífinu.“ ■

Brot af því besta

19. janúar 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sverrisson / agustb@dv.is



fairvape

Fákafen 11

Sími: 787-7040

Ísinn er þungamiðjan

UNGÓ, HAFNARGÖTU 6, KEFLAVÍK



Nammibarinn er glæsilegur og það er 50% afsláttur þrjá daga í viku.



Ísinn í Ungó er ekki lítið vinsæll.

Við fórum í miklar breytingar og endurbætur á sjöppunni fyrir um einu og hálfu ári, lokuðum í mánuð og byggðum staðinn í raun upp á nýtt. Við gerðum miðpunktinn í búðinni að ísbúð og núna er þetta orðin ein af helstu ísbúðum landsins og gefur stærstu ísbúðunum í Reykjavík ekkert eftir. Við erum með 64 tegundir fyrir bragðaref, 18 tegundir af kúluis og fjórar tegundir af ís úr vél," segir Valgeir Magnússon hjá Ungó, Hafnargötu 6 í Keflavík. Ísinn í Ungó kemur frá Kjörís og er afar vinsæll.



Ungó er fjölskyldufyrirtæki en Valgeir keypti staðinn með foreldrum sínum árið 2004. „Foreldrar mínir eru farnir út úr þessu en ég rek staðinn með eiginkonu minni, Þorgerði Sigurbjörnsdóttur," segir Valgeir. Fyrir utan ísinn er Ungó þekkt fyrir úrval af góðum skyndibita, pitsum, ham-



borgurum og pylsum. Vinnandi fólk í Keflavík sækir sér gjarnan hádegismat í Ungó og nemendur úr fjölbrautaskólanum streyma þangað núna eftir að skólaárið byrjaði fyrir skömmu. Valgeir býst við miklum mannfjölda á Ljósanótt sem haldin verður dagana 30. ágúst til 3. september.

„Ég hefði ekki getað beðið um betri staðsetningu fyrir hátíðina en við erum beint á móti sviðinu og bergið

er beint á móti okkur. Síðan er þetta alltaf að stækka. Hátíðin nær hámarki á laugardaginn og þá þurfum við að vera hérna 10 til 15 í afgangi. Veðrið hefur reyndar mikið að segja en í fyrra var sól og blíða og veðurspáin er góð núna," segir Valgeir.

Ungó er líka þekkt fyrir veglegan nammibar en ólíkt mörgum öðrum stöðum þá er 50% afsláttur á nammibarnum ekki bara á laugardögum heldur alla helgina, föstudag, laugardag og sunnudag.

Opnunartími í Ungó er frá 9 á morgnana og til 23 á kvöldin á virkum dögum. Á laugardögum og sunnudögum er opið frá 10 og fram til miðnættis en á Ljósanótt verður opið til eitt um nóttina. Ef þú hefur ekki fengið þér ís í Ungó ennþá er kominn tími til að prófa – og gestir Ljósanætur láta ekki ógert að kíkja í Ungó.

BORTÆKNI

Framúrskarandi þjónusta með nýjustu og bestu tækjum

Starfsmenn fyrirtækisins Bortækni leysa fagmannlega af hendi öll verkefni, stór sem smá, á fljótlegan og skilvirknan hátt. „Við höfum rúmlega 36 ára reynslu sem er dýrmæt og nýttist viðskiptavinum okkar vel. Strax í upphafi var sérstök áhersla lögð á fagleg vinnubrögð og þrífalega umgengni," segir Halldór Kristjánsson verkstjóri.

Nýjustu og bestu tækin

Halldór segir að Bortækni annist margvísleg verkefni, eins og til dæmis kjarnaborun og steypusögun auk þess sem fyrirtækið sérhæfir sig í niðurrifi. „Bortækni hefur á hátt í fjögurra áratuga ferli ávallt lagt mikla áherslu á að veita viðskiptavinum sínum góða og persónulega þjónustu. Með nýjustu og bestu fánlegum tækjum er okkur kleift að bjóða hraða þjónustu á sanngjörnu verði," segir hann.



Leiðandi á íslenskum verktakamarkaði

„Bortækni hefur verið leiðandi í íslenskum verktakamarkaði í gegnum tíðina og ekkert verk er of stórt eða of smátt fyrir okkur. Í dag erum við með með 10–12 starfsmenn sem eru allir búnir að



vera lengi í faginu. Okkur er mjög umhugað um vinnuöryggi og heilsu okkar starfsmanna. Bortækni vinnur mikið í heimahúsum við að



saga glugga, hurðarop og stiga. Fyrirtækið tekur einnig að sér að saga fyrir hita í gólf og sér um að rífa allt, eins og innréttingar, veggir og gólfefni. Við komum á

staðinn og gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu," segir Halldór að lokum.

Bortækni ehf., Miðhrauni 14, 210 Garðabær Símar: 567-7570, 693-7700 Netfang: bortækni@bortækni.is www.bortækni.is

KAFFIHÚS VAR OPNAÐ Í SIGURJÓNSBAKARÍ Í SUMAR

Kærkomið kaffihús í Hólmgarði

Sigurjón Héðinsson hefur verið viðriðin bakari frá árinu 1976 og hann hefur rekið Sigurjónsbakari frá árinu 1988. Það er til húsa í Hólmgarði 2c, fyrir ofan miðbæinn í Keflavík. Þann 17. júní í sumar opnaði Sigurjón síðan kaffihús í Hólmgarði og hefur það gert stormandi lukku.

„Ég var bara með 20 fermetra búð hérna en fór svo upp í 120 fermetra og þá var hægt að opna kaffihús. Þessu hefur verið tekið afskaplega vel enda fannst fólki vanta kaffihús í hverfið og nú er það komið,“ segir Sigurjón. Staðurinn er opin frá 7 á morgnana til 17.30 á virkum dögum og um helgar frá 8 til 17. „Það er súpa, brauð og pestó í hádeginu,“ segir Sigurjón þegar hann er beðinn um að nefna það sem vinsælast er á kaffihúsinu. Einnig hafa sérhannaðir kleinuhringir hans, svokallaðar Héðinsbollur, notið mikilla vinsælda, en sérstafa þeirra felst í miðjunni í kleinuhringnum. „Þetta er framleitt hér frá grunni eftir minni uppskrift. Það er allt of mikið um að bakarar selji innfluttar vörur en ég legg áherslu á að baka hér eftir mínum uppskriftum.“

Sigurjón á von á miklum mannfjölda á Ljósanótt sem er framundan í Reykjanesbæ



Ljómandi huggulegt kaffihús.

en hún verður haldin frá 30. ágúst til 3. september. „Við verðum með tvöfaldan mannskap og gætum þess að allir komist að. Það er pláss til að sitja hér fyrir 40 manns í einu þannig að við erum vel sett. Við verðum með alls konar nýjungar, partibrauð og snittubrauð og svo verð ég með alls konar öðruvísi smurt,“ segir Sigurjón.

Að sögn Sigurjóns er gestahópur kaffihússins í Sigurjónsbakari mjög fjölbreyttur og á öllum aldri. Vinnandi fólk fær sér gjarnan súpu og brauð í hádeginu og

svo staldra oft við hópar eldri borgara á gönguferðum og fá sér kaffi. Þá eru krakkar úr fjölbrautaskólanum þegar farnir að venja komur sínar á kaffihúsið en skólinn er nýbryjaður á haustönninni. Vinnudagur bakara hefst snemma og Sigurjón þekkir ekkert annað en að vakna fyrir allar aldir og halda í vinnuna. „Við byrjum korter fyrir fimm og bakararnir vinna til kl. 14. Kaffihúsið er síðan opið áfram,“ segir Sigurjón. Hann segist ekki þurfa mikinn svefn, 4–5 tímar dugi honum ágætlega.



Sigurjón viðurkennir að bakstur sé mikil nákvæmnessvinna í dag. „Hér áður fyrr, þegar ég var að byrja í þessu, þá var slumpað meira. Til dæmis ein lúka af salti á móti einni skóflu af deigi. En svo hafa menn misstórar hendur. Í dag er allt vigtað nákvæmlega og ytrustu gæðakröfur uppfylltar.“

Sigurjón rekur líka öfluga veisluþjónustu og sinnir jöfnu höndum brúðkaupsveislum, skirnarveislum, afmælum, erfidrykkjum og hvers konar öðrum samsætum. Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér veisluþjónustuna betur er bent á að hringja í síma 821-525 eða 421-5255.

ÓBYGGÐAFERÐIR:

Fjór hjólaferðir fyrir alla

Óbyggðaferðir er fjölskyldufyrirtæki í Fljótshlíðinni sem nú í ár fagnar 11. starfsárinu. Við bjóðum upp á skoðunarferðir á fjór hjólum allt árið um kring, hvort sem er í Fljótshlíðinni eða lengra inn á hálendið. Um síðustu áramót fluttum við aðstöðuna um þrjú kílómetra. Við erum nú staðsett með vinum okkar, Hótel Fljótshlíð, í Smáratúni, sem er svansvottað hótell og veitingastaður.

Að njóta náttúru og úti-veru á fjór hjólum er skemmtileg upplifun. Við bjóðum upp á fjölbreyttar ferðir allt frá tveimur klukkustundum til dagsferða, sem henta jafnt byrjendum sem vönum.

Þórsmörk, Eyjafjallajökull, Tindfjöll og Markarfljótsgljúfur eru dæmi um staði í næsta nágrenni við okkur. Meðal áfangastaða í ferðum okkar lengra inni á hálendið eru Landmannalaugar, Hrafninnusker, Heklu-svæðið og fleira.

Óbyggðaferðir Atv Iceland. is er með aðsetur að Hótel Fljótshlíð Smáratúni. Við útvegum viðskiptavinum hjálma og allan hlífðarfatnað. Fjór hjólaferðirnar með Óbyggðaferðum henta jafnt einstaklingum, fjölskyldum og hópum allt að 40 manns.



Á leið heim úr Þórsmörk.



Godasteinn á toppi Eyjafjallajökuls.

Í samstarfi við Hótel Fljótshlíð er auðvelt að klæðskera skemmtilegt hópefli með möguleika á gistingu, sælkeramat beint frá býli og frá-bærri afþreyingu, hvort sem er á fjór hjóli eða hestum, en að Smáratúni er líka starfrækt hestaleiga á sumrin.

Við leggjum metnað í persónulega þjónustu og að ferðast um landið í sátt við umhverfið og náttúru. Við erum aðeins í 90 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík (113 km).

Heimsókn í Fljótshlíðina svikur engan. Saman getum við búið til uppskrift að góðum degi. Upplýsingar info@atviceland.is eða í sínum 661-2503 (Unnar) og 661-2504.



GULLKISTAN SMÍÐAR EFTIR ÞRjú HUNDRUÐ ÁRA GÖMLU STOKKABELTI

Aldagamlar hefðir og nýmóðins silfursmið, allt í einni kistu

Að koma í Gullkistuna á Frakkastíg er svolítið eins og að kíkja í kistu fulla af gulli og gersemum. Bak við búðarborðið er hún Dóra Jónsdóttir, núverandi eigandi og gullsmiður. Dóra man tímuna tvenna í sögu gullsmíði á Íslandi en hún byrjaði að læra fagið árið 1949 og hefur starfað í Gullkistunni síðan þá. Gullkistuna má líklega titla sem elsta gullsmíðaverkstæði á Íslandi en það var upphaflega stofnað árið 1870 af gullsmiðnum Erlendi Magnússyni. Þá var verslunin staðsett að Þingholtstræti. Í Gullkistunni hefur verið unnið það góða starf að viðhalda hefðum í skartgripagerð og vinna með gamla viravirkni sem og aldagömul mynstur. Gullkistan er þekktust fyrir smíði á skarti fyrir þjóðbúninga út frá gömlum mynstrum og myndum sem Erlendur safnaði á sínum tíma en mótin, sem gerð voru fyrir sandsteypu, fylgdu verkstæðinu. Enn er farið eftir þessum gömlu mynstrum, en gömlu mótin eru nú komin í varðveislu á Árbæjarsafni.

Varðveita þekkinguna
Aðspurð hvort gamla hand-



verkið sé nokkuð að glatast segir Dóra að það sé síður en svo hættu á því. „Gömlu hefðunum hefur alltaf verið haldið vel við hér á landi. Við höfum haft þónokkra lærlinga hjá okkur sem varðveita þekkinguna og þannig mun handverkið varðveitast áfram um ókomna tíð.“ Ásamt því að vera einn helsti fulltrúi þjóðbúningasilfursins á Íslandi þá sinnir Gullkistan að sjálfsögðu almennri þjónustu við gullsmíði svo sem hreinsun og lagfæringu og framleiðir ýmsa fallega gripi út frá eigin höndum, enda leikur málmurinn í fagmannlegum höndum Dóru.

Mynstrin löngu orðin íslensk

Eins og áður sagði þá hannar Gullkistan meðal annars skart út frá eldgömlum mynstrum sem rekja rætur sínar langt aftur í aldir.

Dóra má heita nokkurs konar sérfræðingur í þessum gömlu mynstrum og hún tekur strax til við að fræða blaðamann um efnið. „Myndirnar í mynstrinu segja okkur sögur af riddurum og hetjum í bardögum á þjóðflut-



ingátímanum. Þessi mynstur eru líklega frá miðöldum eða jafnvel eldri og voru að berast hingað smátt og smátt frá meginlandinu. Þeim fylgja engar skýringar

og vinna menn hörðum höndum að því að rannsaka uppruna þeirra. Mynstrin eru nú mörg hver löngu orðin íslensk þar sem þau hafa verið smíðuð hér í mörg hundruð ár. Dæmi er um stökkabelti

á Þjóðminjasafninu í Kaupmannahöfn sem er líklega orðið þrjú hundruð ára gamalt og svo eru sams konar belti á Þjóðminjasafni Íslands frá 16. öld,” segir Dóra.

Aldagömul stökkabelti og nýmóðins tunnel-lokka

Í Gullkistunni hefur engu verið gleymt og gömlu hefðunum ætíð verið haldið þar við. Hjá Dóru er meðal annars hægt að fá eins stökkabelti og það sem finnst á Þjóðminjasafninu í Kaupmannahöfn. Einnig hannar Dóra ný mynstur út frá gömlu mynstrum og notar við smíðar skarts. Svo smíðar hún einnig ýmiss konar nýmóðins skartgripi af mikilli list. Þess má geta að Dóra hefur ekki látið sitt eftir liggja í „tunnel“-æðinu sem gripið hefur landann að undanfögnu, en í Gullkistunni má finna dýrindis silfurlokka sem prýða slík eyrnagöt vel.

Verslunin er staðsett á Frakkastíg 10. Opíð alla virka daga frá kl. 14.00 til 18.00 og laugardaga frá kl. 11.00 til 14.00. Sími: 551-3160 Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um verslunina á heimasíðu verslunarinnar.

KRAFTKORT:

Meira afl og minni eyðsla með tölvustýrðri vélastillingu

Það er merkileg staðreynd að hægt er að auka kraftinn í bílum og spara eldsneyti með því að uppfæra gögn í tölvubúnaði. Vélar í nútímabilum nota tölvukerfi við stjórnun vélarinnar. Fjölmargir skynjarar nema aðstæður og mata vélartölvu bílsins með upplýsingum sem síðan eru notaðar til að stjórna hegðun vélarinnar. Þessir skynjarar mæla t.d. lofthita úti, lofthita í soggrein vélarinnar, vatnshita vélarinnar, stöðu inngjafar, snúningshraða vélar og fjölda annarra þátta sem nauðsynlegir eru til að beita vélinni sem best við viðkomandi aðstæður.

Fyrirtækið Kraftkort, sem staðsett er að Súlunesi 10 í Garðabæ, hefur veitt fjölmörgum bílum aukið afl og dregið úr eldsneytisnotkun þeirra með þessari nútímalegu vélastillingu. Guðmundur Rögnvaldsson, sem rekur fyrirtækið ásamt Ragnari Má Sigrúnarsyni, útskýrir aðferðina svo í stuttu máli:

„Þetta snýst um það að við lesum bíltölvuna og erum í samstarfi við breskt fyrirtæki sem heitir Viezue Technologies



og er einn stærsti aðilinn á þessu sviði. Við sendum þeim skrána sem er á vélartölvunni í bílum. Þeir senda okkur nýja skrá með breyttum stillingum sem við keyrum inn á tölvuna. Forritunin sjálf á sér stað hjá þeim en ekki okkur.“

Öll forritin eru prófuð á dyno-bekkjum hjá Viezu til að sannreyna tölurnar sem gefnar eru upp fyrir hvern bíl. Eins og áður segir stuðlar endurforritunin bæði að auknu afl og meiri sparneytni: „Ef við tökum dísilbíla, þá getum við fengið bæði svokallað Performance Map sem lýtur meira að aflaukningu ásamt því að minnka eldsneytisnotkun, og Eco Map, sem veldur minni aflaukningu en meiri eldsneytisparnaði og dregur úr mengun frá bílum,” segir Guðmundur.

Einnig er hægt að endurforrita vélartölvu í bensín- og

um en fyrir þá er eingöngu til Performance Map. Með auknu aflri erfiðar vélin hins vegar minna og því minnkar eyðsla með sama aksturslagi.

Guðmundur tók við starfsemi Kraftkorts í vor en að hans sögn hefur verið boðið upp á þessa þjónustu í nokkur ár. Sem nærri má geta hefur þjónustan þróast í gegnum árin:

„Bílar eru auðvitað ekki eins og þeir voru fyrir nokkrum árum, það er alltaf að koma eitthvað nýtt og hægt að gera fleira.“

Hér með greininni fylgja nokkur dæmi um bíla sem hafa öðlast endurbætt líf, ef svo má segja, eftir tölvustýrða vélastillingu hjá Kraftkorti.

Sem fyrr segir er fyrirtækið staðsett að Súlunesi 10 í Garðabæ. Heimasíða er kraftkort.net og Facebook-síða www.facebook.com/kraftkortgr. Símanúmer er 857-0210. Hægt er að panta þjónustu eða fá frekari upplýsingar með því að hringja eða senda skilaboð á Facebook-síðunni. Jafnframt er áhugavert að skoða heimasíðu Viezu Technologies, viezu.com.



Þessi 2017 Land Rover Discovery Sport fékk aflaukningu og fór úr 148 hestöflum í 178 hestöflum, togíð fór úr 380 nm í 440 nm.

Ferskasti fiskurinn á landinu

LINDARFISKUR ALINN Í TÆRUM LINDARUPPSPRETTUM

Lindarfiskur er lítið fjölskyldufyrirtæki staðsett í Meðallandinu rétt austan við Vik. „Móðir mín er frá þessari jörð og er staðurinn algerlega einangraður. Aðalverðmætin á jörðinni er allt þetta tæra lindarvatn sem streymir hér beint úr eldhrauninu og því er staðurinn fullkominn fyrir bleikjueldi,” segir Drífa Bjarnadóttir, einn eigandi Lindarfisks. „Við fjölskyldan eigum og rekum Lindarfisk saman. Það eru ég og maðurinn minn, Árni Jóhannsson, systir mín, Sigrún Bjarnadóttir, og foreldrar okkar, þau Helga Ólafsdóttir og Bjarni Jón Finnsson,” segir Drífa.

Alger sjálfbærni

Fyrstu bleikjuhrognin voru tekin hjá fyrirtækinu árið 2011 og síðan þá hefur Lindarfiski svo sannarlega vaxið fiskur um hrygg. „Við stefnum að algerrri sjálfbærni og gerum því allt sjálf. Nýlega fengum við okkur svín sem éta nánast allan afskurðinn af bleikjunum og afgangurinn er svo notaður í áburð. Fiskinn vinnum við alfarið á svæðinu. Það hefur gengið hægt en örugglega að koma fyrirtækinu á þann stað sem það er í dag og munum við von bráðar selja vörur okkar í stórmarkaði. Við höfum meðal annars hannað neytendaumbúðir sem eru svartar og




nær ógegnisæjar til þess að stuðla að ferskari og betri vöru. Að auki höfum við hugsað okkur að fara í útflutning á eldisbleikju, enda erum við með ótrúlega ferska vöru í höndunum,” segir Drífa.

Tærasta vatnið, ferskasti fiskurinn

„Við leggjum mjög mikið upp úr ferskleika, það er eitthvað sem við getum

bara alls ekki slegið af hérna hjá Lindarfiski. Hrognin fáum við frá kynbótastöðinni á Hólum í Hjaltadal sem framleiðir fyrsta flokks hrogn. Þau öllum við svo hér í Meðallandinu í kerjum og svokölluðum lengdarstraumsrennum. Hér rennur ferskt og tært vatn beint úr lindaruppsprettum og fiskurinn er eins ferskur og getur orðið,” segir Drífa.



Hafðu samband

„Við erum aðallega að selja bleikju til veitingastaða sem undantekningalaust lofa bleikjuna okkar í hástert,” segir Drífa. Enn sem komið er selur Lindarfiskur ekki vörur í stórmörkuðum en til þess að versla beint við Lindarfisk er hægt að hringja í Drífu í síma 663-4528 eða senda henni netpóst á drifa@lindarfiskur.com. Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu Lindarfisks og á facebook-síðunni. Einnig heldur Lindarfiskur út síðu á Instagram sem er stórskemmtilegt að fylgjast með.



Einstök þjónusta í umsjón leiguhúsnæðis

DEKURA

Félagarnir Davíð Karl Wiium og Davíð Vilmundarson eru brautryðjendur í umsjón og umsjáslu eigna í skammtímaleigu. Árið 2014 stofnuðu þeir þjónustufyrirtækið Dekura sem sérhæfir sig í umsjón á húsnæði sem leigt er út í gegnum Airbnb og aðra sambærilega vefi. Þá bjóða þeir einnig sérhæfða umsjón gistiheimila af öllum stærðum og gerðum.

Þjónustuframboð Dekura fyrir eigendur húsnæðis í skammtímaleigu spannar vitt svið og leggur fyrirtækið áherslu á að bjóða faglega og heildræna þjónustu til viðskiptavina sinna. Rekstur skammtímaleiguhúsnæðis getur verið ansi tímafrekur og krefst töluverðra fórna og umtalsverðrar skipulagningu af hálfu leigusala. Það

er ótal margt sem þarf að huga að þegar kemur að því að gera leigjanda ánægðan. Fyrir utan það að hafa íbúðina í toppstandi, tandurhreina og allt aðgengi með besta móti þegar nýr leigjandi bankar upp á, þá þarf leigusali að vera til taks til að taka á móti leigjendum og vera auk þess reiðubúinn til að leysa úr hinum ýmsu vandamálum sem upp geta komið á öllum tímum sólarhrings. Samhliða fullri vinnu og fjölskyldu getur þetta verið ansi þungur baggi fyrir leigusala að takast á við. Dekura býður upp á heildarþjónustu sem tekur á öllu því sem viðkemur rekstri á eignum í skammtímaleigu, allt frá þrífum upp í alhliða umsjón eignanna. Þá sér Dekura um öll samskipti við gesti auk þess sem allt lín, handklæði og annað sem þarf að vera til staðar fyrir gesti meðan á dvöl stendur er innifalið í heildarþjónustu félagsins.



Davíð Vilmundarson (t.v.) og Davíð Karl Wiium (t.h.)

Með aðstoð Dekura getur leigusali tekið á móti töluvert fleiri viðskiptavinum en ella og fengið betri umsagnir, sem eykur samfundis verðgildi íbúðarinnar og leigutekjurnar sem af henni koma. Hjá fyrirtækinu starfa í dag 12 manns sem sjá um hin ýmsu verkefni og státar Dekura sig af einu færasta þrífnaðarteymi í bransanum. Auk þess starfrækir Dekura fullbúið þvottahús í höfuðstöðvum sínum við Skólavörðustíg. Eftir fjögur ár í þessum rekstri vita starfsmenn Dekura hvað til þarf til að uppfylla gæðakröfur ferðamanna og hvernig hámarka má nýtingu leiguhúsnæðis.

Þar sem nú er orðið heimilt að leigja út eign sína í allt að 90 daga á ári þá færast sífellt í aukanna að fólk nýti sér þá heimild til að fjármagna að hluta til eða fullu sumarfrí sín. Nú fer að ganga í garð aðal ferðatímabil ársins og því er gott að vera

tímanlega í skipulagningu á útleigu húsnæðis fyrir þau sem á það hyggja. Eins og alþjóð veit er íslenska karlandslíðið á leiðinni á sitt annað stórmót og því lag að leigja út hibiýli sín á meðan til þess að létta undir eða jafnvel greiða fyrir fríið.

Dekura er í nánú samstarfi við teymi sérfræðinga í leyfismálum og aðstoðar viðskiptavini sína við að fá þau leyfi sem þarf, viðskiptavininum að kostnaðarlausu, hvort sem um er að ræða 90 daga leyfi eða fullgilt gistileyfi.

Til þess að panta þjónustu frá Dekura má hafa samband í gegnum vefsíðu fyrirtækisins <https://dekura.is> eða senda póst á netfangið dekura@dekura.is.

SKJÓLVERK

Alhliða viðhald og endurbætur

Byggingafyrirtækið Skjólverk ehf. hefur verið starfandi frá árinu 1987, eða í rétt tæp 30 ár. Meginþungi starfsemi fyrirtækisins liggur í viðhaldi og endurbótum á húsnæði, umfram verkefni á sviði nýbygginga. Skjólverk sinnir reglulegu viðhaldi og endurbótum á hátt á þriðja þúsund íbúðum á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við stærstu fasteignafélög landsins, þar inni eru meðal annars fjölmargar íbúðir í félagslega húsnæðiskerfinu. En Skjólverk sinnir líka þjónustu við einstök húsfélög og vinnur því fyrir bæði litla og stóra aðila.

Reynslu- og þekkingargrunnur

Hjá Skjólverki starfar hópur faglærðra iðnaðarmanna á hinum ýmsu sviðum. Viðtæk þekking þeirra og reynsla gagnast vel við hin ýmsu vandamál sem hefðbundnar byggingaraðferðir á Íslandi hafa í för með sér. Margt er vel gert við byggingu íbúða hér á landi en aðferðirnar og byggingarefnin hafa líka skapað vandamál á borð við húsasveppi, raka, skort á loftun á þökum og slæma hljóðvist. Þessi vandamál takast starfsmenn Skjólverks á við, til dæmis með því að skipta út byggingarefnum þar sem við á. Hér kemur stór reynslubanki Skjólverks að góðum notum en fyrirtækið vinnur auk þess oft í nánu samstarfi við arkitekta og sérfræðinga á sviði bygginga- verkfræði og byggingareðlisfræði.

Heildarmynd og forgangsroðun

Skjólverk kappkostar að beita bestu og nýjustu aðferðum hverju sinni við



lagfæringar og endurbætur. Fyrirtækið virkjar þar, auk þekkingar og reynslu eigin starfsmanna, náð samstarf sitt við sérhæfða samstarfsaðila með mikla menntun og reynslu hver á sínu sviði. Afrakstur þess er lækking viðhaldskostnaðar og betri heildarsýn yfir ástand og rekstur fasteigna.

Skjólverk býður upp á alhliða viðgerðir á öllum tegundum fasteigna, til dæmis glugga- og glerskipti, endurnýjun og viðgerðir á þakefnum, uppsetningu á utanhússklæðningu, pipulagnir, raflagnir, múrvinnu, málun, dúklagnir og fleira.

Auk einstakra viðhalds- og endur-

bótaverkefna býður fyrirtækið upp á nýbyggingar og viðbætur fasteigna og veitir auk þess langtímaþjónustu og ráðgjöf (LCC) vegna viðhalds fasteigna.

Stórt og smátt – allar iðngreinar

Skjólverk tekur bæði að sér stór og smá verk á sviði lagfæringa og endurbóta og vinnur jafnt fyrir stóra sem litla aðila, eins og fyrr segir.

Sérhæfð þekking og kunnátta iðnaðarmanna Skjólverks spannar vítt svið en fyrirtækið hefur á sínum vegum iðnmeistara og faglærða iðnaðarmenn í eftirtöldum greinum:

Húsmiði
Málun
Trésmiði
Innréttingar/hurðir
Múrverk
Dúkalögn/veggfóður
Pípulögn
Pappalagnir/dúkur
Raflagnir



Niðurrif
Blikksmiði
Stíflulosun

Hver sá sem þarf á þjónustu iðnaðarmanna að halda, í stórum sem smáum verkefnum, getur haft samband við Skjólverk og fengið tilboð. Skjólverk er að Funahöfða 8, 110 Reykjavík. Sími er 898-4520 og netfang skjolverk@skjolverk.is. Á heimasíðu fyrirtækisins, www.skjolverk.is, er að finna gagnlegar upplýsingar um starfsemina og þá þjónustu sem í boði er.

Framúrskarandi svalalokunarkerfi, garðskálar, hurðir og gluggar


Skelin ehf., Höfðabakka 9 í Reykjavík, annast framleiðslu og sölu á svalalokunarkerfum, sólstofum og garðskálum, gluggum, hurðum og fleiru frá þýska fyrirtækinu Solarlux. Solarlux er leiðandi fyrirtæki á þessu sviði og einn sterkasti framleiðandi í glerlokunum og gler-skálum, jafnt til notkunar utandyra sem innandyra. Lausnir frá Solarlux eru meðal annars algengar fyrir svalir á fjölbýlishúsum, einkaheimilum, hjá verslunum, sundstöðum, veitingastöðum og víðar. Svalalokunarkerfi fást bæði með og án pósta og hið sama gildir um sólstofur og garðskála. Allar póstalausar svalalokanir eru úr hertu gleri og rafhúðuðum álprófil. Þök eru enn fremur úr álprófil og aldrei notast við plastefni.

Skelin framleiðir enn fremur margar gerðir af handriðum, lokanir á svalaganga og annað þviumlíkt. Er allur frágangur sérlega vandaður og snyrtilegur enda hefur Solarlux bæði gæði og hönnun í fyrirrúmi. Lokanirnar geta verið í hvaða lit sem er.

Skelin hefur hannað öflugt handriðskerfi fyrir íslenskar aðstæður sem hentar mjög vel á fjölbýlishús og svalalokun.

Íslendingar þekja Solarlux

Solarlux svalalokanir hafa verið á íslenskum markaði um árabil og reynslan sýnir að kerfin þola vel íslensku veðráttuna enda geta þau verið fyrir glerþykktir frá 6 upp í 15



millimetra, sem er öflugra en nokkur önnur svalalokunarkerfi á markaðnum.

Meðal helstu kosta svalalokana eru að þær eru auðveldar í notkun, hljóðeinangrun er allt að 17 db, þær verja svalir og tréverk inn af þeim



gegn veðrum og minnka viðhald húsnæðis. Það er auðvelt að þrifa þær að utan sem innan og þær halda ryki og óhreinindum frá svölunum. Svalalokanir hafa auk þess þau þægindi í för með sér að garðhúsgögn, grill og aðrir hlutir geta verið á sama stað allt árið um kring.

Skelin ehf. hefur verið starfandi í rúman áratug og reksturinn gengið mjög vel, sífellt stækkar hópur ánægðra viðskiptavina.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Skeljarinnar ehf., skelinehf.is. Skelin er til húsa að Höfðabakka 9, Reykjavík, og snýr að Vesturlandsvegi. Síminn er 578-6300 og netfangið skelinehf@skelinehf.is.





Fibo baðplötur gera baðherbergið glæsilegt

Þ. ÞORGRÍMSSON & CO, ÁRMÚLA 29

Hinar frábæru Fibo baðplötur hafa slegið í gegn enda eru þær allt í senn stílhreinar, fallegar, auðveldar í ásetningu og til í mörgum litum. Flott hönnun og gæði fara saman við gerð þeirra. Þær eru hreinlegasta og auðveldasta efnið til að nota á veggjum í baðherbergi en henta einnig vel fyrir eldhús, skóla, sjúkrahús, rannsóknarstofur, matvælaíðnað, íþróttahús, búningsherbergi og alls staðar þar sem kröfur um mikið hreinlæti eru gerðar. Mislitun og óhreinindi í fúgum eru ekki vandamál.

Yfirborðið þolir mikinn vatnsþrýsting og hitasveiflur.

Fibo baðplötur eru höggþolnar og þola því vel daglegt rask, til dæmis leiki barna. Litir og myndir aflitast ekki og því eru plöturnar jafn fallegar um ókominn ár. Sem fyrr segir eru plöturnar fáanlegar í fjölda lita, bæði með flísamynstri og einnig í heilum, sléttum plötum.

Fibo baðplötur gefa baðherberginu glæsilegt útlit og þú getur blandað saman plötum eftir þínum stíl. Fibo hannar líka veggplötur sem henta í öll herbergi heimilisins og alls staðar

glæða þær umhverfið þokka og fegurð með sínum einfalda stíl.

Plöturnar eru viðurkenndar til notkunar í blautrymi; öll vinna með gífsplötur, rakasperru, membru, flísar og fúgur heyrir sögunni til. Einnig eru fáanlegar plötur án flísamynsturs. Plöturnar skrufast á vegginn/grindina eða límast á steinveggi eða gífsveggi. Allar plöturnar eru með Aqualock lás-um á langhlíðum.

Einfalt er að stytta og stilla plöturnar af þannig að þær passi beint á vegginn. Plötustærð er

2400x600x11mm. Einnig er hægt að sérpanta lengri plötur sem eru 3020x600x11mm að stærð. Slétt og sterkt yfirborðið þolir vel bæði vatnsþrýsting og hitasveiflur. Það er fljótlegt að þurrka af og einfalt að halda hreinu. Fylgdu einföldum samsetningarleiðbeiningum og þú tryggir einstakan árangur sem endist áratugum saman.

Fibo baðplöturnar eru til sölu hjá Þ. Þorgrímsson & Co, Ármúla 29, Reykjavík. Verðslunin er opin alla virka daga frá kl. 8 til 18. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni korkur.is.



Persónuleg þjónusta við ánægða viðskiptavinum

ALBERTSSON EHF.

Albertsson ehf. er hreingerningaráþjónusta sem sinnir almennum þrifum fyrir húsfélög, heimili og fyrirtæki auk flutningsþrifa. Að sögn starfsmanns fyrirtækisins, Ölmú Haraldsdóttur, dreifast verkefni nokkuð jafnt á milli þessara sviða en í heildina er mjög mikið að gera og verkefnum fer sífellt fjölgandi.

Albertsson ehf. hefur viðamikla reynslu af ræstingum og almennum þrifum og er með mörg fyrirtæki í föstum viðskiptum. Athygli vekur að á heimasíðunni albertsson.is er hægt að panta tilboð í öll verkefni sér að

kostnaðarlausu. Meðal annars er hægt að panta heimilisþrif í áskrift og að sögn Ölmú færast slíkt í vöxt hjá öllum köfnum fólki. Flutningsþrif fara líka sífellt vaxandi og margir sem eru að skipta um heimili kjósa að losna við þá vinnu enda er hún mikil: „Þetta eru líklega mest krefjandi verkefni, það þarf að taka alla vegg, dyrakarma, glugga að innan og alla innbyggða skápa og skúffur,“ segir Alma.

Starfsmenn hjá Albertsson eru mismargir eftir árstíma. „Þetta er í grunninn fjölskyldufyrirtæki og margir úr fjölskyldunni eru starfsmenn. Við

leggjum áherslu á persónulega þjónustu og leggjum þunga áherslu á að allir viðskiptavinir séu ánægðir. Það er hins vegar ekkert launungarmál að við þurfum að fjölga starfsfólki á næstunni og erum að leita að góðu starfsfólki.“

Albertsson kappkostar að fylgja öllum verkefnum eftir til að viðhalda persónulegri þjónustu við sína viðskiptavinum svo gæðin séu í hámarki.

Fyrirtækið hefur yfir að ráða góðum tækjakosti og er allur vélbúnaður nýr, til dæmis skúringarvélur og svokallaðar gufuvélur sem ná vel óhrein-

indum af gólfplisum.

Albertsson er til húsa á Sel-tjarnarnesi og af því leiðir að mörg verkefni eru á Nesinu og í Vesturbænum. Hins vegar nær starfssvæðið allveg yfir höfuðborgarsvæðið og raunar víðar því Alma fer stundum upp í sveit og þrífur sumarþustaði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni albertsson.is. Símanúmer er 867-0754.



Krókur: Sérhæfing í flutningi og björgun ökutækja

BÍLAUPPBOÐ KRÓKS: ÖRUGG, HAGKVÆM OG FLJÓTLEG LEIÐ TIL AÐ SELJA BIFREIÐAR

Krókur er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í flutningi og björgun ökutækja. Gísli Jónsson framkvæmdastjóri segir frá því að félagið reki einnig þjónustumiðstöð þar sem veitt er alhliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða fyrir þá sem þess óska. „Starfsfólk Króks hefur mikla reynslu og félagið hefur yfir að ráða öflugum bíla- og tækjabúnaði til að sinna þörfum viðskiptavina.“

Helstu þjónustupættir Króks eru:

- Flutningur, björgun og vistun tjónaökutækja.
- Uppboðsmeðferð bifreiða.
- Tjónaskoðun bifreiða.
- Ástandsskoðun og verðmat bifreiða.
- Úttekt á viðgerðum ökutækja eftir stórtjón.
- Björgun, flutningur, vistun, varðveisla og sala lausafjármuna.
- Vegaaðstoð á staðnum, rafmagn, dekk og fleira.



■ Þjónusta Króks er aðgengileg allan sólarhringinn alla daga ársins í gegnum síma 522-4600.

■ Afgreiðslutími bifreiðageymslu og bílauppboðs er frá kl. 8.30–17.00 alla virka daga.

Bílauppboð á vegum Króks

Að sögn Gísla Jónssonar eru bílauppboð örugg, hagkvæm og fljótleg leið til að selja bifreiðar. „Í flestum tilvikum seljast bifreiðar á 3–5 dögum gegn

staðgreiðslu. Krókur bílauppboð er viðurkenndur söluaðili sem sér m.a. um sölu á bifreiðum fyrir tryggingafélög og fjármálastofnanir.“ Kostir bílauppboðs eru: „Við seljum bæði bíla sem eru í góðu ásigkomulagi, en einnig bifreiðar sem þarfnast lagfæringa eða viðgerða. (Ástand bifreiða er tekið fram í sölulýsingu miðað við fyrirliggjandi upplýsingar). Seljendur þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að taka aðrar bifreiðar upp í.

Uppboðsvöktun er boði fyrir alla þá sem eru skráðir notendur hjá okkur og bjóða í ökutækni og aðra hluti á www.bilauppbod.is. Uppboðsvöktunin virkar þannig að þitt tilboð verður alltaf sjálfkrafa 5.000 krónum hærra en síðasta tilboð frá öðrum – upp að þeirri fjárhæð sem þú hefur skilgreint sem þitt hámarksverð,“ segir Gísli.

Krókur ehf., Suðurhrauni 3, Garðabæ.
Sími: 552-4610 Fax: 522-4649.

GEORG V. HANNAH – ÚR OG SKARTGRIPIR

Fólk vill handsmíðaða skartgripir

Georg V. Hannah er eitt elsta fyrirtæki Keflavíkur en þessi úra- og skartgripaverðslun var stofnuð árið 1968 og er staðsett að Hafnargötu 49 í Keflavík. Georg V. Hannah er úrsmiður og lét nýlega af störfum, en sonur hans, gullsmiðurinn Eggert Hannah, hefur tekið við rekstrinum. Georg V. Hannah býður meðal annars upp á frábært úrval af erlendum gæðaúrum á stóru verðbili og íslenska skartgripahönnun þar sem fagaður still Eggerts nýtur sín.

„Foreldrar mínir eru nýhættir og ég er nýbúinn að kaupa reksturinn. Pabbi er úrsmiður og ég er gullsmiður. Það passar mjög vel saman að hafa hvort tveggja. Ég einbeiti mér núna að úrum og skartgripum en er búinn

að losa mig við gjafavöruna sem ég var með. Það er betra fyrir mig að einbeita mér að aðeins minna fyrirtæki,“ segir Eggert. Eggert leggur sífellt meiri áherslu á eigin hönnun en hann hannar mjög fjölbreytta skartgripir, stundum út frá eigin grunnhugmyndum og stundum í samvinnu við viðskiptavina þar sem hann útfærir þeirra hugmyndir og óskir. „Það er alltaf að aukast eftirspurnin eftir handsmíðuðu og ég kappkosta að uppfylla hana. Innfluttar vörur eru enn í meirihluta í versluninni en handsmíðaðir gripir sækja sífellt á.“

eru íslensk hönnun og sett saman á Íslandi.

Eggert er líka með öfluga viðgerðarþjónustu á staðnum. Hann hefur boðið upp á handsmíðaða

Mikið úrval er af fallegum úrum í versluninni undir gæðamerkjum, t.d. Tissot, Raymond Weil, Hugo Boss, Daniel Wellington og Orient. Einnig er hægt að fá úrin frá JS Watch Reykjavík í versluninni, en þau



skartgripir í yfir 20 ár og státar af mikilli reynslu, þekkingu og færni. Meðal annars handgrefur hann og setur í steina fyrir aðra

gullsmíði og heldur árlega námskeið í handáletrun í Danmörku fyrir þarlenda gullsmíði.



Langir dagar hjá Jökulfelli

LEGGJA VEGI OG STRENGI – ALHLIÐA JARÐVINNA VEGNA BYGGINGA

Haukur Gíslason, eigandi verktakafyrirtækisins Jökulfells, er önnur kafinn maður og var bara laus í spjall að kvöldlagi fyrir þennan greinarstúf. En þegar það símaspjall átti sér stað, á niunda tímanum, var hann samt enn í vinnunni og vélar-dynur ómaði í bakgrunninum á meðan símtalið átti sér stað.

„Þetta geta orðið dálítið langir dagar. Ég er núna í hringveginum yfir Hornafjarðarfjót, fyrsti áfangi, og þetta er nokkuð stórt verk, við erum með ein 10–12 tæki hér, búkollur, gröfur og jarðýtur,“ segir Haukur, en hinar svokölluðu búkollur eru liðstýrdir trukkar frá Volvo. Volvo er einmitt einna mest áberandi merkið í tækjafloða Jökulfells en ýmsir fleiri þekktir framleiðendur koma þar líka við sögu. Jökulfell hefur byggt upp glæsilegan flota af þungum vinnuvélum, trukkum, gröfum og jarðýtum.

Haukur Gíslason er frá Svínafelli rétt hjá Höfn í Hornafirði en starfsemi Jökulfells teygir sig hins vegar um allt land, meðal annars til Vestmannaeyja og á Austfirðina. Verktakastarfsemi Jökulfells snýst um vegagerð



fyrir Vegagerð ríkisins, strenglagningu fyrir Landsnet og alhliða jarðvinnu fyrir byggingar, meðal annars að grafa og sprengja fyrir húsum:

„Sveitarfélagið á Hornafirði er einn af mínum samstarfsaðilum en við höfum líka komið að vinnu fyrir undirbúning

ýmissa stórra bygginga hjá einkaaðilum.

Yfirleitt eru þetta stór verkefni þó að við séum raunar til í hvað sem er. En óneitanlega hefur maður gírað sig upp fyrir stærri verkefni með allan þann tækjakost sem ég hef yfir að ráða,“ segir Haukur.

Rekstrarkostnaðurinn liggur fyrst og fremst í hinum glæsi-

lega tækjakosti en óhætt er að segja að lítil yfirbygging sé á fyrirtækinu. Eigandinn er á kafi í vinnunni sjálfur, lítið fer fyrir skrifstofuhaldi og vefsíðu er til dæmis ekki til að dreifa. Starfsmenn eru ekki margir en fjöldi ársverka er óreglulegur. Umfang og stærð fyrirtækisins kemur helst fram í þeim

mikla og stóra tækjakosti sem nota þarf við verkefni. Hefur Jökulfell vaxið mikið að umfangi og veltu undanfarin ár en fyrirtækið var stofnað árið 2005.

Nánari upplýsingar veitir Haukur Gíslason í síma 777 7007.

ÁÁ VERKTAKAR

Leiðandi í háþrýstipvotti

Háþrýstipvottur er óhjákvæmilegur undanfari stórra málningarverkefna utanhúss og ákaflega skilvirk aðferð til að gera hús og byggingar klárar undir málningu. Fyrirtækið ÁÁ Verktakar ehf. er leiðandi á sviði háþrýstipvotta hér á landi og hefur yfir að ráða afar öflugum búnaði til slíkra verka, sem er allur í eigu fyrirtækisins.

Til að hreinsa málningu af húsum er notast við 500 bara hitadælur sem geta hitað vatn upp í 100 gráður. Slíkar dælur eru einnig notaðar í alls konar fitu- og oliuhreinsanir og víðar þar sem við á.

„Íbúðarhús eru oft hreinsuð með um 300 til 500 bara þrýstingi og köldu vatni sem dugur til að hreinsa óhreinindi og gróður af húsum. En svo geta verið öndunarvandamál og vatnspokar og þá þarf að hreinsa gömlu málninguna alla af, þ.e. alhreinsum.“ segir Áslaugs Einarsson, framkvæmdastjóri ÁÁ Verktaka.

Fyrirtækið var stofnað árið 1991 og hefur það vaxið og dafnað allar götur síðan. Auk háþrýstipvottar sérhæfir ÁÁ Verktakar ehf. sig í viðhaldi fasteigna, til

Unnið við háþrýstipvott á einbýlishúsi



dæmis múrviðgerðum, málningarvinnu, trésmíðavinnu og annarri viðhaldsvinnu fasteigna.

Sem fyrr segir er búnaður ÁÁ Verktaka til háþrýstipvotta afar öflugur: „Við erum með 3.000 bara dælur sem eru notaðar til að hreinsa málningu af stáli. Enn fremur við hreinsanir á túrbínuhjólum og ýmsu öðru. Þrýstingurinn á þeim er afar hár og þær mjög öflugar. Enn fremur erum við með 1.500 bara dælur, mjög vatnsmiklar, þær eru meðal annars notaðar í virkjanir, til að hreinsa úr borholum



Háþrýstipvottur á bárujárnshúsi

og rorum og vörum,“ segir Áslaugs.

Háþrýstidælurnar koma annars vegar frá Þýskalandi, frá framleiðandanum Falch, og hins vegar frá Bandaríkjunum, frá fyrirtækinu Garden Denver, en báðir aðilar eru



Myndin hægra megin sýnir einbýlishús eftir háþrýstipvott - vinstra megin er sama hús eftir þvottun og fíltun.

afar öflugur framleiðendur háþrýstidæla.

ÁÁ Verktakar ehf. er í Reykjanessbæ en að sögn Áslaugs eru langflest verkefni þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru af ýmsu tagi, til dæmis almennir húseigendur sem ætla að mála hús sitt og þurfa á háþrýstipvotti að halda til að gera klárt undir málun. Einnig er algengt að málarameistarar leiti til fyrirtækisins eftir tilboðum í háþrýstipvott.

Háþrýstipvotturinn er einnig oft hluti af stærri verkefnum fyrirtækisins enda sinni það margs konar húsaviðgerðum og er með fjölda múrara í vinnu. Einnig hefur fyrirtækið unnið mikið fyrir orkufyrirtæki við að beita hinum öflugum háþrýstidælum við hreinsanir úr borholum og fleira. Þá hefur ÁÁ Verktakar ehf. unnið mikið

fyrir útgerðarfyrirtæki og sinnir öllum þvotti fyrir Stálsmíðjuna Framtak, sem rekur Slippinn í Reykjavík.

Sem fyrr segir hefur verið mikil vöxtur í starfsemi: „Starfsemin hefur vaxið jafnt og þétt frá því við byrjunum og tækjakosturinn hefur fylgt með. Það varð vissulega dálítið stöpp eftir hrunið eins og hjá mörgum en síðan hefur þetta legið upp á við. Sem dæmi um það keyptum við 3.000 bara háþrýstidæluna árið 2013 og var það fyrsta dælan af slíku tagi sem seld var frá Þýskalandi innan Evrópu. Einnig höfum við bætt við okkur skæralyftum og spjótum til að nota þegar unnið er við hærri byggingar,“ segir Áslaugs að lokum.

ÁÁ Verktakar ehf. Fitjabraut 4 260 Reykjanessbær Símar: 421-6530 og 898-2210 aaverktakar@aaverktakar.is Heimasiða: www.aaverktakar.is.

BÍLRÚÐUMEISTARINN



Allt á einum stað þegar skipta þarf um rúðu

LÆRÐUR BIFREIÐASMÍÐAMEISTARI SÉR UM ALLAR RÚÐUÍSETNINGAR

Þegar bílrúða brotnar eða fær á sig sprungu er gott að hringja í Bílrúðumeistararann, Dalvegi 18, Kópavogi, í síma 571-1133, og panta tíma. Eftir það er séð um allt sem á að gera á einum stað, hratt og örugglega. „Það fer rafræn sending frá okkur á tryggingafélagið þannig að viðskiptavinurinn þarf aldrei að vera í neinu sambandi við það frekar en hann vill. Það er mikilvægt að þetta sé ekki flókið fyrir viðskiptavininn. Hann geti bara hringt í eitt númer og síðan sé gengið frá öllu á einum stað,“ segir Páll Gunnlaugsson, eigandi Bílrúðumeistarans.

Páll er lærður bifreiðasmíðameistari og það er góð tilfinning fyrir viðskiptavini að vita af rúðuísetningunni

í höndum faglærðs og þrautreynds manns. Páll hefur starfað við rúðuísetningar allt frá ári 2001, en hann stofnaði Bílrúðumeistarann árið 2011. Hefur verið mikill vöxtur í viðskiptunum vegna góðrar þjónustu að sögn Páls.

Upprunagæði á ísettu gleri – Hægt að nota plástra og sleppa við rúðuskipti við minniháttar skemmdir

„Ég legg áherslu á að nota gler sem er af sömu gæðum og upprunalega glerið í bílnum og því getur bileigandinn treyst því að fá jafngóða rúðu og var upphaflega,“ segir Páll.

En eru rúðubrot í bílum algeng?

„Það er ótrúlega mikið um rúðubrot. Algengast er að eitthvað komi

í rúðuna, steinn sem skemmir hana og ef hún brotnar ekki strax þá klárar frostið og hitabreytingarnar verkið. En ef fólk nýtir sér þessa plástra sem bæði eru í boði hjá mér og tryggingafélagunum, þá eru þeir settir yfir skemmdina strax, bileigandinn kemur síðan með bílinn til mín og ég get fyllt upp í skemmdina án þess að það þurfi að skipta um rúðu. Þetta er auðvitað miklu ódýrari kostur og getur gengið ef skemmdir er á lítt áberandi stað á rúðunni, utan sjónsviðs ökumanns. Auk minni kostnaðar þarf eigandinn þá ekki að greiða fyrir neina sjálfsáhættu.“

Biðtími frá því hringt er í 571-1133 vegna rúðubrots er vanalega 1–2 dagar.

Páll segir að rúðubrot vegna skemmdarverka séu sjaldgæfari en það sem hann kallar, rúðubrot af eðlilegum ástæðum. Skemmdarverk ganga þó oft í bylgjum og stundum verði mörg rúðubrot á stuttum tíma vegna skemmdarverkaraldurs.

Þess má geta að Páll er fljótur að leysa þau algengu vandamál þegar hlíðarrúður festast í upphöllum. Þá er hægt að koma með bílinn beint í Bílrúðumeistarann sem losar rúðuna og skiptir um upphalarann. Að sögn Páls eru þessi vandamál algeng þegar byrjar að frjósa á veturna.



Býr til sinn eigin ís

Skalli

sá svalasti í bænum

Við gerum ísinn sjálfir, bæði í Ögurhvarfi og á Selfossi, og það er enginn með þennan ís nema við. Við erum með alvöru rjómais, mjög góðan, og síðan erum við með þennan gamla, kalda ís, sem er vatnskenndur, en hann er mjög vinsæll hjá unga fólkinu,“ segir Jón Magnússon, eigandi Skalla í Ögurhvarfi.

Ísinn hefur ávallt verið aðalsmerki Skalla og stendur alltaf fyrir sínu og nýtur alltaf jafnmikilla vinsælda. „Ef það bara rétt glittir í sólina þá bókstaflega fyllist allt héra, sólin fyllir alla lífsgleði og allir vilja fá sér ís,“ segir Atli Jónsson, sonur Jóns

Magnússonar. Þeir feðgar reka Skalla í Ögurhvarfi. Skalli er líka á Selfossi, þar eru aðrir eigendur en náið samstarf er á milli staðanna og á Selfossi er sami góði Skallaisinn einnig búinn til frá grunni á staðnum. Skalli er líka vinsæll vegna mikils úrvals góðra skyndirétta og er í senn veitingastaður og ísbúð. Íssalan tekur mikinn kipp á sumrin, ekki síst ef sést til sólar, eins og fyrr segir. Girnilegur, fjölbreyttur og ferskur nammibar spillir þar ekki fyrir.

Skalli á sér langa sögu og hóf starfsemi sem sjoppa og ísbúð í Lækjargötu árið 1973. Það voru í raun nemendur í Menntaskólanum í


Reykjavík sem gáfu staðnum nafn:

„Í Lækjargötu var sjoppa áður en Skalli var opnaður en hana rak sköllóttur maður. Menntaskólakrakkarnir töluðu um að kíkja á skalla þegar þeir fóru í þá sjoppu og þar með varð nafnið til,“ segir Atli.

Eins og mörg góð fyrirtæki hvílir Skalli á gömlum grunni en þróast jafnframt í takt við tímann og er svinnsæll. Sem fyrr segir er Skalli á tveimur stöðum, í Ögurhvarfi 2 í Kópavogi og á Austurvegi 46 á Selfossi.

Á báðum stöðunum er ísinn aðalsmerkið en fjölbreytt úrval góðra skyndibita nýtur einnig mikilla vinsælda.





Gardínupvottur sparar fé og er umhverfisvænn

NÝJA TÆKNIHREINSUNIN

Fólk gerir sér oft ekki grein fyrir því hvað gardínupvottur getur sparað mikla peninga. Fyrirtæki eru stundum að henda sérsaum-uðum gardinum sem kosta 40.000 krónur stykkið á meðan það kostar aðeins 3.000 krónur að þvo þær svo þær verði alveg eins og nýjar. Þetta er bæði sóun á peningum og plasti," segir Íris Eiríksdóttir hjá fyrirtækinu Nýja tæknihreinsunin sem sérhæfir sig í gardínupvotti.

Nýja tæknihreinsunin sinnir bæði

gardínupvotti fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Almennigur kemur gjarnan með gardínur í þvott fyrir jólin en verkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir eru stærri og reglulegri. Íris segir að gott sé að þvo gardínur á að minnsta kosti tveggja ár fresti: „Sólin eyðileggur þetta svo mikið ef ekki er þvegið," segir hún.

Nýja tæknihreinsunin er með föst verkefni í gardínupvotti fyrir Alþingi, Landspítalann, Össur og fleiri stóra aðila. Notast er við eina stóra vél fyrir

verkin, sem er innflutt frá Bandaríkjunum, en vélin er sérhönnuð fyrir gardínupvott og gerð úr sérsmiðuðu stáli. Í vélinni er síðan sett sérstök náttúruvæn sápa sem hentar fyrir gardínur.

„Fyrirtækið hefur starfað í 20 ár en ég og maðurinn minn tókum við rekstrinum af tengdaforeldrum mínum síðastliðinn maí. Við fluttum reksturinn frá Selfossi og í Kópavoginn og síðan um verslunarmannahelgina má segja að þetta

hafi sprungið út og verkefnum hefur fjölgað gífurlega," segir Íris.

„Við höfum líka sérhæft okkur í sóttahreinsun á gardinum fyrir myglu. Þannig tókum við fyrir allt Bugl-húsið hjá Landspítalanum í samvinnu við verkfræðistofuna Eflu. Sambærileg verkefni standa nú yfir fyrir aðra aðila."

Nýja tæknihreinsunin er til húsa að Askalind 4 í Kópavogi. Símanúmer 897-3634.



Glæsileg íslensk hönnun frá Gilbert úrsmið

JS WATCH CO. REYKJAVÍK

JS Watch co. Reykjavík úrin eru íslensk frá grunni. Þau eru hönnuð á teiknaborði JS hér heima á Íslandi. Allir iðlutir úrsins eru síðan sérframleiddir eftir þeirra hönnun í mörgum, sérhæfðum verksmiðjum í Þýskalandi og Sviss og settir saman hér á landi undir ströngu gæðaeftirliti Gilberts Ó. Guðjónssonar úrsmiðameistara sem nýtir áralanga þekkingu og reynslu sína af úrsmiði til að tryggja að hvert og eitt úr standist ströngustu kröfur.

Frá upphafi framleiðslunnar hefur verið leitast við að sameina, glæsilega hönnun, gæði, fyrsta flokks úrverk og falleg armbönd. Vönduð úr eru munadarvara og fylgihlutir sem bæði karlmenn og konur njóta þess að velja,

bera og eiga. En úr er ekki bara skartgripur. Það er nytjahlutur sem hjálpar okkur að gegna skyldum okkar, halda loforð og skapa góðar minningar.

Sérstaða úranna á íslenskum markaði ásamt persónulegri þjónustu og árangursríku markaðs- og kynningarstarfi hefur leitt til þess að úrin hafa orðið eftirsótt meðal heimsfrægra einstaklinga sem koma til landsins. Meðal þekktara einstaklinga má til gamans nefna Ben Stiller, Tom Cruise, Quentin Tarantino, Jude Law, Viggo Mortensen, Mads Mikkelsen, Tobey Maguire, Dennis Quaid, Elvis Costello, Ian Anderson, Yoko Ono, Sean Lennon, Dalai Lama, Katie Couric, Vinnie Jones og Constantine Grikklánskonung.

Fágæti úranna ásamt því að vera framleidd í hæsta gæðaflokki er það sem gerir þau eftirsóknarverð, en á skífu allra úranna stendur Reykjavík. Það ásamt, vönduðu verki, framleiðslu og sigildu útliti gerir úrin fágæt og einstök.

Gilbert úrsmiður hefur lagt sitt af mörkum við að hvetja til bættrar verslunar og þjónustu við ferðamenn efst á Laugaveginum og hefur ásamt fleirum tekið ríkan þátt í að byggja upp verslun í Vitahverfinu. Persónuleg þjónusta og góð vörupækning er aðalmerki verslunarinnar og þjónustustig verslunarinnar er til fyrirmyndar. Viðskiptavinir eiga kost á að hitta framleiðendur, fá að sjá úrsmiði að störfum og koma með

áþendingar varðandi samsetningu og útlit þeirra úra sem þeir hyggjast kaupa. Ferðamenn geta óskað eftir einkaheimsókn komist þeir ekki í verslunina á hefðbundnum opnunartíma og eru þeir þá jafnan sóttir á hótél sitt og ekið til baka að lokinni heimsókn. Heildstæð áferð og framúrsteftuleg ásýnd markaðs- og kynningarmála JS Watch co. Reykjavík hefur vakið athygli bæði innanlands og utan.

Úrvalið hefur aldrei verið meira en nánari upplýsingar um úrin og hönnunina má finna á vefsíðunni www.gilbert.is.

Gilbert úrsmiður, Laugavegi 62, sími: 551-4100.



Guðmar og Monika Brigitta að störfum



Þvottahús á uppleið

ÞVOTTAKOMPANÍIÐ, VESTURVÖR 22, KÓPVOGI

Þvottahúsum hefur ekki fjölgað hér undanfarin fimm ár en á sama tíma hefur verkefnum fjölgað mjög mikið vegna aukinna umsvifa í ferðageiranum. Það eru því mikil tækifæri í þessari starfsgrein fyrir þá sem eru tilbúnir að leggja mikið á sig og veita góða þjónustu," segir Guðmar V. Kjartansson, eigandi Þvottakompanísins. Guðmar tók við rekstrinum fyrir rúmlega þremur árum og hafa umsvifin aukist jafnt og þétt síðan þá.

„Ég hef verið að endurnýja tækja-kostinn og er núna að taka inn vél sem tekur tæpleg 60 kíló af þvotti í

einu, en til samanburðar tekur venjuleg heimilsvél 5–7 kíló. Fyrir eru þrjár þvottavélar og tvær strauvélar," segir Guðmar.

Þvottakompaníið er fyrst og fremst á fyrirtækjamarkaði þó að það neiti ekki einstaklingum um þvottþjónustu. „Um helmingur af verkefnum er fastir þjónustusamningar þar sem við veitum heildarlausn. Þetta eru mikið veitingastaðir og hótél og í mörgum tilvikum sjáum við þessum aðilum fyrir líni, handklæðum, tuskum og þess háttar – afföll geta verið töluverð og því sjá aðilar oft sér vænstan kost í að leigja lín og þurfa

þannig ekki að hafa yfirsýn með birgðahaldi. Við sjáum yfirleitt um að sækja og senda og viðskiptavinirnir þurfa ekki að standa í því að senda til okkar óhreint tau og þess háttar," segir Guðmar.

Guðmar segir að sumir viðskiptavinir hans í hótél- og veitingageiranum þurfi daglega þjónustu allt árið um kring en algengt sé að sinna þurfi verkefnum þrisvar í viku fyrir hvern aðila.

„Ég hef líka verið að þjónusta verktaka með kuldagalla og önnur vinnuföt. Verktakar hafa oft ekki fasta starfsstöð og þá hefur þeim fundist

gott koma með uppsafnaðan þvott beint til mín."

Starfsmenn Þvottakompanísins eru fjórir að Guðmari meðtöldum. „Ég geng í öll verk. Ef maður ætlar að reka þvottahús þá þýðir lítið að vera í einhverjum skjalatöskuleik, maður verður að vera í þessu af lífi og sál."

Guðmar segir að töluvert sé að gera allt árið um kring en verkefni tvöfaldist síðan á sumrin. Einnig fjölga þeim mikið í kringum hátíðir. „Það er ljóst að við þurfum að fjölga fólki í framtíðinni og umsvifin eru bara að aukast," segir Guðmar.

Nánari upplýsingar um starfsemi Þvottakompanísins er að finna á heimasíðunni thvottahus.is. Þar er einnig hægt að senda inn fyrirspurnir og panta þjónustu.



ÞrifX – framsækið hreingerningafyrirtæki

ÞrifX er tíu ára gamalt hreingerningafyrirtæki á Akureyri sem hefur vaxið mikið síðustu

tvö árin. ÞrifX veitir fjölbreytta og víðtæka þjónustu á sviði hreingerninga og þjónustar í senn einstaklinga, fyrirtæki og

stofnanir.

„Við höfum bætt við ýmsum þjónustuliðum undanfarið ár til að veita viðskiptavinum heildstæðari þjónustu. Til dæmis keyptum við reksturinn Hrein tunna á árinu 2016 sem

sérhæfði sig í tunnuhreinsun og hefur þessi þjónusta mælst vel fyrir hér á Akureyri. Við höfum einnig bílaþvott og hafa viðtökurnar verið vonum framar," segir Vincent, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Sem fyrr segir veitir ÞrifX víðtæka þjónustu og leggur alltaf höfuð-

áherslu á gæði þjónustunnar og ánægða viðskiptavini. Sem dæmi um þjónustu ÞrifX við einstaklinga eru þrif eftir flutninga, heimilisþrif, teppa-hreinsun, gólfbónun, gluggaþvottur og margt fleira.

ÞrifX veitir fyrirtækjum og stofnunum margvíslega þjónustu og má þar nefna bönviðhald, hreingerningu og gluggaþvott.

Þjónustusvæði fyrirtækisins er fyrst og fremst á Akureyri en einnig sinnir ÞrifX verkefnum á Húsavík, Dalvík og víðar á Norðurlandi.

Á vefsíðunni thrifx.is eru upplýsingar um þjónustuna og þar er hægt að senda inn fyrirspurnir og fá tilboð í verkefni. Þar er einnig hægt að panta bílaþvott og tunnuhreinsun með einföldum hætti.

Upplýsingar eru einnig veittar í síma 414-2990.





Amerísk upplifun í hjarta borgarinnar

AMERICAN BAR, AUSTURSTRÆTI 8

American Bar, Austurstræti 8, er einn flottasti sportbar landsins, þar sem hægt er að fylgjast með spennandi íþróttaviðburðum á flatskjáum og breiðtjaldi, borða frábæran mat og njóta sín í lifandi umhverfi. Reglulega troða upp reyndir og flinkir trúbadorar sem koma öllum í rétta stemningu með spennandi lagavali og kraftmiklum flutningi. Eftir miðnætti um helgar

mæta síðan plötusnúðar til leiks og tryggja dúndrandi stemningu fram eftir nóttu. Enski boltinn er fyrirferðarmikill á skjáum á American Bar en þar eru líka sýndir leikir í amerísku NFL-deildinni og ýmsir aðrir íþróttaviðburðir.

Umhverfi á American Bar er sérlega skemmtilegt en þar má sjá ýmsa forvitnilega ameríska hluti, til dæmis bandaríska fánann frá árinu 1930,

sem hangir á vegg, 70 ára gamlan uppstoppaðan svartbjörn og NFL-hjálma frá öllum liðunum í deildinni, en þeir prýða veggja staðarins.

Maturinn á American Bar er afar girnilegar. Meðal annars er boðið upp á hamburgara, barbecue-rif, kjúklingavængi og Cesar-salat.

Úrval af drykkjum á barnum er síðan framúrskarandi en „drekutíminn“ – Happy Hour – er alla daga frá kl. 16 til 19.

Á Facebook-síðu American Bar

er gott að fylgjast með því sem er í gangi á staðnum. Þar eru reglulega uppfærðar upplýsingar um dagskrá framundan, íþróttaviðburði á skjánum og tónlistaratriði á staðnum. Auk þess er þar að finna reglulega spennandi tilboð í mat og drykk.

American Bar er opinn mánudaga til fimmtudaga frá 11 til 01 eftir miðnætti, föstudaga og laugardaga frá 11 til 04.30, og loks sunnudaga frá 11 til 01.



Fólk hefur tekið ástfóstri við hamburgarana á Íslenska barnum

HRÁEFNIÐ SKIPTIR SKÖPUM

Þegar við byrjuðum með Íslenska barinn var ekki þælingin að vera hamburgarastaður en hamburgararnir urðu bara strax svo vinsælir hjá okkur og það varð til þess að við stækkuðum hamburgaramatseðilinn og núna bjóðum við upp á sex ólíka hamburgararétti ásamt borgara dagsins,” segir Veronika á Íslenska barnum, Ingólfsstræti 1a. Staðurinn er rómaður fyrir bæði frábæran mat og góða kráarstemningu og úrvalið á barnum er frábært.

Veronika segir að ein af ástæðum vinsælda hamburgarana í byrjun hafi verið sú að Íslenski barinn varð einna fyrstur til að bjóða upp á vöflufranskar kartöflur með borgurunum, sem þótti afar spennandi

nýjung á sínum tíma en núna eru þær orðnar útbreiddar.

„Við erum með ferska nautaborgara frá Kjötsmiðjunni. Það er mikilvægt nota einungis ferskt gæðakjöt. Hamburgari er ekki bara hamburgari og almennilegt hráefni gerir þetta að allt annarri máltíð en það sem við köllum vanalega skyndibita. Alvörukjöt, fitubætt, og engin aukaefni,” segir Veronika.

Ljúffengur frumleiki einkennir vinsælastu hamburgara Íslenska barsins og Veronika tekur sem dæmi Sigguborgarann: „Sagan á bak við Sigguborgarann er sú að hún Sigga mamma mín bakar pönnukökurnar okkar og okkur langaði til að gera eitthvað meira við þær, þannig að við

ákváðum að leggja efra brauðinu og erum með pönnuköku fyllta með osti og beikoni í staðinn. Þetta gerðum við að borgara dagsins einu sinni en hann varð svo rosalega vinsæll að það var ekki annað í boði en að setja hann á matseðilinn.”

Annað dæmi um frumleika og vinsældir er lambahamburgarinn: „Það varð verkfall hér um árið og það var ekki til nautakjöt í landinu og þá byrjuðum við með lambaborgarann. Íslendingar voru ekki mjög spennfir fyrir honum í byrjun en erlendu ferðamennirnir tóku honum fagnandi. Núna er hann hins vegar orðinn mjög vinsæll hjá Íslendingum líka. Segja má að verkfallið hafi kennt fleiri Íslendingum að meta lambaborgara.”

Bæði Sigguborgarinn og lambaborgarinn eru mjög vinsælir réttir og

seljast í miklu magni á hverjum degi. Íslenski barinn býður líka upp á hefðbundinn hamburgara og hreindýraborgara sem er algjört lostæti. Einnig eru kjúklingaborgari og Haf og hagi sem er nautaborgari með djúpsteiktum íslenskum humri.

Eins og áður segir er Íslenski barinn bæði vinsæll veitingastaður og skemmtistaður. Opið er virka daga frá 11.30 til eitt um nóttina og um helgar er opið til þrjú að nóttu. Bjórúrvalið á barnum er magnað en í boði eru allir íslenskir bjórar sem fáanlegir eru í flösku og dós. Eingöngu er íslenskur bjór í boði en úrvalið af íslenskum bjór er líklega eitt það mesta í heiminum, tegundirnar í augnablikinu eru um 60.

Cargo sendibíla-leiga

Cargo sendibíla-leiga sérhæfir sig í útleigu á sendi- og kassabílum með lyftu til flutninga á búslóðum og vörum. Þar leigir þú þann bíl sem hentar þínum flutningum, ekur sjálfur/sjálfr og sparar því umtalsverðan kostnað.

Bílafloti til búslóðaflutninga

Gunnar Haraldsson, eigandi Cargo sendibíla, segir bílaflota fyrirtækisins samanstanda af þremur bílastærðum. „Í 1.100 kílóa flokkunum erum við með minni sendibíla sem hafa alveg einstaklega góða akstursegginleika og eyða litlu eldsneyti. 1.200 kílóa flokkurinn er kassabílar með lyftu sem eru einstaklega góður kostur til flutninga á stórum og meðalstórum búslóðum. Á þessa bíla þarf ekki meirapróf og eru þeir sparneytnir. Stærstu bílarnir eru bílar sem henta vel í stærri flutninga, en það eru bílar aukinna ökuréttinda.

Tækjaleiga

„Tækjaleigan hjá okkur er með tækjum sem auðveldar fólki flutningana. Við bjóðum til leigu sekkjatrillu sem er með burðargetu upp að 200 kílóum, einnig erum við með tröpputrillu sem auðveldar fólki flutninga þungra hluta upp og niður stiga, þessar trillur reynast mjög góðar til þess að flytja t.d. þvottavélar og ísskápa. Burðarböndin



eða pianóböndin okkar henta vel til þess að lyfta stórum borðum, skápum, pianóum og þvottavélum svo eitthvað sé nefnt. Ef þú ert svo með vörur eða búslóð á brettum eigum við einnig brettatjakka til leigu og svo sterk bönd til þess að festa vörurnar í bílunum.“

Að leigja sendibíl

Að sögn Gunnars þarf viðskiptavinur sem hyggst leigja sendibíl að framvísa ökuskrteini og kreditkortu sem tryggingu fyrir leigu sendibílfreiðarinnar. „Vert er að taka fram að leigutaki þarf ekki að vera með meirapróf til að leigja sendibíl með burðargetu 1.200 kíló og undir. Leigutaki leigir sendibílinn fullan af eldsneyti og skilar svo tanknum fullum.“

Cargo sendibíla-leiga

Skemmuvegi 32
(bleik gata),
200 Kópavogur.

Sími: 566 5030.

Tölvupóstfang:

info@cargobilar.is
Opnunartími:
Alla virka daga
frá kl. 8.00–18.00
og um helgar frá
klukkan 10.00–16.00.

www.cargobilar.is

ERTU AÐ FLYTJA?
VANTAR ÞIG
SENDIBÍL?



Þú leigir hjá okkur sendibíl í stærð sem hentar fyrir þig, með eða án lyftu, og keyrir sjálfur.

Hafðu samband í síma
566 5030 - Cargobilar.is

CARGO
sendibíla-leiga

566 5030
www.cargobilar.is



- ALLTAF BETRI



Gallery Pizza byggir á gömlum grunni

GALLERY PIZZA,
HVOLSVEGI 29, HVOLSVELLI

Gallery Pizza er gamalgróinn veitingastaður í hjarta Hvolsvallar, stofnaður upp úr 1990, af þeim Þorsteini Jónssyni og Ingólfi Ingólfssyni. Núverandi eigendur staðarins, hjónin Sigurður B. Guðmundsson og Jaroon Nuamnui, keyptu reksturinn árið 2012 og hafa kappkostað að halda í þær venjur sem fært hafa staðnum vinsældir í gegnum tíðina, ásamt því að byggja hann upp og þróa áfram.

„Hér eru margir fastir viðskiptavinir, t.d. fólk úr sveitinni, og heimamenn eru afskaplega duglegir að stunda þennan stað. Þess vegna hefur verið hægt að hafa hann opinn allt árið um kring í gegnum árin. Erlendir ferða-

menn eru síðan mikil viðbót. En fólk kann vel að meta að hér sé haldið í hefðirnar sem sköpuðust fyrstu árin, sem lýsir sér meðal annars í kjör-orðinu „matarmikið og vel útilátið“. Svona í bændastil,” segir Sigurður B. Guðmundsson, en Gallery Pizza er þekktur fyrir í senn fjölbreyttan, vel útilátinn og bragðgóðan mat.

„En um leið og við höldum í hefðirnar þá byggjum við líka upp og mætum aukinni aðsókn sem hefur verið undanfarin ár enda mikil uppbygging og gróska í héraðinu sem við njótum góðs af. Til dæmis byggðum við hér huggulega útiadstöðu sem er mikið notuð á sumrin,” segir Sigurður.

Á Gallery Pizza eru yfir 20 tegund-



Annar eigandinn, Jaroon Nuamnui frá Sukhothai í Tailandi, sker pizzurnar.

ir af pizzum í boði. „Síðan velur fólk sér líka oft það sem það vill á sína pizzu og setur hana þannig saman sjálf. En það má nefna til sögunnar þrjár pizzur sem hafa notið gífurlegra vinsælda í gegnum tíðina og heita allar dálítið sérstökum nöfnum. Ein sú frægasta er Hraun – Lava, sem er afskaplega vinsæl, en á henni er pepperóni, sveppir, hvítlaukur, jalapeno, rjómaostur og grænar ólífur. Gallery Djúsi er önnur fræg, hún er með pepperóni, sveppum, lauk, ananas og piparosti. Síðan er hér fornfræg pizza sem heitir Fjallamjól og er mjög vinsæl í sveitinni. Hún er með pepperóni, ananas, beikoni og chili-kryddi. Sjávarréttapizzan er líka



afar vinsæl,” segir Sigurður. Pizzurnar á Gallery Pizza hafa sín sérkenni sem finnast ekki annars staðar. „Þetta eru alvörupizzur. Við gerum allt frá grunni og samkvæmt uppskriftunum sem voru hér í upphafi. Botninn er millipykkur og eins og karlarnir segja oft þegar þeir hringja og panta: „Hafðu þetta vel útilátið á köntunum.“ Pizzurnar okkar eru bragðmiklar og matarmiklar og Jaroon handsker allt grænmetið til að ferskleikinn haldi sér sem best.“

Margvíslegir aðrir réttir eru á boðstólum hjá Gallery Pizza, til dæmis kjúklingasalát, sjávarréttasalát, hamborgarar, lambakótelettur og sub-samlökur. Þá eru fiskréttir vinsælir á staðnum. Í hádeginu á virkum dögum eru alltaf tilboð og en fast hádegisverðartilboð á föstudögum er pizza-hlaðborð á 1.600 krónur. „Það er líf og fjör í hádeginu hér á föstudögum. Hér hittist margt fólk úr sveitinni, bændur og hestamenn, því hér eru hestabúgarðar í kring. Stemningin er afskapleg góð. Einnig er vinsælt hjá hópum að hringja, panta sér pizza-hlaðborð og koma hér saman,” segir Sigurður.

ESSENSIA, HVERFISGÖTU 4-6

Ekta ítalskur andi og pizzur af betri gerðinni

Veitingastaðurinn Essensia var opnaður fyrir rétt rúmu ári og er hugarfóstur Hákonar Más Örvassonar sem vildi opna ekta ítalskan veitingastað í finni kantinum. Fyrir utan hágæða matreiðslu hefur verið lögð mikil vinna í að hafa umhverfið sem fallegast og í ósvikum ítölskum anda: „Við fengum til okkar ítalska arkitekta til að hanna staðinn og allar innréttingar og smíði – stólar, borð og barinn, öll ásýnd staðarins er flutt inn frá Ítalíu,” segir Hákon.

Það sama má segja um matseldina, þar á meðal pizzugerðina, þetta er allt ekta ítalskt: „Við gerum pizzur í þessum Napolitana-stíl sem fer þannig fram að pizzan er aldrei mikið lengur en eina og hálf til tvær mínútur í 320°C heitum eldofninum. Það fer hins vegar meiri tími í að undirbúa hana, fletja út deigið og setja ofan á hana. Pizzurnar eru lagaðar aðeins minni en gengur og gerist en hráefnið er það sem gerir gæfumuninn varðandi gæðin.“

Vinsælasta pizzan á Essensia er humarpizzan og hefur hún slegið svo rækilega í gegn að hún er orðin eitt af helstu einkennismerkjum staðarins: „Við notum ítalska San Marsano-tómata sem eru mikilvægt hráefni í þessum Napolitana-pizzum. Við gerum okkar eigin Ricotta-ost og



Hákon Már Örvasson



notum einnig mascarpone sem grunn með tómatunum, síðan, að sjálfsgöðu, humarinn okkar góða. Við þetta bættist síðan smá chili, hvítlauksolía og sjávarsalt,” segir Hákon, en aðrar pizzur á matseldlinum eru líka vinsælar og

vandað er til verka við gerð þeirra í hvívetna, til dæmis við hina hefðbundnu Margarita-pizzu, og einnig óvenjulegri pizzur, eins og kartöflupizzu með pancetta-beikoni, rósmaríni og brieosti. Í rauninni er engin sérhöguð pizzasósa á pizzunum okkar heldur notum við San Marsano-tómatana beint og byggjum þetta síðan á deiginu sem er alltaf lagað daglega á staðnum, en þó ekki bakað fyrr en 1-2 dögum síðar; þetta meðal annars er það sem gerir pizzurnar bragðgóðar og einstakar.“



Fyrir utan pizzurnar er matseðillinn á Essensia nokkuð fjölbreyttur. Boðið er upp á afbragðsgóða pastarétti, steikur, fiskrétti og fleira. Og sem fyrr segir er umhverfið fallegt og þægilegt. „Þetta er í finni kantinum, þú situr vel í gæðastólum og það eru tausevni á borðum. Útsýnið er að Hörpu og nágrenni og fólk nýtur þess virkilega að slaka hér á yfir góðum mat,” segir Hákon, en mjög stórir gluggar prýða staðinn og veita frábært útsýni.

„Það er mjög vinsælt að koma hingað áður en farið er í leikhús eða Hörpu,” segir Hákon og kemur ekki á óvart enda bara nokkur skref frá staðnum yfir í Þjóðleikhúsið og örstuttur gangur að tónlistarhúsinu. Staðurinn er vinsæll en að sögn Hákonar eru Íslendingar í meirihluta þó að erlendir ferðamenn sækja staðinn líka nokkuð vel. Essensia tekur 60 manns í sæti í einu.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni essensia.is.



Laxavafflan



Urvals fiskur




Brauð bakað á staðnum á hverjum morgni

VON Mathús: Ljúfar stundir í hjarta Hafnarfjarðar

Veitingahúsið VON Mathús var opnað af þeim Einari Hjaltasyni og Kristjönu Þuru í Hafnarfirði árið 2015 og hefur reksturinn gengið vonum framár. Einar er sannkallaður reynslubolti og margrómaður matreiðslumaður sem útskrifaðist af Grillinu á Hótel Sögu og kom að opnun háklassa veitingastaðar í London sem hlaut Michelin-stjörnu. Kristjana hefur einnig verið viðloðandi veitinga- og hótélgeirann í um tíu ár og svo er hún Hafnfirðingur í húð og hár. „Við verðum tveggja ára í desember og þetta heldur bara áfram að dafna hjá okkur,” segir Kristjana.

Allt það ferskasta

Matseðill VON Mathúss á kvöldin og í hádeginu er alla jafna stuttur og árstíðabundinn og tekur ávallt mið af því sem er ferskast hverju sinni, hvort sem um fisk eða grænmeti er að ræða. Matseðlinum er svo breytt á 2–3 mánaða fresti og allt hráefni er í mestu mögulegu gæðum. Fiskinn kaupir VON Mathús frá Hafinu og kjötið frá SS og því er hvort tveggja ætíð íslenskt hráefni. „Við leggjum upp úr því að nota ferskt íslenskt hráefni og er allt unnið frá grunni. Enn fremur bökkum við okkar eigið brauð alla morgna, sem hefur vakið mikla lukku,” segir Kristjana. Ásamt sértökum barnaréttum á matseðlinum



er hægt að fá alla rétti í skammtastærðum fyrir börn. Einnig er hægt að fá grænmetis- eða veganrétti bæði í aðalrétt eða í samsettum seðlum.

Ekta bröns, magnaðar vöflur og fiskur dagsins

Um helgar fæst ekta bröns í hádeginu hvort sem um er að ræða hádegisverðarplatta eða fjölskyldu-hlaðborð. Að auki er boðið upp á vöflur með ýmsu spennandi meðlæti og er laxavafflan langvinsælust á brönsseðlinum, að sögn Kristjönu. Vöfludeigið er vegan og því ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Einnig er hægt að fá fisk dagsins. Helgarbröns væri varla fullkomnaður ef ekki væri boðið upp á mimósúr eða dásamlega súrsætt límonaði. Helgarbröns er hægt að fá á laugar-

dögum og sunnudögum frá 11.30–14 og mælt er með borðapöntun.

Alla þriðjuga- föstudaga- föstudaga, milli kl. 11.30–14.00, er boðið upp á súpu, salat, ferskan fisk og

kjötrétt, sem auglýst er daglega á Facebook-síðunni. „Við erum mjög virk á samfélagsmiðlunum okkar og þar er hægt að fylgjast með okkar daglegu verkum,” segir Kristjana. Þá er boðið upp á það ferskasta sem fæst hverju sinni og tekur matseðillinn mið af því.

Hafnarfjörður hefur lifnað við

Sumir telja að Hafnarfjörður sé mjög langt frá miðborginni og því ekki besti staðurinn til þess að opna veitingastað á, en Kristjana og Einar eru því algerlega ósammála. „Það er ekki nema tíu mínútna akstur, korter í versta falli, frá Vesturbænum og inn í Hafnarfjörð. Hér eru líka ætíð næg bilastæði og Hafnarfjörðurinn er að auki svo fallegur og notalegur



Einar og Kristjana

staður. Á VON Mathúsi er fallett útsýni yfir smábátahöfnina, sanngjarnt verð og mikil gæði,” segir Kristjana.

„Það er dásamlegt að sjá mannlífið blómstra hér í miðbænum í Hafnarfirði, eins og það hefur gert hér undanfarin ár. Ný kaffihús og veitingahús, Bæjarbíó og fleira skemmtilegt glæða bæinn miklu lífi og hér er gaman að starfa,” segir Kristjana Þóra að lokum.

VON Mathús er til húsa að Strandgötu 75, 220 Hafnarfirði. Opnunartími: Frá 11.30–14.00 og 17.30–21.00 alla daga nema mánudaga en þá er lokað; auk þess er lokað á sunnudagskvöldum. Sími: 583-6000. Email: info@vonmathus.is. Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu VON Mathúss, vonmathus.is, og á Facebook-síðunni. Einnig eru þau með Instagram-síðuna VON Mathús&Bar.

ER BÍLLINN LEIÐINLEGUR Í GANG Á MORGNANA?

SÚPERTILBOÐ !!!



2017 Fyrirmyndarfyritæki í rekstri

Viðskiptablaðið keldan

55ah RAFGEYMIR Á AÐEINS


10.990,-KR.

1. VERÐLAUN HJÁ **AUTO** Í ÞÝSKALANDI !



RAFGEYMAR Í ALLAR GERÐIR BÍLA & TÆKJA Á FRÁBÆRU VERÐI !

SJÁ NÁNAR Á WWW.AUTOMATIC.IS



SMÍÐJUVEGI 11, 200 KÓPAVOGI . SÍMI: 512 3030 . PANTANIR@AUTOMATIC.IS

2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi

Hjólhýsi frá 2.800.000 kr. og nýir húsbílar frá 7.900.000 kr.



Nýtt Hobby 560UL 2018 árgerð til afgreiðslu strax

- Með eftirtöldum aukabúnaði
- 1- Rúmbreyting í eitt stórt
- 2- Gólfhiti Rafmagns
- 3- Sjónvarpsfesting á lið
- 4- Rafgeymakerfi
- 5- Stærri dekk og burðargeta 2000kg
- 6- Sólarsella 150Watta

Verð 4.300.000



Mitsubishi Outlander PHEV 2.0 Plug-In Hybrid 4x4

Til afhendingar í febrúar 2018.

INTENSE PLÚS - Verð 4.200.000 kr.
Sjálfsk, 360gráðu myndavél, 18" álfelgur, 50/50 leður, Lyklalaust aðgengi, Upphitað Leðurklætt aðgerðastýri, Hiti í sætum, App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu, Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar, Útvarp með snertiskjá.

OUTLANDER INSTYLE - Verð 4.760.000 kr.

Tilboð

Dráttarkúla og 4 vetrardekk á 17" álfelgum kr. 200.000



**5 ÁRA
ÁBYRÐ**
Afhentir í
Reykjavík eða
Egilsstöðum



Birta

RAGNHEIÐUR GUÐFINNA

STRÁKASTELPA Í LÍKAMA FEGURÐARDROTTNINGAR

Brenndi sig á sviðsljósinu, sneri baki við fjölmiðlaheiminum og sérhæfir sig nú í forvörnum gegn streitu.


56-58

DAGUR Í LÍFI KJARTANS ATLA

Elskar að slökkva á símanum sínum og kenna krökkum að spila körfubolta.



52



54-55

NOTAR BRJÓSTA- HALDARA Í STÆRÐINNI 34 HH

Hin íturvaxna Oddný Ingólfssdóttir er með 124.00 aðdáendur á Instagram.

AÐ SEFA SIG OG RÓA

Orðabanki Birtu veltir fyrir sér uppruna og merkingum orða í íslenskunni.



60

HELGAR- MATURINN

Unaðsleg langa í brakandi hnetuhjúp með pestó og parmesan.



62

Hvað segið þið um að prófa raunhæfari samanburð?

Ég hef aldrei skilið hvers vegna Íslendingar bera sig saman við milljónaþjóðir.

Í alls konar ólíkum samfélagsmálum gerum við samanburð við Bandaríkin, Norðurlönd, Þýskaland og Bretland sem er í raun hálfgerð firra.

Vissulega eru þetta Vesturlönd en af hverju berum við okkur saman við þjóðir, þar sem er ekki bara svakalegur mannfjöldi miðað við okkar litlu

eyju, heldur allt öðruvísi þróunarsaga.

Staðreyndin er sú að bakgrunnur okkar Íslendinga er miklu frumstæðari en þessara stórbjóða. Meðan Danir og Bretar byggðu sér alvöru hús úr múrsteinum, timbri og kopar þá stöfluðum við upp torfi og grjóti til að ná smá skjóli fyrir veðri og vindum. Grannar okkar á Grænlandi byggðu snjóhús en suður í Afríku notuðu menn sterkbyggð strá.

Svo höfum við alltaf talað mjög dularfullt en dásamlegt tungumál sem engin á auðvelt með að skilja nema þau sem hafa fæðst hérna – sem framkallaði eiginlega tvöfalda menningarlega einangrun.

Undanfarið hefur mikið verið talað um borgarlínu til að koma fólki á milli staða.

Einnig er rætt um fjölgun reidhjólástiga og fleiri leiða til úrbóta í almenningsgöngum. Að mínu mati er þetta löngu tímabært enda fjölgar fólki hratt og farartækjum þess með.

” Meðan Danir og Bretar byggðu sér alvöru hús úr múrsteinum, timbri og kopar þá stöfluðum við upp torfi og grjóti til að ná smá skjóli fyrir veðri og vindum.

Borg eða land?

Um daginn heyrði ég minnst á Prándheim í Noregi sem raunhæft viðmið hvað varðar borgarsamgöngur og þótti það skynsamlegur samanburður. Þar eru veður válynd eins og hér á skeri og svo liggur bærinn eiginlega alveg á sömu breiddargráðu og Reykjavík. Þar búa einnig rétt um 200

þúsund manns, alveg eins og í höfuðstaðnum okkar.


Legg ég á, og mæli um, að héðan í frá skulum við líta til Prándheims þegar kemur að úrbótum hvað varðar almenningsgöngur í borginni og hætta alveg að spá í London, París og New York.

Þegar okkur langar hins vegar að gera samanburð við aðrar þjóðir, þá er eflaust raunhæfara að líta til landa þar sem búa um 300.000 manns, eins og hér.

Til dæmis Möltu, Lúxemborgar, Kýpur, Maldíveyja, Bahamaeyja og Barbados – sem eru reyndar allt aflönd.

En það er önnur saga.

MARGRÉT H.
GÚSTAVSDÓTTIR
MARGRET@DV.IS



”Ég hef þá reglu í heiðri að reyna að eiga algjöra griðastund með sjálfum mér í hádeginu

MYND: SÍOTRYGGJAN.ARI



KJARTAN ATLI KJARTANSSON

Körfubolti, hádegiskría og kostir þess að setja símann á „silent“



Dagur í lífi

Körfuboltakappinn Kjartan Atli Kjartansson fæddist á Landspítalanum þann 23. maí árið 1984. Hann er sonur þeirra Ásu Steinunnar Atladóttur, hjúkrunarfræðings hjá Landlæknisembættinu, og Kjartans Sigtryggssonar, f.v. lögglummanns. Kjartan ólst upp á Álftanesi hjá foreldrum sínum og yngri bróður, Tómasi Karli, en fyrir átti faðir hans tvær dætur, þær Barböru og Steinunni, og eina fósturdóttur, söngkonuna Rut Reginalds. Kjartan Atli lauk menntaskólanámi frá Fjölbautaskólanum í Garðabæ á þremur og hálfu ári. Þaðan lá leiðin í stjórn málafræði í Háskóla Íslands og um svipað leyti steig hann sín fyrstu spor í fjölmiðlabransanum, þá sem blaðamaður í hlutastarfi hjá DV. Kjartan Atli spilaði einnig körfubolta með úrvalsdeildarliði Stjórnunnar samhliða starfi og háskólanámi og þjálfaði jafnframt ungmenni í þessari íþrótt sem á hug hans allan. Eftir að hafa starfað bæði sem grunnskólakennari, körfuboltaþjálfari og blaðamaður sneri hann sér svo alfarið að fjölmiðlastarfinu árið 2012 en undanfarið hefur hann, ásamt Hjörvari Hafliðasyni, sinnt morgunþættinum Brennslan á FM957, verið hluti af Ísland í dag-teyminu og síðast en ekki síst lætur hann ljós sitt skína í þættinum Dominos Körfuboltakvöld sem er á dagskrá Stöðvar 2 Sport í hverri viku. Kjartan býr í Kópavogi ásamt unnustu sinni, Pálinu Maríu Gunnlaugsdóttur, og dóttur þeirra, Klöru Kristínu, sem er átta ára.

06.00

Ég byrja daginn snemma enda hefst útsending klukkan sjö. Ég drekk hvorki kaffi né borða morgunmat en hins vegar gerist ég svo syndsamlegur að fá mér Pre-Workout orkudrykk, hlaðinn koffíni, til að negla mig í gang á morgnana meðan ég horfi á það helsta úr NBA-fréttum næturinnar. Ég lífi nefnilega samkvæmt nýjustu rannsóknunum sem segja að morgunmaturinn sé ekki mikilvægasta máltíð dagsins, enda má rekja þá lygi til manna sem framleiða morgunkorn.

07.00

Það sem skilur Brennsluna frá öðrum morgunþáttum er kannski það að við reynum að sjá spaugilegu hliðarnar á þjóðmálunum. Hlustendahópurinn er fólk á öllum aldri en ætli það eigi það ekki sameiginlegt að vera fremur gláðsinna? Svo erum við með alls konar dagskrárliði sem höfða til mismunandi hópa, til dæmis bílahorn, tiskuhorn, þrifahorn og annað sem tengist lífsstíls- og samfélagsmálum. Þátturinn stendur til tíu og eftir það taka við verkefni með Íslandi í dag.

10.00

Stundum förum við beint í tökur og erum í þeim fram undir hádegi eða lengur, en umfjöllunarefni í þættinum eru eins mismunandi og þau eru mörg. Svo fer bara eftir því hvaða vikudagur er uppi á teningnum hvað ég geri að því búnu.

12.00

Ég hef þá reglu í heiðri að reyna að eiga algjöra griðastund með sjálfum mér í hádeginu. Þá fer ég heim, set ég símann á „silent“, fæ mér eitthvað gott að borða, horfi á sjónvarpið og legg mig jafnvel. Með því að loka mig svona aðeins frá umheiminum næ ég að hlaða batterið fyrir kvöldið því oft er ég að vinna mjög lengi fram eftir og þarf á orkunni að halda.

15.00

Upp úr hádegi tekur oftast við hugmyndavinna fyrir útvarpið, klippivinna fyrir sjónvarpið og ýmsir fundir. Svo er ég yfirleitt að þjálfa hjá Stjórnunni milli þriðju og fimm. Mér finnst ótrúlega gott að skipta svona um gir og fara í allt annað vinnu-umhverfi. Á körfuboltaæfingum er ég í essinu mínu, nýt þess að kenna krökkunum þessa frábæru íþrótt og reyni að vera góð fyrirmynd.

18.30

Eftir æfingar hitti ég fjölskylduna en kvöldmatinn borðum við gjarna með tengdforeldrum mínum sem búa á sama húsi. Verkefni kvöldsins eru svo aftur mismunandi eftir dögum en þau snúast aðallega um að horfa á körfuboltaleiki og fylgjast með þjóðfélagsmálum til að geta fjallað um í þættinum næsta morgun. Svo reyni ég líka að fara á æfingar með félögum mínum, ýmist körfubolta eða fótbolta.

23.00

Það næst síðasta sem ég geri áður en ég sofna er að heyra í Hjörvari

HVAÐ ER BESTA RÁÐ SEM ÞÉR HEFUR VERIÐ GEFID?

Fyrir bikarúrslitaleik Stjórnunnar gegn KR árið 2009 sagði körfuboltaáskósnin Jón Kr. Gíslason við mig að eftir leik myndi ég ekki vilja horfa til baka, vitandi það að ég hefði getað gert betur og lagt mig meira fram. Við unnum leik og eftir það urðu þessi orð hans að eins konar lífsmottói hjá mér enda hef ég lagt mig 100 prósent fram í öllu sem ég hef tekið mér fyrir hendur eftir það.

BESTA RÁÐ SEM ÞÚ GETUR GEFID ÖÐRUM?

Þegar ég var um títugt tók ég meðvitaða ákvörðun um að einbeita mér að því skemmtilega í lífinu, bæði í leik og starfi. Þar sem þetta hefur reynst mér vel vil ég deila þessu ráði: Reyna að hafa það gaman og horfa á björtu hliðarnar eftir bestu getu.

HVAÐ VILDIR ÞÚ AÐ ÞÚ HEFDIR VITAÐ FYRR?

Sá er sæll er sjálfur um á lof og vit meðan lifir. Því að ill ráð hefir maður oft þegið annars brjóstum úr.

svo allt sé á hreinu fyrir næsta morgun og síðasta mál á dagskrá er svo að sofna út frá sjónvarpinu. Einhverjir lífsstílsérfræðingar halda því reyndar fram að það sé ekki hollt að hafa sjónvarp í svefnherbergjum en þar verð ég að vera ósammála, enda erum við Pálinu vanalega sofnuð út frá einhverju bandarísku sjónvarpsefni upp úr klukkan tíu.

Vertu sparsöm með ástaratlot þín

Hjúskaparhugleiðingar fyrir ungar stúlkur

Árið 1923 kom út lítið hefti með heitinu „Hjúskaparhugleiðingar fyrir ungar stúlkur“ en því var ætlað að gefa ungum konum gagnleg ráð í ástálmálum. Í inngangsorðum er meðal annars tekið fram að ástin hafi þann eiginleika að maður geti ekki hugsað sér að hún geti breyst, hvorki orðið minni né meiri. Þar segir:

„Að hið síðarnefnda er ekki mögulegt hjá þér, því get ég vel trúað; en að hið fyrrnefnda sé ómögulegt, get ég ekki, þrátt fyrir mótmæli þín, fallist á. Reynslan sýnir að jafnvel hjón, sem elskast mjög heitt í byrjun, geta á skömmum tíma orðið köld og kærulaus gagnvart hvort öðru. – Þó er það ekki tilgangur minn, kæra vinkona, að ég með þessu, hversu satt sem það er, vilji draga kjark úr þér. Heyrðu ráð mín og breyttu eftir þeim og þá munt þú komast hjá mörgum óþægindum.“

BIRTA mun á næstu vikum deila þessum heilræðum, lesend-

um sínum til gagns og gamans. Spurningin er bara hvort þessi ráð séu jafn gagnleg árið 2018 og árið


Of mikil ástaratlot og umhyggja geta eyðilagt hamingju þína eins

Vertu sparsöm með ástaratlot þín

1923. Það er aldrei að vita. Hér kemur ráð númer 1.

og of lítið af þeim. Ástin getur því aðeins varað að ástaratlot séu viðhöfð í hófi. Þú þreytir manninn þinn með of miklum ástaratlotum og of mikilli umhyggju fyrir honum. Hann þolir ekki of mikla hamingju. Mundu eftir, að of mikið má af öllu gera. Hvað mun sá hafa til

vetrarins, sem hefir eytt öllu að sumrinu? Hugsaðu um það, að þið eigið eftir að vera saman alt ykkar líf; vertu þess vegna sparsöm með ástaratlot þín. Skoðaðu mann þinn altaf eins og vin, sem þú á alla lund reynir að draga að þér og gera alt til geðs.





„ÉG ER MED ALVEG ROSALEGA STOR BRJÓST“

Kynbomban **Oddný Ingólfssdóttir** er 180 sentimetrar á hæð og er með 124.000 fylgjendur á Instagram

MARGRÉT H. GÚSTAVSDÓTTIR
margret@dv.is



Hin íturvaxna undirfatafyrir-sæta Oddný Ingólfssdóttir er með 124 þúsund fylgjendur á Instagram en á síðasta hálfu ári hefur hún eignast tugþúsundir aðdáenda sem sumir bjóða henni gull og græna skóga í skiptum fyrir vinskáp, eða jafnvel hjónaband.

Oddný er engin písl. Hún er boldangskvenmaður, heilir 180 sentimetrar á hæð og notar brjóstahaldara í stærðinni 34 HH en það má segja að þessi gjöfuga brjóstastærð, í bland við áhuga hennar á undirfötum, ávalar línur og einkar fagra andlitsdrætti séu ástæðan fyrir vinsældunum.

Þegar hún opnaði reikning sinn á Instagram fyrir fjórum árum hafði Oddný enga sérstaka stefnu aðra en að skrifa myndatexta á ensku og reyna að nota viðeigandi myllumerki. Fyrsta myndin sem hún birti var til dæmis af kok-

“Fyrir sumum virðist lífið svolítið svart eða hvítt og margir túlka líkamsvirðingu sem svo að maður eigi að vera sáttur við líkamann á sér í mikilli yfirþyngd.

teilsósubrúsa, svona til að prófa myndavélina. Að loknu förðunar-námi fjölgaði hún sjálfunum og fékk fyrir vikið fleiri „like“, en þegar fyrsta brjóstahaldaramyndin birtist fjölgaði aðdáendum hennar svo um munaði.

„Sko, ég veit eiginlega ekki hvernig ég á að útskýra þetta – en

ég er með alveg rosaalega stór brjóst, nota stærðina 34 HH og í mörg ár hef ég því þurft að panta mér brjóstahaldara af netinu, einfaldlega af því ég fæ ekkert sem passar á mig hérna heima,“ segir hún.


„Svo hef ég alveg svakalega mikinn áhuga á undirfötum, les nærfatablogg og fylgi alls konar undirfatafyrirtækjum á netinu. Í gegnum tíðina hef ég safnað fullt af falletum undirfatnaði og einn daginn langaði mig bara geðveikt mikið að taka mynd af sjálfri mér á nærfötunum og birta á Instagram.“ útskýrir Oddný og bætir við að hún hafi aldrei haft mikið sjálfstraust en jákvæð viðbrögð við fyrstu undirfatamyndinni hafi blásið henni hugrekki í brjóst og hvatt hana til að halda áfram. Hún segir að til að byrja með hafi hún ekki haft nema um tvö hundruð fylgjendur á þessum vinsæla samfélagsmiðli en síðustu mánuði hafi þeim fjölgað verulega.

„Á síðustu sex mánuðum hefur þessi fjöldi tekið svakalegt stökk.

Fyrst voru þetta bara nokkur hundruð, svo nokkur þúsund en undanfarið hálf tölva hafa að meðaltali ellefu þúsund fylgjendur bæst við í hverjum mánuði,“ segir hún og vísar í greiningarforritið Socialblade.com.

„Ætli sjálfstraustið haldi ekki aðeins aftur af manni?“

Instagram gengur að mörgu leyti út á afmörkuð áhugasvið notendanna en vinsælustu reikningarnir snúast til dæmis um förðun, líkamsrækt, ferðalög, matargerð, gæludýr og annað í þeim dúr. Kynþokkinn nýtur einnig mikilla vinsælda hjá notendum og hér gildir hið fornkvæða að „hver maður spilar sinn leik“. Hvort sem fólk kann að meta mikla eða litla vöðva, stór eða lítil brjóst, breiðar eða grannar mjaðmir, allir fá eitthvað fyrir sinn snúð á Instagram svo lengi sem leitað er eftir réttum myllumerkjum.



Eins og áður segir hefur Oddný frá upphafi skrifað alla myndatexta á ensku og verið dugleg að nota viðeigandi myllumerki en þetta hefur meðal annars orðið til þess að aðdáendur ávalra lína hafa verið ótúllir að endurbirta myndirnar hennar sem og áhuga-fólk um líkamsvirðingu. Daglega magnast snjóboltaáhrifin og fáar



jafnöldrur standa henni á sporði hvað vinsældir varðar en aðeins örfáir Íslendingar hafa svo marga fylgjendur að þeir hlaupi á tugum þúsunda.

Fjallið svokallaða, Hafþór Júlíus Björnsson, er með rúmlega eina milljón, Annie Mist með 742 þúsund og Margrét Gnarr um 95 þúsund eða aðeins færri en Oddný sem segist aldrei hafa keypt sér fylgjendur heldur skrifar hún velgengnina aðallega á áður nefndar endurbirtingar (shout outs) og myllumerkin góðu. Vinsældirnar hafa meðal annars gert það að verkum að Oddný þarf ekki að borga fyrir undirfötin sín lengur enda komin í samstarf við nokkra af sínum eftirlætis framleiðendum.

„Þetta fór eiginlega almennilega af stað fyrir svona hálfu ári en þá ákvað ég að reyna að gera bara eitthvað almennilegt með þennan reikning. Vandaði myndatökurnar og hafði svolítið meira fyrir þeim. Upp úr því fóru hlutirnir að gerast

mjög hratt og nú er ég komin í samstarf við nokkur stór tískufyrirtæki. Til dæmis Curvy Kate, sem ég hef elskað frá því ég var sautján ára, Dear Scantilly, BrasDot og Fashion Nova. Enn sem komið er hef ég þó ekki fengið greitt fyrir fyrirsætustörfin í peningum enda er þetta bara hobbí hjá mér enn sem komið er. Ætli sjálfstraustið haldi ekki aðeins aftur af manni,“ segir hún.

Er hvött áfram af kærastanum

„Ég hef líka verið svolítið smeyk við íslenska markaðinn, óttast aðeins dómhörku sem er kannski óþarfi af því að ég hef aðallega fengið góð viðbrögð og hvatningu frá Íslendingum,“ segir Oddný sem hefur líka fengið bónorð og alls konar misjöfn tilboð.

„Stundum fær maður svakalega ógeðsleg skilaboð og þeim svara ég auðvitað ekki en stundum finnst mér líka gaman að rugla í fólki. Bónorðin koma aðallega frá mönnum sem búa í Mið-Austurlöndum



en þeir virðast vera með brúðkaup á heilanum. Einn businessmaður frá Dúbaí bauð mér að koma og gerast yfirkokkur á veitingastað sem hann rekur þar og hann var ekkert að grínast með það. Sumir þessara manna eru í marga mánuði að reyna að ná athygli en ég kippi mér ekkert upp við það,“ segir hún og hlær.



Spurð að því hvort kærastinn hennar sé sáttur við samkeppnina segir hún hann of fullorðinn til þess að vera að stressa sig á þess háttar smáræði, en þau hafa verið saman í fjögur ár og hafa bæði verið í kokkanámi. „Birkir Freyr er aðallega í því að hvetja mig og styðja í þessu áhugamáli mínu. Hann hjálpar mér að taka flottar myndir, rekur á eftir mér að setja inn nýjar myndir og þess háttar. Þegar ég segi að hann sé of fullorðinn til að stressa sig á samkeppninni þá á ég bara við að hann er of andlega þroskaður til þess. Hann er kannski með 27 ára líkama en andlega er hann 75 ára,“ segir hún og skellir upp úr.

Fékk brjóstin úr föðurrættinni

Spurð að því hvort stóru brjóstin séu ættareinkenni segir Oddný þau beint úr föðurrættinni en hæðina fékk hún úr móðurætt.

„Amma mín er með svona stór brjóst líka en mjaðmirnar og rassinn koma úr fjölskyldu mömmu. Það eru allir eins og perur í laginu þar. Undanfarið hef ég reyndar bætt á mig aukakílóm svo vaxtarlagið hefur kannski orðið aðeins ýktara. Það var erfitt að halda reglu þegar maður var undir stöðugri pressu í kokkanáminu. Þá kom maður örmagna heim á kvöldin og langaði bara í pítsu,“ segir Oddný sem mætir nú reglulega í World Class í Laugum og Smáralind og reynir að passa upp á mataræðið.

„Núna er ég aðallega að fókusera á brennsluæfingar en eftir svona tvo til þrjá mánuði ætla ég



að byrja að lyfta aftur og verða eins sterk og ég get. Ég hef mikinn líkamlegan styrk og hef mjög gaman af því að lyfta. Við systkinin erum reyndar öll svona. Eldri bróðir minn er alveg risastór, tveir metrar, og sá yngri er sirka 182 sentimetrar en hann er aðeins fjórtán ára. Þetta er svolítið fyndið af því báðir foreldrar okkar eru þínulitlir, mamma er bara rétt rúmlega 160 sentimetrar en svo var aftur gríðarlegur hæðarmunur á ömmu hennar og afa. Langafi minn, Kjartan

„Amma mín er með svona stór brjóst líka en mjaðmirnar og rassinn koma úr fjölskyldu mömmu.

Bjarnason frá Siglufirði, var 210 sentimetrar en langamma mín var bara 150,“ segir Oddný og flissar.

Krafin um fullorðinsgjald í strætó og fékk ekki fara í Boltaland

Um fermingu var Oddný orðin fullvaxta, eða 180 sentimetrar á hæð eins og fyrr segir. Henni þótti tilveran stundum svolítið erfíð frá þessu sjónarhorni en þó aðallega þegar hún var krakki. „Ég var til dæmis alltaf krafin um fullorðinsgjald í strætó og var jafnvel vísað út þegar bílstjórnarnir trúðu því ekki að ég væri enn á barnafar-gjaldi. Svo var mér oft vísað frá Boltalandi í IKEA sem mér fannst alveg ömurlegt og sérstaklega þótti mér það ósanngjarnt þegar vinir mínir héldu áfram að lauma sér inn, alveg tveimur árum eftir að þau voru orðin of gömul. Kannski hefði það verið kostur fyrir mig að komast í Ríkið fyrir tvítugt en ég

drekk bara eiginlega aldrei áfengi svo ég keypti ekkert þar fyrr en ég varð 21 árs og þá var það fyrir pabba,“ segir Oddný og hlær.

„Ég geri mér til dæmis grein fyrir því að ég er of feit“

Spurð að því hvað henni þyki um „líkamsvirðingar“-átök svokölluð segir hún að henni finnst margir taka þær hugmyndir aðeins of langt.

„Á endanum snýst þetta um að ef maður er ekki ánægður með sig þá er nauðsynlegt að gera eitthvað í því til að líða betur, alveg burt séð frá útlitinu. Fyrir sumum virðist lífið svolítið svart eða hvítt og margir túlka líkamsvirðingu sem svo að maður eigi að vera sáttur við líkamann á sér í mikilli yfirþyngd. Það er fjöldi flotts fólks að predika þetta á netinu og það fer stundum alveg svakalega í taugarnar á mér. Auðvitað er alveg hægt að vera 130 kíló og halda heilsu í því ástandi í einhvern tíma en á endanum er eitthvað að fara að gefa sig ef fólk gerir ekkert til að huga að heilsunni. Ef mjög feitt fólk er sátt í eigin skinni þá er það hið besta mál, enda er ekkert að því að vera feit eða feitur, en það er ekki í lagi að halda því fram að heilsan sé í toppstandi þegar fólk er í mikilli yfirþyngd. Það gengur einfaldlega ekki upp. Ég geri mér til dæmis grein fyrir því að ég er of feit þessa dagana en ég er samt sátt við sjálfa mig. Ég er ánægð með mig á meðan ég fer vel með sjálfa mig og passa hvernig ég tala til sjálfrar mín í

kollinum,“ segir hún og bætir að lokum við að vel heppnuð sjálfa á Instagram geti líka gert góða hluti fyrir sjálfsmyndina.

„Þetta er kannski svolítið eins og að kaupa sér nýja fallega flík sem maður nýtur þess að klæðast. Ég get alltaf skoðað vel heppnaðar sjálfsmyndir og rifjað upp að einmitt þegar myndin var tekin hafi mér líðið vel og verið sátt í eigin skinni. Það leynist ákveðin styrkur í því,“ segir þessi flotta fyrrsæta að lokum. **B**



Það eru ekki margir sem myndast jafn vel og Eyjamærin **Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir** enda var henni nánast nappað úr Vestmannaeyjum til að taka þátt í fyrirsætustörfum. Sextán ára sigraði hún í fyrirsætukeppni Elite og fimm árum síðar landaði hún titlunum Ungfrú Reykjavík og Ísland. Hún stjórnaði morgunþætti á Stöð 2 um nokkurt skeið en dró sig svo úr sviðsljósinu sem, eins og margir vita, getur verið nokkuð eldfimt.

MARGRÉT H. GÚSTAVSDÓTTIR
margret@dv.is



Ragnheiði dreymdi aldrei um að verða fyrirsæta eða fegurðardís þegar hún var krakki. Hún lýsir sér sem strákastelpu enda á hún þrjá eldri bræður og var alltaf mikil pabbastelpa. Foreldrar hennar eru Guðni heitinn Ólafsson, skipstjóri og útgerðarmaður, og Gerður Sigurðardóttir húsmóðir sem býr nú í Reykjavík.

Hún segist hafa verið þekkt sem „stelpan með síða hárið í græna jakkanum“ í Eyjum, var á kafi í körfubolta og fótbolta og aldrei hvarflaði það að henni að hún myndi gerast fyrirsæta, hvað þá fegurðardrottning, enda upplifði hún sjálfa sig sem „ósköp venjulegan lúða“ eins og hún orðar það.

„Ég hef alltaf haft meira gaman af útiveru og einhvers konar hasar heldur en að punta sjálfa mig. Svo var ég eiginlega bara sótt til Eyja til

að fara í þessi fyrirsætustörf,“ rifjar hún upp.

„Kolbrún Aðalsteinsdóttir, sem starfaði fyrir Elite, hvatti foreldra mína til að senda mig í keppnina og ég man að það var mikið talað um tækifærin sem þetta gæti haft í för með sér. Þessu fylgdu svolítið blendnar tilfinningar. Ég man að mér fannst þessi þrýstingur frekar pirrandi en svo tóku ævintýrin við þegar tilboðin fóru að hrúgast inn og við Kolbrún byrjuðum að ferðast

ÉG HEF KANNINSKI **BOGNAD** EN ALDREI **BROTNAD**

„Ég hef alltaf haft meira gaman af útiveru og einhvers konar hasar heldur en að punta sjálfa mig.“

um heiminn. Ég, kornung fyrirseta, og hún, umboðsmaðurinn sem foreldrar mínir þurftu bara að treysta,“ segir Ragnheiður og bætir við að hún sjái ekkert eftir þessu enda bara viðbót í reynslubankann. Hún starfaði meðal annars í stórborgunum London og Mílanó og fékk tækifæri til að kynna lífinu frá allt öðru sjónarhorni en flestar jafnöldrur hennar.

Eftir að hafa starfað sem fyrirseta í fimm ár tók Ragnheiður þátt

í keppninni Ungfrú Ísland og bar sigur úr býtum. Var fyrst kjörin Ungfrú Reykjavík og síðan Ungfrú Ísland vorið 2001.

„Ég var orðin 21 árs og var því ellismellurinn í keppendahópnum. Hafði ágætis bein í nefinu og fannst þetta því ekki svo mikið mál. Ég eignaðist fullt af góðum vinkonum sem ég held enn sambandi við í dag og í raun var það nægilegt tilefni til þátttökunnar. Framhaldið hefði orðið að taka þátt í Ungfrú Heimur

en fljótlega eftir keppnina komst ég að því að ég var barnshafandi. Annar keppandi fór út í minn stað og stóð sig frábærlega. Ég hefði ekki getað gert betur,“ segir hún, en Íris Björk Árnadóttir landaði titlinum Ungfrú Norðurlönd í október 2001 og Ragnheiði fæddist sonur þann 22. desember sama ár.

„Svona gerist bara svo auðveldlega í litlum samfélögum þar sem allir vita allt um alla“

Eins og fyrir segir var

„Undir lokin var ég svo ég svo bara algjörlega komin með upp í kok af neikvæðri gagnrýni, aðfinnslum og öðrum leiðindum í minn garð.“

Ragnheiður ekki mjög meðvituð um útlit sitt fram að fyrirsetu-keppninni. Spurð að því hvort það hafi haft neikvæð áhrif á hana að vera síðar skilgreind út frá hlutverki sætu stelpunnar segir hún það í raun hafa komið síðar.

„Ég upplifði engan samanburð eða aðra neikvæðni hvað varðar útlit mitt fyrr en ég fékk þessa titla. Þá fóru alls konar kjaftasögur og baktal af stað og sumar stelpur, sem ég taldi vinkonur mínar, snerust allt í einu gegn mér. Þetta virðist einhvern veginn loða við margar ungar konur og eflaust þroskaleysi um að kenna enda finn ég ekki fyrir neinni afbrýðisemi eða mótlæti í dag og hef ekki gert í mörg ár. Eða kannski tek ég þetta bara minna inn á mig núna? Ég veit það ekki,“ segir hún og yppir öxlum. „Svona gerist bara svo auðveldlega í litlum samfélögum þar sem allir vita allt um alla. Um leið og maður stígur út úr þeim þægindaramma að eiga einkalíf ekki bara fyrir sig þá er maður um leið berskjaldaðri. Á þessum árum þekktist það ekki að stelpur færu út fyrir normið í þessu litla Alcatraz-samfélagi. Stundum var þetta drulluerfitt en ég sé samt ekki eftir neinu enda lærði ég ósköpin öll af þessu.“

„Fólk annaðhvort elskaði að hata mig, eða hataði að elska mig“

Ragnheiður var í sambúð með barnsföður sínum í tæp þrjú ár en leiðir þeirra skildi eins og gengur. Hún réð sig til starfa hjá sjónvarpsstöðinni PoppTíVÍ sem var og hét og steig þar sín fyrstu skref í fjölmiðlabransanum þegar hún hélt úti lífsstíls- og dægurmálþættinum Prófil.

„Þetta var virkilega skemmtilegt og fjölbreytt starf. Við vorum með fjölbreyttar vörुकynningar í verslunum, seldum innslög í þáttinn og fjölluðum svo um komandi stefnur og strauma, til dæmis í heilsu- og tískubransanum. Það má segja að þetta hafi verið kostaður lífsstílsþáttur, sambærilegur við vörumfjöllun sem tíðkast á netinu og samfélagsmiðlum í dag en þar vorum við töluvert á undan okkar samtíð held ég með þessum þætti.“ Með jákvæða reynslu af því að koma fram í sjónvarpi færði hún sig yfir á Stöð 2 og tók við af Ingu Línú Karlsdóttur þegar hún hætti í þættinum Ísland í bítið. Ragnheiður stýrði þessum morgunþætti ásamt Heimi Karlssyni í um eitt ár og segir það hafa tekið verulega á. „Fólk annaðhvort elskaði að hata mig, eða hataði að elska mig. Ég held að ég hafi bara verið stimpluð sem heimsk ljóska enda var mér gert að fjalla um hluti sem ég hafði aldrei haft áhuga á og átti erfitt með að setja mig inn í. Til dæmis pólitík. Samt var ég eitthvað að reyna að setja mig í stellingar,“ segir hún og skellir upp úr.

„Ég hafði einlægán áhuga á mannlega þættinum meðan Heimur var sterkur í öllu sem sneri að stjórnmálum. Á köflum fékk ég að njóta mín en stundum var ég ▶



Þvinguð til að fjalla um hluti sem ég hafði litla sem enga þekkingu á og þá kemur maður svo sem ekkert vel út. Svo var þetta á þeim tíma sem NFS, eða Nýja Fréttastöðin, var að fæðast þannig að það var gríðarleg áhersla lögð á allt sem sneri að fréttum og pólitík. Þeir ætluðu sér að verða BBC News Íslands. Ég var fróðleiksfús og gerði mitt besta til að afla mér upplýsinga um hin ýmsu mál – en kannski gaf fólk mér bara ekki séns? Ég veit það ekki. Undir lokin var ég svo bara algjörlega komin með upp í kok af neikvæðri gagnrýni, aðfinnslum og öðrum leiðindum í minn garð enda má segja að þetta niðurrif hafi flæmt mig úr fjölmiðlabransanum,“ segir Ragnheiður og rifjar upp færslur og athugasemdir sem hún las um sjálfa sig, meðal annars á Barnalandi og ýmsum bloggsíðum sem þá gegndu svipuðu hlutverki og Facebook og Twitter gera í dag.

Hefur bagnað en aldrei brotnað

„Maður las alls konar rugl eins og til dæmis að maður gæti eins verið með póstkassa í staðinn fyrir haus, fólk var ekkert að spara sitt ömurlega álit. Fyrst um sinn hafði þetta mjög niðurbrotandi áhrif á mig og ég lét þetta stjórn því hvernig mér leið en þegar NFS fór á hausinn, hætti ég í fjölmiðlum og fór inn á önnur svið,“ segir hún, en Ragnheiði var sagt upp ásamt fjölda annarra starfsmanna þegar fyrirtækið hætti.

„Að vera sagt upp er reynsla sem ég hefði ekki viljað missa af. Margir líta á uppsögn úr starfi sem gríðarlega höfnun en í dag er ég þakklát fyrir þetta því þrátt fyrir allt sem á hefur gengið í lífi mínu hef ég, innst inni, alltaf einhvern veginn vitað fyrir hvað ég stend. Ég hef kannski bagnað en aldrei brotnað – og ég held að ég sé komin með ansi þykkari skrúp. Gagnrýnin, afbrýðisemin, mót-lætið, umtalið og aðfinnslurnar byrjuðu auðvitað þegar ég var bara fimmtán ára en það var ekki fyrir en eftir þessa reynslu að ég tók þá ákvörðun að álit annarra skyldi aldrei ráða því hvernig mér liði eða hvað mér þætti um sjálfa mig og ef það væri einhver sem ætti að bera ábyrgð á minni líðan þá væri það einungis ég sjálf,“ segir hún.

„Pabbi var alltaf kletturinn í mínu lífi“

Eftir þetta beindist athygli hennar inn á önnur svið. Hún skráði sig í nám í mannaútsfræðum hjá Endurmenntun Háskólans og þaðan lá leiðin í sálfræðina en Ragnheiður útskrifaðist með meistara-gráðu í félags- og vinnusálfræði frá Háskóla Íslands árið 2013. Í dag starfar hún sem framkvæmdastjóri Forvarna ehf. og sinnir bæði einstaklingum og fyrirtækjum, ásamt fleira fólki sem þar starfar, en aðaláherslu leggur Ragnheiður á að hjálpa fólki að fyrirbyggja heilsuþrest sem orsakast af völdum streitu og álags. Áhuga hennar á þessu orsakasamhengi má meðal annars rekja til ótímabærs dauða föður hennar sem lést úr krabbameini aðeins 56 ára að aldri.

„Hann vann mikið álagstarf og ég er viss um að partur af hans veikindum orsakaðist af streitu en hann var bráðkvaddur í sömu viku og hann greindist með krabbamein í ósæðinni við hjartað. Okkur fjölskyldunni var tilkynnt um veikindin á þriðjudegi og svo var hann látinn á föstudegi. Maður veit eiginlega ekki hvort það er betra að missa fólk skyndilega eða fá tíma til að kveðja það, en við áttum góða stund saman áður en hann fór. Pabbi var alltaf kletturinn í mínu lífi og að missa hann var auðvitað innlegg í reynslubankann líka,“ segir hún og ljóst er að henni þótti ákaflega vænt um pabba sinn.

„Erum við sífellt að bera okkur saman við annað fólk?“

Hún segist trúá því að samhengið á milli þess að veikjast alvarlega og/eða deyja fyrir aldur fram megi oft rekja beint til mikillar streitu. Streitan geti orðið allsráðandi í lífi margra og þá sé það ýmist innri streita, ytri streita eða hvort tveggja, sem hafi tögl og hagldir.

Ytri streitu skilgreinir hún sem uppákomur og aðstæður sem við höfum enga eða litla stjórn á, til dæmis dauðsföll, veikindi, tekjumissi eða þess háttar, en innri streitu segir hún vanalega orsakast af hugsunum sem við gætum oft haft miklu betri stjórn á. Hún telur að margt ungt fólk, á aldrinum tuttugu til fjórtíu ára, glími við innri streitu sem í flestum tilfellum mætti draga stórlega úr.

„Maður veit eiginlega ekki hvort það er betra að missa fólk skyndilega eða fá tíma til að kveðja það.“

„Fyrst og fremst þurfum við að byrja á því að skoða viðhorfin okkar og komast að því hvort þau séu að gagnast okkur. Erum við til dæmis á kafi í lífsgæðakapphlaupinu eða föst í einhvers konar útlitsdyrkun? Erum við sífellt að bera okkur saman við annað fólk og kannski setja okkur óraunhæf markmið? Og erum við haldin af mikilli þörf fyrir viðurkenningu? Þetta eru mikilvægar spurningar sem er gott að svara, því ef viðhorfin gagnast okkur ekki þá keyrum við okkur stundum í gegnum lífið, með slæmum afleiðingum, ekki aðeins fyrir okkur sjálf heldur einnig fyrir okkar nánasta fólk, bæði börn og maka,“ segir Ragnheiður.

Áróður um fullkomið líf

Hún segir að mörg gerum við þau mistök að lifa lífinu á forsendum annarra og gleymum stundum að staldra við og spyrja hvort það sem við séum að gera sé raunverulega það sem okkur langar til. Sýndarveruleikinn á samfélagsmiðlum geti til dæmis gert fólki lífið leitt ef það er ekki meðvitað um andlegu áhrifin sem geta fylgt því að verða fyrir stöðugu áreiti og áminningum um einhvers konar fullkomið líf. „Það dynur á okkur þessi endalausi áróður um að eignast fullkomið heimili, keyra um á fullkomnum bíl, vera í góðu sambandi við fullkominn maka og eiga fullkomin kurteis börn – og síðast ekki síst hafa fullkomið útlit til að lífið geti orðið gott. Auðvitað er ekki til neitt sem heitir fullkomið líf og þetta vita flestir en við þetta áreiti getur samt sem áður myndast ósamræmi milli innri og ytri veruleika sem skilar sér svo í vanlíðan. Fólk veltir því fyrir sér hvernig það muni nokkurn tímann ná að höndla

hamingjuna þegar lífið er eins ófullkomið og raun ber vitni. Með öðrum orðum verður bilið á milli þess hver þú ert, og hver þig langar til að verða, of breitt. Og svo er það annað mál að „hver mig langar til að vera“ stjórnast oft allt of mikið af því sem maður telur að aðrir haldi um mann, eða álitni annarra.“

Þú hefur þá kannski dregið þennan lærdóm beint upp úr eigin reynslubrunni?

„Já, auðvitað lærði ég af því að hafa lent á þeim stað í lífinu að skoðanir, álit, hugsun og hegðun annarra stjórnuðu því næstum alfarið hvernig mér sjálfri leið og þótt hún hafi ekki verið skemmtileg þá hefur þessi lífsreynsla einnig nýst mér mjög vel í starfinu. Ég hef til að mynda lært að þekkja eigin tilfinningar nokkuð vel og stjórna þeim eftir bestu getu, en um leið hef ég líka öðlast ágætis tilfinningalæsi og á auðvelt með að skilja fólk og setja mig í spor annarra.“

Áreitið verður alltaf til staðar

Hún segir, að þrátt fyrir margs konar vonbrigði og erfiðleika, hefði hún aldrei viljað að henni hefði verið hlíf við þeim verkefnum sem lífið hefur fært henni til þessa. Í sumum tilfellum hafi hún haft takmarkaða stjórn á aðstæðum og öðrum ekki, en allt hafi þetta verið góðar lexiur sem nýtist vel í dag. Í starfi sínu þakkar Ragnheiður Ólafi Þór Ævarssyni, geðlækni og eiganda Forvarna, sérstaklega fyrir góða handleiðslu en með honum hefur hún starfað allt frá því að hún byrjaði að læra sálfræði. Með tímanum hefur hún svo öðlast mikla sérþekkingu á áhrifum streitu og starf hennar gengur aðallega út á að liðsinna fólki á því sviði. Þrátt fyrir áður nefnda útgangspunkta um innri og ytri streituvalda segir hún það þó mjög einstaklingsbundnið hvað það sé sem stressar fólk upp. „Þegar ég tala um streituvarnir þá á ég oftast við svefn, mataræði, hreyfingu og hugarfar. Áreitið verður alltaf til staðar í lífinu en hvert og eitt þurfum við að byggja upp markvissar varnir með því að passa upp á þessi grundvallaratriði.“

Smátt og smátt verður hamingjan meiri

Hvað finnst þér þá um það þegar fólk er að mæla hreyfingu sína og

birta svo árangurinn, tíma, þyngd og þess háttar á samfélagsmiðlum eða í þar til gerðum öppum? Verður þessi viðleitni til að lifa heilbrigðara lífi kannski til þess að auka streituna hjá sumum?

„Vissulega. Hjá mörgum verða þessi smáforrit, og aðrir samfélagsmiðlar, einmitt til þess að samburðurinn við annað fólk verður meiri og óheilbrigðari. Í kjölfarið líður mörgum sífellt verr ef árangurinn er ekki í samræmi við markmiðin. Þessari tækni er vissulega ætlað að bæta líf okkar og einfalda það en ef við kunnum ekki að fara með hana þá getur tilveran orðið erfiðari. Með samfélagsmiðlatengd útivistarforrit á borð við Endomodo, Strava og þess háttar er kannski málið að byrja á því að spyrja til hvers maður sé að stunda hlaup og hjólaferðir? Er maður að þessu til að aðrir geti fylgst með manni, séð hvað maður er fljótur og hvað maður hjólar langt, eða erum við fyrst og fremst að þessu í þeim tilgangi að bæta eigin lífsgæði?“

Hún lýsir hugarum sem félagslegu líffæri og að í honum mótist öll okkar félagslega hegðun allt frá því við erum börn.

„Frá upphafi er okkur sagt hvernig við eigum að haga okkur við ákveðnar félagslegar aðstæður, hvernig við ættum að bregðast við og svo framvegis, og smám saman skilyrðist hugarfarið inn á ákveðna hegðun. Þess vegna er fyrsta mál á dagskrá að skoða hugann ef við viljum breyta einhverju í lífinu,“ segir hún og bendir um leið á að allt snúist þetta um akvarðanir. Að alla daga stöndum við frammi fyrir því að velja ýmist A eða B en styrkurinn og hamingjan séu í raun fylgin í því að velja það sem er betra fyrir mann þegar til lengri tíma er lítið.

„Maður hugsar fyrst, ákveður sig og framkvæmir svo. Stundum ákveðum við hlutina svo fljótt að við tökum ekki einu sinni eftir því en því oftast sem maður staldrar við, hugsar málið og velur svo þann kostinn sem er betri fyrir mann til lengri tíma – eins og til dæmis að borða hollan mat í staðinn fyrir skyndibita, því betur líður manni og smátt og smátt verður hamingjan meiri.“



Íslenska verði leiðandi tungumál

RETOR FRÆÐSLA

Við viljum vitundarvakningu um notkun íslensku sem leiðandi tungumáls á vinnustöðum og við teljum að enska hafi tekið yfir sem samskiptamáti vegna stefnuleysis stjórnvalda. Styrkir til íslenskukennslu fyrir innflytjendur voru 240 milljónir árið 2008 en 120 milljónir árin 2016 og 2017. Það er áriðandi að breytingar verði í innflytjendamálum, sérstaklega varðandi íslenskukennslu. Ég trúir því að í landi eins og Íslandi séu breytingar mögulegar," segir Aneta M. Matuszewska, skólustjóri Retor Fræðslu.

Aneta betndir á að síðustu ár hafi innflytjendum fjölgað hratt og þeir séu í dag 10 prósent af þjóðinni. Spár bendi til þess að eftir tíu ár geti þessi tala nálgast 20 prósent og án verulegrar stefnubreytingar í íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur muni það hafa gifurleg áhrif á tungumálið. Þeir sem kunna íslensku séu þegar farnir að velja ensku sem samskiptamáta fram yfir íslensku. Þróunin sé augljós og hröð og aðgerða sé þörf til að viðhalda íslenskunni.

Tungumálið er lykillinn

„Það að kunna málið er lykillinn að því að geta tekið þátt í samfélaginu. Íslenskukunnátta opnar ótal dyr, ekki bara þær að geta spjallað við íslenska vini sína yfir kaffi, heldur fær fólk tækifæri til þess að nota

menntun sína, miðla af þeirri reynslu sem það býr yfir og hugmyndum sínum og á betri möguleika á því að láta drauma sína rætast," segir Aneta. Aneta flutti hingað til lands frá Póllandi fyrir sautján árum og var au-pair hjá íslenskrri fjölskyldu. Þegar þeim samningi lauk hóf hún störf á leikskóla. Hún segir leikskólastarfið hafa verið afar gefandi og hún náði góðum tókum á íslensku. Í framhaldinu fór hún að kenna samlöndum sínum málið.

„Ég varð reynslunni ríkari eftir nokkurra ára starf við leikskóla og þegar mér bauðst að kenna Pólverjum íslensku skellti ég mér á það enda fannst mér vanta pólskumælandi kennara. Þetta var mjög áhugavert en þó fannst mér vanta betri lausnir fyrir samlanda mína. Af því að ég er sjálf innflytjandi taldi ég mig vita betur hvernig Pólverjar læra og vildi koma ákveðnum hugmyndum á framfæri. Ég stofnaði því skólann árið 2008.“

Erum of fljót að skipta yfir í ensku

Hún segir Íslendinga allt of fljóta að skipta yfir í ensku þegar þeir tali við innflytjendur. Það tefji fyrir því að fólk nái tókum á málinu. „Íslendingar eru að sjálf sögðu betri í íslensku en ensku og því skritið að þeir tali frekar ensku við innflytjendur því innflytjendur tala alls ekki allir ensku. Við heyrum það



frá nemendum okkar að það er alls staðar töluð við þá enska. Fólk fær ekki tækifæri til að æfa sig í að tala. Innflytjendum fjölgar hratt og ef fram fer sem horfir næstu áratugi munu sífellt færri tala íslensku á Íslandi!“

Aneta segir að skýrari stefnumótun vanti hjá stjórnvöldum. „Stjórnvöld verða að læra af reynslunni. Það eru ekki bara verkamenn sem koma hingað til að vinna og stoppa stutt, margir setjast hér að. Ef þeir læra ekki íslensku er miklu meiri hætt á að þeir lendi á atvinnuleysisbótum ef þeir missa vinnuna. Það vantar fjármagn, númer eitt, tvö og þrjú. Nú er lag, það er uppgangur og hagkerfið blómstrar. Þetta er ekki bara mál innflytjendanna sjálfra heldur allra Íslendinga.“

Aneta segir að árlega sækir rúm-

lega um þúsund nemendur nám hjá Retor. „Við sérhæfum okkur í íslenskukennslu fyrir Pólverja en við tókum á móti öllum hópum innflytjenda og eru þá blönduðu hóparnir yfirleitt á vegum fyrirtækja sem við þjónustum. Við höfum einnig átt langt samstarf við Vinnumálastofnun þar sem við kennum sérsniðin námskeið til viðbótar við íslenskukennslu. Innflytjendur sjálfir vilja skýrari stefnu. Við erum komin, við viljum taka þátt í að byggja upp landið en ef það er engin stefna í íslenskukennslu verður enskan einfaldlega ofan á. Ég skora því á komandi ríkisstjórn að marka skýra stefnu.“

Retor Fræðsla er til húsa að Hlíðasmára 8 í Kópavogi. Síminn er 519-4800. Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni retor.is.

Afmælisbörn vikunnar



71
árs

LADDI

Starf: Leikari, grínisti, tónlistarmaður
Fæddur: 20. janúar 1947



49
ára

HILMIR SNÆR GUÐNASON

Starf: Leikari
Fæddur: 24. janúar 1969



48
ára

LINDA BLÖNDAL

Starf: Fjölmiðlakona
Fædd: 22. janúar 1970



58
ára

GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON

Starf: Handboltþjálfari
Fæddur: 23. desember 1960

„VEL MÆLT“



„Það sem við listamennirnir eigum að gera er aðeins þetta: Vera Guði til ánægju og reyna að sannfæra fólk um að það sé einhver tilgangur með þessu.“

– Jóhannes Sveinsson Kjarval

Orðabanki Birtu: Að sefa, róa og milda

ÞRISVAR ÚT Á SVALIR TIL AÐ SEFA MANNFJÖLDANN

Sögnin „að sefa“ þýðir að milda eða lina einhvers konar tilfinningalegt uppnám. Fullorðið fólk reynir oft að sefa eigin sorgir og þjáningar með því að borða mikinn mat, neyta áfengis eða jafnvel hreyfa sig mikið (sbr. Forrest Gump þegar hann hljóp af sér ástarsorgina). Þetta þykir almennt ekki tíðindum sæta fyrr en sefunar-tilbúðirnar fara úr böndunum, svo úr verður það sem í almennum tali er kallað fíkn eða fíknarhegðun.

„Ég bragða, skynja, skil“

Karlkynsorðið sefi merkir hugur eða geð. Orðið er stundum talið í ætt við latneska orðið sapi sem þýðir „ég bragða, skynja, skil“.

Orðið sefasýki er notað yfir geðsjúkt ástand með líkamlegum einkennum sem viðbrögð við tilfinningalega erfiðri reynslu en þetta getur lýst sér með máttleysi, svima eða jafnvel lömum og sefun er sárlænt ferli þar sem hugmynd eða skoðun (annars manns) er meðtekin án þess að rökum, fortölum, skipunum eða nauðung sé beitt. Í íslensku alfræðiorðabókinni er útskýrt að sefun sé vísviljandi beitt í sumum tilfellum, til dæmis í auglýsingum, og að þekktasta gerð sefunar sé dáleiðsla.

Samheiti:

blíðka, deyfa, draga úr, hægja, létta, líkna, lægja, milda, minnka, mykja, sefa, slaka á, svía; hlýna



LONDON - MIDVIKUDAGURINN 15. ÁGÚST 1945

Georg 6. Bretakonungur setti breska þingið í dag. Að venju lýsti hann við það tækifæri stefnu ríkisstjórnarinnar í aðalatriðum. Sagði konungur, að alt kapp yrði lagt á það, að heimflutningi breskra stríðsfanga í Austurálfu yrði hraðað sem mest. Lögð yrðu fyrir þingið frumvörp um endurskoðun iðnræktsturs Bretlands og aukna útflytingsverslun. Myndi í þessum efnum verða gripið til aukins eftirlits eða þjóðnýtingar. Englandsbanki yrði þjóðnýttur, svo og kolanámur landsins.

Þá yrðu gerðar ráðstafanir til þess að bæta úr húsnæðisvandræðunum í landinu. Yrði hafist handa um

skipulagðar húsamiðar og framleiðslu byggingarefna. Þá yrði komið á viðtækri fjelagsmálalöggjöf. Heilbrigðismálalöggjöf landsins yrði látin koma til framkvæmda. Stjórnin myndi vinda að því bráðan bug, að Inland fengi sjálfsstjórn. Loks myndi bráð-lega þess vera farið á leit við þingið, að það staðfesti skipulagsskrá hinna sameinuðu þjóða, sem gerð var á ráðstefnunni í San Francisco.

Konungshjónin hylt

Geysilegur mannfjöldi hylti konungshjónin fyrir utan þinghúsið, er þau

komu þangað og fóru þaðan. Fyrir utan konungshöllina safnaðist mikið mannhaf síðar um daginn.

Urðu konungshjónin að koma þrisvar út á hallarsvalirnar til þess að sefa mannfjöldann.

Attlee forsætisráðherra og þrjú yfirmenn herforingjaráðs Breta gengu á fund konungs og báru fram heillaóskir sínar í tilefni sigursins. Skömmu síðar gekk Churchill, forvígismaður stjórnarandstöðunnar, fyrir konung í sömu erindagerðum.

(Tímarit.is)



25%
afsláttur
í janúar



*Almar Bakari hefur
nú opnað salatbar*



*Opið mánudaga
til laugardaga
frá kl. 7-18
og sunnudaga
frá kl. 8-18*

ALMAR BAKARI

BAKARÍ / KAFFIHÚS / SALATBAR

Sunnumörk 2, Hveragerði - Sími: 483-1919 - Almar Bakari á Facebook



Helgarmaturinn

HNETUHJÚPUÐ LANGA

Birgir Rafn Ásgeirsson, matreiðslumaður og fisk-sali í versluninni Vegamót, við Nesveg á Seltjarnarnesi gefur lesendum gómsæta uppskrift að ofnrétti sem er bæði fljótlegur, einfaldur og þægilegur, svo ekki sé minnst á hollustuna!

Birgir, sem hefur rekið verslunina undanfarin níu ár, er einnig mikill sælkeri enda menntaður í faginu. Rétt eins og aðrir matreiðslumenn leggur hann aðaláhersluna á ferskleikann en fiskréttirnir í kæliborðinu eru allir útbúnir af honum sjálfum, að undanskildu kartöflumeðlæti.

Eldri kynslóðir Íslendinga eru flestar aldar upp á fiski. Meðan kjöt var haft til hátíðabrigða borðuðum við gellur, hrogn og lifur, karfa, ufsa, steinbít og ýsu á virkum dögum. Nú er öldin önnur og unga fólk vill stundum ekki sjá fiskinn meðan þau eldri eru haldin þeim misskilningi að fiskurinn sé eitthvað dýrari en annar matur. Hvað börnin okkar varðar segir Birgir að hér þurfi helst að byrja á grunninum, eða í eldhúsum leik- og grunnskólanna.

„Oft á tíðum er hráefnið sem er keypt fyrir leik- og grunnskólabörnin einfaldlega ekki eins gott og það ætti að vera. Menn keppast við að vera með lægsta verðið og borgin býður þetta út. Ef börn alast ekki upp við að fá góðan fisk frá upphafi þá er kannski ekki skrifitíð að fiskimenningin sé ekki betri hjá þeim en raun ber vitni,“ segir hann.

Íslensk villibráð er umtalsvert betri valkostur en pakki af pylsum

Hvað varðar samanburð á fisk- og kjötverði kemur hann með mjög gott dæmi.



„Tökum sem dæmi venjulegar pylsur. Kílóíð af þeim kostar um 1.800 krónur meðan kíló af ferskri ýsu, sem er ekkert annað en hrein, íslensk villibráð, er bara örlítið dýrara, eða um 2.100 kr kílóíð fyrir raunveruleg gæði og hollustu. Íslensk nautalund er seld á 7.900 krónur kílóíð út úr búð, en nautalund hafsins, sem er skötuselur, kostar 3.500 kílóíð.“ Hann segir aðgengi okkar að ferskum fiski mikil forrétindi en íbúar höfuðborga annarra Evrópuríkja búa fæstir svo vel að geta snætt spriklandi ferskan fisk sama dag, eða daginn eftir að hann er dregin í land.

„Ég kaupi mína ýsu aðallega frá Siglufirði eða Skagaströnd. Baturinn fer út um morguninn og landar seinnipartinn. Þar fer fiskurinn beint upp á bíl, er kominn

UPPSKRIFT

HNETUHJÚPUÐ LANGA Á GRÆNMETISSÁTU MEÐ SELLERÍRÓTAR-MOUSSE

Fyrir 4

- 800–1.000 g langa
- 70 g pistasíuhnetur
- 70 g ristaðar furuhnetur
- Rifinn parmesanostur
- Steinselja
- 1 dós af góðu tómpestó

AÐFERÐ

Blandið saman grófmuldum pistasíum, steinselju, parmesanosti og furuhnetum. Veltið löngunni upp úr tómpestó og sáldrið svo blöndunni yfir. Setjið inn í 200 gráðu forhitaðan ofn og bakið í 12–14 mínútur. Látið hvíla í 5 mínútur áður en maturinn er borinn fram.

GRÆNMETISSÁTA (Gott að gera deginum áður)

- ¼ haus rauðkál
- ¼ haus hvítkál
- 2 meðalstórar gulrætur
- 1 meðalstór rauðbeða
- Eplaedik
- Lime
- Ólífuolía

Allt rífið niður og bragðbætt með 30 ml af eplaediki, safu úr einu lime og góðri ólífuolíu. Smakkið til með salti og pipar og setjið svo smá sykru með eða sleppið því ef þið eruð í sykursbindindi.

SELLERÍRÓTARMÚS

- 1 sellerírót skræld og skorin í teninga
- ½ dl rjómi
- 1 grænmetisteningur

AÐFERÐ

Sjóðið sellerírótarteninga í grænmetissoði þar til orðið mjúkt. Sigtíð og geymið soðið sem er tilvalið í tæra grænmetisúpu næsta dag ef vill.

Maukið með töfrasprota, bætið við rjóma og smakkið til með salti og pipar.

til mín um morguninn og svo er hann flakaður um hádegi og settur í kæliborðið. Fólk áttar sig kannski ekki alltaf á gæðunum og hvað þetta eru í raun mikil forrétindi. Þetta er ferskmeti, ekki beint frá bónda, heldur beint frá sjómanni með lögmætri milligöngu fiskmarkaðarins, í næstu verslun.“

Sjálfur borðar hann fisk að minnsta kosti tvisvar í viku með fjölskyldu sinni og segir enga sérstaka tegund í upphaldi enda ferskleikinn aðalatriðið.

„Fiskurinn er bestur þegar hann er sem ferskastur og sem fiskisali legg ég mesta áherslu á að bjóða

ferskan fisk. Stundum viðrar til dæmis svo illa að það er ekki hægt að fara út á sjó næsta dag. Þá kaupi ég aðeins meira þann daginn svo að úrvalið sé ferskt. Mánudagar hafa alltaf verið langvinsælustu fiskidagarnir og föstudagar þeir rólegustu. Þetta er gömul hefð hjá Íslendingum, í byrjun vikunnar vill fólk létmeti og eftir því sem líður nær helginni þá vilja menn þyngr mat. Það er samt ekkert sem segir að fiskurinn sé ekki líka góður á föstudögum eða um helgar enda tökum við inn nýjan fisk á hverjum einasta degi,“ segir sælkerinn að lokum. **B**

Heimilismatur í hádeginu

GLÆSILETG HLAÐBORÐ Í HÁDEGINU
ALLA DAGA MÁNUDAG – LAUGARDAGS



- Fyrirtækjapjónusta
- Veislupjónusta
- Þorrahlaðborð


KAENAN
VEITINGASTOFA

OPIÐ
mán-fös: 7:30–15
lau: 9:00–14

ÓSEYRARBRAUT 2, 220 HAFNARFIRÐI / SÍMI: 565 1550 / WWW.KAENAN.IS

Menning



Menningartoppur

„Þetta snýst of mikið um það hvaða nöfn eru að koma. Við erum komin með svo hæft fólk hérna til þess að spila verkin sem við þurfum áður að fá aðra til þess að flytja fyrir okkur. Fullt af hæfu fólki sem bara situr heima hjá sér.“

Bjarni Frímánn Bjarnason, nýráðinn tónlistarstjóri Íslensku óperunnar, velti því fyrir sér í viðtali í Fréttablaðinu hvort nauðsynlegt væri að flytja svo marga erlenda tónlistarmenn til landsins þegar hérlendir listamenn gætu vel tekist á við sömu verk af svipaðri færni.

Aldrei úi

- Eftirlit með einstaklingum verður stöðugt umfangsmeira og margþættara
- Louise Wolthers ræðir um ljósmyndun og eftirlitssamfélagið



DNA hversdagsins Alberto Frigo hefur síðan árið 2004 tekið myndir af hverjum einasta hlut sem hann hefur snert með hægri hendinni. Myndirnar geta sýningargestir rýnt í með stækkunargleri.

MYND ALBERTO FRIGO

Kristján Guðjónsson
kristjan@dv.is



Manneskur búa við margfalt umfangsmeira eftirlit í dag en nokkur tímann í sögunni – við erum nánast alltaf sýnileg og aldrei algjörlega úr augnsýn. Stjórnvöld setja upp eftirlitsmyndavélar, stórfyrirtæki safna saman öllum okkar stafrænu fótsporunum og teikna upp nákvæma mynd af hegðun okkar, þar að auki tökum við sjálfviljug þátt í eftirlitinu með því að taka óteljandi myndir og opinbera smæstu smáatriði hversdagslífs okkar á samfélagsmiðlum. Eftirlitið er ekki lengur einfalt fyrirbæri sem er á ábyrgð eins aðila heldur flæðir um allt mannfélagið, yfir og á milli okkar – „fljótandi eftirlit“ hefur þessi ný sýnileiki stundum verið kallaður.

Ljósmyndun og sjónlistir eru það svið menningarinnar sem hefur tekið hvað ítarlegast á við spurningar um sýnileika og sjónarhorn, valdið sem felst í því að sjá og valdleysinu sem hinn sýnilegi getur upplifað. Það er einmitt þess vegna sem sú þekking og tilraunastarfsemi sem fer fram á þessum sviðum ætti að geta hjálpað okkur að átta okkur á eftirlitinu, myndgert þessa alsjá samtímans, gagnrýnt hana og ögrað. Þetta segir danski listfræðingurinn og yfirmaður rannsóknasviðs Hasselblad-stofnunarinnar í Gautaborg, Louise Wolthers. Louise fjallaði um eftirlit og ljós-

myndun í opunarfyrirlestri Ljósmyndahátíðar Íslands í Þjóðminjasafninu á fimmtudag, en hún hefur rannsakað efnið í sýningunni ÁHORF! Eftirlit, list og ljósmyndun sem var sýnd í Hasselblad Center í Gautaborg, í Kunsthall Aarhus og C/O í Berlín, sem hún fylgdi svo eftir með samnefndri bók.

Blaðamaður DV ræddi við Louise skömmu áður en hún kom til landsins í gegnum vefmyndavél og spjallrás sem er að öllum líkindum auðhleranleg af óskammeilnum hökkurum eða upplýsingafiknum stjórnvöldum.

Ytra og innra eftirlit

Við hugsum oft um eftirlitssamfélagið sem sérstaklega nútímalegt fyrirbæri, en er þessi tilhneiging valdamikilla aðila til að fylgjast með undirsátum sínum ný af nálinni?

„Nei, eftirlit er alls ekki nýtt fyrirbæri. Upphafspunkturinn hjá mér, eins og mörgum öðrum sem hafa rannsakað þetta, er fræg grein franska heimspekingsins Michel Foucault, en hann setur fram þá kenningu að eftirlit samtímans eigi sér fyrirmynd í sérstöku fangelsiskerfi sem Jeremy Bentham hannaði á 18. öld, alsjánni (e. Panopticon),“ segir Louise og vísar til fangelsishugmynda sem fólust í því að hafa varðurn í miðju hringlaga fangelsis. Fangavörðurinn í turninum gæti alltaf séð inn í hvern klefa en ómögulegt



Fyrstu fangamyndirnar Á áttunda áratug 19. aldar voru teknar portrettmyndir af fangelsuðum byltingarsinum sem höfðu tekið þátt í uppreisninni sem nefnd hefur verið Parísarkommúnan. Nokkrum árum síðar var þróað í París skrásetningarkerfi og ljósmyndataekni sem enn er notuð í dag, hin alræmda fangamynd.

væri fyrir fanga að sjá úr klefanum inn í turninn.

„Þetta fangelsi var hannað þannig að fangarnir vissu aldrei almennilega hvort fangaverðirnir eru að fylgjast með þeim en arkitektúr fangelsisins gerði það að verkum að það var alltaf möguleiki. Fangarnir bjuggu því stöðugt við þá tilfinningu að það

væri fylgst með þeim,“ segir Louise.

Hugmynd Foucault var að þessi stöðugi sýnileiki í fangelsinu, og nútímasamfélagi almennt, gerði það að verkum að hver einstaklingur sæi um það að ritskoða sjálfan sig og móta hegðun sína á viðeigandi hátt. Yfirvaldið þurfi smám saman í minna mæli að sjá um að refsa fólki – það sæi bara um það sjálf.

Öryggi og aðgengi

„En auðvitað nær hugmyndin um algjört eftirlit enn lengra aftur,“ bætir Louise við. „Vangaveltur um eftirliti ná að minnsta kosti aftur til hugmyndarinnar um Guð, hið alsjáandi auga sem fylgist alltaf með þér og sér allar syndir þínar. Það er áhugavert að eftirlitið hefur alltaf haft þessar tvær hliðar. Það er annars vegar þessi ógnun, athugun, eftirlit sem sér til þess að þér verði refsað ef þú gerir eitthvað rangt. Á sama tíma er þetta líka hugmyndin um að einhver sjái um þig, fylgist með þér svo hann geti passað upp á þig.“

Sögulega hefur þetta verið helsta röksemdin fyrir réttmæti eftirlits, aðeins þannig geti ríki tryggt öryggi borgara sinna sem best. Þetta er svo samtengt þróun á undanföllum áratugum þar sem ýmiss konar áhætta og leiðir til að útrýma áhættuþáttum er eitt

Ljósmynda-hátíð Íslands

Fer fram 18.–21. janúar 2018
Hátíðin: Haldin í fyrsta skipti árið 2012 og fer fram annað hvert ár. Markmið hátíðarinnar er að vinna að framþróun ljósmyndunar sem listforms.

Dagskrá: Ljósmyndasýningar með erlendum og íslenskum listamönnum, fyrirlestrar, ljósmyndabókakynningar og ljósmyndarýni. Allar upplýsingar um dagskrána eru að finna á vefsíðunni www.tipf.is.

Staðsetning: Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Gerðarsafn, Hafnarborg, Listasafn Íslands, Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni og Ramskram.

Listrænir stjórnendur: Pétur Thomsen og Katrín Elvarsdóttir

helsta umhugsunarefni samfélagsins – það sem félagsfræðingar hafa kallað áhættusamfélagið (e. risk society). Í óorðuðum samfélagslegum sáttmála samþykki borgari að gangast undir eftirlit ríkisins gegn því að yfirvöld tryggja öryggi hans.

Á undanföllum árum hefur myndin þó orðið talsvert flóknari þar sem tilgangur og röksemdir



Metsölulisti Eymundsson

Víkuna 8.–14. janúar

- 1 Þorsti - Jo Nesbø
- 2 Bætt melting betra líf - Michael Mosley
- 3 Sigráðu sjálfan þig - Ingvar Jónsson
- 4 Náttbirta - Ann Cleeves
- 5 Vertu ósýnilegur - Kristín Helga Gunnarsdóttir
- 6 Dóra Bruder - Patrick Modiano
- 7 Gatið - Yrsa Sigurðardóttir
- 8 Ný tölfraði fyrir framhaldsskóla - Björn Einar Arnason
- 9 Svanurinn - Guðbergur Bergsson
- 10 Þyluránið - Jonas Bonnier



Vinsælast á Spotify

18. janúar 2018

- 1 Út í geim - Birnir
- 2 Já ég veit - Birnir og Herra Hnetusmjör
- 3 Ungir strákar - deep mix - Floni
- 4 Rockstar - Post Malone og 21 Savage
- 5 Trappa - Floni
- 6 River - Eminem og Ed Sheeran
- 7 Havana - Camilla Cabello og Young Thug
- 8 B.O.B.A. - JónPé og Króli
- 9 Perfect duet - Ed Sheeran og Beyoncé
- 10 Labbilabb - Herra Hnetusmjör



Vinsælast í bíó

Helgina 12.–14. janúar

- 1 Paddington 2
- 2 Jumanji
- 3 The Commuter
- 4 Star Wars: The Last Jedi
- 5 The Greatest Showman
- 6 Ferdinand
- 7 Pitch Perfect 3
- 8 Downsizing
- 9 Coco
- 10 The Disaster Artist



Rauða krosssýn



Skrásetning hinna ósýnilegu Danska listakonan Tina Enghoff hefur skrásett tilveru óskráðra og heimilslausra innflytjenda, sem forðast hvað best þeir geta eftirlit yfirvalda í Danmörku. Þessi mynd er af blóði eins innflytjandans sem hefur þurft að fá læknaðstoð frá Rauða krossinum. MYND TINA ENGHOFF

”Vangaveltur um eftirlit ná að minnsta kosti aftur til hugmyndarinnar um Guð, hið alsjáandi auga sem fylgist alltaf með þér og sér allar syndir þínar.



Alsjárn Fangelsi með stöðugu eftirliti sem gerir það að verkum að fangarnir fara að aga sig sjálfir. Eru sömu lögmál að verki í eftirlitssamfélagi samtímans?

eftirlits tæknifyrir-tækja er allt annar en ríkisins. Neytandi samþykkir eftirlitið í skiptum fyrir auðvelt aðgengi að ýmiss konar tækjum og stafrænum tólum, en tilgangur fyrirtækjanna er fyrst og fremst að reikna út langanir neytanda og selja viðeigandi auglýsendum aðgang að viðkomandi.



sem hefur verið kallað „lárétt eftirlit“ milli fólks. Með þessu lárétta eftirliti verður það mjög óskýrt í hugum fólks hvort eftirlit sé af hinu góða eða slæma. Í dag hrærumst í flóknu samtvinnuðu neti margs konar ólíks eftirlits sem stafræn ljósmyndun, aðgengileiki, auðveld dreifing og geymsla stafræna gagna hefur haft afgerandi áhrif á.

Ljósmyndin í þágu eftirlitsins
Ég geri ráð fyrir að ljósmynda-tæknin hafi mjög snemma verið nýtt í þágu eftirlits yfirvalda. Hvað er hægt að segja um áhrif ljósmyndarinnar á þróun eftirlits?

„Já, ljósmyndamiðillinn hefur alveg frá upphafi verið samtvinnu-aður eftirliti yfirvalda. Hann hefur til dæmis verið notaður sem hluti af skrifræðinu, sem miðill til að skrá stóra hópa fólks í skjalasöfn. Klassískt dæmi er til dæmis hvernig franskir afbrotarfræðingurinn Alphonse Bertillon fann upp fangamyndina (e. mug shot) í kringum 1880, það er skýrt dæmi um hvernig ljósmyndin var notuð til eftirlits og söfnun upplýsinga. Frá upphafi hefur eftirlit helst beinst að ýmiss konar óæskilegum aðilum á borð við glæpamenn. En á sama tíma hefur hún alltaf verið notuð til að skrásetja ýmsa aðra minnihlutahópa - til dæmis í mannfræðilegum tilgangi. Þetta hefur verið leið til að safna saman og flokka þá sem gætu kallast „hinn.“

Er framþróun í myndavélar-tækninni þá ekki líka drifkraftur í auknu eftirliti, hvaða áhrif hefur það til dæmis að stafræna myndavélin kemur fram?

„Jú, hún hefur haft áhrif að mörgu leyti. Til dæmis hvað varðar hvernig stór tæknifyrirtæki geta fylgst með okkur - og svo hvernig það getur verið fært áfram til bandarískra eftirlitsyfirvalda á borð við NSA. En stafræna myndavélin hefur líka haft áhrif á það hvernig við erum farin að stunda hversdagslega eftirlit með jafningjum okkar, þetta er það

sem hefur verið kallað „lárétt eftirlit“ milli fólks. Með þessu lárétta eftirliti verður það mjög óskýrt í hugum fólks hvort eftirlit sé af hinu góða eða slæma. Í dag hrærumst í flóknu samtvinnuðu neti margs konar ólíks eftirlits sem stafræn ljósmyndun, aðgengileiki, auðveld dreifing og geymsla stafræna gagna hefur haft afgerandi áhrif á.“

Gagnrýnisleysi á Norðurlöndum
Louise segir að það sé ekki síst mikilvægt að ræða eðli og afleiðingar eftirlitsins á Norðurlöndum enda hafa rannsóknir sýnt að þar sé fólk mun jákvæðara en annars staðar í garð hvers konar eftirlits. Hún bendir á að vandamálið við eftirlit stjórnsvalda sé ekki bara í framtíðinni eins og margir telji, í þeirri pólitísku óvissu um hvort andlýðræðislegir stjórnmálamenn geti einn daginn náð stjórnartaumunum og nýtt eftirlitstæknina á ómannúðlegan hátt gagnvart heiðvirðu fólki, því jafnvel þegar lýðræðisleg stjórnvöld séu við lýði mismuni tæknin og komi oftar en ekki illa niður á varnarlausustu aðilum samfélagsins.

„Á Norðurlöndum er viðkvæðið gagnvart eftirlitinu yfirleitt það að ef þú hefur ekki gert neitt rangt þá hafir þú ekkert að fela. Fólk aðhyllist hálfgerða útópíu um algjöran sýnileika - en það er ekkert annað en útópía því það er aðeins sá sem býr við mikil forréttindi sem myndi óska eftir slíku. Sýnileiki getur aukið hættuna fyrir þann sem þarf á einhvern hátt að óttast að vera opinberaður eða gerður sýnilegur, hvort sem hann er óskráður innflytjandi eða starfsmaður í kynlífsiðnaði,“ segir Louise.

Eitt verkið í sýningunni ÁHORF! er til að mynda byggt á

ljósmyndum sem teknar hafa verið af kortlagningarbíl Google og sýna kynlífsverkakonur þar sem þær bíða eftir kúnnum við vegi í Suður-Evrópu. Karlmennt hafa svo nýtt myndirnar til að staðsetja konurnar og umhverfið, en það gæti verið dæmi um hvernig algjör sýnileiki getur aukið líkamlega hættu fyrir hinn valdalitla.

En af hverju eru Norðurlandabúar svona jákvæðir í garð eftirlitsins?

„Það þarf eflaust að rannsaka það betur, en það hefur meðal annars verið bent á að þetta hafi með velferðarsamfélagið að gera. Við erum vön því að njóta félagslegra ávaxta velferðarsamfélagsins, ávinningurinn næst að hluta til með félagslegu eftirliti og aðhaldi. Það sem skiptir líka máli er að við höfum ekki upplifað alræðistilburði af hálfu ríkisins í sama mæli og aðrir hlutar Evrópu og heimsins. Að lokum eru þetta mjög einsleit samfélög og fólk veltir lítið fyrir sér stöðu þeirra sem koma nýr inn í samfélagið og gætu verið sérstaklega berskjaldaðir fyrir sýnileikanum. Þetta virðist vera frekar blindur punktur hjá mörgum Norðurlandabúum og vantar samstöðu með þeim sem minna mega sín og þyrftu kannski öryggi gagnvart eftirlitinu.“

Trufla stigveldi áhorfsins

Eftirlit nútímans snýst ekki síður um söfnun og greiningu mikils magns upplýsinga um hegðun einstaklings en sjónrænt eftirlit með myndavélum. Hvað getur svið ljósmyndunar komið með inn í umræðuna um eftirlit?

„Ég held að myndlist og ljósmyndun hafi ýmsilegt upp á að bjóða. Það er löng hefð fyrir gagnrýnni heimildaljósmýndun, löng hefð fyrir því að vera meðvitaður um augnarád, um sjónarhorn og það hvernig vald getur birst í áhorfi. Velta fyrir sér hvaða áhrif það hefur að sumir geti horft á og skrásett tilveru annarra. Margir ljósmyndarar og listamenn hafa velt fyrir sér hvernig hægt er að

breyta eða brjóta upp þetta ójafnvægi, hvernig er hægt að trufla stigveldi áhorfsins. Þessar aðferðir geta verið mjög gagnlegar og viðeigandi enn þann dag í dag, jafnvel þó að mikið af eftirlitinu fari bara fram í gegnum hreinar tölu- og ljósmyndarar geta auðvitað líka sett hluti fram á sjónrænan hátt sem við erum ekki vön að sjá.“

Er eitthvert dæmi um ljósmyndaverk úr sýningunni sem þér dettur í hug sem varpar upp nýjum hliðum á umræðuna um eftirlit í samtímanum?

„Ég get til dæmis nefnt verkefni Albertos Frigo, en hann dregur fram þetta hversdagslega eftirlit í brjálæðislegu verkefni þar sem hann tekur ljósmyndir af hverjum einasta hlut sem hann snertir með hægri hönd sinni. Hann byrjaði á þessu árið 2004 og ætlar að halda þessu áfram til 2040. Þegar maður hittir hann og fær sér kaffi með honum byrjar hann á því að taka

mynd af kaffibollanum með lítilli myndavél. Hverri einustu mynd safnar hann í skjalasafn á netinu, þetta eru nú þegar orðnir tugir þúsunda mynda. Hann safnar þeim saman fyrir sýningar og prentar út, en maður þarf nánast stækkunargler til að skoða þær. Þetta verkefni minnir mann auðvitað á hvernig við höfum tilhneigingu til að taka og deila myndum af alls konar hversdagslegum athöfnum og vekur upp spurningar um þetta. Með því að fara enn lengra með þetta sýnir hann okkur hvað sé í gangi í raun og veru.“ ■



Louise Wolthers Hélt fyrirlestur um áhorf, eftirlit, ljósmyndir og listir á Ljósmyndahátíð Íslands í vikunni. MYND DV EHF / SIGTRYGGUR ARI

Stelpur sem taka

PLÁSS

Rakel Mjöll og hljómsveitin Dream Wife gefa út sína fyrstu plötu í næstu viku



Kristján Guðjónsson
kristjan@dv.is



Bresk-íslenska popprokksveitin Dream Wife hefur vakið umtalsverða athygli frá því að hún var stofnuð fyrir hartnær þremur árum. Hún hefur þróast úr gáskafullum listaskólalögjörningi yfir í kraftmikla rokksveit með skýrar femínískar hugsjónir, sem sést jafnt í textum, ímynd og tónleikaumgjörð sveitarinnar.

Í næstu viku kemur út fyrsta breiðskífa hljómsveitarinnar, sem nefnist einfaldlega Dream Wife, og hefur nokkur spennungur verið að byggjast upp í Bretlandi vegna plötunnar. Fyrsta smáskífan, Hey Heartbreaker, var til að mynda kynnt sem heimins heitasta plata - „world's hottest record“ - af breska ríkisútvarpinu BBC1 í byrjun janúar. Einnig prýðir sveitin forsíðu nýjasta tölublaðs tónlistartímaritsins NME ásamt fleiri tónlistarmönnum sem eru taldir líklegir til stórræða á nýju ári.

Bládamaður DV sló á þráðinn til Lundúna þar sem Rakel Mjöll Leifsdóttir, söngkona Dream Wife, er í örustuttri pásu frá rokkstjörnulífinu áður en plötunni verður fylgt eftir með tónleikaferðalögum víða um heiminn.

Fyrirheitna landið, Kanada.

Dream Wife var stofnuð í Brighton í Suður-Englandi þar sem meðlimir sveitarinnar höfðu kynnst í listaháskóla. Rakel rifjar upp að stofnun hljómsveitarinnar hafi að vissu leyti verið óvenjuleg enda var megintilgangurinn að komast á tónleikaferðalag um Kanada.

„Við Bella bassaleikari vorum að ræða það eitt kvöld hvað okkur langaði mikið að fara til Kanada, vegna þess hvað við áttum marga vini þar. En okkur langaði samt ekki að ferðast án tilgangs, svo við ákváðum að stofna hljómsveit og fara þangað í tónleikaferðalag,“ rifjar Rakel Mjöll upp. Á þessum tíma

„Við vorum ennþá að finna út úr því hvernig hljómsveit við vildum vera en þarna voru mættir eldri menn að útskýra hvernig þeir myndu vilja móta okkur.“

Í stundaði Rakel nám í sjónlistum við listaháskólann í Brighton og þegar hún átti að standa fyrir sjón- og hljóðrænum gjörningi sem hluta af skólaverkefni ákvað hún að fara alla leið með hugmyndina.

Í galleríinu steig á svið fullskipuð hljómsveit, þrjár stelpur sem sóttu innblástur í tísku níunda áratugarns, gerðu grín að gamaldags hlutgervingu poppsöngkonunnar sem draumaeiginkonu og kölluðu sig Dream Wife. Þær sungu hressileg stúlknappopplög sem öll fjölluðu á einn eða annan hátt um Kanada, fegurð lands og þjóðar, og hvernig sveitin þræði að komast þangað. Gjörningurinn vakti mikla lukku og í kjölfarið skipulagði sveitin mánaðarlangt tónleikaferð um fyrirheitna landið - þrátt fyrir að eiga enn bara fjögur frumsamin lög og engar hugmyndir um framhaldið. „Þetta var algjör draumur. Þarna fundum við að þetta small fullkomlega hjá okkur. Þetta var svolítið eins og þegar maður prufukeyrir bíl og finnur að maður verður að kaupa hann.“

Karlrembuviðhorf í bransanum

Eftir að heim var komið hélt sveitin áfram að spila reglulega og varð strax ljóst að áhuginn frá tónlistarbransanum var mikill, enda útlit og andi hljómsveitarinnar sérstakur.

„Í upphafi gerðust hlutirnir mjög hratt. Við vorum ekkert að ofhuga hlutina en lærðum bara með því að gera þá. Það sem var samt mikilvægast var að við lærð-

um hvað við vildum ekki,“ segir Rakel.

„Við fórum til dæmis á marga fundi þar sem við fengum að kynna rosaalega steriótýpskri og gamaldags karlrembulegri sýn tónlistarheimsins. Við vorum ennþá að finna út úr því hvernig hljómsveit við vildum vera en þarna voru mættir eldri menn að útskýra hvernig þeir myndu vilja móta okkur. Það var mjög óþægilegt,“ útskýrir hún.

„Við sögðum bara nei við öllum tilboðum og fórum að finna okkar eigið „sánd“. Maður vill vinna með þeim sem elska tónlistina sem maður gerir, en ekki þeim sem finnst skipta meira máli hvernig maður lítur út eða af hvaða kyni maður er. Ég held að ef við hefðum skrifað undir einhvern samning þarna í byrjun værum við ekki starfandi í dag - þetta hefði bara endað sem verkefni einhvers annars.“

Í fótspor Rolling Stones

Undanfarin ár hefur hljómsveitin verið iðin við kolann, notað stíft tónleikahaldið (meðal annars með hljómsveitum eins og Sleigh Bells og The Kills) og sjálfútgefna stuttskífu til að finna og þróa sinn rétta tón. Rakel segir það hafa haft mikil áhrif að bæta trommuleikara í hljómsveitarskipunina og þá hafi hljómurinn orðið pönkaðri. Tónlistin er kraftmikil og einfalt popprokk kryddað með áhrifum frá sápuvúlpönki og nýbylgju.

Þann 26. janúar verður ávöxtur erfiðisins svo loksins opinberaður, fyrsta breiðskífa sveitarinnar. Ellöfu lög sem eru tekin upp í Eastcote Studios - „gömlu 70's stúdíói í Notting Hill-hverfinu“ þar sem ekki ófrægari hljómsveit en Rolling Stones hefur tekið upp í. Notast var við segulbandsupptökur og tók sveitin upp grunna að lögunum lifandi í sameiningu til að fanga hrá-



Fyrsta breiðskífan Fyrsta plata Dream Wife kemur út þann 26. janúar á vegum Lucky Number í London.

an tónleikahljóminn. Platan kemur út hjá útgáfufyrirtækinu Lucky Number í London, en einnig hefur verið samið um dreifingu plötunnar í Japan og Ástralíu.

Það sem skiptir þó kannski enn meiru er að í janúar skrifaði Dream Wife undir samning við Universal Music um höfundarétt á lögum sveitarinnar, en fyrirtækið mun þá vinna að því að selja tónlist sveitarinnar í aðra miðla, svo sem kvikmyndir, tölvuleiki og auglýsingar - en þetta er ein helsta leiðin til að fá greitt fyrir tónlistina í dag að sögn Rakelar.

Slæmar tíkur í „mosh-pitt“

Þó að lögin og flutningurinn séu oftast ekki léttleikandi brýst út sérstakur kraftur í þeim lögum sem takast á við alvarlegri málefni, kynferðisofbeldi og stöðu kvenna. Þar sýnir Rakel á sér nýja og ágengari hlið.

Dream Wife hefur ekki aðeins flutt lög um stöðu kvenna heldur einnig lagt sérstaka áherslu á að bjóða ungar stelpur velkomnar á tónleika hjá sér og hvetja þær til að taka pláss. Þær hafa unnið með samtökunum Girls Against sem vinna að vitundarvakningu um kynferðisáreitni á tónleikastöðum í Bretlandi.

„Eftir að við fórum að tala um þetta kom svo margt úr manns eigin fortíð upp á yfirborðið. Atvik sem maður hafði nánast gleymt, því maður hafði tekið þeim sem sjálf-sögðum hlut. Maður man eftir því að fara á tónleika eða rokkbúðir á þessum aldri og líða eins og maður væri ekki velkominn af því að maður

var eina stelpa. Svo að það sé bara norm á rokktonleikum að einhver „random“ gæi bak við þig setji hendur á rassinn á þér. Þetta er eitthvað sem ég myndi aldrei vilja að gerðist á tónleikum sem ég væri að halda,“ segir Rakel.

Þá hafa þær fengið ljósmyndara til að mynda stelpusamfélagið sem mætir á tónleika hjá þeim og síðast en ekki síst - innblásnar af femínísku pönkgoðsögninni Kathleen Hanna - hvatt stelpur til að troða sér fremst við sviðið á tónleikum og taka pláss.

„Vinkona okkar, sem sá um að taka ljósmyndir fyrir okkur, var að taka portretmyndir af stelpum sem komu á tónleika og fór að spyrja þær hvað það þýddi í þeirra huga að vera „bad bitch“, sem við syngjum um í einu laginu. Svo fór ég alltaf að biðja allar „bad bitches“ í salnum að koma fremst og taka pláss áður en við spiludum lagið „Somebody“, sem fjallar um kynbundið ofbeldi,“ segir Rakel, en textinn í laginu er í senn átakanlegur og valdeflandi: I am not my body, I am somebody.

„Oftast varð alveg geggjúð stemning, „mosh-pittur“ og einhverjar stelpur að hlaupa upp á svið og alls konar. Það er svo frábært að sjá hóp af stelpum koma saman á rokktonleikum, sjá að þeim er alveg sama - láta bara eins og þær vilja - og það er enginn að angra þær.“

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Kiddi Vídjófluga vill opna safn

Get ekki farið að sofa þegar ég fæ svona hugmyndir

■ Frumkvöðull og græjukarl ■ Byr með aldraðri frænku ■ Sér látið fólk

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Kristinn Kristmundsson, eða Kiddi Vídjófluga, var einn af þeim allra fyrstu til að reka myndbandaleigu á Íslandi. Leigan Vídjóflugan var starfrækt í heimahúsi hans á Egilsstöðum til ársins 2011. Kiddi er líflægur maður og ferill hans er óvanalegur. Samhliða myndbandaútleigunni smíðaði hann líkkistur, rak vistvænan kóksjálfsala og sýndi diskódans í einkasamkvæmum. Við þetta fékk hann hjálp að handan. DV spurði Kidda hvað væri að fréttu af honum.

„Ég er núna í skúringum og er að hvíla mig aðeins á kistunum. Ég er að tæma Laufásinn, húsið sem ég er alinn upp í og það gekk svolítið nærri mér.“ Hann hefur einnig leigt út húsnæðið sitt og býr með aldraðri frænku sinni. „Ég er að hjálpa henni til að geta búið heima hjá sér. Það fer mjög vel um okkur.“

Kiddi er 63 ára gamall og alinn upp í Hjaltastaðarþinghá, nálægt Borgarfirði eystra, en flutti tólf ára til Egilsstaða þar sem hann hefur búið allar götur síðan. Móðir hans og faðir eru bæði látin en hann á tvo bræður á áttáttisaldri.

Vill opna safn

Ertu enn með spólurnar?

„Ég á þær allar til og geymi í gömlu sláturhúsi í næstu sveit. Þær eru á bilinu 30 til 40 þúsund, ég er ekki alveg viss. Ég sé verð-



Kiddi Vídjófluga „Ég gæti ekki starfað sem miðill en ég finn fyrir ýmsu og hef gert síðan rétt fyrir fermingu“

mæti í öllu og hendi engu. Mig dreymir um að setja upp safn en margir hafa reynt að fá mig ofan af þeirri hugmynd. Ég er svolítið þrjóskur og er ekki tilbúinn að gefa mig með þetta. Aldrei að vita nema einhver góður væri til í að styðja mig í því verkefni.“ Hann segir þó ekki um kvikmyndasafn að ræða heldur frekar safn með ýmsu dóti svipað og Safnasafnið á Svalbarðsströnd. „En ég vil samt hafa þetta öðruvísi, ég er ekki mikill að apa eftir öðrum. Ég er meira að hugsa um samtíðarsafn, safn

með tölvum, þvottavélum, ljósum og græjum og öllu mögulegu.“

Kiddi hefur ekki mikla trú á að bæjarstjórn styrki hann í þessu verkefni en hann segist hafa fengið boð um að koma slíku safni á fót á öðrum stað. „Ég er að aðstoða á hóteli og fólkinu þar fannst þetta glimrandi hugmynd hjá mér. Ég er frumkvöðull og svo ráða aðrir hvort þeir feti slóðina á eftir mér.“ En þangað til slíkt safn kemst á koppinn er Kiddi að hugsa um að smíða trégám og hafa spólurnar þar í geymslu með aðgengi. „Ég er með svona yfirmátturu-

lega móttakara og get ekki farið að sofa þegar ég fæ svona hugmyndir.“

Hann segir að fólk á aldur við hann sakni leigunnar. „Þetta er fólk sem er ekkert að horfa á Netflix eða sækja á netinu. Það kann ekki einu sinni á vod-ið, kann bara að kveikja og slökkva á sjónvarpinu.“

Brotist inn í vistvænan sjálfsala

Ein hugmyndin sem birtist Kidda að handan var að opna vistvænan Coke-sjálfsala. Sjálfsalinn er á bergangri í Hjaltastaðarþinghá. „Hann er reyndar lokaður núna. Það var brotist inn í hann fyrir Bræðsluna og ég hafði ekki tíma til að koma honum aftur í gang í sumar. Ég fæ meiri tekjur úr skúringunum og öðru en sjálfsalanum. Glerið var brotið en maskínan sjálf er í lagi og fólk hefur beðið mig að gefast ekki upp á þessu.“

Áður en sjálfsalinn var skemmdur hafði Kiddi nýlega gert hann upp, með nýjum panel, dúk á gólfu og einangrun. „Ég var alveg hrikalega svekktur, því að Bræðslan er auðvitað langstærsta helgin.“

Átti von á heimsókn frá Rúnari Júl Ert þú skyggn?

„Ég gæti ekki starfað sem miðill en ég finn fyrir ýmsu og hef gert síðan rétt fyrir fermingu. Í fyrsta skiptið var ég hræddur en síðan sá ég að þetta var eitthvað sem ég varð að lifa með og er sáttur við í dag.“

Truflar þetta þig ekkert?

„Nei, þetta er búið að hjálpa mér. Ég man eftir atviki þegar maður sem ég var að smíða kistu fyrir birtist mér líkt og hann væri ljóslifandi inni í sprautuklefanum. Ég sagði hjúkrunum að kistan þurfti að vera tíu sentimetrum hærrí og sjö sentimetrum breiðari en samkvæmt upprunalegu mælingunum og það passaði hjá mér. Lofthæðin í klefanum mínum er 210 og ég sá að hann vantaði aðeins fimm sentimetra upp í þak.“

Hefur þú fengið heimsóknir frá einhverjum frægum?



Á Jamaíku „Það er alltaf stutt í þúkann í mér“

„Ekki enn. En ég átti nú svo sem von á því að fá heimsókn frá Rúnari Júlíussyni sem ég fór með til Jamaíku á sínum tíma, og reyndar hef ég grun um að hann hafi einhvern tímann kíkt á mig. En ég hef ekki fattað það fyrr en eftir á.“

Draumaferð til Jamaíku

Ferðin til Jamaíku, árið 2008, er eina skiptið sem Kiddi hefur kíkt út fyrir landsteinana. Hann segir eyjuna ótrúlega fallega og menninguna sérstaka. Kiddi er í miklum tengslum við tónlistarmanninn Bjartmar Guðlaugsson. „Rúnar hafði farið þarna út árið áður. Rúnar spanaði Bjartmar og Bjartmar spanaði mig upp í að fara út. Síðan voru fleiri sem komu með.“

Kiddi segir þetta hafa verið mikill ævintýri og honum hafi liðið eins og hann væri orðinn sex eða sjö ára strákur aftur. „Maður teygði höndina út um gluggann og náði sér í banana ef maður vildi.“ En jafnframt sá hann ljótu hliðarnar líka, sér í lagi mikla stéttaskiptingu.

Sástu fólk reykja marijúana þarna úti?

„Maður sá það alveg. Það var hægt að fara inn í búllur og þar voru einhver horn seld. Ég snerti ekkert svoleiðis en strákarnir sem komu með mér voru nú eitthvað að gantast með þetta. Ég þurfti þá aðeins að stríða þeim. Það er alltaf stutt í þúkann í mér.“

Diskógallinn fylgir út lífið

Kiddi er mikill dansari og diskódans er hans sérgrein. Hann á galla og græjur sem hann notar við skemmtanir og er jafnan vel tekið. „Ég hef skemmt á Borgarfirði eystra, á Bræðslunni, á Seyðisfirði, í giftinum og alltaf ef einhver hringir og biður mig um það. Diskógallinn minn mun fylgja mér alla ævi. Ég er alveg ófeiminn, ég hlýt að hafa skilið feimnina eftir í grunnskóla.“

Það er ekki að sjá að Kiddi sé kominn á sjötugsaldurinn. Hann hefur mikinn áhuga og vit á græjum og fær auk þess hjálp að handan. „Ef heilsan leyfir er aldrei að vita hvað ég geri næst.“ ■

Alhliða veislubjónusta

Útskrift · Brúðkaup · Skírn · Ferming

Tertur – Tapas snittur – Spjót – Súrdeigsbrauð
Konfekt – Kransakökur – Súpur – Brauðréttir

Eingöngu fyrsta flokks hráefni



Jón Arilúss
KÖKULIST

Gerðu daginn eftirminnilegan

Kökulist | Firðinum í miðbæ Hafnarfjarðar | Sími: 555 6655 og 662 5552 | kokulist@kokulist.is
Valgeirsbakarí | Hólagótu 17 | Reykjanessbæ | Sími: 421 2630 | kokulist@kokulist.is

Minnistöflur

Bætir skammtímaminnið. Nýtist fólki sem er undir álagi og fæst við flókin verkefni. Hentar vel fyrir eldri borgara, lesblinda og nemendur í prófum. Dregur úr streitu, eykur ró og bætir skap.



www.birkiaska.is

Bodyflex Strong

Bodyflex Strong vinnur gegn stirðleika og verkjum í liðamótum og styrkir heilbrigði burðarvefja líkamans.

2 hylki tvisvar á dag í tíu daga. Síðan er hægt að minnka skammt í 2 hylki á dag. Inniheldur hvorki laktósa, ger, glúten né sætuefni.



www.birkiaska.is

Evonia

Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.


Evonia er hlaðin bætiefnum sem næra hárið og gera það gróskumeira.

Bætiefni ársins í Finnlandi 2012.



www.birkiaska.is

Helgarkrossgátan

				→	sund		sæmd	kvendýr	fjargviðrast		
					snauða						
					varma		vel stór fangar				
					tyggja			utar	8		
					slefaði			þanir sáran			
Teikning: Bjarni eftirprentun bönnuð	↓	hollustu	krossgátugerð: Bjarni sími 8452510	fugl	angar		gljálaut				
málmurinn							forað árbók		kyrrð		
tímabil			átti				skankar tónn	3			
	↓		lokaorð matast					átvagl	strákapör		
liður					spendýrin varðandi				ávexti		
duglaus						málmur hamla		2 eins bartsjera			
farvegur			kögur		→				konungsriki		
bók					nibba maður		rák peð				
	↓		farvegur 2 eins				hnapp				
baksaði								steðjar	5 snuggað		
þung			6				karldýr jata				
		óðagotið	taflmann		vömbin agnúast				ilát		
týnast								1	tjúlluð 2 eins		
	↙						skvetta				
tóg						7		ytt grunurinn			
		útata		vinnusöm			kusk		beyg	ískur	2
kúla								ármynni		rista	
		frá	4	sólguð			skornar til				
skordýr									trygg		
áunninn									beita		

1	2	3	4	5	6	7	8
---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

9			5	3				
5	1		6		4			
		7		1		3		
			7		6	5		
4		9	3	2			6	
6		8	4			1		
	4	6		9			1	3
2								7
3		1	2		7			

Erfið

8	1			3		7		
		9	6				8	
5					8			
							2	
	5		2	3				9
	3			5		7	8	
9			3			4	5	
1			9					7
4	7					2		

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Hildur Magnúsdóttir
Stórahjalla 27

200 Kópavogur
Lausnarorðið var **MOSASÆNG**
Hildur hlýtur að launum bókina Átta vikna blóðsykurkúrin

Höfundur: Dr. Michael Mosley

Meltingin er grunnur allrar starfsemi líkamans og hefur áhrif á andlega jafnt sem líkamlega líðan okkar. Í meltingarvegnum er orka unnin úr fæðunni en við verðum lítið vör við starf þarmanna fyrr en eitthvað fer úrskeiðis. Þá er orsökina oftast rangt mataræði og óhollir lífnaðarhættir. Ruslfæði, ofnotkun sýklalyfja og kyrrseta hafa nánast eytt ýmsum góðum bakteríum úr þörmunum en það getur meðal annars valdið fæðuþoli og offitu.

Læknirinn Michael Mosley hefur áður sent frá sér metslúbækurnar 5:2-mataræðið og 8 vikna blóðsykurkúrin og gert fjölda sjónvarpsþátta um heilsu og




Verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins eru bókin **Bætt melting – betra líf**


lífnaðarhætti. Hér fer hann með okkur í ferðalag um meltingarveginn og ekki síst þarmana, þar sem milljarðar örvera vinna verk sín.

Mosley gefur ítarlegar ráðleggingar um heppilegt mataræði og í bókinni eru fjölmargar uppskriftir að gírnilegum réttum sem bæta meltinguna.

Guðni Kolbeinsson þýddi.




SENDIBÍLASTÖÐIN HF
553 5050




TRÚIN FLYTUR FJÖLL VIÐ FLYTJUM ALLT ANNAÐ

Flytjum: Fyrirtæki • Búslóðir • Píanó • Flygla • Peningaskápa
Allt frá umslagi upp í stórflutninga • Skutlur • Millistórir bílar m/lyftu
Stórir bílar m/lyftu • Kælibílar • Búslóðalyftur • Bílstjórnarnir aðstoða



SENDIBÍLASTÖÐIN HF
553 5050



Klettagörðum 1, Reykjavík - Símar 553 5050 & 533 1000 - www.sendibilastodin.is

SAKAMÁL



81 81 árs rússnesk kona féll fyrir hendi barnabarns síns í janúar 2007. Maðurinn, frá Karelíu-héraði, skammt frá Finnlandi, viðurkenndi að hafa stungið ömmu sína því þau voru ósammála um hvaða sjónvarpsstöð ætti að horfa á. Hann sagðist hafa verið drukkinn þegar þetta átti sér stað.

BANVÆNI BAKARINN

■ Meriama fékk draumastarf ■ Ofnæmi gerði henni lífið leitt



49, ekki 50

49 morð játaði Kanada-maðurinn Robert William Pickton játaði á sig 49 morð eftir að hann var handtekinn árið 2002. Segir sagan að það hafi hann gert í samtali við samfanga sem í raun var laganna vörður. Haft var eftir Pickton að hann hefði vilja ná að fremja eitt morð í viðbót til að ná 50 fórnarlömbum, en, að eigin sögn, kostaði kæruleysi hans það markmið. Tilviljun olli því að upp komst um morðferil Pickton sem hafði staðið frá 1983-2002. Hann gróf líkamsleifar fórnarlambanna á svínabúú sínu skammt fyrir utan Vancouver.



Núðlur í matinn, aftur?

Tyrkneskur maður frá Trabzon, borg í norðausturhluta Tyrklandis, sagði lögreglu, í byrjun árs 2007, að hann hefði myrt eiginkonu sína með hamri. Sagði maðurinn, 53 ára að aldri, að það hefði hann gert vegna þess að hún hefði í heilan mánuð eingöngu búið upp á núðlur í matinn. „Þetta var óþolandi,“ sagði maðurinn. Það voru nágrannar hjónanna sem fundu illa leikið lík hennar.

Imurinn af nýbökðu brauði er nánast dýrðlegur og í huga margra hlýtur það að vera indælt hlutskipti að baka brauð og annað bakkelsi. Án efa má það til sanns vegar færa í mörgum tilfellum, en sú var ekki raunin hjá Meriama Yaya.

Meriama kom til Frakklands frá Alsír, ung kona. Hún giftist, eignaðist börn með manni sínum og með iðjusemi og sparnaði náðu hjónakornin að eignast eigin íbúð.

Með tíð og tíma fluttu börnin að heiman eitt af öðru og í kringum 2007 var svo komið að Meriama hugsaði með sér að hún þyrfti að finna sér eitthvað að starfa.

Draumastarf

Innan tíðar rakst Meriama á auglýsingu sem höfðaði til hennar. Um var að ræða stöðu afgreiðslumanneskju í litlu bakarí, Cho do re, ekki langt frá heimili Meriama í Saint-Etienne í miðausturhluta Frakklands.

Launin voru reyndar ekki nema rétt rúmlega 100 evrur á viku, en það skipti Meriama ekki höfuðmáli. Bakaríið var ekki mikið fyrir augað en stáðaði af tryggum hópi viðskiptavina, sem fljótlega fannst hver dagur nánast ófullkominn ef þeir upplifðu ekki vingjarnlegt fas og geislandi bros nýju afgreiðslukonunnar.

Slæmt ofnæmi

Sjálf var Meriama himinlifandi en svo kom reiðarlagið. Meriama þoldi ekki hinn fína salla sem myndaðist þegar deigið var hnoðað. Ofnæmið var slíkt að hendur hennar bólgnuðu upp, hún gat vart séð og átti erfitt með andardrátt. Það eina í stöðunni, að sögn lækna, var að taka frí og reyna að jafna sig.


Það gerði Meriama og árið 2008, heilu ári síðar, treysti hún sér til að snúa aftur til starfa. Í millitíðinni hafði margt breyst. Bakaríið hafði verið selt 27 ára manni, Jérôme Mounier, sem ákvað frá fyrstu stundu að honum líkaði ekki við Meriama.

Nýr eigandi

Í fjarveru Meriama hafði Jérôme vanist því að vinna einn og ef hann þyrfti aðstoð leitaði hann til fjölskyldu sinnar um hana. Hann sá enga hagkvæmni í að hafa Meriama í bakaríinu og þurfa að greiða 113 evrur aukalega á viku. En lögin voru Meriama hliðholl og samkvæmt þeim bar Jérôme að taka hana í vinnu að loknu veikindaleyfi hennar.

Til að bæta gráu ofan á svart tók ofnæmið sig upp aftur, nú verr en áður, og eins og það væri ekki nóg þá andaðist eiginmaður Meriama um svipað leyti.

Vinnustaður
Meriama Síðasti viðkomustaður hennar í lífanda lífi.



Meriama Yaya Var eftirlæti viðskiptavina Cho do re.

Vildi uppsögn

Meriama varð ljóst að við þetta yrði ekki búið; hún gæti ekki unnið hjá Jérôme í ljósi alls og alls. Hún sagði við Jérôme að best væri að hann ræki hana, þá gæti hún komist á atvinnuleysisbætur.

Jérôme varð hvumsa og sagði: „Kemur ekki til mála. Af hverju getur þú ekki sagt upp og látið þig hverfa?“ Þegar Meriama útskýrði fyrir honum að þá myndi hún missa allar bætur yppti hann einfaldlega öxlum.

Jérôme virðist taka sönsum

Í örvæntingu hafði Meriama samband við stéttarfélag sitt og fulltrúi þess hafði samband við Jérôme. Þá virtist Jérôme taka sönsum og sagði hann við Meriama: „Allt í lagi. Komdu miðvikudaginn 14. maí [2008], í hádeginu og ég verð þá með bréf fyrir þig, þess efnis að staða þín hefði verið lögð niður og þú hefðir því ekkert starf hér lengur.“

Meriama fagnaði þessum mála-

lyktum og kom næsta miðvikudag í bakaríið á umsömdum tíma. Hún fór inn um bakdyr bakaríisins og sást ekki á lífi eftir það.

Árangurslaus leit

Um kvöldið urðu börn Meriama áhyggjufull enda reynt árangurslaust að ná í hana. Þau fóru meðal annars að bakaríinu, þar var allt lokað og læst en fyrir utan var bíll Meriama með opna glugga. Að lokum var farið til lögreglunnar og leit hófst.

Um morguninn var rætt við Jérôme; jú, Meriama hafði litið við hjá honum daginn áður og hann hafði heyrt í bíl rétt eftir að hún yfirgaf bakaríið.

Lögreglumenn báðu um leyfi til að svipast um innandyra og var það auðsött mál.

Blóðugur klútur

Bakaríið var með ólíkindum vel þrifið, hvergi rykkorn að sjá, en engu að síður fann lögreglan blóðugan klút. Bíll Jérôme hafði einnig verið þriffin hátt og lágt.

Þegar lögreglan sýndi Jérôme klútinn varð hann niðurlátur. Hann ku hafa sest niður fyrir utan bakaríið og hvíslað: „Ég drap hana. Ég sló hana með járnörri og kyrkti hana svo. Ég hellti sýru á andlit

” Kemur ekki til mála. Af hverju getur þú ekki sagt upp og látið þig hverfa?

hennar svo hún yrði óþekktanleg.“

Jérôme sagði að hann hefði ekið með líkið á hauga fyrir utan bæinn og hent því þar. Mikið rétt; þar í haug af rusli fundust líkamsleifar Meriama.

Banvænt bræðiskast

Við réttarhöld í málinu í byrjun árs 2011 sagði Jérôme: Ég sá sjálfan mig veita högginn eins og ég væri einhver annar.“ Sagði hann að hann hefði fyllst mikilli reiði, fundið snúru, vafið henni um háls Meriama. „Ég steig á andlit hennar og herti að.“

Í byrjun mars 2011 var kveðinn upp dómur yfir Jérôme Mounier og var hann dæmdur til 20 ára fangelsisvistar fyrir morð sem aldrei hefur fengist skýring á því var framið. ■

Í GREIPUM GRIMMDAR

Á fyrri tímum var það stundað að setja heilu fjölskyldurnar á sveitina ef yfirvaldi sýndist sem foreldrar væru ekki matvinnungar. Þegar slíkt gerðist var fjölskyldum sundrað tvíst og bast og undir hælinn lagt hvers lags vist beið viðkomandi.

Slík var staðan hjá Páli Hannessyni, kvæntum, fjögurra barna föður, þegar hann sagði sig til sveitar voríð 1900 í Kleifahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu. Segir að Páll hafi löngum verið upp á kant við sveitar-yfirvöld og gengið brösuglega að sjá sínum farborða.

Sleginn á 20 krónur

Á meðal barna Páls Hannessonar var Páll Júlíus. Um sjö ára aldri, 1901, hafði Páll Júlíus verið „sleginn“ bónda nokkrum í Hörgsdal. Gjaldið var einfalt ómagaeftirlag; 54 krónur.

Ári síðar hljóp heldur betur á snærið hjá hreppsnefndarmönnum þegar þeim barst boð frá Oddi Stígssyni, ungum bónda sem nýfluttur var í vesturbæinn á tvíþýlinu Skaftárdal. Tilboðið hljóðaði upp á 20 krónur og skipti engum togum að Páll Júlíus var sleginn Oddi og fór með honum í Skaftárdal að uppboði loknu.

Fjormikill og glaðsinna

Þegar þarna var komið sögu var ungi drengurinn sagður vera búlduleitur, rjóður í kinnum og frekar grannholda. Sagði bóndinn í Hörgsdal að Páll Júlíus hefði í fyrstu verið ógegninn, en með góðu hefði því verið breytt til betri vegar. Hann hefði verið fjormikill, glaðsinna og gáskafenginn, en aldrei svikull, hraustur og ekki frekur til matar. Þannig var sá Páll Júlíus Pálsson sem Oddur í Skaftárdal tekur við og er treyst fyrir árið 1902.

Vottorð um gott atlæti

Ítrekaðar tilraunir föður Páls til að fá drenginn til sín aftur féllu ekki í góðan jarðveg hjá yfirvaldinu og skrifaði oddviti Kleifahrepps meðal annars að hann væri því algjörlega mótfallinn að Páll fengi að fara með son sinn frá Skaftárdal. Hann hefði fengið vottorð um að vel færi um drenginn þar og þar vildi hann vera.

Það átti eftir að breytast með óhugnanlegum hætti.

Tíðindi af andláti

Fátt segir af högum Páls Júlíusar fyrr en sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu fær bréf dagsett 27. mars 1903. Inniber bréfið þær upplýsingar að Páll Júlíus sé ekki lengur í lifandi manna tölu.

Í kjölfarið kom margt miður geðslegt í ljós um þann aðbúnað sem Páll naut síðustu mánuði sinnar stuttu tilveru. Í stuttu máli lést hann sökum vannæringar og illrar meðferðar hjá Oddi Stígssyni í Skaftárdal.

Með eðlilegum hætti framan af

Í lengra máli er óhætt að segja að um hreinan hrylling hafi verið að ræða. Í upphafi sumars 1902 og

fram á haust má sennilega segja að stórf Páls hafi verið með því sniði sem þá tíðkaðist hjá niðursetningum á hans aldri; kúarekstur og heyskaparvinna um sumarið og síðan hefur hann tekið upp kartöflur ásamt öðru heimilisfólki og hjálpað til í sláturtíðinni.


Síðan gengur vetur í garð og þá þarf að moka undan kúnum, bera mykju út, gefa kúnum og brynna og reka hross til vatns.

Að eigin sögn sótti Oddur sjálfur vatn í fjós og brynnti klárum þegar veður voru vond.

Daufur og uppburðarlífill

Bergur Einarsson, bóndi í austurbænum, bar þó að hann hefði iðulega séð Pál litla sinna þeim verkum í frosti, og einnig að Oddur hefði verið nokkuð harður við pilt og verið „garralegur“ í orði. Bergur sagði einnig að Páll hefði hljóðað þegar Oddur lagði á hann hendur fyrir utan bæjardyrnar.

Rétt fyrir jólafostu 1902 dvöldu foreldrar Páls, Páll og Pálína Pálsdóttir, í Skaftárdal og síðar sagði Páll Hannesson að sonur hans hefði sagt sér að Oddur beitti hann oft hörðu og væri laus höndin. Sonur hans hefði verið afar ólíkur því sem áður var; yfirkomin af ótta, daufur og uppburðarlífill. Var þessi lýsing staðfest af öðrum vitnum sem kölluð voru til þegar dauði Páls Júlíusar var rannsakaður.



22

Mánudaginn hinn 18. janúarmánaðar.
Nr. 45/1903:

Réttvísinn
gegn
Oddi Stígssyni og
Margræti Eyólfsdóttur.

D ó m u r:

Í máli þessu eru hjónin Oddur Stígsson bóndi í Skaftárdal í Vestur-Skaftafellssýslu og kona hans Margræt Eyólfsdóttir, ákærð fyrir illa meðferð og misþyrmingar á sveitadregnum Páli Júlíusi Pálssyni, og fyrir það að hafa jafnvel á þenna hátt orðið sök í dauða hans, og var málið dæmt í aukarétti Skaftafellssýslu 15. júní f. á. þannig, að Oddur Stígsson var samkvæmt 205. sbr. 204. gr. alm. hegningarlaga dæmdur til að sæta 12 mánaða betrunarhúsvinnu, en Margræt Eyólfsdóttir samkv. 204. gr. sömu laga í 30 daga einfalt fangelsi. Svo skyldu og hin ákærðu greiða eitt fyrir bæði og bæði fyrir eitt allan af málinu lögglega leiðandi kostnað. Þessum dómi hefir af réttvísinnar hálfu verið skotið til yfirdómsins.

Vorið 1902, um fardagaleytið, tók ákærði Oddur Stígsson á heimili sitt drenginn Pál Júlíus Pálsson 8—10 ára gamlan — nákvæmar er ekki skýrt frá aldri hans í málinu, — og var honum ráðstafað þangað sem hreppsómaga fyrir 20 króna meðlag á ári, því að Oddur hafði boðist til að taka hann fyrir það meðlag. Hinn 26. marz f. á. andaðist svo drengur þessi snögglega á heimili Odds. Hafði drengurinn þó verið á fótum næstu dagana á undan og ekki kent neins sjúkleika venju fremur, að álitíð var, og hann vaknaði um

„Líkið var blóðlítíð og magurt — svo magurt að telja mátti rifbeinin úr 23 feta fjarlægð — kinnfiskasogið og fitulag með öllu horfið.“

Gripinn með kæfubita

Í mars er á bænum vinnukona, Margræt að nafni. Í hennar vitnisburði kemur fram að oft hafi hún heyrð Pál hljóða og gráta við fjósverkin, en einskis spurt. Margræt sagði hann hafa verið „gauðarlegan“ og hið sama orð notaði fleira fólk sem bar vitni í málinu.

Hinn 21. mars, þegar fólk hafði tekið á sig náðir, laumaðist Páll úr rekkju og staulaðist í ólæst loft í bænum þar sem hann vissi að kæfa var geymd.

Þegar hann sneri til rekkju, með smá kæfubita, greip Oddur hann glóðvolgan. Hafði hann voldugan hrísvönd um hönd, dró Pál út fyrir bæjardyr og lét högginn dynja á baki hans.

Næstu nótt rak sulturinn Páll enn og aftur fram úr rúminu í leit að einhverju matarkyns. Um morguninn kemst „þjófnadurinn“ upp og aftur greip Oddur til hrís-vandarins.

Óhugnanlegur vitnisburður

Þann 26. mars, 1903, kvaddi Páll Júlíus Pálsson jarðlífið. Hvað sem vitnisburði þeirra sem eftir lifðu líður þá er óhætt að segja að rýr, magur og illa farinn líkami Páls litla hafi verið sannferðugastur.

Áverkar sáust á gagnauga, efri vör, bak við eyrun og á bakinu. Líkið var blóðlítíð og magurt — svo magurt að telja mátti rifbeinin úr 23 feta fjarlægð — kinnfiskasogið og fitulag með öllu horfið. Greinileg merki var að sjá um beinkröm, kolbrandur í báðum stórutám inn að beini og neglur lausar. Aðrar tær voru með minni kolbrandssár en bjúgbólga á báðum fótum. Svo mörg voru þau orð.

Síðasta för Odds

Ekki var talið að hjónin í vesturbænum í Skaftárdal, Oddur Stígsson og Margræt Eyólfsdóttir, hefðu myrt Pál litla af ásetningi. Margræt var sýknuð, en Oddur viðurkenndi að hafa veitt drengnum áðurnefnda áverka auk þess sem hann sinnti ekkert um sárin á fótum hans.

Oddur var dæmdur til 12 mánaða betrunarvinnu. Þegar hann, að afplánun lokinni, var á leið heim til sín druknaði hann í Hólmsá. ■


Heimildir: Morgunblaðið 28.11.1982; Landsyfírréttardómar 7. árg. 1909 og Wikipedia

Með kolbrand en kvartar aldrei

Sagan segir að Oddur hafi hlerað að meðferð hans á Páli litla væri milli tanna á fólki í sveitinni og þann 11. desember kom faðir Páls í Skaftárdal og sagði drengurinn þá að Oddur væri ekki eins vondur við hann og fyrr. Einnig var það mat þeirra sem létu sig málið varða að Páll litli líði ekki sult þegar þar var komið sögu.

Þremur mánuðum síðar fór að síga á ógæfuhliðina hjá Páli litla. Hann var kominn með opin sár á fætur sem vall úr daunill vilsa. Ekki var leitað til læknis vegna þessa og sárin stækkuðu og Páll hríðhoraðist.

Eftir því var tekið þegar Páll leitaði í austurbæinn að hann átti erfitt með gang, en engum þar var kunnugt um sárin, enda kvartaði hann aldrei. Bergur sagði að þá hefði Páll verið „magur og gauðarlegur“.



Reynslusögur

Mikill meirihluti þeirra sem hneigjast til kynlífs á annað borð hefur kynóra. Þeir eru fyrirtaksstaður til að prófa eitthvað sem kann að vera forboðið en er á sama tíma svo ógurlega kitlandi. Allur gangur er á því hvort kynverur hafa áhuga á að láta óra verða að veruleika – sumt fær að búa í hugarfylgsnunum á meðan annað verður kannski að lífsreynslu við réttar aðstæður.

Reykvískir órar

Við undirbúning kynlífsíðunnar að þessu sinni ákvað ég að óska eftir kynlífsórum frá vinum og fylgjendum á Facebook. Hér eru tvær þeirra sem bárust. Reyndar passa þær ótrúlega vel saman – og ég vona sannarlega að þetta ágæta fólk hittist einhvern tíma ef það langar að láta órana verða að veruleika.

Maðurinn í skóginum

„Síðan ég var unglingur og byrjaði að stunda sjálfsfróun hef ég haft svipaðar fantasíur í kollinum í hvert sinn sem ég fróa mér. Ég hugsa um að vera ein í kvöldgöngu, stundum í Hljómskálagarðinum eða Óskjuhlíðinni, og stundum í ókunnugum þéttum skógi í útlöndum. Í fantasíunni er kvöld, oftast þoka og ég er léttklædd í kjól. Það er ekki sála á ferli, fyrr en ég sé mann koma gangandi á móti mér. Þegar hann er kominn þokkalega nálægt sé ég að hann er í þröngum buxum. Hann horfir í augun á mér og brosir smá þegar hann sér að ég hef horft á hann miðjan. Hann gengur rakleiðis að mér en stoppar þegar nokkur skref eru á milli okkar. Oft er þetta ókunnugur maður, myndarlegur, dálítið hærri en ég – en stundum er hann einhver sem ég þekki og langar í. Hann segir mér blíðlega að krjúpa og opna muninn. Eitt leiðir af öðru. Það sem gerist eftir á er mismunandi, en svona byrjar fantasían alltaf. Ég hugsa að ég væri til í að upplifa þetta í alvöru ef aðstæður mundu skapast.“

Kona, 49 ára

Ævintýri í Óskjuhlíðinni

„Ég ákvað að fara í göngutúr um Óskjuhlíðina til að hreinsa hugann eftir sérlega langan dag. Það var fyrir löngu tekið að rökkva, enda dagarnir stuttir um þessar mundir. Ég gekk í mínum þungu þónkum og varð lítið fram fyrir mig, í mistrinu sá ég móta fyrir manneskju sitja á bekk ekki svo langt frá mér. Mér fannst ég heyra deyfðar stunar, eins og hún væri að reyna að halda aftur af sér. Ég nálgadist hljóðlega og sá að hún var með annan fótinn upp á bekknum og var að leika við sjálfa sig. Konan var stórglæsileg, en nokkrum árum eldri en ég. Við náðum augnsambandi og ég varð æstur við tilhugsunina um hvað væri að detta í fangið á mér. Ég glotti út í annað og gekk nær henni. Hún horfði beint í augun á mér og hélt áfram að leika við sig. Þegar ég var kominn alveg upp að henni losaði ég um buxurnar mínar. Áður en við höfðum svo mikið sem heilsast vorum við komin á fullt. Ég var svo æstur að ég varð að fá hana aftur eftir að ég hafði klárað í fyrsta skiptið. Eftir að ég hafði lokið mér af renndi ég upp buxunum og hélt áfram minni leið og fór aftur til vinnu, ferskur og endurnærður. Eftir þetta hef ég alltaf farið í göngutúr á sama tíma um Óskjuhlíðina til að hitta viljugu vinkonu mína, sem ég veit ekki enn hvað heitir.“

Karlmaður, 35 ára



Algenngustu fantasíur karla og kvenna

■ Kanadísk rannsókn varpar ljósi á kynóra kynjanna ■ Reynslusögur Íslendinga

Ragnheiður Eiríksdóttir
skrifar



Guðríður er grandvör kona á fimmtugsaldri sem vinnur í banka. Á daginn klæðist hún óaðfinnanlegum drögtum og fjarsýnisgleraugun hanga jafnan framan á henni í fínlegri gylltri keðju. Tvisvar á ári hittir Guðríður spænskan fyrrverandi kærasta sinn í evrópskri borg þar sem þau njóta samvista, samræðna og samræðis.

Láta ekkert trufla sig

Þess á milli er hún sjálfri sér næg, eða kannski ættum við að segja hér um bil, því hún notar reglulega titrara þegar hún á ástarstundir í einrúmi. Þegar Guðríður elskar sjálfa sig notar hún kynóra til að æsa sig upp. Hún hugsar oftast um kynlíf með öryggisverðinum sem kemur alla daga í lok vinnudags og

læsir bankanum. Manninn þekkir hún nákvæmlega ekki neitt en hún hugsar endurtekið um þau tvö í hamslausum ástarleik á ýmsum húsgögnum í bankanum. Í sumum útgáfum órana uppgötva þau að samstarfsfélagi liggur á gæjum – þau láta það síst trufla sig.

Algeng fantasía

Guðríður er afskaplega eðlileg, og fantasían hennar fellur meira að segja í flokk þeirra sem eru algengastar hjá konum. Jú viti konur! Það er búið að rannsaka hvers kyns fantasíur eru algengastar hjá konum og körlum. Í kanadískri rannsókn sem gefin var út 2014 í Journal of Sexual Medicine var reynt að varpa ljósi á algengi ýmiss konar kynóra. Rúmlega 1.500 fullorðnir einstaklingar svöruðu spurningalista á netinu – en listinn kallast Wilson's Sex Fantasy Questionnaire og hefur verið not-

aður til að rannsaka eðli kynóra frá því að hann kom út árið 1978. Í útgáfunni sem rannsakerndur lögðu fyrir voru 55 fullyrðingar sem svarendur voru beðnir um að taka afstöðu til.

Hér eru dæmi um fullyrðingar af listanum:

- Ég hef látið mig dreyma um kynlíf með ókunnugri manneskju
- Ég hef látið mig dreyma um kynlíf á opinberum stað
- Ég hef látið mig dreyma um endaparmskynlíf
- Ég hef látið mig dreyma um kynlíf með dýri

Svarendur áttu að taka afstöðu á skala sem spannaði 1–7, þar sem 1 táknaði ósammála og 7 mjög sammála. ■

Fantasíur kvenna

Rómantískt kynlíf
Kynlíf á óvenjulegum stað
Að taka þátt í munngælum
Að veita karlmanni munnagælur
Að vera fróað af kynlífsfélagi
Að fróa kynlífsfélagi
Kynlíf með vini eða kunningja
Að láta drottina yfir sér í kynlífi
Kynlíf á opinberum stað
Kynlíf með þremur eða fleiri í einu

Fantasíur karla

Að veita eða þiggja munnagælur
Kynlíf með tveimur konum
Kynlíf með öðrum en maka
Kynlíf á óvenjulegum stað
Að horfa á tvær konur elskast
Að hafa sáðlát inn í kynlífsfélagi
Kynlíf á rómantískum stað
Að veita konu munnagælur
Að fróa konu
Kynlíf með þremur eða fleiri konum

Frítt í Bláfjöll


fyrir börn (fædd 2002 og síðar)
sunnudaginn 21. janúar
í tilefni World Snow Day

20% afsláttur
af skíðaleigu



Frábær
brettagarður

Opið
Virka daga: kl. 14–21
Helgar: kl. 10–17

 Upplýsingasími: 530 3000
skidasvaedi.is



Þetta eru dýrustu og ódýrustu helgarferðirnar

Hvert er ódýrast að fljúga, gista og borða?

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Fimm daga helgarferð til Austur-Evrópu fyrir tvo, þar sem innifalið er flug, fjögurra stjörnu gisting, matur og skemmtanir þarf ekki að kosta meira en rúmlega 100 þúsund krónur miðað við lauslega úttekt DV á vinsælustu áfangastöðunum. Dýrast er hins vegar að fara til Glasgow en flug fram og til baka fyrir tvo kostar rúmlega tvöfalt meira en til Gdansk í Póllandi.

Hér er miðað við tímabilið 16. janúar til 30. mars þegar eflaust flestir Íslendingar vilja skella sér út fyrir landsteinana og lífga aðeins upp skammdegið. Miðað er við beint flug þar sem flogið er út á fimmtudegi og dvalið erlendis í þrjá til fimm daga. Þá er miðað við gistingu fyrir tvo á

Dýrasta borgin: Glasgow
Ódýrasta borgin: Gdansk
Dýrasta hótलगistingin: London
Ódýrasta hótलगistingin: Gdansk
Dýrast út að borða: Köben
Ódýrast út að borða: Gdansk
Dýrasta flug: Glasgow
Ódýrasta flug: Gdansk

fjögurra stjörnu hóteli miðsvæðis. Þá má sjá verðdæmi á mat, drykk, samgöngum og skemmtunum í nokkrum borgum en líkt og sjá má getur munað talsvert miklu. Þriggja rétta máltíð með víni fyrir tvo kostar til að mynda þrefalt meira í Kaupmannahöfn en í Gdansk. Rétt er þó að geta þess að um viðmiðunarverð er að ræða og þótt hægt sé að eyða mun hærri upphæðum gefur verðið ágæta mynd af verðlagi í viðkomandi borgum. ■



Kaupmannahöfn

Ódýrasta flugfarið: 26.–30. janúar með WOW air: 22.995 kr. samtals
Flugtími á leið út: 3.20 klst. **Flugtími á heimleið:** 3.35 klst.
4 náttu gisting fyrir tvo á Hotel Kong Arthur: 47.520 kr. (11.880 kr. á nótt)

Samtals: 70.515 kr.

Kaffibolli: 574 kr.

Bjór: 675 kr.

Gos: 375 kr.

Vínflaska: 1.012 kr.

Þriggja rétta máltíð fyrir tvo með víni hússins: 10.129 kr.

Lest/rúta eða leigubíll frá flugvelli til miðborgar: 608 kr. með lest, 4.227 kr. með leigubíll.

Sólarhringsalmenningsgöngukort: 1.352 kr.

Útsýnisferð í rútu um borgina (dagspassi): 2.959 kr.



Gdansk

Ódýrasta flugfarið: 8.–13. febrúar með Wizzair: 20.508 kr. samtals

Flugtími á leið út: 3.30 klst.

Flugtími á heimleið: 4 klst.

5 náttu gisting fyrir tvo á Scandic Gdansk (fyrir utan borgarskatt): 32.551 kr. (6.510 kr. á nótt)

Samtals: 53.059 kr.

Kaffibolli: 248 kr.

Bjór: 210 kr.

Gos: 120 kr.


Vínflaska: 601 kr.

Þriggja rétta máltíð fyrir tvo með víni hússins: 3.009 kr.

Lest/rúta eða leigubíll frá flugvelli til miðborgar: 108 kr. með rútu, 2.112 kr. með leigubíll.

Sólarhringsalmenningsgöngukort: 603 kr.

Útsýnisferð í rútu um borgina (dagspassi): 1.852 kr.



Berlín

Ódýrasta flugfarið: 2.–6. febrúar með WOW air: 34.995 kr. samtals

Flugtími á leið út og á heimleið: 3.45 klst.

4 náttu gisting fyrir tvo á Berlin Mark hotel: 24.401 kr. (6.100 kr. á nótt)

Samtals: 59.396

Kaffibolli: 334 kr.

Bjór: 377 kr.

Gos: 222 kr.

Vínflaska: 628 kr.

Þriggja rétta máltíð fyrir tvo með víni hússins: 5.657 kr.

Lest eða leigubíll frá flugvelli til miðborgar: 377 kr. með lest, 5.037 kr. með leigubíll.

Sólarhringsalmenningsgöngukort: 843 kr.

Útsýnisferð í rútu um borgina (dagspassi): 881 kr.

London

Ódýrasta flugfarið: 15.–18. mars með Easy Jet: 21.590 kr. samtals.

Flugtími á leið út: 2.55 klst.

Flugtími á heimleið: 3.15 klst.

Þriggja náttu gisting fyrir tvo á The Tophams Hotel: 40.788 kr. með vsk. (13.596 kr. á nótt)

Samtals: 62.378 kr.

Kaffibolli: 377 kr.

Bjór: 636 kr.

Gos: 178 kr.

Vínflaska: 1.131 kr.

Þriggja rétta máltíð fyrir tvo með víni hússins: 7.072 kr.

Lest/rúta eða leigubíll frá flugvelli til miðborgar: 710 kr. með rútu, 5.538 kr. með leigubíll.

Sólarhringsalmenningsgöngukort: 1.704 kr.

Útsýnisferð í rútu um borgina (dagspassi): 4.118 kr.



Glasgow

Ódýrasta flugfarið: 23.–26. febrúar með Icelandair: 47.566 kr. samtals

Flugtími á leið út: 2.10 klst. **Flugtími á heimleið:** 2.20 klst.

Þriggja náttu gisting fyrir tvo á Novotel Glasgow Centre: 34.981 kr. með vsk. (11.660 kr. á nótt)

Samtals: 82.547 kr.

Kaffibolli: 338 kr.

Bjór: 452 kr.

Gos: 144 kr.

Vínflaska: 848 kr.

Þriggja rétta máltíð fyrir tvo með víni hússins: 5.658 kr.

Lest/rúta eða leigubíll frá flugvelli til miðborgar: 923 kr. með rútu, 2.840 kr. með leigubíll.

Sólarhringsalmenningsgöngukort: 568 kr.

Útsýnisferð í rútu um borgina (dagspassi): 1.988 kr.

SÝRT HVALRENGI

af langreyði, framleitt af Hval hf.

Fæst m.a. á eftirfarandi stöðum á porranum:

Bónus - Um allt land
Depla, Kolaportinu - Reykjavík
Esja Gæðafæði ehf. - Bitruhálsi 2 - Reykjavík
Ferðapjónustan Bjarteyjarsandi - Hvalfjarðarsveit
Fiskbúðin Sundlaugavegi 12 - Reykjavík
Fiskbúðin Trönuhrauni 9 - Hafnarfjörður
Fiskbúðin Hafberg - Gnoðarvogi 44 - Reykjavík
Fiskbúðin Hófgerði 30 - Kópavogur
Fiskbúð Hólmgeirs - Pönglabakka 6 - Reykjavík
Fiskbúðin Mos - Háholti 13-15 - Reykjavík
Fiskbúð Fjallabyggðar - Aðalgötu 27 Siglufirði
Fiskbúð Sjávarfangs ehf. - Sindragötu 11 - Ísafirði
Fiskbúð Suðurlands - Eyrarvegi 59 - Selfoss
Fiskbúðin Vegamót - Nesvegi 100 - Seltjarnarnes
Fiskikóngurinn - Sogavegi 3 - Reykjavík
Fjarðar kaup - Hólshrauni 1b - Hafnarfjörður
Hafið - Skipholti 70, 105 Reykjavík,
Spönginni 13, 112 Reykjavík og Hlíðarsmára 8, 201 Kópavogi
Hagkaup - Um allt land
Hnýfill ehf. - Drefingaraðili - Brekkugötu 36 - Akureyri

Kjöthöllin - Skipholti 70 og Háaleitisbraut 58-60 - Reykjavík
Kaupfélag Steingrímsfjarðar - Höfðatúni 4 - Hólmavík
Kaupfélag Vestur Húnavetninga - Strandgötu 1 - Hvammstangi
Kjarval - Um allt land
Kjörbúðin - Um allt land
Krónan - Um allt land
Kræsingar ehf. - Sólbakka 11 - Borgarnes
Litla fiskbúðin - Helluhrauni 16-18 - Hafnarfirði
Melabúðin - Hagamel 39 - Reykjavík
Múlakaffi - Hallarmúla 1 - Reykjavík
Nettó - Um allt land
Nóatún - Austurvei
Skagfirðingabúð - Ártorgi 1 - Sauðárkrúkur
Úrval - Um allt land
Verslunin Einar Ólafsson ehf. - Skagabraut 9-11 - Akranes
Verslunin Rangá - Skipasundi 56, Reykjavík
Víðir - Skeifunni 11d, Sólvallagötu 79 - Reykjavík
og Garðatorgi 1 - Garðabæ
Pín Verslun ehf. - Seljabraut 54 - Reykjavík


Hvalur hf.

Reykjavíkurvegi 48, 220 Hafnarfjörður
Skrifstofa: 555 0565 - Frvstihús (pantanasími): 555 0165

OKKAR ÁRLEGA ÚTSALA ER HAFIN!

50-60% AFSLÁTTUR Á VÖLDUM VÖRUM

SLÍMGERÐ - MIKIÐ ÚRVAL



Föndurlist

Opið virka daga 13-18 og laug 11-15
www.fondurlist.is

Föndurlist · Strandgötu 75 Hafnarfirði · Sími 553 1800 · www.facebook.com/fondurlist

Þórir Hergeirsson
Hefur verið sigursæll sem þjálfari norska kvennalandsliðsins. Hann er móðurbróðir Janusar Daða Smárasonar, landsliðsmanns.



Lítt þekkt ættartengsl þjálfarinn og leikstjórnandinn

Íslenskir handboltaáhugamenn eru líklega enn í sárum eftir að fráþæru tækifæri á Evrópumeistararamótinu í handknattleik var glutrað niður í vikunni. Einn af þeim sem voru í eldlnunni í Króatíu er Seflysingurinn

Janus Daði Smárason, sem sem spilar sem atvinnumaður hjá liði Álaborgar í dönsku úrvalsdeildinni. Færri vita að móðurbróðir Janusar Daða hefur einnig getið sér gott orð fyrir afskipti sín af handknattleik. Það er enginn annar en Þórir Hergeirsson, þjálfari norska kvennalandsliðsins. Þórir tók við liðinu í apríl 2009 og hefur síðan landað tveimur heimsmeistarattitum, þremur Evrópumeistarattitum og ólympíugulli. Vonandi fær Janus Daði fljótlega að upplifa það að fá medalíu um hálsinn í landsliðsbúningi líkt og frændi sinn. Ein dugar.



Janus Daði Smárason
Sleikir nú sárin ásamt félögum sínum í íslenska landsliðinu.

Þekktir Íslenskir karlmenn á tinder

Stefnunóttaforritið Tinder hefur undanfarið ár notið sívaxandi vinsældna á meðal einhleypra Íslendinga í leit að félagsskap og hugsanlega lífsförunaut. Vinsældirnar virðast ekki ætla að fara minnkandi en forritið er í dag eitt af þeim af allra vinsælustu í netverslun App Store. DV tók saman dæmi um nokkra þekktu íslenska karlmenn sem hafa skráð sig á forritið og gæti þar ýmissa grasa.



Almar Steinn Atlason myndlistarnemi (25 ára)

Almar varð þjóðþekktur árið 2015 þegar hann dvaldi vikulangt í kassa í húsnæði Listaháskólans, nakinn og allslaus. Hann stundar nú nám á þriðja ári í myndlist við LHI og á eflaust eftir að vekja frekari athygli fyrir listsköpun sína í framtíðinni.



Valdimar Guðmundsson söngvari, lagahöfundur og básúnuleikari (32 ára)

Valdimar hefur fyrir löngu heillað

þjóðina sem söngvari samnefndrar hljómsveitar. Hann var andlit Reykjavíkumaraþonsins árið 2016 og gerði aðdáunarverðar breytingar á lífsstíl sínum. Hann mun síðar í vetur reyna fyrir sér á leiklistarsviðinu en hann fer með hlutverk Eddie í uppsetningu Borgarleikhússins á Rocky Horror.

Sigfús Sigurðsson fyrrverandi landsliðsmaður í handbolta (42 ára)

Flestir landsmenn kannast við þennan viðkunnalega harðjaki sem átti þátt í því að landa sigri karlalandsliðsins í handbolta á Ólympíuleikunum í Peking árið 2008. Hann sagði skilið við bolt-



ann árið 2013 en hefur síðan þá stundað nám við Háskólann í Reykjavík og staðið vaktina í verslun Fiskikóngsins.



Gísli Rúnar Jónsson leikari, leikstjóri og handritshöfundur (64 ára)

Gísli Rúnar er einn ástsælasti leikari og grínari Íslands alveg frá því hann sló fyrst í gegn sem annar af Kaffibrúsakörnlunum á áttunda áratug seinustu aldar. Þá muna ófáir eftir honum sem hrokafulla flugstjóranum Adolf í kvikmyndinni Stella í orlofi.



Róbert Óliver Gíslason leikari og tónlistarmaður (24 ára)

Róbert Óliver er útskrifaður úr hinum virta leiklistarskóla Stella Adler, Academy of Acting and Theater, í Los Angeles en svo skemmtilega vill til að hann er einnig sonur Gísla Rúnars. Róbert hefur einnig látið til sín taka á tónlistarsviðinu undanfarið þar sem hann notast við nafnið Royal Gíslason.



Rúrik Gíslason knattspyrnumaður (30 ára)

Rúrik er fæddur árið 1988 en hann hefur leikið með íslenska lands-



liðinu auk þess sem hann lék með Kaupmannahafnarliðinu frá 2012 til 2015. Hann spilar nú í Þýskalandi með FC Nürnberg.

Rúrik hefur látið til sín taka á fleiri sviðum og var til að mynda frambjóðandi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í alþingiskosningunum árið 2016.



Sölvi Tryggvason fjölmiðlamaður

Sölvi hefur í gegnum tíðina getið sér gott orð sem fjölmiðlamaður en hann er menntaður í sálfræði og fjölmiðlafræði og hefur meðal annars starfað sem fréttamaður á Stöð 2 og á DV.

Hann stundar hugleiðslu af kappi auk þess sem hann hefur ferðast víða um heim en hann hefur undanfarna mánuði dvalið í Kaliforníu við handrita- og bókarskrif.

„DONALD TRUMP MYRTUR! HVERS EIGA FRÍÐRIK DÓR OG LAGARFLJÓTSORMURINN AÐ GJALDA?“

Stefán Jakobsson, söngvari Dimmu og Föstudagslaganna, leiðsögumaður og faðir, vinnur nú að sinni fyrstu sólóplötu. Hann gaf sér tíma frá stúdíovinnu til að sýna lesendum DV á sér hina hliðina og svara nokkrum undarlegum spurningum.

Ef þú þyrftir að eyða 100 þúsund kalli á klukkutíma, í hvað verslun færirðu?
Ellingsen.

Hvað viltu að standi skrifað á legsteininum þínum? Ég er ekki hér.

Ef þú mættir velja eitt lag sem yrði alltaf spilað um leið og þú gengir inn í herbergi allt þitt líf, hvaða lag myndirðu velja?
Axel Foley-stefid.

Hvaða lag skammastu þín mest fyrir að hafa haldið upp á? Ekkert.

Ef þú þyrftir að dansa til að bjarga lífinu, við hvaða lag myndirðu vilja dansa?
Killing in the name of.

Hvað ætti ævisagan þín að heita? Af hverju ekki?

Hvað var í tisku þegar þú varst yngri en er það ekki lengur? Björgvin Halldórsson.

Hvert er versta hrós sem þú hefur fengið? Stefán. Þú ert ekkert svo ógeðslega heimskur.

Heilsaðu frægum Íslendingum úti á götu, þótt þú þekkir þá ekki persónulega? U, já!

Hvaða ósíd hefur þér reynst erfiðast að láta af? Að miga utan í dekk á bílum.

Hverju laugstu síðast? Svarinu við spurningunni á undan.

Um hvað geta allir í heiminum verið sam-mála? Að súkkulaði með appelsínubragði

er viðbjóður.

Hvaða áhugamál myndirðu ekki sætta þig við að maki þinn stundaði? Til dæmis að safna dauðu skinni í krukku.

Hver er mest kynsandi teiknimyndarpersónan? Jasmine.

Hvaða viðburður sérdú mest eftir að hafa misst af? Tónleikum með Michael Jackson.

Hvaða tveir hlutir eru hræðilegir hvor í sínu lagi en fráþærir saman? Fæturnir á mér.

Hver er fyndnasta „pick-up“-lína sem þú hefur heyrt? Ef ég væri ekki 100% viss um að þú værir lesbía, mundi ég halda að þú værir að reyna við mig.

Hver er lélegasti fimmaur sem þú hefur heyrt? Hvað mundi Van Damme nefna ál fyrir tækid sitt? Van Damme ál.

Hvað er löglegt í dag en verður það líklega ekki eftir 25 ár? Súkkulaði með appelsínubragði.

Hver er versta vinnan sem þú hefur unnið? Pakka kaviar í óskjur.

Um hvað varstu alveg viss þangað til þú komst að því að þú hafðir rangt fyrir þér? Ég skil ekki spurninguna.

Hvert er þitt stærsta líkamlega afrek í lífinu? Hlaupa maraþon, spila tvenna tónleika og djamma til hálf sex.

HIN HLIÐIN



Í hvaða íþróttagrein finnst þér að keppendur ættu að leika ölvadur? Vá, flestar íþróttir ölvadra væru fáránlega myndnar, en ég væri til í að sjá ofurólvi hópímleika.

Hvaða kvikmynd þætti þér helst við hæfi að breyta í söngleik? Texas Chainsaw Massacre.

Ef þú yrðir handtekinn án skýringa, hvað myndu vinir þínir og fjölskylda halda að þú hefðir gert af þér? Óspektir við yfirvaldið.

Hvaða teiknimyndarpersónu myndirðu vilja eiga sem vin? Kjartan galdrakarl, hann hatar strumpa.

Hvað myndirðu nefna landið okkar ef við þyrftum að breyta? Aldrei aldrei land.

Hvað ættu allir að prófa að minnsta kosti einu sinni í lífinu? Að vera fátækir.

Hvað myndirðu segja ef Guð hnerraði? Vandræðalegt.

Ef þú myndir borða sjálfan þig, hvort myndirðu hverfa eða tvöfalda? Ég færi á röguna.

Ef þróunarkenningin er rétt, af hverju eru svín þá ekki með vængi? Vegna þess að svín geta ekki séð himininn og því vita þau ekki að hann sé til.

Nú labbar mörgæs með kúrekahatt inn um dyrnar hjá þér. Hvað segir hún og af hverju er hún þarna? Hún býr með mér og spyr hvað sé í matinn og hvort ég ætli ekki örugglega að horfa á leikinn?

Ef þú værir ritstjóri dagblaðs og sama daginn myndi Lagarfljótsormurinn finnast, Frikki Dór vinna Eurovision fyrir Íslands hönd og Donald Trump yrði myrtur. Hver væri stærsta fyrir-sögnin í blaðinu þínu daginn eftir? „Donald Trump myrtur! Hvers eiga Friðrik Dór og Lagarfljótsormurinn að gjalda?“

Ef þú kæmir einn daginn heim úr vinnunni og þar væri enginn nema Geir Ólafsson í sturtu, myndirðu hringja í lögregluna? Alls ekki. Ég mundi kveikja á kertum, dempa ljósin taka hvítvín úr kælinum og bíða við endann á ganginum í silkislopp þar til hann kæmi fram og segja „velkominn á heimili mitt.“

Hvað er framundan um helgina? Þorrablót heima í Mývatnssveit.

Sólarferðir FYRIR FULLORÐNA

Frá kr.
107.395*



Allt að
20.000 kr.
afsláttur á mann

Bókunar-
afsláttur til
31. janúar

BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN

Íslensk fararstjórn,
taska og handfarangur
innifalið.

*Öll verð eru með afslætti.

Sífelld fleiri hótél eru einungis ætluð fullorðnum, eða aðeins fyrir 16-18 ára eða eldri. Á nær öllum sólaráfangastöðunum okkar má finna hótél sem eru aðeins fyrir fullorðna en dvöl á þeim hótélum hefur notið mikilla vinsælda síðastliðin ár. Það er afslappað andrúmsloft á þessum hótélum en dvöl þar er tilvalin fyrir pör og einstaklinga.

TENERIFE



AÐEINS FYRIR 18 ÁRA +

Tigotan - Friends & Lovers **★★★★**

Frá kr. 122.595 m/hálft fæði innifalið
Netverð á mann frá kr. 122.595 m.v. 2 fullorðna í herb. Frá kr. 136.445 m.v. 1 fullorðinn í herb. 9. júní í 7 nætur

TENERIFE



AÐEINS FYRIR 18 ÁRA +

Arona Gran Hotel & Spa **★★★★**

Frá kr. 118.590 m/hálft fæði innifalið
Netverð á mann frá kr. 118.590 m.v. 3 fullorðna í herb. Frá kr. 124.295 m.v. 2 fullorðna í herb. 9. júní í 7 nætur

MALLORCA



AÐEINS FYRIR 16 ÁRA +

Senses Palmanova Hotel **★★★★+**

Frá kr. 133.295 m/morgunmat innif. Netverð á mann frá kr. 133.295 m.v. 2 fullorðna í herb. Frá kr. 195.985 m.v. 1 fullorðinn í herb. 10. júní í 7 nætur

MALLORCA



AÐEINS FYRIR 16 ÁRA +

Sol Beach House Cala Blanca **★★★★**

Frá kr. 120.125 m/morgunmat innif. Netverð á mann frá kr. 120.125 m.v. 3 fullorðna í herb. Frá kr. 123.495 m.v. 2 fullorðna í herb. 10. júní í 7 nætur

KRÓATÍA



AÐEINS FYRIR 16 ÁRA +

Melia Coral Hotel **★★★★**

Frá kr. 183.295 m/morgunmat innif. Netverð á mann frá kr. 183.295 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 18. júní í 11 nætur

KRÍT



AÐEINS FYRIR 16 ÁRA +

Hotel CHC Galini Sea View **★★★★**

Frá kr. 152.695 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 152.695 m.v. 2 fullorðna í herb. Frá kr. 195.315 m.v. 1 fullorðinn í herb. 15. júní í 10 nætur

BENIDORM



AÐEINS FYRIR 18 ÁRA +

Hotel Levante Club & Spa **★★★★**

Frá kr. 107.395 m/morgunmat innif. Netverð á mann frá kr. 107.395 m.v. 2 fullorðna í herb. Frá kr. 130.650 m.v. 1 fullorðinn í herb. 3. júní í 7 nætur

BENIDORM



AÐEINS FYRIR 18 ÁRA +

Hotel Agua Azul **★★★**

Frá kr. 108.885 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 108.885 m.v. 3 fullorðna í herb. Frá kr. 114.295 m.v. 2 fullorðna í herb. 3. júní í 7 nætur

Bit með lýnværa um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til breytinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án lýnværa. ENNEMAL / SIA • NMBS700

☎ 595 1000 • heimsferdir.is

Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu

Myndbandið sem hvarf

Inga Sæland og Margrét Friðriksdóttir sleikja sólina á Kanaríeyjum saman

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, skellti sér til Tenerife ásamt vinkonu sinni, Margréti Friðriksdóttur frumkvöðlafræðingi. Inga hefur ekkert tjáð sig opinberlega um ferðalagið en Margrét birti myndband á Facebook af þeim að skoða skartgrip, þar á meðal perlur. Myndbandið hvarf svo skömmu síðar af Facebook-síðu Margrétar.

Margrét segir í samtali við DV að myndbandið hafi átt að fara í „Sögur“ eða „Stories“ en óvart

ratað á Facebook-síðu hennar og því hafi hún látið það hverfa. „Þetta átti bara að fara í „Stories“ en svo sá ég að þetta var „Live“, þetta voru bara mistök,“ segir Margrét.

Margrét yfirgaf Flokk fólksins í haust eftir deilur um uppstillingar á framboðslistum. Hún segir að allar deilur séu að baki og þær Inga séu aftur orðnar góðar vinkonur. „Við erum búnar að vera góðar vinkonur í nokkuð mörg ár. Það komu upp smá leiðindi í haust

en við unnum úr þeim. Við höfum verið nánar, hún hefur aðstoðað mig og ég hana.“

Margrét yfirgaf Frelsisflokkinn í september í fyrra og tilkynnti að hún ætlaði í framboð fyrir Flokk fólksins í Reykjavík áður en hún yfirgaf þann flokk í október. Aðspurð hvort hún sé aftur að íhuga framboð í komandi borgarstjórnarkosningum segir Margrét: „Þetta er allt óákveðið ennþá. Það er ekki búið að ákveða neitt. En jú, ég er að skoða það.“ ■



Þingmaður passar fyrir Loga

■ Hjónin **Logi Bergmann Eiddsson** og **Svanhildur Hólm Valsdóttir** skelltu dóttur sinni í pössun í liðinni viku en þingmaðurinn **Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir** hjálpaði þeim hjónum. Hrafnhildur Hólm, dóttir þeirra hjóna, fór með Áslaugu í Bláa lónið en með í för voru einnig dætur **Bjarna Benediktssonar**, formanns Sjálfstæðisflokksins. Svanhildur hafði áhyggjur af því að dóttir hennar myndi ekki nærast nóg hjá Áslaugu sem er einhleyp. „Ég tók líka nesti fyrir skólann á morgun því mamma segir að þú eigir aldrei neinn mat,“ sagði sú stutta við Áslaugu sem greinir frá þessu á Twitter. Þær stöllu nærðust þó vel og skelltu sér í bakarí eftir góðan svefn.



Aron eignaðist dreng

■ Einn vinsælasti snappari landsins er leiklistarneminn **Aron Már Ólafsson**, sem er best þekktur sem Aronmola á óravíddum internetsins. Tugþúsundir Íslendinga fylgjast með kappanum í leik og starfi en hann ráðgerir að útskrifast sem leikari í vor. Þetta verður því ár stórra sigra hjá Aroni Má því hann og unnusta hans, **Hildur Skúladóttir**, eignuðust sitt fyrsta barn í vikunni, heilbrigðan og fallegan dreng. DV óskar parinu innilega til hamingju.



25%

AFSLÁTTUR AF INNIMÁLNINGU
17. - 24. janúar



Skoðaðu litabækling á byko.is



Litur#373
Tindablátt



Bliss veggmalning. Án leysiefna, engin skaðleg uppgufun og lyktarlítill. Mælt með af astma- og ofnæmis-samtökum Noregs, NAAF.

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO